SVAVAR HALLDÓRSSON

*Syngur hástöfum á vegum landsins*

Bílar Ferðir Heilsa Tíska

allt Í MIÐJU BLAÐSINS






NÝTT VIKUBLAÐ

*Ungir Austfirðingar ráðast í útgáfu blaðs*

Sérblað um Austurland

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK

*„Maður málar ekki myndina af sjálfum sér."*

VIÐTAL 48





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. nóvember 2006 — 309. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000



## LAUGARDAGUR

### Horfði helst til Connery



Daniel Craig viðurkennir í viðtali við Fréttablaðið að Sean Connery sé hans helsta fyrirmynd.

VIÐTAL 40-41

### Aftur á vit smásögunnar



Ólafur Jóhann Ólafsson fylgdist ungur með föður sínum skrifa smásögur.

VIÐTAL 30

### Varð ekki meint af kuldanum



Gunnar Jónsson var hengdur upp í krana í 30 metra hæð.

FÓLK 70

### Aftur á silfurslóðir



Nú eru 50 ár síðan Vilhjálmur Einarsson vann til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum í Melbourne.

ÍÞRÓTTIR 64


## VEÐRIÐ Í DAG




**SNJÓKOMA Í KVÖLD** - Í dag verður yfirleitt hægur vindur en þó vaxandi suðlæg átt sunnan og vestan til eftir hádegi. Bjartviðri framan af degi en þykknar upp sunnan og vestan til eftir hádegi og éljagangur í kvöld. Talsvert frost.

VEÐUR 4



Kuldakastið hefur náð hámarki og dregur úr vindi:

# Mikið frost áfram

**VEÐUR** Eins og þessi vel dúðaði stöðumælavörður ber með sér stóð Ísland undir nafni í gær eins og alla undanfarna viku. Mikið frost var um allt land og fóru tölur niður fyrir tíu gráður víða á Norðurlandi. Minnkandi vindur gerir þó tilveruna bærilegri en undanfarið og draga fer úr vindi á næstu dögum. Það bítur þó í kinnar landsmanna áfram því frost verður töluvert áfram í dag.

Stöðumælavörður 19 kann ágætlega við kuldann og minnir á að eina ráðið gegn kulda er að klæða sig vel en það er víst eitthvað sem Íslendingar ættu að vita eftir rúmlega ellefu hundruð ára dvöl í þessu landi elds og ísa.

- shá / sjá síðu 4

# Höfða mál gegn olíufélögunum

**Vestmannaeyjabær hefur ákveðið að höfða mál á hendur olíufélögunum vegna verðsamráðs. Olíufélögin höfnuðu kröfu Vestmannaeyjabæjar. Tæplega 200 manns hafa áhuga á málsókn.**

**DÓMSMÁL** Vestmannaeyjabær hefur ákveðið að höfða mál á hendur olíufélögunum vegna ólöglegs verðsamráðs félaganna á árunum 1993 til og með 2001. Þetta staðfesti Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, við Fréttablaðið.



ELLIÐI VIGNISSON

Krafa bæjarins nemur tæplega 29 milljónum króna og byggist á því að olíufélögin hafi „staðið fyrir samstilltum aðgerðum við gerð tilboða vegna útboðs Vestmannaeyjabæjar hinn 14. apríl 1997 vegna eldsneytiskaupa Bæjarveitna, Áhaldahúss og Hafnarsjóðs bæjarins", eins og orðrétt segir í kröfubréfinu sem Fréttablaðiðhefur undir höndum.



STEINAR GUÐGEIRSSON

Elliði segir olíufélögin hafa hafnað kröfum Vestmannaeyjabæjar og því hafi verið ákveðið að fara með málið fyrir dóm.

Er í kröfubréfinu meðal annars vitnað til fundargerðar framkvæmdastjórnar Olíufélagsins frá 22. apríl 1997. Þar segir að framkvæmdastjóri markaðssviðs, sem þá var Þórólfur Árnason, hafi rætt „þetta útboð við fulltrúa Olís og Skeljungs". Í fundargerðinni segir einnig að Þórólfur hafi sagt „frá útboði Vestmannaeyjabæjar og að olíufélögin ættu erfitt með að gefa afslátt frá listaverðum vegna þess fordæmis sem því fylgdi".

Í tölvupósti sem Jón Halldórsson, þáverandi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís, sendi til Einars Benediktssonar, forstjóra Olís, 12. febrúar árið 2000, segir að í apríl 1997 hafi Vestmannaeyjabær sóst eftir „tilboðum í allan sinn rekstur. Tilboð komu á listaverði frá öllum aðilum þannig að ljóst var að hver héldi sínu".

Aðalmeðferð fór fram í máli Sigurðar Hreinssonar, trésmiðs frá Húsavík, gegn Keri, sem áður var Olíufélagið, á fimmtudag.

Að sögn Steinars Guðgeirssonar hæstaréttarlögmanns, sem flytur mál Sigurðar og Vestmannaeyjabæjar, gæti niðurstaðan í málinu orðið fordæmisgefandi fyrir fleiri mál. Hátt í 200 einstaklingar hafa lýst yfir áhuga á því að fara í mál við olíufélögin í gegnum neytendasamtökin. „Þetta mál gæti orðið fordæmisgefandi fyrir önnur sambærileg mál sem hugsanlega kæmu í kjölfarið, verði olíufélögin dæmd til skaðabóta. Grunnurinn að málinu byggist á því að ólöglegt samráð leiði til yfirverðs og að ávinningurinn af átta ára verðsamráði sé ótvíræður. Þetta litla mál gæti því velt þungu hlassi verði niðurstaðan sú að olíufélögin verði dæmd til greiðslu skaðabóta," segir Steinar.

- mh




Tveir af bæjarfulltrúum Vestmannaeyjalistans eru skráðir í Sjálfstæðisflokkinn:

# Sex af sjö í Sjálfstæðisflokki

**STJÓRNMÁL** Tveir af þremur bæjarfulltrúum Vestmannaeyjalistans eru skráðir í Sjálfstæðisflokkinn, sem er einn í meirihluta í bæjarstjórninni með fjóra af sjö bæjarfulltrúum.

Sex af sjö bæjarfulltrúum í Vestmannaeyjum eru því skráðir í Sjálfstæðisflokkinn þótt flokkurinn hafi ekki nema fjóra fulltrúa í bæjarstjórn. Sjálfstæðisflokkurinn, Frjálslyndi flokkurinn og Vestmannaeyjalistinn buðu fram í sveitarstjórnarkosningunum í vor en að sögn bæjarfulltrúa Vestmannaeyjalistans er ekki um að ræða sameiginlegt framboð margra stjórnmálaflokka, þótt Samfylkingin, Framsóknarflokkurinn og Vinstrihreyfingin - grænt framboð hafi ekki boðið sérstaklega fram í kosningunum.

Hjörtur Kristjánsson og Páll Scheving Ingvarsson, sem sitja í bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir hönd Vestmannaeyjalistans, staðfestu við Fréttablaðið í gær að þeir væru skráðir í Sjálfstæðisflokkinn. „Ég hef ekki enn þá verið skráður úr flokknum. Ég tók þátt í prófkjörinu fyrir skömmu til þess að veita góðum mönnum brautargengi," sagði Páll Scheving.

Hjörtur sagðist sömuleiðis vera skráður í flokkinn. „Ég er búinn að vera skráður í flokkinn að ég held síðan ég var unglingur, eftir að ég kaus í einhverju prófkjöri. Það hefur gengið afar erfiðlega að fá sig lausan úr flokknum. En það hlýtur að koma að því."

Í bæjarstjórn Vestmannaeyja sitja Elliði Vignisson, sem jafnframt er bæjarstjóri, Páley Borgþórsdóttir, Páll Marvin Jónsson og Gunnlaugur Grettisson fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins. Fyrir hönd Vestmannaeyjalistans situr, auk Hjartar og Páls, Kristín Jóhannsdóttir.

Í 34. grein skipulagsreglna Sjálfstæðisflokksins kemur fram að „gegni maður trúnaðarstörfum fyrir annan stjórnmálaflokk geti maður ekki verið félagi í sjálfstæðisfélagi".

- mh




**SPURNING DAGSINS**



*Hvernig er andrúmsloftið á loftslagsráðstefnunni, Jónína?*

Það var gott en nokkuð rakt. Það hefur rignt hér geysimikið.

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra hefur í vikunni verið í Kenía á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál.

Ólafur Elíasson flytur hrafntinnu til Feneyja:

# Fékk tinnu að láni

**UMHVERFISMÁL** Nýsir hf. sem sér um sýningarskála Íslands á Feneyja-tvíæringnum sótti um og fékk leyfi til að fjarlægja næstum tveggja metra háan hrafntinnustein og flytja til Feneyja vegna hennar. Umræddur steinn, sem var áður á Dómadalsleið milli Landmannahellis og Frostastaðavatns, er þekktur fyrir glæsileika að sögn Árna Bragasonar, forstöðumanns náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar.

Það er Ólafur Elíasson listamaður sem ber hitann og þungann af sýningunni og átti steinninn að vera miðpunktur hennar. Íslendingar sýna að þessu sinni fullkomið módel af fyrirhuguðu tónlistar- og ráðstefnuhúsi við Reykjavíkurhöfn ásamt nánasta umhverfi þess.

Umhverfisstofnun heimilaði brottflutning steinsins en þó með ákveðnum skilyrðum. Meðal annars var þess krafist að brottnámið ylli sem minnstum óafturkræfum áhrifum og að steininum yrði skilað á sinn stað að sýningu lokinni.

Sýningin hefur staðið yfir frá 10. september og mun ljúka á sunnudag. Árni segir að hann geri ráð fyrir því að steininum verði skilað að henni lokinni, enda hafi hann verið lánaður með því skilyrði. **- þsj**



**VÍÐFÖRULL HRAFNTINNUSTEINN** Steinninn er nú í Feneyjum en verður skilað.

Verktakar bregðast við:

## Vilja stuðla að umferðaröryggi

**UMFERÐARMÁL** Verktakar telja að núverandi kröfur um öryggi og merkingar við vegaframkvæmdir séu of slakar og þær þurfi að auka. Verja þurfi mun meira fé til öryggismála en nú sé gert.

„Verktökum er ekki um að kenna – þeir vilja gjarnan breytingar,“ segir í yfirlýsingu frá verktökum. Mannvirki - Félag verktaka hélt félagsfund um öryggi og umferðarmerkingar á fimmtudaginn. Eftir fundinn sendu verktakarnir frá sér ályktun þar sem þeir lýstu sig „fúsa til góðra verka og óska eftir samvinnu og samstöðu verkkaupa og vegfarenda við að auka öryggi í umferðinni“. **- ghs**

Stefán E. Matthíasson:

## Krefst hárra bóta

**HEILBRIGÐISMÁL** Lögmaður Stefáns E. Matthíassonar, sem sagt var upp störfum sem yfirlæknir við æðaskurðlækningadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss hinn 28. nóvember í fyrra, hefur sent spítalanum bótakröfu fyrir hönd Stefáns. Héraðsdómur kvað upp dóm hinn 29. júní í ár þess efnis að uppsögnin hefði verið ólögleg. Bótakrafan er upp á rúmlega 139 milljónir króna og er reiknuð út frá tekjumissi Stefáns í tíu ár. Einnig er þess krafist að spítalinn greiði Stefáni miskabætur að upphæð 10 milljónir sem og innheimtukostnað lögmanns hans. Spítalinn hefur 30 daga til að inna greiðsluna af hendi, eftir það bætast dráttarvextir við kröfuna. **- ifv**

Könnun Fréttablaðsins:

## Akureyri fallegasti bærinn

**SKOÐANAKÖNNUN Akureyri er fallegasti bær landsins. Þetta er niðurstaða könnunar Fréttablaðsins. Akureyri hlaut 22,4 prósent atkvæða þeirra sem þátt tóku í könnuninni og hlaut því yfirburðakosningu í efsta sæti.**



AKUREYRI

**Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, er rígmontinn með niðurstöðuna þó að ekki komi hún honum á óvart.**

**Öruggur í öðru sæti er Hafnarfjörður en Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir Hafnfirðinga aldrei ánægða nema með toppsætið. Mesta furðu viðmælenda blaðsins vekur að Kópavogur og Reykjanesbær komast á topp tíu-lista yfir fallegustu bæina.** **- jbg/sjá** síðu 42 & 43

# Mikil steranotkun í fitness-keppnum

**Sextíu prósent þeirra sem taka þátt í fitness-keppnum hér á landi falla á lyfjaprófum. Þetta var meðal þess sem fram kom á hádegisverðarfundi á vegum ÍSÍ í gær. Fjárlög til lyfjaeftirlits innan íþróttahreyfingarinnar verða aukin.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjaráð ÍSÍ hefur tekið að sér að lyfjaprófa afreksfólk utan ÍSÍ og má þar nefna keppendur í fitness. Skúli Skúlason, formaður lyfjaráðs ÍSÍ, segir að um 60 prósent þeirra sem skráðir eru til keppni í fitness falli á lyfjaprófum. Hlutverk lyfjaeftirlitsnefndar er að skipuleggja og framkvæma eftirlit með lyfjanotkun íþróttamanna.

Skúli segir að í fyrra hafi verið gerð 128 lyfjapróf á félagsmönnum ÍSÍ og að slíkum prófum hafi fjölgað úr 50 árið 1996. „Það sem af er þessu ári hefur enginn fallið á lyfjaprófum en árið 2005 voru þeir þrír.“

Yfirskrift hádegisverðarfundar ÍSÍ í gær var steranoktun meðal framhaldsskólaskólanema á Íslandi en þar var farið ofan í saumana á skýrslu sem birt var í haust um notkun lyfja, tóbaks og fæðubótarefna meðal ungs fólks.

Þórólfur Þórlindsson prófessor gerði meðal annars athugasemd við þá flokka sem fram komu í skýslunni en þar er dregið saman hlutfall þeirra framhaldsskólanema höfðu einhverntíma notað stera eftir því hvort þeir stunduðu íþróttir vikulega eða oftar. Þórólfur segir að regluleg ástundun íþrótta miðist við þá sem stundi þær þrisvar í viku eða oftar. Í skýrslunni kom til dæmis fram að 4,5 prósent þeirra framhaldsskólanema sem stunduðu frjálsar íþróttir vikulega eða oftar hefðu einhverntíma notað stera. „Þegar steranotkun þeirra sem stunda frjálsar íþróttir tvisvar í viku er skoðuð fer hlutfallið niður í 0,7 prósent sem túlka má á þann veg að þeir sem stundi frjálsar íþróttir oftar en vikulega séu ólíklegri til að nota stera.“

Þórólfur segir steranotkun tengjast mörgum þáttum í þjóðfélaginu og að ekki sé hægt að tengja íþróttaiðkun og steranotkun sérstaklega. „Steranotkun hefur mun hærri fylgni við notkun annarra vímuefna svo sem hass, amfetamín og e-töflur en við íþróttaiðkun. Í rannsókninni kemur fram að 159 af 11.000 unglingum hafi neytt anabóliskra stera sem getur ekki talist hátt hlutfall.“

Þórólfur segir þetta hlutfall svipað og í Noregi en lægra en í Svíþjóð og Kanada svo samanburður við aðrar þjóðir sé notaður.

Á fundinum kom fram að íþróttahreyfingin á Íslandi hafi fengið aukið fjármagn til lyfjaeftirlits og á þessu ári verður sjö milljónum króna varið til lyfjaeftirlits innan íþróttahreyfingarinnar. **hugrun@frettabladid.is**



**ÞÓRÓLFUR ÞÓRLINDSSON PRÓFESSOR** Steranotkun hefur mun hærri fylgni við notkun annarra vímuefna svo sem hass, amfetamín og e-töflur en íþróttaiðkun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> „Þegar steranotkun þeirra sem stunda frjálsar íþróttir tvisvar í viku er skoðuð fer hlutfallið niður í 0,7 prósent sem túlka má á þann veg að þeir sem stundi frjálsar íþróttir oftar en vikulega séu ólíklegri til að nota stera.
>
> **ÞÓRÓLFUR ÞÓRLINDSSON**

Norsk Hydro:

## 600.000 tonna álver ekki nefnt

**IÐNAÐARMÁL** Bjarne Reinholdt, framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsskrifstofu Norsk Hydro á Íslandi, segir að umræða sumra íslenskra fjölmiðla um þær fyrirætlanir fyrirtækisins að byggja 600.000 tonna álver algerlega úr lausu lofti gripna. Hann segir einnig að fyrirtækið ætli sér ekki að leggja niður álver í Noregi heldur þvert á móti séu fyrirætlanir um að auka þá starfsemi á næstu árum.

Bjarne segir að allir viti að slíkt álver sé allt of stórt fyrir Ísland og það séu engar forsendur til reksturs þess. Hann ítrekar að fyrirtækið hafi mörg járn í eldinum og álver sé aðeins eitt þeirra. **- shá**

Vinaleið í Garðabæ:

## Bæjarsjóður borgar ekkert

**SVEITARSTJÓRNARMÁL „Bærinn leggur ekki fjármagn í þetta verkefni öðru vísi en að leggja til húsnæðisaðstöðu,“ segir Páll Hilmarsson, formaður skólanefndar Garðabæjar, um fjármögnun svokallaðrar Vinaleiðar sem Garðakirkja stendur fyrir í þremur grunnskólum bæjarins. Í sumar sótti séra Jóna Hrönn Bolladóttir um styrk frá bænum vegna Vinaleiðar. Áður en bæjaryfirvöld náðu að afgreiða málið tókst kirkjunni að fá fé til verkefnisins frá Sund ehf. Að sögn Páls töldu bæjaryfirvöld þá styrkbeiðnina fallna úr gildi. Vinaleiðin er gagnrýnd af félaginu Siðmennt fyrir meint trúboð.** **- gar**



**HLÍÐARFJALL** Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli verður opnað í dag.

Skíðasvæði opnað fyrir norðan:

## Nægur snjór í Hlíðarfjalli

**ÚTIVIST** Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli við Akureyri verður opnað kl. 10 í dag. Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Hlíðarfjalls, segir þá vera í fyrra fallinu að opna í ár, jafnvel þótt svæðið hafi verið opnað í byrjun nóvember í fyrra. „Nú er töluverður snjór á svæðinu og stefnt að því að opna Fjarkann, Stromplyftu, Auði, Töfrateppið og Hólabraut. Þá reiknað með að göngubrautin verði troðin.

Gert er ráð fyrir hálfskýjuðu veðri og sjö stiga frosti á Akureyri í dag og því vissara að búa sig vel til skíðaiðkunar. **- hs**

Ungmenni fóru ránshendi um landið í september:

## Þjófagengi ákært

**DÓMSMÁL** Höfðað hefur verið opinbert mál á hendur ungmennunum sem fóru ránshendi um landið í september síðastliðnum. Ákæran nær yfir hluta þeirra brota sem hópurinn er talinn hafa framið frá seinni hluta sumars og fram í september. Sá sem flestir liðir ákærunnar beinast að, 21 árs gamall karlmaður, situr enn í síbrotagæsluvarðhaldi.

Í ákærunum er honum og þremur ungmennum, tveimur stúlkum og einum dreng, á aldrinum 16-18 ára, meðal annars gefið að sök að hafa brotist inn í félagsheimilið Árnes og stolið þaðan alls kyns varningi og búnaði að verðmæti á fimmta hundrað þúsund, margvíslegar gripdeildir, bílþjófnaði, önnur innbrot, ölvunarakstur, fjársvik auk annars konar auðgunarbrota.

Drengirnir tveir voru handteknir í september eftir að þeir höfðu í samfloti við yngri stúlkuna farið ránshendi víða um landið á skömmum tíma. Meðal viðkomustaða þeirra voru Húsavík, sumarbústaðabyggðir í Borgarfirði, Selfoss og að endingu höfuðborgarsvæðið.

Auk þeirrar ákæru sem nú hefur verið birt þeim eru fjölmörg önnur mál tengd hluta hópsins til vinnslu hjá lögreglu. Eldri drengurinn er til að mynda grunaður um að hafa einn átt aðild að sex öðrum hegningarlagabrotum og framið sjö önnur í slagtogi við aðra á tímabilinu 23. júlí til 5. september til viðbótar við þau sem hann er ákærður fyrir nú. **- þsj**






2 stk
Jólastjörnur
**999**

Glæsileg
speglatré
120 cm **1999**
80 cm **999**

# Jól ...á betra verði



Klakaseríur
úti, díóður,
blátt og hvítt
10493816-3817
kr. **1999**
verð áður kr. 3949



Ljósagreinar
skreyttar
10493790
kr. **2290**
verð áður kr. 3949



Outdoor garden-light, útisería
20 ljósa
10493265
kr. **1699**
verð áður kr. 2999
40 ljósa
10493266
kr. **3199**
verð áður kr. 5799



Ljósagardínur
2.0m x 1.5m
10232860
kr. **6900**
verð áður kr. 11.619



## Jólaskreytingakvöld

**Nú er komið að okkar vinsælu jólaskreytingakvöldum.
Jólaskreytingakvöld miðvikudag
22. nóv. og fimmtudag 23. nóv. kl 20-22
í glæsilegri verslun Blómavals í Skútuvogi.**

**Skreytingameistarar og starfsfólk Blómavals taka
á móti gestum og sýna það nýjasta og flottasta
í jólaskreytingum og skrauti.
Uppákomur og kynningar.
Skráið ykkur í síma 5 800 500 eða á blom@blomaval.is
Takmarkaður sætafjöld - ókeypis aðgangur.**

Soldis
Silkitré & silkiblóm
**Full búð**
af glæsilegri
jólavöru

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 17.11.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,77 | 70,11 |
| Sterlingspund | 131,58 | 132,22 |
| Evra | 89,09 | 89,59 |
| Dönsk króna | 11,945 | 12,015 |
| Norsk króna | 10,775 | 10,839 |
| Sænsk króna | 9,839 | 9,897 |
| Japanskt jen | 0,5892 | 0,5926 |
| SDR | 103,31 | 103,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,9202

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Joseph Kabila lýstur opinberlega sigurvegari í forsetakosningum í Afríkuríkinu Kongó á miðvikudag:

# Friður ríkir en spenna er í loftinu

**KINSHASA, AP** Ekki hefur komið til átaka í Afríkuríkinu Kongó eftir að Joseph Kabila forseti var á miðvikudaginn lýstur opinberlega sigurvegari í forsetakosningunum, sem haldnar voru í lok október. Mótframbjóðandinn Jean-Pierre Bemba, einn af varaforsetum landsins, sagðist á fimmtudaginn einungis ætla að beita löglegum aðferðum til þess að fá úrslitum forsetakosninganna hnekkt. Þessi yfirlýsing vakti vonir um að hann ætli ekki að beita valdi, en hann ræður yfir eigin herliði sem skipað er hundruðum manna.

Á miðvikudaginn var því opinberlega lýst yfir að Joseph Kabila, núverandi forseti, hafi sigrað í seinni umferð forsetakosninganna, sem haldin var 29. október síðastliðinn.

Opinberar niðurstöður kosninganna eru þær, að Kabila hafi hlotið 58 prósent atkvæða en Bemba 42 prósent.

Stuðningsmenn Bemba segja þessar tölur ekki geta verið réttar. Bandalag um 50 flokka, sem studdu Bemba, létu gera eigin talningar og fengu út að Bemba hefði hlotið 52 prósent og hann væri þar með hinn rétti sigurvegari kosninganna.

Óttast var að óeirðir myndu brjótast út eftir að opinberu tölurnar voru birtar. **- gb**



**FLÝJA LÖGREGLUNA** Stuðningsmenn Bembas hlaupa undan lögreglunni en piltarnir höfðu verið að grýta steinum í bíla sem óku framhjá í Kinshasa, höfuðborg Kongó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fíkniefnasali handtekinn:

## Með alls kyns fíkniefni á sér

**LÖGREGLUMÁL** Fjögur fíkniefnamál komu upp í Kópavogi á fimmtudagskvöld. Tæplega tvítugur piltur var handtekinn í miðbænum með töluvert magn fíkniefna í söluumbúðum. Hann var færður til yfirheyrslu og viðurkenndi undir morgun að hann hafi ætlað sér að selja efnin. Að sögn lögreglu var hann með alls kyns fíkniefni í fórum sínum, þar á meðal hass, amfetamín, kókaín, ofskynjunarsveppi og stera.

Þá voru þrír menn á þrítugsaldri handteknir í aðskildum málum með lítilræði af fíkniefnum. Efnin voru öll talin vera til einkaneyslu. Alls lagði lögreglan hald á nokkra tugi gramma af fíkniefnum þetta kvöld. **- þsj**

Akranes-Reykjavík:

## Strætóferðir féllu niður vegna vinds

**SAMGÖNGUR Sex strætóferðir frá Akranesi til Reykjavíkur féllu niður vegna veðurs á fimmtudag. Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætós, segir að ferðirnar hafi fallið niður þar sem vindur hafi farið upp í fimmtíu metra á sekúndu í hviðum á Kjalarnesi. Ferðir falli niður fari vindur yfir 34 metra á sekúndu og 32 metra á sekúndu í hálku.**

**Ásgeir segir að bílstjórar fylgist með vindstyrknum á Kjalarnesi í vindmæli í Mosfellsbæ og við Hvalfjarðargöngin og taki ákvörðun hverju sinni. Sumir bílarnir séu léttir að aftan og bitur reynsla hafi kennt mönnum að láta ferðir falla niður fari vindur yfir viðmiðunarmörkin. Það sé gert með öryggi farþeganna í huga.** **- ghs**

# Það skiptir öllu máli að klæða sig vel

**Orkuveitur hafa vart undan að dæla heitu vatni á skrifstofur og heimili landsins. Sú þarfa þjónusta gagnast lítið því fólki sem Fréttablaðið tók tali í gær.**

**FÓLK** Í kuldakastinu sem fólk í þægilegri innivinnu vælir undan þessa dagana, er ekki úr vegi að kanna hug fólksins sem finnur hvað mest fyrir vetri konungi, fólksins sem ver bróðurhluta dagsins að störfum utandyra. Fréttablaðið fór á stúfana og komst að því að ömmur landsins hafa vitanlega hárrétt fyrir sér: Það er ekkert til sem heitir kuldi, bara lakur klæðnaður. **- kóþ**

### Oft kaldara í Póllandi

Þeir eru hraustir og hressir þeir Pawel og Tomasz, eða Palli og Tommi, eins og þeir kalla sig á íslensku. Þeir segjast ekki geta kvartað undan veðrinu í dag, þótt það sé 7 stiga frost, því það var miklu kaldara í gær. Það er líka oft kaldara í Póllandi, segir Palli og rifjar upp í eina tíð að kuldinn þar fór upp í 30 stiga frost. Tommi er í tveimur flíspeysum undir gallanum en viðurkennir að hann finni samt fyrir kuldanum þegar hann blæs.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





### Stöðumælavörður 19

Auðvitað verður maður alltaf veikur annað slagið, segir Stöðumælavörður 19, en það er ekki til siðs hjá bílastæðasjóði að starfsmenn kynni sig með nafni þegar þeir eru á vakt. Stöðumælavörður 19 kann samt ágætlega við kuldann og segir að starfið sé ágætt, ef maður klæðir sig vel. Hún gagnrýnir blaðamann fyrir mjóa pennann sem virðist frosinn og lánar honum breiðara vopn. Þetta er það eina sem dugar í þessum kulda, segir hún.

### Póstur í Gullnámu

Það er allra meina bót að vinna utan dyra, segir Margrét póstur, þegar Fréttablaðið rakst á hana þar sem hún var að ylja sér við kakóbolla í Gullnámunni við Hlemm. Margrét er hálfan vinnudaginn utan dyra að bera okkur bréfin og hefur ekki enn misst dag úr vinnu vegna veikinda, en hún hefur unnið við póstburð í þrjá mánuði. Hún kann samt betur við sig í hlýindum.





**FRÁ HÖFUÐBORGINNI** Ungmenni krefjast lýðræðis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óeirðir á Tonga:

## Höfuðborgin lögð í rúst

**TONGA, AP Að minnsta kosti átta lík fundust í gær í Nukualofa, höfuðborg Kyrrahafseyjunnar Tonga, þar sem reið ungmenni gengu berserksgang á fimmtudaginn, veltu bílum, kveiktu í verslunum og skrifstofum, réðust á embættismenn ríkisins og fóru ránshöndum um verslanir. Höfuðborgin var að stórum hluta lögð í rúst.**

**Ungmennin vilja lýðræði í þessu litla en fátæka konungsríki þar sem íbúarnir eru um 108.000 talsins. Óeirðir af þessu tagi hafa ekki þekkst þar til þessa.**

**Bæði Nýja-Sjáland og Ástralía ætla að senda hermenn til eyjunnar til þess að stilla til friðar.** **- gb**

Áskorun Landverndar:

## Hrafntinnunni verði skilað

**UMHVERFISMÁL** Landvernd skorar á umhverfisráðherra að taka til efnislegrar meðhöndlunar kæru Guðrúnar S. Gísladóttur sem krefst þess að leyfi til hrafntinnutöku úr Hrafntinnuskeri verði fellt úr gildi og hrafntinnunni sem tekin var verði skilað.

Með því að taka kæru Guðrúnar til efnislegrar meðhöndlunar myndi ráðherra færa stjórnsýsluna nær markmiðum alþjóðlegra sáttmála sem miða að því að virkja almenning til þátttöku í umhverfismálum. **- sdg**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**EÐA EINS OG BUBBI SEGIR.....**
Það á ágætlega við eftir norðanáhlaupið að vísa í texta okkar ástkæra Bubba Morthens „Þessi fallegi dagur“. Því í dag er von á fallegum degi í veðrinu en stutt er á milli hláturs og gráturs. Þegar líður á daginn þykknar upp á landinu vestanverðu og fer að snjóa þar með kvöldinu. Síðan á morgun má búast við snjókomu eða slyddu syðst en svo kólnar á ný með nýju áhlaupi.

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG**
Vaxandi sunnanátt. Snjókoma í kvöld. Minnkandi frost.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Allhvasst með suðurströndinni, annars hægari.

*» mánudagur*



Hvöss norðanátt austan og suðaustan til. Kólnandi.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C alskýjað | London | 11°C hálfskýjað | Alicante | 21°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 2°C skúrir | París | 12°C skúrir | Barcelona | 17°C hálfskýjað |
| Osló | 8°C skúrir | Frankfurt | 12°C skúrir | Algarve | 20°C skúrir |
| Stokkhólmur | 11°C skúrir | Friedrichshafen | 11°C skúrir | Krít | 21°C heiðskírt |
| Gautaborg | 11°C léttskýjað | Berlín | 15°C skúrir | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Kuldagallar

## Hlýir og vandaðir kuldagallar







**Kuldaskór**
bleikir
st. 25/26-35/36




**Kuldaskór**
grænir
st. 28-39




**Kuldaskór**
svartir
st. 28-39




**Kuldaskór**
dökkbleikir, dökkbláir
st. 23-38

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að flýja vetrarkuldann til heitari landa?*

| | |
|---|---|
| Já | 22,2% |
| Nei | 77,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fórst þú á tónleikana með Sykurmolunum í gærkvöld?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra sat loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna:

# Bregðast þarf við vanda strax

**UMHVERFISMÁL** „Ég er hvorki bjartsýn né svartsýn,“ segir Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra að lokinni loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kenía.

Jónína segir að helsti árangurinn sem náðst hafi á loftslagsráðstefnunni sé samþykkt aðlögunaráætlunar fyrir þróunarríki.

„Áætlunin felur í sér fimm ára loftslagsvæna aðstoð við þróunarríkin sem á annars vegar að gera þeim kleift að laga sig að loftslagsbreytingum og hins vegar að styrkja þau í því að framleiða orku á endurnýjanlegan hátt,“ segir umhverfisráðherra.

Í ræðu sinni á ráðstefnunni lagði Jónína áherslu á að bregðast þyrfti strax við þeim vanda sem steðji að loftslagsmálum. Í samtali við Fréttablaðið segir hún helsta verkefnið að fá þróunarríki á borð við Kína og Indland og auðríki eins og Bandaríkin og Ástralíu til að koma að borðinu með þeim ríkjum sem skuldbundu sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt Kyoto-bókuninni:

„Hvorki Kína né Indland hafa tekið sérlega vel í það að ganga til viðræðna einu sinni. Hins vegar vekur það ákveðna bjartsýni að þrír nýkjörnir öldungadeildarþingmenn sem gegna nú formennsku í sterkum þingnefndum hafa skorað á Bush forseta um samstarf um að setja lög og reglur sem takmarki losun í Bandaríkjunum.“ - gar



**JÓNÍNA BJARTMARZ** Áætlun um aðstoð við þróunarríki helsti árangur loftslagsráðstefnu, segir umhverfisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Loftslagsráðstefnan í Kenía:

## Afraksturinn þykir heldur rýr

**NAÍRÓBÍ, AP Tveggja vikna loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Naíróbí, höfuðborg Kenía, lauk í gær án þess að nein afgerandi niðurstaða fengist um framhaldið á útfærslu Kyoto-bókunarinnar.**

**Flestum meginmarkmiðum ráðstefnunnar var frestað þangað til á næsta ári, þegar haldin verður ný ráðstefna.**

**„Við sjáum ekki þá djörfu forystu sem þörf er á. Frekari tafir eru algjört ábyrgðarleysi,“ sagði Catherine Pearce frá umhverfissamtökunum Friends of the Earth.** - gb


Ertu í húsgagnaleit?
Opið í dag
frá kl.13-17
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ▪ 568-5375
Nýjar sendingar - Mikið úrval!


Loftljós
og veggljós í miklu úrvali
77 x 77 x 105 mm
75 x 75 x 90 mm
80 x 105 mm
RAFSÓL
Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is




REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG


# Ávinningurinn af samráði ótvíræður

**Í greinargerð lögmanns Samkeppniseftirlitsins eru röksemdir olíufélaganna fyrir „litlum sem engum ávinningi af samráði“ taldar léttvægar. Ekkert sem bendir til þess að einhver ávinningur hafi verið fyrir hendi, segir lögmaður Kers.**

**DÓMSMÁL** Hugmyndir olíufélaganna um að lítill sem enginn ávinningur hafi verið af verðsamráði félaganna, sem stóð yfir frá 1993 til 2001, eru fjarri sannleikanum og standast ekki skoðun. Þetta kemur fram í greinargerð sem samkeppniseftirlitið skilaði til héraðsdóms 31. janúar á þessu ári og Fréttablaðið hefur undir höndum.

Er því haldið fram í greinargerðinni að ávinningurinn af samráðinu hafi verið ótvíræður. Eins og greint var frá í Morgunblaðinu 21. október síðastliðinn sögðu dómskvaddir matsmenn í máli Kers gegn samkeppnisyfirvöldum að „lítill sem enginn ávinningur“ hefði verið af samráðinu.

Olíufélögin halda því fram, samkvæmt greinargerð samkeppniseftirlitsins, að hugsanlegt sé að þau hafi jafnvel tapað á samráðinu.

Í greinargerðinni er lítið gert úr röksemdum olíufélaganna og tal um lítinn sem engan ávinning væri „vitaskuld rangt“, eins og orðrétt segir í greinargerðinni.

Eru röksemdir olíufélaganna, sem eigi að leiða til lægri sektargreiðslu, taldar jafngilda því að þjófur reyni að verja ávinning af gjörðum sínum með því að tefla fram kostnaði af „kaupum á kúbeini“ sem notað hefði verið við þjófnaðinn, sem gildum rökum fyrir engum ávinningi af verknaði.

Í greinargerðinni er frá því greint að samkeppniseftirlitið telji olíufélögin „kerfisbundið freista þess að varpa rýrð á rannsóknina og niðurstöðu samkeppnisyfirvalda“.

Oddgeir Einarsson, annar tveggja lögmanna Kers, segir athugun á gögnum leiða það í ljós að ávinningur af samráði hafi lítill sem enginn verið. „Þegar bornar eru saman markaðsaðstæður sem fyrir voru á markaðnum, og svo hvaða áhrif samráðið hafði á verðlagningu, þá er ekkert sem bendir til þess að samráðið hafi skilað ávinningi samkvæmt athugunum sem við höfum lagt til grundvallar í málinu.“

Aðalmeðferð í máli Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum hefst miðvikudaginn 22. nóvember í Héraðsdómi Reykjavíkur. Krafa borgarinnar nemur rúmlega 150 milljónum króna.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hefur íslenska ríkið óskað eftir viðurkenningu á bótaskyldu vegna verðsamráðsins en olíufélögin höfnuðu henni. Vinna er hafin við undirbúning vegna málshöfðunar íslenska ríkisins á hendur olíufélögunum en Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður sækir mál á hendur olíufélögunum fyrir hönd ríkisins og Reykjavíkurborgar.

magnush@frettabladid.is




**TANKAR OLÍUFÉLAGANNA** Aðalmeðferð í máli Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum fer fram 22. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

### FRAMVINDA MÁLSINS

**18. desember 2001**
Samkeppnisyfirvöld gera húsleit hjá olíufélögunum.

**17. mars 2002**
Fréttablaðið birtir ágrip úr frumskýrslu Samkeppnisstofnunar vegna málsins.

**21. ágúst 2003**
Ríkissaksóknari fer fram á að Ríkislögreglustjóri afli fullnægjandi gagna frá Samkeppnisstofnun til að unnt sé að athuga hvort hefja þurfi opinbera rannsókn.

**Október 2003**
Hafin er opinber rannsókn hjá embætti Ríkislögreglustjóra á ætluðum brotum olíufélaganna, æðstu stjórnendum og millistjórnendum.

**28. október 2004**
Samkeppnisráð sektar olíufélögin um rúma 2,6 milljarða króna fyrir brot gegn samkeppnislögum.

**29. janúar 2005**
Áfrýjunarnefnd samkeppnismála gefur út úrskurð sinn og lækkar sektir félaganna um rúman milljarð, í 1,5 milljarða króna.

**17. nóvember 2005**
Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra sendir ríkissaksóknara niðurstöðu lögreglurannsóknar á samráði olíufélaganna.

**31. janúar 2006**
Samkeppniseftirlitið hafnar öllum kröfum olíufélaganna um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála verði ógiltur á grundvelli þess að lítill sem enginn ávinningur hafi verið af samráðinu.

Undirskriftarlistar ganga til að mótmæla svonefndri brú í námi til sjúkraliða:

# Deilur um sjúkraliðanámsleið

**MENNTAMÁL** Óánægju gætir hjá sumum sjúkraliðum vegna svokallaðrar brúar í námi til sjúkraliða sem hófst í haust. Hundruð hafa skrifað sig á undirskriftarlista til að mótmæla brúnni, að sögn Dagbjartar Óskar Steindórsdóttur sjúkraliða.

Hefðbundið sjúkraliðanám er 120 einingar en brúin er 60 einingar. Starfsreynsla, meðmæli og námskeiðsþátttaka er inntökuskilyrði. „Þarna munar 60 einingum. Það er ekki hægt að leggja að jöfnu starfsreynslu og nám upp á 60 einingar. Við viljum að áframhald á náminu verði stöðvað.“



**KRISTÍN Á. ÁSGEIRSDÓTTIR**

Félagsstjórn Sjúkraliðafélags Íslands hefur sent frá sér ályktun þar sem hún segist harma þá óupplýstu umræðu og undirskriftir sem gengið hefur á vinnustöðum sjúkraliða síðustu vikur um nám á sjúkraliðabrú. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir tilganginn með brúnni að veita ófaglærðu starfsfólki sem hefur starfað tiltekinn tíma möguleika á því að taka sjúkraliðanámið í fullorðinsfræðslu.

Kristín telur að um 1.500 sjúkraliða vanti á vinnumarkað og ófaglærðir fylli nú þau stöðugildi. - sdg




# Nú er tíminn

## til að setja upp jólaljósin!



35% afsláttur

**Áltröppur**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3 þrep | 5078885 | 2.579 | ~~3.973~~ |
| 4 þrep | 5078886 | 2.979 | ~~4.595~~ |
| 5 þrep | 5078888 | 3.699 | ~~5.695~~ |
| 6 þrep | 5078890 | 4.559 | ~~7.020~~ |
| 7 þrep | 5078892 | 4.999 | ~~7.708~~ |
| 8 þrep | 5078894 | 6.429 | ~~9.899~~ |



**Borvél, DWT**
500W, högg, taska og borar fylgja
5245280
2.995



599
~~1.595~~

**Álskófla**
blað 25x30 sm, L 100 sm
5082487



3.989

**Skrúfvél, B&D**
3,6V, 10 bitar
5246002



999
~~2.495~~

**Verkfæratöskur**
2 saman, 12,5" og 19"
5024489

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Í eigu hvers var Gullborgin sem nú stendur til að rífa?*
2. *Hvaða Íslendingur varð fyrstur til að tryggja sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni í golfi?*
3. *Hvaða þingmaður tekur sæti á þingi eftir 19 ára fjarveru?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 70

Gildistöku um frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega verði flýtt:

# Hærra frítekjumark aldraðra

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin leggur til að 300.000 króna frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega taki að fullu gildi um næstu áramót og gildistöku þar með flýtt um þrjú ár. Í frumvarpi um almannatryggingar sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er gert ráð fyrir að frítekjumarkið taki gildi í tveimur áföngum, árið 2009 og 2010. Er þessi ákvörðun sögð endurspegla vilja ráðherra og ríkisstjórnar að koma til móts við eindregnar óskir talsmanna fulltrúa aldraðra og aldraðra sjálfra.

Samfylkingin, Vinstri grænir og Frjálslyndi flokkurinn sendu frá sér sameiginlega tilkynningu þar sem flokkarnir sögðust fagna þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þó nái þetta skref hvergi nærri nógu langt og sé aðeins þriðjungur af því sem stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lagt til á Alþingi. Í þingsályktunartillögu sem stjórnarandstöðuflokkarnir stóðu sameiginlega að í haust er lagt til að frítekjumark vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þúsund krónur á mánuði eða 900 þúsund krónur á ári og komi strax til framkvæmda.

Krefjast flokkarnir þrír þess að ríkisstjórnin stígi nú þegar stærri skref til þess að bæta kjör lífeyrisþega í samræmi við þessar tillögur. - sdg



**HJÓLANDI Á HÖFNINNI** 65 ára og eldri voru 4,3 prósent af starfandi fólki á íslenskum vinnumarkaði í fyrra, alls 6.950 manns, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Lóðir í Garðabæ:

# Yfir 500 manns sóttu um 91 lóð

**GARÐABÆR Yfir fimm hundruð umsóknir bárust um lóð á Hraunsholti eystra og í Garðahrauni þegar úthlutun á níutíu og einni lóð á þessum tveimur svæðum var auglýst nýlega. Umsóknirnar skiptast nokkuð jafnt á milli svæðanna eftir því sem kemur fram á vef Garðabæjar.**

**Listi yfir nöfn umsækjenda verður lagður fyrir fund bæjarráðs á þriðjudaginn í næstu viku. Óvíst er hvenær tillaga um úthlutun verður lögð fram en gera má ráð fyrir að það verði í desember eða byrjun janúar. Stefnt er að því að lóðirnar verði byggingarhæfar haustið 2007.** - ghs

Tekinn tvisvar á klukkutíma:

# Náði í aukasett af bíllyklum

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður um þrítugt var handtekinn tvívegis á rúmri klukkustund vegna ölvunaraksturs aðfaranótt föstudags. Fyrst var hann stöðvaður í Tryggvagötu og bíllyklar hans gerðir upptækir. Maðurinn lét þó ekki segjast, náði sér í aukalykla og hélt för sinni áfram. Lögreglan stöðvaði hann aftur stuttu síðar á Vesturlandsvegi og þurfti að beita manninn valdi til að ná úr honum blóðsýni.**

**Þá fór bifreið yfir á rauðu ljósi á Sæbraut sömu nótt og í kjölfarið gefið merki um að stöðva. Ökumaðurinn, kona um tvítugt, hlýddi kallinu en reyndi síðan að stinga af á tveimur jafnfljótum. Lögreglan hafði þó hendur í hári hennar í nálægum húsagarði og reyndist hún vera undir áhrifum áfengis.** - þsj

Dómsmálaráðherra:

# Búningar lögreglu verði merkt police

**STJÓRNMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra býst við að á nýjum búningum lögreglumanna standi enska orðið police.



**LÖGREGLAN** Enska orðið police mun standa á nýjum lögreglubúningum.

Björn upplýsti þetta á þingi þegar hann svaraði fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, Framsóknarflokki, um merkingu varðskipsins Týs. Þegar skipið kom úr slipp í Póllandi fyrir rúmum mánuði stóð á því Coast Guard en merkingin var afmáð skömmu síðar. Taldi Björn að skipið yrði merkt bæði með íslensku og ensku heiti Landhelgisgæslunnar í framtíðinni.

Svaraði Björn aðspurður að lögreglubílar verði ekki merktir á ensku en nýir búningar lögreglumanna beri merkinguna police. -bþs


SJÓÐUR 10

ÚRVAL INNLENDRA HLUTABRÉFA

39,9%

Nafnávöxtun síðustu 12 mánuði m.v. 30.09.2006*

BESTA ÁVÖXTUN SAMBÆRILEGRA SJÓÐA SÍÐUSTU 24 MÁNUÐI**

Markmið sjóðsins er að ná hærri ávöxtun en úrvalsvísitala Kauphallar Íslands.

KOSTIR VERÐBRÉFASJÓÐA GLITNIS:

- Mikil áhættudreifing og góð ávöxtun
- Eignastýring í höndum sérfræðinga
- Ávallt innleysanlegir

Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á **www.glitnir.is** og kláraðu málið.

Sjóður 10 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á **www.glitnir.is/sjodir.**

* Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð

** Sjá ávöxtun innlendra hlutabréfasjóða á www.sjodir.is







**BANDARÍKJAFORSETI OG BYLTINGARLEIÐTOGINN** Bush brosir breitt framan við brjóstmynd af Ho Chi Min, erkiandstæðingi Bandaríkjastjórnar í Víetnamstríðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Vill ekki fara strax frá Írak

**Bush dregur þann lærdóm af Víetnamstríðinu að bandaríski herinn eigi ekki að fara of fljótt burt. Sigur geti unnist, en það muni taka tímann sinn.**

**VÍETNAM, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði í gær að Bandaríkjamenn gætu dregið ýmsan lærdóm af Víetnamstríðinu, meðal annars þann að verkefni bandaríska hersins í Írak muni dragast á langinn.

Hann sagðist ekki hafa tekið neinar ákvarðanir um það hvort bandarískum hermönnum í Írak verði fjölgað eða fækkað á næstunni, en sagðist þó engan veginn hafa gefið stríðið í Írak upp á bátinn.

„Það mun einfaldlega taka langan tíma fyrir hugmyndafræði sem er vongóð – og það er hugmyndafræði frelsisins – að sigrast á hugmyndafræði hatursins. „Við munum ná árangri, nema við hættum.“

Þetta sagði Bush á blaðamannafundi í Hanoi, höfuðborg Víetnams, þar sem hann hitti í gær helstu ráðamenn landsins í forsetahöllinni, þar á meðal bæði Nguyen Minh Triet forseta og Nguyen Tan Dung forsætisráðherra. Einnig lagði Bush leið sína í höfuðstöðvar Kommúnistaflokksins og hitti þar valdamesta leiðtoga landsins, Nong Duch Manh, sem er formaður Kommúnistaflokksins.

Bush fékk reyndar ekki jafn æpandi góðar móttökur og Bill Clinton þegar hann kom til Víetnams árið 2000, en þá flykktist mannfjöldinn um forseta Bandaríkjanna sem var í þeim erindagjörðum að bæta samskipti ríkjanna.

Mörgum íbúum landsins þykja aðgerðir Bandaríkjamanna í Írak minna óþægilega á framkomu þeirra í Víetnamstríðinu og minnast þess með stolti að bandaríski herinn hafi verið hrakinn á burt.

Erindi Bush til Víetnams að þessu sinni er fyrst og fremst að taka þátt í leiðtogafundi APEC, sem er efnahagsbandalag Kyrrahafsríkja.

gudsteinn@frettabladid.is

# 25-30% afsláttur

## Íslensk skáldverk fyrir börn og fullorðna




**3. sæti**
Eymundsson

Eymundsson listinn
Skáldverk
15.11.06

**Fullt verð kr. 4.690**
**Tilboðsverð kr. 3.280**

**„Í Sendiherranum er einhver ný vídd sem gerir frásögnina stærri og dýpri og er hún án efa merkasta skáldsaga Braga Ólafssonar til þessa.“**
*Þorgerður E. Sigurðardóttir, bokmenntir.is*




**Fullt verð kr. 4.690**
**Tilboðsverð kr. 3.280**

Tryggðarpantur er áleitin og grátbrosleg saga þar sem teflt er saman ólíkum heimum og spurningum varpað fram um lífsgildi, lífsviðhorf – og lífsblekkingu; samtímasaga um efni sem brennur á fólki.




**Fullt verð kr. 4.690**
**Tilboðsverð kr. 3.280**

**„Aldingarðurinn er óvenjulega þéttofin bók ... efni sagnanna er þrungið tilfinningum og átökum í mannlegri tilveru.“**
*Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.*




**Fullt verð kr. 2.990**
**Tilboðsverð kr. 2.240**

**„Frábær saga!“** *Móðir höfundar*

**„Örugglega ýkt skemmtileg og fyndin bók. Ég ætla samt bara að bíða eftir bíómyndinni.“** *Bróðir höfundar*




**3. sæti**
Eymundsson

Eymundsson listinn
Barnabækur
15.11.06

**Fullt verð kr. 2.690**
**Tilboðsverð kr. 1.990**

**„Á móti alvarlegu söguefni kemur hraður og galvaskur frásagnarháttur Karenar Karlottu og hnitmiðaður stíllinn sem stundum er svo rosalega fyndinn ... Þetta eru bækur sem stækka sjóndeildarhring lesenda sinna.“**
*Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is*




**Fullt verð kr. 2.690**
**Tilboðsverð kr. 1.990**

Hressilegar sögur og bráðfyndnar myndir gera Fíusól að eftirlæti íslenskra bókaorma ár eftir ár.

**Skiptimiðinn**
Eymundsson

*Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 15. janúar 2007.*

Tilboðsverð gilda til og með 20.11.2006

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**BENZ Í KÍNA** Benz-stjarnan trónir á húddi Mercedes Benz-bifreiðar við Yondingmen-hlið í Peking í gær. 360 ökumenn frá 35 löndum tóku þátt í að aka dísil-Benzum 14.000 kílómetra leið frá París þangað austur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjónusta við fötluð börn í 5. til 10. bekk tryggð til tveggja ára:

# Lengd viðvera fatlaðra barna

**STJÓRNSÝSLA** Ríki og sveitarfélög munu skipta með sér kostnaði við lengda viðveru allt að 370 fatlaðra grunnskólabarna í 5. til 10. bekk frá 1. janúar 2007. Ríkisstjórnin samþykkti í gær að félagsmálaráðuneytið gangi til viðræðna við Samband íslenskra sveitarfélaga um útfærslu á greiðsluþátttöku ríkisins til bráðabirgða í tvö ár. Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra ætlar sér skamman tíma til að ganga frá því.

Lengi hefur verið unnið að framtíðarlausn varðandi hver greiði kostnað vegna þjónustu við þennan aldurshóp eftir að skóladegi lýkur. Er þar átt við dægradvöl og aðstoð við heimanám sem veitt er grunnskólabörnum eftir að skólastarfi lýkur klukkan 13 og stendur fram til klukkan 17. Sveitarfélögin veita yngri grunnskólabörnum þessa þjónustu, bæði fötluðum og ófötluðum.



MAGNÚS STEFÁNSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

Starfshópur sem fjallaði um málið og skilaði skýrslu í haust lagði til að gert yrði sérstakt samkomulag milli félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skiptingu kostnaðarins og reiknað er með að hlutur ríkissjóðs geti orðið 60 milljónir króna á ári í tvö ár.

Lagt er til að lög um málefni fatlaðra verði endurskoðuð til að kveða skýrt á um hlutverk og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga varðandi lengri viðveru fatlaðra grunnskólabarna. Í dag hvílir lagaskylda hvorki á ríki né sveitarfélögum um að bjóða þessa þjónustu. - sdg

Vill ummælin dæmd ómerk:

# Franklin Steiner í mál við Blaðið

**DÓMSMÁL** Franklin Steiner hefur höfðað meiðyrðamál á hendur Blaðinu vegna umfjöllunar þess um sig í grein þar sem fjallað var um störf lögreglunnar í Reykjavík.

Þetta staðfesti Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Franklins, í Kastljósinu á fimmtudagskvöld. Í umræddri grein var því haldið fram að Franklin hefði verið umfangsmesti fíkniefnasali landsins á ákveðnu tímabili. Sveinn Andri segir þá fullyrðingu vera kolranga og órökstudda. Því verður farið fram á að forsvarsmenn Blaðsins verði dregnir til ábyrgðar fyrir ummælin og þau dæmd dauð og ómerk. - þsj

Tívolíið í Kaupmannahöfn:

# Hundrað metra hótelháhýsi

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Forsvarsmenn rekstrarfélags Tívolískemmtigarðsins í Kaupmannahöfn kynntu á fimmtudag áform um að reisa 102 metra hátt lúxushótelháhýsi í garðinum, eftir hönnun breska stjörnuarkitektsins Normans Foster lávarðar.




**TÍVOLÍ** Vill heilsársrekstur.

Stefnt er að því að hótelturninn, sem yrði ein hæsta bygging borgarinnar, verði tilbúinn síðla árs 2010, svo fremi sem öll tilskilin leyfi fáist fljótt.

Forsvarsmenn Tívolísins segja að hótelbyggingin sé liður í viðleitni félagsins til að breyta því úr árstíðabundnum í heilsársrekstur. - aa

Sverrir Hermannsson segir dóttur sína halda sig nákvæmlega við málefnaskrá Frjálslynda flokksins:

# Segir Jón Magnússon ekki löglegan flokksmann

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Frjálslynda flokksins segir umræðu síðustu daga vera villandi. Enginn þingmannanna vildi ræða viðtal við Margréti Sverrisdóttur í blaðinu í gær, en þar sagðist hún ekki vilja vera í flokki sem markaðist af skoðunum Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns og jafnaði þeim við þjóðernishyggju.

Sverrir Hermannsson, stofnandi flokksins, var sá eini úr kjarna Frjálslyndra sem vildi ræða deilumál Jóns og Margrétar. „Ég held nú að þetta verði afgreitt í sátt og samlyndi. Um hvað er deilt? Það er deilt um það að Margrét heldur sig nákvæmlega við málefnaskrá flokksins. Og að halda það að einhver utanveltubesefi eins og Jón Magnússon, sem er ekki einu sinni löglegur félagi í Frjálslynda flokknum, hafi eitthvað um það að segja, kemur ekki til nokkurra greina," sagði Sverrir í gær.

Magnús Þór Hafsteinsson sagði að stefnumál flokksins hefðu ekki breyst og að skoðanir Jóns væru hans einkamál. „Það sem Jón Magnússon hefur skrifað eru fyrst og fremst hans eigin viðhorf. Fólk hefur mismunandi áherslur og túlkar sig með mismunandi hætti," Magnús sagði einnig að honum þætti grein Jóns Magnússonar „Ísland fyrir Íslendinga?" vera fín í því samhengi sem hann sæi hana. Hins vegar væri hann afar ósáttur við að orð Jóns væru slitin úr samhengi. Hann túlkar grein Jóns ekki sem rasisma.

Sigurjón Þórðarson tók í svipaðan streng og Magnús. „Ég er sammála inntakinu í greininni um að hingað eigi ekki að koma öfgafólk og skiptir þá engu hver trú þeirra er. Umræðan um málefni útlendinga snýst hins vegar fyrst og fremst um kjör launafólks sem er í beinni samkeppni við óheft flæði starfsfólks frá öðrum löndum. Andstæðingar flokksins leggja alla áherslu á að draga umræðuna frá þessu og færa yfir á vafasamt svið kynþáttahyggju, sem er langt í frá stefna flokksins."

Guðjón A. Kristjánsson vildi ekkert segja um málið í gær, annað en að stefna Frjálslynda flokksins hefði ekki breyst. - kóþ



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON



SVERRIR HERMANNSSON



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON





Mitsubishi Colt er frábær bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum, enda kostirnir augljósir; glæsileg hönnun, mikið innra rými með mikla möguleika, nýjar öflugar vélar, 6 hraða „Allshift" sjálfskipting og margt fleira.

Komdu og prófaðu hann

Verð: 1.590.000 kr.

Staðalbúnaður MASC stöðugleikastýring
ABS hemlalæsivörn · EBD hemlajöfnunarkerfi
MATC spyrnustýring · Aksturstölva · Hiti í framsætum
Fjarstýrðar samlæsingar · Rafdrifnar rúðuvindur

MITSUBISHI MOTORS

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# Í Evrópu eru mörg ólík lönd sem öll hafa sín sérkenni




**Með Vodafone Passport sameinast þau í eitt mínútuverð. Það sama og á Íslandi.**




**Vodafone Passport** er ný byltingarkennd þjónusta sem gerir viðskiptavinum Vodafone kleift að hringja á sama mínútuverði í 18 löndum í Evrópu og heima. Greitt er 139 kr. upphafsgjald og eftir það gildir sama verðskrá og á Íslandi. Með **Vodafone Passport** geta viðskiptavinir Vodafone sparað til dæmis 48% í Danmörku, 59% á Spáni og 76% í Bretlandi miðað við fimm mínútna símtal.

Skráðu þig strax á www.vodafone.is, komdu við í verslun okkar, eða hringdu í 1414. Þú getur líka skráð þig með því að senda SMS skilaboðin **Passport** í 1900. Það er enginn stofnkostnaður og ekkert mánaðargjald.

Fiton/SÍA

gríptu augnablikið og lifðu núna

vodafone

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.394 **+0,17%** **Fjöldi viðskipta:** 329 **Velta:** 6.721 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Actavis** | 2,13% | **Flaga** | 5,07% |
| **Straumur-Burðar.** | 1,15% | **Exista** | 0,46% |
| **Mosaic** | 0,59% | **FL Group** | 0,43% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 67,00 +2,13% ... Alfesca 5,08 +0,20% ... Atlantic Petroleum 585,00 +0,00% ... Atorka 6,38 +0,47% ... Avion 32,30 +0,31% ... Bakkavör 60,30 -0,33% ... Dagsbrún 4,58 +0,00% ... FL Group 23,00 -0,43% ... Glitnir 22,50 +0,45% ... Kaupþing 850,00 +0,00% ... Landsbankinn 27,00 -0,37% ... Marel 79,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,59% ... Straumur-Burðarás 17,60 +1,15% ... Össur 115,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Dagsbrún aftur á lausu**

Uppskipting Dagsbrúnar þýðir að Dagsbrúnarnafnið er á lausu, en ekki var laust við að einhverjir fyrtust við þegar félagið tók sér nafnið sem áður prýddi Verkamannafélagið Dagsbrún, en það rann svo með fleirum inn í Eflingu. (Svo er náttúrlega til Ungmennafélagið Dagsbrún í Austur-Landeyjum.) Þegar Dagsbrúnarnafnið var tekið upp var það af því að stjórnendum félagsins þótti við hæfi að velja sér gott íslenskt nafn í stað „Group“ eða útlensks nafns. Dagbrún merkir byrjun dagsins og átti að tákna samstöðuna innan félagsins. En þeim gildum má svo sem koma á nýju félögin tvö sem til eru orðin, 365 nær yfir alla daga og ekki bara byrjun þeirra og ekki vantar samtöðuna í Teymið.



**Fasteignaverð tekur dýfu**

Samkvæmt tölum frá Fasteignamati ríkisins mældist vísitala íbúðarverðs 306,1 stig í október og hefur lækkað um 2,2 prósent frá fyrri mánuði. Sérbýli hefur lækkað mest, eða um 3,2 prósent, en einnig hefur þarna áhrif 1,7 prósenta lækkun í fjölbýli. „Sem fyrr er flökt í verði sérbýlis mun meiri en í verði fjölbýlis. Vakin er athygli á því að aðeins 80 kaupsamningar voru yfir sérbýli í október og því hefur hver og ein eign mikil áhrif á þróunina milli mánaða meðan 411 kaupsamningar voru um fjölbýli. Þetta skýrir mun á verðflökti milli sérbýlis og fjölbýlis,“ segir greiningardeild Kaupþings og bendir um leið á að velta á húsnæðismarkaði sé að aukast, raunar um 22 prósent milli mánaða. Verðhjöðnun á fasteignamarkaði segir bankinn skýrast af því að stýrivextir Seðlabankans séu teknir að bíta.

## MARKAÐSPUNKTAR ...

Magnús Þorsteinsson er nýr stjórnarformaður Icelandic Group. Tekur hann við af Gunnlaugi S. Gunnlaugssyni sem á stjórnarfundi í fyrradag óskaði þess að láta af embætti í kjölfar breytinga á eignaraðild á félaginu.

Hagnaður Flögu á þriðja ársfjórðungi var neikvæður um 107 þúsund bandaríkjadali. Tekjur námu 7,5 milljónum bandaríkjadala á þriðja ársfjórðungi sem er 16 prósenta samdráttur miðað við sama tímabil í fyrra.

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, vísaði á bug þeirri gagnrýni sem Ekstrabladet hefur sett fram um Kaupþing í umfjöllunum sínum um íslensk fyrirtæki að undanförnu á blaðamannafundi sem haldinn var í Kaupmannahöfn í gær.

# Tvöfalda hagnaðinn

Hagnaður fjárfestingafélagsins Atorku Group nam rúmum 555 milljónum króna á þriðja fjórðungi ársins samanborið við 224 milljónir á sama tíma í fyrra. Séu öll félög Atorku tekin með skilaði samstæðan 32,2 milljóna króna hagnaði á tímabilinu. Félagið skilar uppgjöri í tvennu lagi, móðurfélagi annars vegar og samtæðu hins vegar.

Í móðurfélagsreikningi eru allar fjárfestingar, m.a. fjárfestingar í dótturfélögum metnar á gangvirði en í samstæðureikningi er beitt hlutdeildaraðferð og samstæðu-



**MAGNÚS JÓNSSON** Forstjóri Atorku segir afkomuna góða og tækifæri falin í eignum.

reikningsskilum þar sem rekstrarleg afkoma hvers og eins dótturfélags ásamt afkomu móðurfélags, án gangvirðismat á dótturfélögum, er lögð saman og myndar afkomu tímabilsins. - jab

# Hands Holding til starfa

Sá hluti af fyrirtækjum innan gömlu Dagsbrúnar sem féll ekki að kjarnastarfsemi 365 og Teymis hefur verið settur í eignarhaldsfélagið Hands Holding sem fyrst kallaðist K2. Hluthafar félagsins eru Teymi, 365, Milestone og Straumur-Burðarás. Teymi er stærsti hluthafinn með hlut á bilinu 40-50 prósent.

Fyrirtæki í eigu Hands Holding eru átta talsins í sjö löndum. Meðal þeirra eru Hands í Noregi, Opin kerfi, Hugur Ax, Landssteinar Strengur, Kerfi í Svíþjóð og í Danmörku.

Áætluð velta félagsins á árinu er um nítján milljarðar króna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Sveinn Andri Sveinsson, viðskiptafræðingur og fyrrum fjármálastjóri Norðurljósa, taka við sem framkvæmdastjóri Hands.

Markmið eigenda munu vera þau að viðhalda og bæta núverandi rekstur. Einnig verða möguleikar til stækkunar kannaðir innan- sem utanlands. Talið er líklegt að bæði 365 og Teymi muni minnka við hlut sinn í Hands en aðrir hluthafar bæti við sig verði hlutafé aukið.

Stjórn eignarhaldsfélagsins skipa Gunnlaugur M. Sigmundsson, sem er formaður stjórnar, Björgvin Ingi Ólafsson, Guðmundur Ólason, Vilhjálmur Þorsteinsson og Þórdís J. Sigurðardóttir. - eþa

# Dagsbrún lýkur störfum

**Félaginu verður skipt upp í tvö skráð rekstrarfélög, 365 á sviði fjölmiðla og afþreyingar en Teymi á sviði upplýsingatækni og fjarskipta. Jón Ásgeir Jóhannesson er nýr stjórnarformaður 365 en Þórdís Sigurðardóttir fer fyrir stjórn Teymis.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**DAGSBRÚN SKIPT UPP Í 365 OG TEYMI** Ari Edwald, forstjóri 365, ræðir við Þórdísi J. Sigurðardóttur, fyrrum stjórnarformann Dagsbrúnar og núverandi stjórnarformann Teymis. Á milli þeirra eru Matthías Páll Imsland, framkvæmdastjóri Iceland Express og stjórnarmaður í Teymi, og Viðar Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs 365.

Hluthafar í Dagsbrún samþykktu í gær að skipta félaginu upp í tvö rekstrarfélög; annars vegar fjölmiðla- og afþreyingarfélagið 365 hf. og hins vegar upplýsingatækni- og fjarskiptafélagið Teymi.

Verða bæði félögin skráð í Kauphöll Íslands næstkomandi mánudag og fá hluthafar Dagsbrúnar hlutabréf í hvoru félagi. Við skiptinguna er fjölmiðlahlutinn metinn á 55 prósent af heildarvirði Dagsbrúnar en fjarskiptahlutinn á 45 prósent.

Ari Edwald er forstjóri 365 en Árni Pétur Jónsson stýrir Teymi.

Í stjórn 365, sem gefur meðal annars út Fréttablaðið, setjast Jón Ásgeir Jóhannesson, Árni Hauksson, Magnús Ármann, Pálmi Haraldsson og Þorsteinn M. Jónsson.

Jón Ásgeir tekur við starfi stjórnarformanns. Stjórn Teymis er skipuð þeim Þórdísi J. Sigurðardóttur, fyrrum stjórnarformanni Dagsbrúnar, Guðmundi Ólasyni, Matthíasi Páli Imsland, Þorsteini M. Jónssyni og Þór Sigfússyni.

Þórdís, fráfarandi stjórnarformaður, sagði á fundinum að uppstokkun Dagsbrúnar væri liður í því að efla rekstur félagsins og stjórnin teldi það farsæla niðurstöðu fyrir hluthafa og starfsmenn að eignast hluti í tveimur skráðum félögum. „Á undanförnum tveimur árum hefur verið unnið að því að styrkja bæði fjölmiðla- og fjarskiptahluta Dagsbrúnar með innri og ytri vexti. Við teljum að því verki sé lokið og eftir standi tvö félög sem hvort um sig búi við sterka stöðu á markaði og eru skýr valkostur fyrir fjárfesta.“

Ari Edwald, forstjóri 365, segir að félagið ætli sér að selja hlut sinn í Hands og bróðurpart bréfa í breska útgáfu- og samskiptafyrirtækinu Wyndeham Press og einbeita sér að innanlandsmarkaði. Velta 365 er áætluð tólf milljarðar króna.

Lokað var fyrir viðskipti með Dagsbrún í gær vegna skiptingarinnar. Á fimmtudaginn sendi Dagsbrún frá sér neikvæða afkomuviðvörun fyrir fyrstu níu mánuði ársins og hefur 1,5 milljarða varúðarfærsla verið færð vegna eignarhlutar í Wyndeham Press.

Greiningardeildir Glitnis og Landsbankans reikna með miklu tapi félagsins á 3. ársfjórðungi en það tapaði 1,5 milljörðum króna á fyrri hluta ársins og hafa hlutabréf þess lækkað um 24 prósent frá ársbyrjun. eggert@frettabladid.is

**DAGSBRÚN EFTIR SKIPTINGU:**

**Fyrirtæki í eigu 365 hf.:**
365 prent og ljósvakamiðlar, D3, Saga Film, Sena, Ísafoldarprentsmiðja (50%) og Pósthúsið (38%)

**Fyrirtæki í eigu Teymis hf.:**
BT Net, EJS, Kall, Kögun, Mamma, Securitas, SKO, Skýrr, Vodafone

EINSTÆÐ FRÁSÖGN KONU SEM LIFÐI AF HELFÖRINA Í RÚANDA

„OPINSKÁ OG GRÍPANDI“
Þórdís Gísladóttir / MORGUNBLAÐIÐ

„... lætur engan ósnortinn ... mögnuð ... saga hennar er aðdáunarverð.“
Auðbjörg Ólafsdóttir / VIÐSKIPTABLAÐIÐ

„Holl lesning, afar áhrifamikil og vel skrifuð bók sem óhætt er að mæla með.“
GH / VIKAN

„... leiðarvísir til þeirra, sem vilja „fyrirgefa hið ófyrirgefanlega“.“
Leiðari Morgunblaðsins




JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

# House of Fraser semur við birgja

Stjórn bresku verslanakeðjunnar House of Fraser ætlar að senda birgjum bréf í næstu viku þar sem þess er óskað að fyrirtækinu verði veittur afsláttur af vöruverði auk þess sem greiðslufrestur til birgja verði lengdur.

Að sögn breska dagblaðsins Times ætlar Don McCarthy, stjórnarformaður HoF, að fara fram á tveggja prósenta afslátt frá birgjum enda hafi ekki orðið neinar breytingar á samningum birgja og HoF síðan á sumardögum árið 2003. Stjórnir bresku verslananna Debenhams, Bhs, Arcadia og Marks & Spencer hafa þegar óskað eftir álíka kjörum hjá birgjum.

Times segir að stjórnir nokkurra verslanakeðja hafi óskað eftir því í júní síðastliðnum að birgjar veittu eins prósents afslátt og framlengdu greiðslufrest sinn úr 30 dögum í 60. Marks & Spencer fór hins vegar fram á 5,5 prósenta afslátt.

Kaupum Baugs og fleiri fjárfesta á HoF lauk í síðustu viku. Breskir fjölmiðlar hafa haft eftir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra félagsins, að breskar verslanir bjóði margar hverjar upp á keimlíkt vöruúrval. Sé nauðsynlegt að krydda vöruúrvalið og hafi hann þegar boðað að nokkrum vörumerkjum í verslunum HoF verði skipt út fyrir önnur. - jab



**EIN AF VERSLUNUM HOF** Stjórn House of Fraser ætlar að semja við birgja um afslátt líkt og aðrar verslanir hafa gert.




Fljót og góð þjónusta
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA GARÐHEIMA
GERUM TILBOÐ Í JÓLATRÉ, JÓLASKREYTINGAR, JÓLASERÍUR O.FL.

GARÐHEIMAR
*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

**ÁRNESINGAKÓRINN**
KYNNIR NÝJAN GEISLADISK
LAUGARDAG KL. 15.00

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is


LOKSINS BÍLL
MEÐ OFNI,
GUFUGLEYPI
OG BLANDARA!
Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA
Þegar þú kaupir nýjan bíl færðu í kaupbæti 100.000 króna gjafakort frá Smáralind. Tilboðið gildir á öllum nýjum bílum frá Ingvari Helgasyni. Láttu bílinn kaupa jólagjafirnar í ár!
KR. 100.000
GJAFAKORT
Í SMÁRALIND


SUBARU IMPREZA
Verð frá 1.990.000
SUBARU LEGACY
Verð frá 2.490.000
SUBARU FORESTER
Verð frá 2.490.000
SUBARU TRIBECA
Verð frá 4.990.000
NISSAN MICRA
Verð frá 1.590.000
NISSAN PRIMASTAR
Verð frá 2.190.000
NISSAN X-RAIL
Verð frá 2.890.000
Aukahlutapakki frá Arctic Trucks með 50% afslætti
NISSAN PATHFINDER
Verð frá 4.170.000
33" breytingapakki frá Arctic Trucks innifalinn



Kitchen Aid blandari. Kr. 18.900,-
Fæst í Ormsson í Smáralind.

NISSAN PATROL



**Verð frá 4.590.000**
33" breytingapakki frá
Arctic Trucks innifalinn

Ingvar Helgason heldur upp á jólin í ár með fjölbreyttu úrvali af glæsilegum bílum. Komdu í sýningarsal okkar að Sævarhöfða 2, ræddu við sölumenn okkar og veldu bílinn sem hentar þínum þörfum best.

SUBARU | NISSAN | SAAB | ISUZU

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mismuna dómstólarnir ríkum og fátækum?

## Mat ráðherra verður virt

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Allmiklar umræður hafa spunnist í fjölmiðlum vegna greinar sem Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn Ríkislögreglustjóraembættisins, skrifaði í nafni stöðu sinnar í Morgunblaðið liðinn miðvikudag. Að hluta til hefur sú umræða þó sneitt framhjá merg málsins.

Í Morgunblaðsgreininni segir aðstoðaryfirlögregluþjónninn: „Við búum við þróaðar réttarreglur sem eiga að vera nægilega traustar til þess að tryggja að allir fái sömu réttlátu málsmeðferðina, hvort sem um er að ræða auðmann, fjölmiðlakóng, einstætt foreldri eða öryrkja. Hvort sem í hlut á Jón eða séra Jón. Baugsmálið er dæmi um að svo er ekki. Þessi þróun er óþolandi og ég kalla á viðbrögð yfirvalda þessa lands.“

Einn æðsti maður ríkislögreglunnar hefur hér komist að þeirri niðurstöðu að hornstein réttarríkisins, jafnræðisreglan, sé óvirk í sakamálum. Brotalömin er annaðhvort hjá lögreglu og ákæruvaldi eða dómstólum. Vafalaust yrði það talinn útúrsnúningur að halda því fram að aðstoðaryfirlögregluþjónninn hafi verið að beina spjótum að lögreglunni og ákæruvaldinu. Eftir stendur þá að hann telur dómstólana hafa brugðist á svo afdrifaríkan hátt.

Jafn þung ásökun frá jafn háttsettum embættismanni um að dómstólarnir hafi brugðist í varðstöðu um sjálfan grundvöll réttarríkisins er einstök. Á þessum vettvangi verður hins vegar ekki á neinn hátt tekin afstaða til þess hvort aðstoðaryfirlögregluþjónninn hefur á réttu að standa.

Hitt er ljóst að ekki verður við það unað að sú staða sé uppi í dómskerfinu sem aðstoðaryfirlögregluþjónninn lýsir. Hafi hann rétt fyrir sér þarf án tafar að gera reka að því að þeir dómarar sem hlut hafa átt að dómum og úrskurðum í Baugsmálinu verði leystir frá störfum. Jafnframt verða dómsmálaráðherra og Alþingi að endurreisa dómstólana með nýrri löggjöf svo fljótt sem verða má.

Aðstoðaryfirlögregluþjónninn kallar í grein sinni á viðbrögð yfirvalda. Þau eru dómsmálaráðherrann í þessu tilviki. Óvanalegt er að embættismaður stilli ráðherra upp við vegg með þessum hætti. Jafnvel má segja að það sé óviðeigandi gagnvart ráðherranum. En það er orðinn hlutur sem ekki verður horft framhjá.

Ráðherrann á tveggja kosta völ: Að sýna með beinum eða óbeinum hætti að hann hafi traust á dómstólunum eða taka opinberlega undir fullyrðingu aðstoðaryfirlögregluþjónsins og bregðast þá við með þeim ráðstöfunum sem duga til þess að tryggja að jafnræðisreglan verði virk á ný.

Hafi ráðherrann traust á dómstólunum getur hann að sjálfsögðu sýnt það með yfirlýsingu þar að lútandi. En þögn hans um málið er einnig jafnskýr og afgerandi yfirlýsing þar um. Líta verður svo á að þögn ráðherrans dugi í þessu tilviki sem klár yfirlýsing um traust á dómstólunum fyrir þá sök að honum bæri skylda til að grípa umsvifalaust til mjög róttækra aðgerða ef hann væri sammála aðstoðaryfirlögregluþjóninum.

Engin ástæða er til annars en að hafa fulla trú á að mat dómsmálaráðherra muni byggjast á traustum málefnalegum sjónarmiðum. Á hvern veg sem það fer er því fyrirfram unnt að lýsa yfir að það verður virt. En óvissa um traust réttvísinnar á dómstólunum er óhugsandi í réttarríki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Ekkert blað?**

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kjörgögn á ferð

Framsóknarflokkurinn hélt póstkosningu í Norðvesturkjördæmi til að ákveða framboðslista þar. Atkvæði voru talin á Borðeyri í gærkvöld og úrslit ekki ljós fyrr en síðla kvölds. Flokkurinn hefur lítið verið áberandi undanfarið og ekki á neinni siglingu í skoðanakönnunum nema ef vera skyldi kafsiglingu. Sumir myndu því segja að flokkurinn hefði átt að nýta sér prófkjörið til að rífa upp athygli og stemningu í kringum flokkinn. Til dæmis með því að telja atkvæðin í Reykjavík og ná úrslitum í beinni í fréttatíma eins og tíðkast í öðrum flokkum. Það hefði legið beint við því atkvæðin voru öll send á skrifstofu flokksins í Reykjavík. Það þótti hins vegar við hæfi að telja atkvæði í kjördæminu.



### Lúðaflokkur?

Því var lagt af stað norður yfir heiðar síðdegis í gær með atkvæði í kössum. Sá staður sem varð fyrir valinu var Borðeyri við Hrútafjörð. Bæjarkjarni sem muna má fífil sinn fegurri en nýtur þess að vera í Norðvesturkjördæminu miðju. Frambjóðendurnir ætluðu ekki að leggja sama ferðalag á sig. Bloggarinn mikilvirki Steingrímur Sævarr Ólafsson spyr hvort ætlunin sé að ýta undir lúðasögur af flokknum. Fyrrverandi fjölmiðlafulltrúa formanns flokksins finnst þessi aðferð að minnsta kosti ekki smart.

### Ekki spámenn í föðurlandi

Sykurmolarnir héldu sína fyrstu tónleika í fjórtán ár í gærkvöldi í Laugardalshöll. Í gærdag var enn hægt að kaupa miða á viðburðinn sem telst til stórviðburða í rokkheimum en aðdáendahópurinn er greinilega ekki svo fjölmennur hér á landi að hann fyllti höllina. Á sínum tíma var það haft á orði að Sykur-molarnir hefðu hlotið sína upphefð að utan. Smáskífan Ammæli kom út haustið 1986 og minnugir muna eftir Björk Guðmundsdóttur og félögum seljandi skífuna á Laugaveginum í jólaösinni það árið. Ekki var salan mikil fyrr en smáskífan vakti athygli í Bretlandi þegar hún var gefin út þar 1987.



sigridur@frettabladid.is

# Flóð í uppsiglingu

Íslenskan á ekki mörg hugtök sem eru gjörsamlega óþýðanleg, en í hópi þeirra er „jólabókaflóð“. Reynið að útskýra þetta fyrirbæri fyrir útlendingum og þið munuð komast að því að það er gjörsamlega vonlaust.



**SVERRIR JAKOBSSON**

**Í DAG** | Bókmenntir

Reynið að útskýra það að drjúgur hluti af allri bóksölu eigi sér stað í tvo mánuði, nóvember og desember; að bókabúð sem ekki er opin á Þorláksmessu geti ekki gert sér vonir um mikla sölu það árið; að rithöfundar sem taka sig hátíðlega miði skrif sín við að bókin komi út í nóvember; að bókaútgefendur þjóni jólabókamarkaðnum markvisst með því að gefa út bókatíðindi í nóvember.

Hvernig eiga framandi þjóðir að geta séð fyrir sér bókabúðir „bókaþjóðarinnar“ hálftómar allan ársins hring á meðan væntanlegir lesendur sitja heima fyrir framan sjónvarpið og bíða eftir næstu jólavertíð? Þannig umgengst ekki nokkur önnur þjóð nýsköpun á sviði bókmennta. Hver stendur á bak við þetta? Hver hagnast á þessu?

Ekki eru það bóksalarnir. Það mundi augljóslega minnka álag og yfirvinnu ef hægt væri að dreifa bóksölu jafnt yfir árið, eins og tíðkast alls staðar annars staðar en á Íslandi. Af sömu ástæðum hafa bókaútgefendur lítinn hag af því að vera í stöðugri upphitun allt árið fyrir stuttan endasprett sem ræður úrslitum um afkomuna. Það getur heldur ekki verið mikið hagsmunamál fyrir útgefanda að þurfa að gefa 30% afslátt af „föstu verði“ nýrrar og spennandi bókar daginn sem hún kemur.

Ekki eru það rithöfundarnir sem þrá það að sjá bækur sínar týnast í stöflum á Þorláksmessu, innan um allan hinar bækurnar sem einmitt þurftu að koma út nokkrum vikum fyrir jól. Ekki græða þeir á undirboðunum á jólabókamarkaðnum, þegar reglurnar um fast verð bóka eru skyndilega teknar úr sambandi í nokkrar vikur. Ekki er það hagsmunamál rithöfundar að lesa snöggsoðna gagnrýni um bók sína í dagblaði, samda af þreyttum bókmenntarýni sem þarf að lesa allar bækur ársins á nokkrum vikum.

*Það er kominn tími til að Íslendingar reisi garða til að verjast jólabókaflóðinu. Við eigum ekki að dekra við ósiði okkar, hvorki sem einstaklingar né þjóð*

Eru það lesendurnir sem hagnast? Eru íslenskir lesendur virkilega þeirrar gerðar að þeir vilji lesa yfir sig á nokkrum vikum; að bókaskápar heimilanna séu lokaðir yfir árið þar til þeir fyllast á aðfangadag? Það mætti hafa um það mörg orð, hvert sé æskilegt samband lesanda og bókar. Eitt er þó víst, að fáir bókaunnendur mæla með árstíðabundnum skyndikynnum á þessu sviði.

Á jólabókaflóðinu finnast engar rökréttar skýringar. Það er enn einn vitnisburðurinn um molbúahátt Íslendinga, sem halda ennþá að landið sé verstöð og að ekkert starf sé nokkurs virði nema hægt sé að vinna það í skorpum. Jólabókaflóðið sem fyrirbæri segir mikinn sannleika um Íslendinga og það virðingarleysi sem þjóðin sýnir bókmenntaarfinum. Það er ekki komið til vegna samsæris hagsmunaaðila, þvert á móti. Það er sinnuleysi okkar sjálfra sem veldur því að ekki er hægt að breyta þessum ósið.

Eflaust er margt fólk íhaldssamt í eðli sínu og finnur einhverja rómantík við það að bækur flæði yfir það í holskeflum fremur en sem lygn straumur. Það er líka hægt að venja sig á að borða súran og ónýtan mat af einskærri fortíðarþrá. Sem betur fer höfum við matvælaráð sem varar fólk við vondri meðhöndlun á mat, en hverjir ætla að taka að sér að vara þjóðina við illri meðferð á bókum?

Það er kominn tími til að Íslendingar reisi garða til að verjast jólabókaflóðinu. Við eigum ekki að dekra við ósiði okkar, hvorki sem einstaklingar né þjóð. Stöðvum jólabókaflóðið í eitt skipti fyrir öll og gerumst bókaþjóð í verki.

# Eru foreldrar alvondir?

**UMRÆÐAN**

Fjölskyldumál



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**

Sérfræðingar og jafnvel afar og ömmur hafa undanförnu viðrað þær skoðanir sínar að íslensk börn séu undir of miklu álagi, foreldrar gefi sér ekki tíma til að sinna þeim og að Ísland sé ekki nægilega barnvænt samfélag. Sitt sýnist hverjum en töluvert skortir á að umræðan sé byggð á staðreyndum eða á reynsluheimi foreldra. Til dæmis er mikið vísað í tölur um að tæplega 90% barna dvelji 8 tíma eða lengur á leikskóla á dag. Leikskólaskrifstofa Reykjavíkurborgar kannaði nýlega í öllum hverfum borgarinnar raunverulegan vistunartíma í leikskólum. Könnunin sýndi að börnin eru að meðaltali 7,4 klst. á dag í skólunum en að foreldrar greiða fyrir dvalartíma sem nemur 8,2 klst. á dag. Enginn munur var á vistunartíma eftir aldri og aðeins 3% barna voru í vistun eftir kl. 17. Líklega liggur munurinn á rauntíma og samningstíma í að foreldrar vilji eiga borð fyrir báru með tímann sinn og vilji ekki að leikskólakennarar þurfi að vinna lengur ef eitthvað kemur upp á. Með þessari könnun fengu margir foreldrar sem leggja sig hart fram við uppeldið uppreisn æru enda eru þorri foreldra að samræma ágætlega fjölskyldulíf og starf.

Dvalartími barna í leikskólum hefur vissulega breyst mikið undanfarin ár. Til að mynda voru tæplega 60% barna í heilsdagsvistun árið 1999 en 90% árið 2005. Þessi breyting skýrist ekki nema að litlu leyti af fjölgun barna heldur jókst dvalartími barna samfara auknu framboði heilsdagspláss a. Á tímabilinu 1999-2005 fjölgaði börnum sem sækja leikskóla um 800 þrátt fyrir að íbúum með ung börn í Reykjavík fækki. Við fyrstu sýn virðast þessar tölur skýra vel umræðuna um aukið álag á börnin en ef nánar er rýnt kemur í ljós að á sama tímabili hefur vinnumarkaðurinn ekki breyst mikið. Tölur Hagstofu sýna að atvinnuþátttaka kvenna og karla er sú sama og vinnustundir eru eins hjá konum og aðeins færri hjá körlum. Þær tölur gefa til kynna að einhvers staðar hafi börnin verið í vistun áður en plássum fjölgaði og að jafnvel felist breytingin í að nú sé sýnilegri eða teljanlegri sá tími sem börn eru frá heimili. Hér er þó ekki lagður dómur á hvað sé hinn rétti vistunartími barns í leikskóla eða í vistun enda eru þær ákvarðanir teknar af foreldrunum sjálfum. Í þessu samhengi er þó mikilvægt að nefna að á þessum tíma hefur fagfólki leikskóla fjölgað og umræðan um fagmennsku og menntun í leikskólum blómstrað sem aldrei fyrr. Foreldrar treysta vel gæðum þeirrar umönnunar og menntunar sem er í boði og taka í auknum mæli upplýstar ákvarðanir um þarfir barna sinna út frá hugmyndafræði og fagmennsku skólanna.

# NÝ DROTTNING GLÆPASÖGUNNAR




## Eftir höfund Þriðja táknsins

Óhugnanlegt morð á heilsuhóteli á Snæfellsnesi. Reimleikar og hörmulegir atburðir grafnir úr fortíðinni - en tengjast þeir eitthvað morði á ungri konu sumarið 2006?

*Sér grefur gröf* er ný og spennandi glæpasaga eftir Yrsu Sigurðardóttur en bækur hennar koma nú á markað á 25 tungumálum í yfir 100 löndum heims.

***„Skemmtileg morðsaga eftir nýja glæpasagnadrottningu.“***

*Tímaritið* ALLAS *í Svíþjóð um Þriðja táknið*

***„Sagan er æsispennandi ... grípur lesandann heljartökum.“***

DAGBLADET *í Noregi um Þriðja táknið*

Veröld
BÓKAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is

2
Tvöfaldur pottur
8
MILLJÓNIR
Í FYRSTA
VINNING
Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is – þú gætir unnið litlar 8 milljónir króna.
Það getur allt gerst.
ENNEMM / SÍA / NM24620
DRAUMAFERÐ FJÖLSKYLDUNNAR
Lottó
lotto.is

MAÐUR VIKUNNAR

# Alvörugefinn spaugari og lífsnautnamaður

ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON RITHÖFUNDUR

Þessi vika hefur verið Ævars Arnar Jósepssonar rithöfundar og útvarpsmanns. Hér, í þessu blaði, var hann krýndur konungur hinnar íslensku glæpasögu í lofsamlegum ritdómi um nýjasta krimma hans „Sá yðar sem syndlaus er“. Slík krýning nær eins langt og hún nær en skömmu síðar spurðist að Ævar Örn væri tilefndur til Glerlykilsins 2007 sem eru verðlaun Norrænu glæpasamtakanna. Blóðberg, bók Ævars Arnar frá í fyrra, aflaði honum einróma tilnefningar dómnefndar Hins íslenska glæpafélags.

Ævar Örn Jósepsson er fjölskyldumaður og býr ásamt konu sinni, Sigrúnu Guðmundsdóttur líffræðingi, og tveimur dætrum í Mosfellsbæ. Þar unir hann sér við skriftir og nýjasta áhugamálið sem er garðrækt. Foreldrar hans eru Jósep Kristinsson bifvélavirki, sem nú er látinn, og Margrét Þórhallsdóttir. Ævar Örn á þrjú systkini.



Snemma kom í ljós eitt eðliseinkenni Ævars sem er sjálfstæði og það að láta ekki teyma sig út í hvað sem er. Þá búsettur á Akranesi fór hann með föður sínum til að sækja hesta í girðingu. Þeir fældust og eftir eltingarleik mikinn settist Ævar á stein og sagði hingað og ekki lengra: Ég læt ekki einhvern hest hafa mig að fífli!

Þannig má segja að Ævar sé fastur fyrir en heimildarmenn blaðsins vilja þó ekki fallast á að hann sé þverhaus. Svo forskrúfaður sé hann ekki. Segja meira að segja að Ævar Örn skipti öðrum mönnum fremur um skoðun hafi verið færð sannfærandi rök fyrir öðrum sjónarmiðum en þeim sem hann hefur uppi. Réttlætiskennd hans er við brugðið og hún slær Ævari út í að vera rétthugsandi. Hann leggur jafnvel lykkju á leið í bókum sínum til að berja á fordómum. Ævar Örn er mikill umhverfisverndarsinni og keyrir um á vetnisbíl.

Allir eru heimildarmenn blaðsins sammála um að kímnigáfa einkenni Ævar Örn öðru fremur. Er sá húmor stundum kaldhæðinn. Og þó hann sé spaugsamur er fullyrt að undir niðri sé Ævar mjög alvarlega þenkjandi. Hann á það til að vera hrjúfur en sagður öðrum mönnum skemmtilegri í samstarfi. Og fljótur að hugsa. Samstarfsmenn finna honum helst óstundvísi til foráttu og hversu lengi hann getur verið að koma sér að verki. En þegar Ævar Örn er byrjaður stendur fátt eitt í vegi fyrir honum. Og hann rótar verkefnum þá frá af mikilli atorku.

Ævar Örn er algerlega ófeiminn og nýtur sín vel innan um fólk. Er þeim minnisstætt sem fylgdust með uppákomu á vegum Glæpafélagsins á Grand Rokk fyrir um fjórum eða fimm árum. Þetta var þegar fyrsta bók Ævars kom út. „Komu fjórir frekar en fimm rithöfundar og lásu upp. Tveir voru öllu þekktari sem slíkir. En þeir voru allir sem börn leidd upp til að lesa ljóð fyrir bekkinn. Nema Ævar. Nýliðanum. Honum leið afskaplega vel og gerði þetta langsamlega best. Þó hann veldi leiðinlegasta kaflann úr bók sinni til að lesa. Hann er performer,“ segir einn heimildarmanna Fréttablaðsins.

Maður vikunnar útskrifaðist frá Háskólanum í Freibourg í Þýskalandi sem magister í heimspeki með enskar bókmenntir sem aukafag. Þá fór hann í eitt ár og nam fjölmiðlafræði í Sterling í Skotlandi.

Ævar Örn hefur í gegnum tíðina fengist við fjölmiðlastörf einkum útvarpsmennsku hjá Ríkisútvarpinu. Þar gekk hann löngum um ganga svartklæddur með kókflösku í hendi og lagði gjörva hönd á ýmislegt svo sem að stjórna Spurningakeppni fjölmiðlanna. Kemur þá að þætti í fari Ævars sem margir kannast við. Hann er fjölfróður og hefur gaman að láta á þekkingu sína reyna, semur spurningar og tekur þátt í spurningaleikjum jöfnum höndum, til dæmis þeim sem efnt er til á föstudögum á kránni Grand Rokk. Bókagrúsk er Ævari fíkn og hlaðast upp bókastaflar á heimili hans þannig að þeim sem þar eru fyrir finnst nóg um.

Maður vikunnar er mikill lífsnautnamaður og gerir vel við sig og sína í mat og drykk. Þeir sem honum standa nærri og vilja setja ofan í við Ævar segja hann drekka of mikið kók og reykja of mikið. En jafnframt er Ævar Örn Jósepsson sagður meistarakokkur, gleðimaður sem býður gjarnan í góðar veislur.

vísir
www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

# Mengun prófessors

**UMRÆÐAN**
Umhverfisvernd

Í grein Hannesar Hólmsteins í Fréttablaðinu 13. október sl. er ráðist á „umhverfisöfgamenn“ sem „bæta það upp með hávaða, sem vantar á þekkinguna“. Því miður er umfjöllun Hannesar sjálfs fremur dæmi um hávaða en málefnalega gagnrýni. Í fyrsta lagi verður því ekki trúað að prófessor í stjórnmálafræði sé ófær um að skilja hvernig skilyrðissetningar haga sér. Þess vegna er meðhöndlun Hannesar á viðvörunum umhverfisverndarsinna um DDT og friðunarsinna um hvalastofnana óskiljanleg. Spárnar segja að ef ekkert verði að gert þá muni DDT valda miklum skaða og sumar hvalategundir deyja út. Þegar svo var brugðist við viðvörunum með þeim árangri að vandamálin snarminnkuðu ályktar stjórnmálafræðingurinn að spárnar sem viðvaranirnar byggðust á hafi reynst rangar. Hannes hlýtur þó að skilja að tilgangurinn með því að kynna spárnar var einmitt að koma í veg fyrir að þær rættust.


FINNUR DELLSÉN

Prófessorinn er svo fjölhæfur að hann hlýtur að vera með doktorsgráðu í fleiru en stjórnmálafræði. Hann hikar í það minnsta ekki við að fullyrða að nær allir loftslagsfræðingar heimsins hafi rangt fyrir sér um orsök hlýnunar jarðar og afleiðingar þess fyrir mannkynið. Kemur þó hvergi fram að Hannes sé sjálfur loftslagsfræðingur eða hafi nokkur vísindaleg gögn til stuðnings afstöðu sinni. Engu að síður telur Hannes að „margar aðrar skýringar“ geti verið á hlýnunni og gengur svo langt að telja að loftslagshlýnun geti hreinlega komið „í veg fyrir nýja ísöld“.

Í lok greinarinnar nefnir Hannes svo tölfræðinginn Björn Lomborg og telur að hann hafi hlotið ósanngjarna meðferð hjá umhverfisverndarsinnum. Lomborg er einkum þekktur fyrir að hafa verið dæmdur af siðanefnd danskra vísindamanna fyrir óheiðarleg vinnubrögð. Hann var m.a. gagnrýndur fyrir að skálda gögn og mistúlka niðurstöður annarra vísindamanna af ásettu ráði. Spyrja má hvort umhverfisverndarsinnar eigi fremur að treysta tölfræðingnum Lomborg en öðrum vísindamönnunum sem eru nær allir sammála um nauðsyn þess að takmarka losun koltvísýrings. Og er þá almennt betra að treysta tölfræðingum fyrir loftslagsmálum? Eða er ekki betra að vísindamenn, þ.á.m. Hannes sjálfur, spari fullyrðingarnar þegar kemur að kenningum annarra vísindagreina?

*Höfundur er háskólanemi.*

## *Kveðja til kjósenda*

Ég má til með að þakka fyrir mig, eins og hinir frambjóðendurnir. Kosningabarátta mín var ólík annarra að því leyti að ég gerði ekkert til að fá fólk til að kjósa mig. Annað en þá það að láta fara sem minnst fyrir mér. Að frátöldu þátttökugjaldinu, kostaði þessi „prófkjörsslagur“ tæplega fimmtán þúsund krónur, sem ég borgaði með yfirdrætti á bankareikningi mínum. Engu að síður fékk ég fjörutíu prósent atkvæða, sem ég er harla ánægður með. Ekki síst í ljósi þess að þarna úti meðal þeirra sem ekki taka þátt í prófkjörum flokkanna, eru þúsundir kjósenda sem eiga samleið með mér. Og ég með þeim. Tölum betur saman í vor.


ELLERT B. SCHRAM

*Með bestu kveðju, Ellert B. Schram.*

# Ranghugmyndir menntamálaráðherra

**UMRÆÐAN**
Menntamál

Í Fréttablaðinu hinn 29. október birtist grein eftir Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra um hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-40 ára sem stunda háskólanám. Þar hrósaði hún ítrekað þeim árangri sem íslensk stjórnvöld hafa náð í framlagi til menntamála, samanborið við hin Norðurlöndin.

Þorgerður Katrín bendir réttilega á að námslán íslenskra námsmanna eru hærri en gengur og gerist á Norðurlöndunum. Aftur á móti hafa „lánasjóðir“ Norðurlandanna blandað tilfærslukerfi, þ.e. styrkja- og lánakerfi. Á Norðurlöndunum vega því námslán aðeins 1/3 af tilfærslum stjórnvalda og 2/3 er styrkur, sem námsmenn þurfa ekki að greiða til baka.


GARÐAR STEFÁNSSON

Íslenskir námsmenn fá 87.400 krónur á mánuði, miðað við einstakling í leiguhúsnæði. Það má einnig benda á að námslánin skerðast um 12% af tekjum ársins á undan. Ef við berum saman Danmörku og Ísland fá námsmenn þar í landi u.þ.b. 29.000 krónur á mánuði í námslán og styrk upp á 57.000 krónur. Samtals 86.000 krónur á mánuði.

Svipað náms- og styrkjakerfi er til staðar á hinum Norðurlöndunum. Samkvæmt þessu, eins og menntamálaráðherra benti á, veita Íslendingar hæstu námslánin á Norðurlöndunum enda vega styrkirnir þar mun meira.

Námslán á Íslandi bera 1% vexti sem eru í rauninni 8,2% vextir miðað við núverandi verðbólgustig, lánskerfið á Norðurlöndum býður upp á óverðtryggð námslán með 2,5%-3,5% raunvöxtum.

Því miður eru framfærslulánin og lánskjörin ekki nógu góð ef tekið er tillit til verðlagsástands og borið saman við sambærileg láns- og styrkjakerfi á Norðurlöndunum.

Á Íslandi er raunveruleg framfærsla námsmanna ekki mæld og hefur kröfum námsmannahreyfinganna um að slík vinna verði hafin verið tafin af fulltrúum stjórnvalda í stjórn LÍN. Miðað við framfærslugrunn LÍN duga námslánin ekki fyrir raunverulegri framfærslu námsmanna. Námslánin eru okkar laun fyrir okkar vinnu. Er nám ekki annars 100% vinna?

Ég hvet menntamálaráðherra til þess að beita sér fyrir í framfærslumálum námsmanna, og styðja þannig við menntun Íslendinga, grunnstoð þekkingarþjóðfélagsins.

*Höfundur er lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs HÍ. (Greinin er birt í heild á Visir.is undir Umræðan)*

FELLSMÚLI 28 GAMLA WORLD CLASS HÚSIÐ
LAGERSALA
FLOTT MERKI - FÍN FÖT -
ATH! SÍÐASTA HELGIN
NÝJAR VÖRUR KOMNAR
oasis
DOROTHY PERKINS
TOPMAN
evans.
TOPSHOP
ALLSAINTS
KAREN MILLEN
coast
DEBENHAMS
Whistles
THE SHOE STUDIO
WAREHOUSE
500 - 1.000 - 1.500
2.000 - 3.000 - 4.000 - 5.000
OPIÐ 11-19 ALLA DAGA
4.-19. NÓVEMBER

# Kátu mýsnar í Quebec



*Í Dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um glaðlyndar mýs og þunglyndisgenið dularfulla. Ennfremur er minnst á íslenskar tungur í Kópavogi, fordóma og fræga þunglyndissjúklinga frá Mozart til okkar tíma.*



## Kæra Dagbók

Þráinn Bertelsson skrifar

### Nóvember 13 MÁNUDAGUR — Þursabit og Íslandsvinir

Helgin fór að mestu í bakveiki. Þursabit eða skessuskot eða hvað það nú heitir. Ég var að tína saman bækur og blöð á föstudaginn, beygði mig niður og fraus. Missti allt úr höndunum á mér nema símann sem ég hélt á. Hringdi í Sólveigu sem kom heim og studdi mig inn í rúm.



Það góða við þursabit er að það hverfur jafn skyndilega og það læsir klón- um í mann. Á laugardag eftir hádegi staulaðist ég upp í Bankastræti á sýninguna mína og lóðsaði áhugasama gesti um salinn. Það var ljómandi skemmtilegt. Labbaði heim glaður og laus við bakverki. Vaknaði svo í gærmorgun rammskakkur og kvalinn.

Fór samt og hitti 70 útlendinga sem Soffía Auður Birgisdóttir er að kenna í Háskóla Íslands. Það var gaman að spjalla við Íslandsvini sem líta svo á að Ísland sé meira en bara skondinn staður til að detta í það.

### Nóvember 14 ÞRIÐJUDAGUR — Andleg lömunarveiki

Þunglyndi er ekkert grín. Alla jafna tekst að halda því í skefjum en svo laumast það að manni og í mínu tilviki virkar það eins og nokkurs konar andleg lömunarveiki. Ég paufast gegnum lífið eins og á sjálfsstýringu. Ég er sannfærður um að bakveikin tengist þunglyndinu þótt ég sé ekki reiðubúinn að segja til um hvort þursabit veldur þunglyndi eða þunglyndi þursabiti. Það er soldið óljóst eins og spurningin um hvort er eldra eggið eða hænan.

Var stirður í morgun en fór í ræktina og er nokkuð brattur líkamlega.

### Nóvember 15 MIÐVIKUDAGUR — TREK-1

Rétt tæp 10 prósent allra sem eru 18 ára eða eldri finna fyrir þunglyndi ár hvert.

Hver einasta manneskja mun einhvern tímann á ævinni verða fyrir barðinu á þunglyndi, sínu eigin eða annarra.

Um 15 prósent fólks í hinum vestræna heimi þjáist af þunglyndi einhvern tímann á ævinni.

Þunglyndi er algengara meðal kvenna en karla.

Rúmlega helmingur fólks, 54 prósent, álítur að þunglyndi sé persónulegt veikleikamerki.

Um 80 prósent þunglyndra leita sér engrar aðstoðar.

Um 15 prósent þeirra sem þjást af alvarlegu þunglyndi munu fremja sjálfsvíg.

Árið 2020 verður þunglyndi algengasta dánarorsök fólks, næst á eftir hjartasjúkdómum – og rannsóknir sýna tengsl á milli þunglyndis og banvænna hjartasjúkdóma.

Þetta eru fáeinir fróðleiksmolar sem ég tíndi saman á Netinu. Ég er greinilega ekki einn um að upplifa það hugarástand sem stundum er kallað „svartnætti sálarinnar“.

Það er fríður flokkur sem hefur þjáðst af þessum kvilla: Wolfgang Amadeus Mozart, mesti snillingur allra tíma var þunglyndur, sömuleiðis ævintýraskáldið H. C. Andersen, málarinn Vincent van Gogh, skáldkonan Sylvia Plath og fleiri góðir listamenn eins og Edgar Allen Poe, Byron lávarður, William Blake, John Keats, T. S. Eliot, Mark Twain, Charles Dickens, Robert Louis Stevenson, Ernest Hemingway og Tennessee Williams. Og þunglyndi sækir ekki bara að listamönnum heldur smýgur það jafnvel inn fyrir þykkan skráp stjórnmálamanna: Abraham Lincoln, Theodore Roosevelt og Winston Churchill svo að einhverjir séu nefndir.

Það er augljóst að þunglyndi er ekki nýtt af nálinni heldur hefur það fylgt mannkyninu um langan aldur, og ekki bara mannkyninu því að vísindarannsóknir hafa staðfest það sem margir vissu fyrir, sem sé að dýr geta líka þjáðst af þunglyndi.

Kannski geta ég og aðrir bundið vonir við kátu mýsnar við McGill-háskólann í Montrealborg, Quebec-fylki, Kanada.

Af kátu músunum í Quebec er það að frétta að þær eru franskar að uppruna eins og svo margt í Quebec. Vísindamaður að nafni dr. Michel Lazdunski við háskólann í Nice í Frakklandi tók upp á því að rækta mýs sem ekki bera í sér svonefnt TREK-1-gen, en það ágæta gen mun hafa áhrif á magn serótóníns í heilanum. En serótónín er boðefni sem gegnir mikilvægu hlutverki í sambandi við hugarástand, svefn og kynlíf.

Dr. Guy Debonnel, prófessor í geðlæknisfræði við McGill-háskóla, hefur að undanförnu verið að rannsaka kátu mýsnar og látið þær undirgangast ferlisfræðilegar, raflíffræðilegar og lífefnafræðilegar athuganir og birti nýverið niðurstöður sínar í tímaritinu „Nature Neuroscience“.

Dr. Debonnel segir að þetta séu mikilvægar rannsóknir því að tíunda hver manneskja verði fyrir barðinu á þunglyndi á einhverju skeiði ævinnar – og þau þunglyndislyf sem við þekkjum í dag komi að engum notið fyrir einn af hverjum þremur sjúklingum. En kátu mýsnar vekja ákveðna bjartsýni því að tilraunir með þær leiddu í ljós að þær voru jafn kátar eftir tilraunirnar og þær hefðu verið á þunglyndislyfjum í þrjár vikur, og það sem virðist valda hinu óbilandi glaðlyndi músanna er að þær eru lausar við TREK-1-genið.



### Nóvember 16 FIMMTUDAGUR — Íslenskar tungur í Kópavogi

Ég er ekki jafn lukkulegur og kátu mýsnar í Quebec. TREK-1-genið heldur áfram að gera mér lífið leitt.

Reyndar er ég betur settur en margir þunglyndissjúklingar að því leyti að ég veit fullvel hvað amar að mér og hika hvorki við að leita mér hjálpar við þunglyndinu, né að tala um það sem hvern annan sjúkdóm. Það er reyndar furðulegt hversu lítið er talað um þessa hræðilegu plágu sem veldur meiri þjáningum en flestir aðrir sjúkdómar og hefur ekki bara áhrif á sjúklingana heldur líf aðstandenda og vina – og veldur þjóðfélaginu meira tjóni en flest önnur manna mein vegna fjarvista frá vinnu eða skertrar vinnugetu, auk þess að vera aðalorsök sjálfsvíga.

Fáfræðin sem umlykur þennan sjúkdóm er geigvænleg, svo geigvænleg að enn þann dag í dag er þunglyndi mætt með athugasemdum og fordómum eins og þessum:

Þunglyndi er bara ímyndun.

Þunglyndi er ræfildómur og þeir sem segjast þjást af þunglyndi nenna bara ekki að standa sig.

Maður gefur híft sig upp úr þunglyndi ef maður vill.

Þunglyndi er ein tegund af leti.

Þunglyndi er sjálfsvorkunn.

Það er kominn tími til að breyta þessu og fá fólk til að horfast í augu við veruleikann.

Þunglyndissjúklingar allra landa sameinist!

Í dag var dagur íslenskrar tungu og í því tilefni fór ég með tunguna í mér í heimsókn í Bókasafn Kópavogs og gaf henni lausan tauminn í fullum sal af áheyrendum sem sátu og gættu tungu sinnar. Þetta var ljómandi skemmtilegt, og undir lokin var farið að losna um tungu þeirra sem voru komnir til að hlusta og þetta endaði á ánægjulegu spjalli um bækur og tungumálið okkar.

Á laugardaginn lýkur svo málverkasýningunni minni hjá Sævari Karli og ég verð á svæðinu að taka á móti síðustu eftirlegukindunum. Það er þó altént tilhlökkunarefni í miðju þessu “svartnætti sálarinnar”.


Fataskápadagar hjá Axis

helgina 17.-19. nóvember

Bjóðum fataskápa á sérstökum afslætti aðeins þessa helgi.



Axis býður glæsilega fataskápa í mörgum gerðum. Miklir möguleikar í uppröðun, viðartegundum, forstykkjum, skúffum og ýmsum auka- og fylgihlutum.

Stuttur afgreiðslutími. Tilvalið að tryggja sér fataskápa fyrir jólin. Sjón er sögu ríkari......





Einnig býður Axis til rýmingarsölu á skrifborðum, hillum, skilveggjum, stólum á skrifstofu og á heimilið og ýmsu öðru. Útsalan er á efri hæð verslunar og afsláttur er á bilinu 15-80 %.







Íslensk hönnun og framleiðsla

Opið:
föstudag 9:00-18:00
laugardad 10:00-16:00
sunnudag 13:00-16:00

AXIS
Smiðjuvegur 9 - 200 Kópavogur
Sími 535 4300 - Fax 535 4301
Netfang: axis@axis.is
Heimasíða: www.axis.is




NYLON

... loksins á Íslandi

**Nylon** stelpurnar skemmta í útibúum **KB banka** í nóvember og desember. **Allir velkomnir!**

**22. nóv.** Selfoss **kl. 17**
**23. nóv.** Akranes **kl. 17**
**24. nóv.** Egilsstaðir **kl. 17**
**27. nóv.** Borgarnes **kl. 17**
**28. nóv.** Stykkishólmur **kl. 17**
**29. nóv.** Sauðárkrókur **kl. 17**
**30. nóv.** Akureyri **kl. 17**

**4. des.** Hella **kl. 17**
**5. des.** Reykjanesbær **kl. 17**
**6. des.** Árbær **kl. 17**
**7. des.** Kópavogur **kl. 17**
**8. des.** Mjódd **kl. 15**
**11. des.** Mosfellsbær **kl. 17**
**12. des.** Grafarvogur **kl. 17**

Fyrstu tónleikar **Nylon** á Íslandi á þessu ári verða í boði
**KB banka** í **Vetrargarðinum Smáralind** í dag **kl. 15**.

***Komdu og skemmtu þér með Nylon!***

KB BANKI

ENNEMM / SÍA / NM24432


Villlibráð
Þú sparar 500 kr. kg
KRÓNHJARTARFILLET
HIGLAND GAME
4.498 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 700 kr. kg
LAMBA RIB EYE
GRAND MARINER
2.698 kr. kg
20% afsláttur
KALKÚNN
FERSKUR
878 kr. kg
40% afsláttur
Eðalfiskur
Graflaxflök eða bitar
Reykt laxaflök eða bitar
25% afsláttur
KJÚKLINGABRINGUR
MAGNKAUP
1.999
Úr Fiskborði Nóatúns
SALTFISKUR
M. HVÍTLAUK OG RAUÐLAUK
1.298 kr. kg
Nóatúns kartöflusalat
úr kjötborði
Myllu jólatertur
20% afsláttur
Coke light
99 kr. 2l
NÓATÚN



Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Girnilegt
um helgina!
Úr Fiskborði Nóatúns
Þú sparar 400 kr. kg
KEILUSTEIK
MEÐ SKÓGARSVEPPUM
998 kr. kg
Þú sparar 600 kr. kg
FOLALDA PIPARSTEIK
ÚR KJÖTBORÐI
1.898 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
GRÍSASNITSEL
Í VILLISVEPPARASPI
1.198 kr. kg
Þú sparar 500 kr. kg
LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÚR KJÖTBORÐI
1.498 kr. kg
Þú sparar 700 kr. kg
FOLALDALUNDIR
ÚR KJÖTBORÐI
1.998 kr. kg
33% meira!
Skafís
EMMESS SKAFÍS
33% MEIRA
599 kr. 2l
BEST BITE
SNAKK
239 kr. pk.
Lyle's
íssósur
25%
afsláttur
Kateris
kryddjurtir
Verði ykkur að góðu!

## UMMÆLI VIKUNNAR

*Ég hlýt líka að láta í ljósi undrun mína yfir því að hæstvirtur samgönguráðherra sé ekki metnaðarfyllri fyrir hönd Íslendinga og Akureyringa varðandi undirbúning millilandaflugs milli Akureyrar og Evrópu.*

Halldór Blöndal, Sjálfstæðisflokki, í umræðum um Akureyrarflugvöll.

*Lenging flugbrautar sem kostar 500 milljónir verður ekki hrist fram úr erminni núna þannig að Iceland Express geti haldið áfram að fljúga, það ætti öllum að vera ljóst.*

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra í sömu umræðum.

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# *Þingmenn á faraldsfæti*

Alþingismenn þurfa ekki einvörðungu að setja lög og standa í argaþrasi íslenskra stjórnmála, hvort heldur í þinginu eða fjölmiðlum. Starf þeirra útheimtir nokkur ferðalög vegna alþjóðasamskipta.

Fimm þingmenn eru nú í sex daga opinberri heimsókn á Indlandi. Í fararbroddi er Sólveig Pétursdóttir þingforseti en aðrir þingmenn eru Jón Kristjánsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Steingrímur J. Sigfússon.



Undir helgina sátu fjórir þingmenn ráðstefnu EFTA í Genf um evrópska fríverslun í hnattrænum heimi. Það voru þeir Bjarni Benediktsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Lúðvík Bergvinsson og Jón Gunnarsson.

Alla síðustu viku sátu þrír þingmenn ársfund NATO í Quebec, þau Össur Skarphéðinsson, Dagný Jónsdóttir og Kjartan Ólafsson.

Þing Norðurlandaráðs fyrr í mánuðinum sátu Sigríður Anna Þórðardóttir, Jón Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Guðmundur Hallvarðsson, auk Sólveigar Pétursdóttur og Hjálmars Árnasonar sem sóttu staka fundi í tengslum við þingið.

Þingstörfin ganga sinn vanagang þótt menn bregði sér af bæ.

## ESB oftast nefnt

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra nefndi Evrópusambandið alls 22 sinnum í ræðu sinni um utanríkismál í þinginu á fimmtudag. Atlantshafsbandalagið og Sameinuðu þjóðirnar voru líka oft nefnd í ræðunni.

**Nokkur efnisorð:**

| | |
|---|---|
| Evrópusambandið | 22 |
| Atlantshafsbandalagið | 15 |
| Sameinuðu þjóðirnar | 12 |
| Íslenska friðargæslan | 7 |
| Mannréttindi | 7 |
| Öryggisráð SÞ | 3 |
| Loftslag | 2 |
| Útrás | 2 |
| Togvíraklippur | 1 |
| Hvalveiðar | 0 |
| Írak | 0 |

## VIKA Í PÓLITÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

# *Pólitík og peningar*

Framan af viku voru úrslit prófkjöra helgarinnar mál málanna á göngum þingsins. Fyrirséð er að nokkrir þingmenn þurfa að finna sér nýja vinnu í vor og skiljanlega brennur eldurinn í hjörtum þeirra ekki jafn heitt og áður. Einn úr hópnum sagði að það væri erfitt að standa í miklu pólitísku ati í þinginu eftir að hafa verið hafnað af eigin flokksfélögum.



Árni Johnsen verður þingmaður á nýjan leik og um það var auðvitað talað. Sigurjón Þórðarson orðaði það svo að Árni væri óumdeildur sigurvegari allra prófkjara landsins. Þó Árni sé umdeildur er það óumdeilt að sjálfstæðismenn í Suðurkjördæmi vilja hann á þing og er það ekki einmitt það sem skiptir máli, hvað sem öðrum finnst? En auðvitað mega menn og eiga að hafa skoðanir. Geir H. Haarde sagði í vikubyrjun að Árni hefði óskoraðan stuðning flokksforystunnar. Ég veit ekki hvort sú yfirlýsing skipti Árna nokkru máli. Hann hefur alltaf farið sínar eigin leiðir. Orð Árna sjálfs um „tæknileg mistökin“ sitja þó í mörgum og ekki víst að þau gleymist í bráð.

Störf þingsins voru með fjölbreyttasta móti í vikunni. Rætt var um stjórnar- og þingmannafrumvörp, fyrirspurnum svarað, atkvæði greidd, utanríkisráðherra flutti skýrslu um utanríkismál og í kjölfarið var rætt um hana, fram fóru utandagskrárumræður og tekið var til máls undir liðunum athugasemdir við störf þingsins og um fundarstjórn forseta.

Það eru stórfréttir að menn séu að ná saman um fjármál stjórnmálaflokka. Fjasað hefur verið um málið í áratugi og aldrei – fyrr en nú – sérstakt útlit fyrir samkomulag. Hömlur við framlögum fólks og fyrirtækja til stjórnmálastarfsemi gera það að verkum að stórauka þarf ríkisframlög til flokkanna. Stjórnmálin verða því ríkisvædd. Það gætu runnið tvær grímur á einstaka pólitískt þenkjandi borgara þegar hann sér að hluti skattanna sem hann greiðir rennur til stjórnmálaflokka sem hann hefur kannski ímugust á. Það verður svo áhugavert að sjá hvernig gert er ráð fyrir nýliðun í pólitíkinni. Munu nýir flokkar fá framlög til jafns við þá sem þegar eru til? Hvernig eiga ný framboð að kosta kosningabaráttu?

Vonandi fást svör við þessu sem fyrst.






# Trúi á gildi rökræðunnar

**Við öll – íslenskt velferðarsamfélag á tímamótum, heitir nýútkomin bók Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs. Í bókinni gerir Steingrímur grein fyrir skoðunum sínum á helstu viðfangsefnum stjórn- og þjóðmálanna og er hún framlag hans til pólitískrar og hugmyndafræðilegrar rökræðu.**

„Ég fann einfaldlega hjá mér þörf fyrir að skrifa þessa bók,“ segir Steingrímur en áratugur er liðinn síðan bók hans Róið á ný mið kom út. Í henni fjallaði hann um sjávarútveg en nú eru stjórnmálin öll undir. Fyrir Steingrími vakti að fjalla með ítarlegri hætti en hægt er í blaðagreinum, ræðum eða viðtölum, um helstu spurningar íslensks samfélags.

Steingrími finnst skorta á hugmyndafræðilega stjórnmálaumræðu á Íslandi og segir marga raga við að rökstyðja skoðanir sínar. „Menn mættu þora meira að leggja spilin á borðið og tala ekki bara í einfölduðum frösum. Leggja fram rökin fyrir hvers vegna þeir komast að þeirri niðurstöðu að hitt eða þetta sé skynsamlegt eða óskynsamlegt. Ég trúi á gildi rökræðunnar og umræðunnar og held að hún sé lífsnauðsynleg fyrir lýðræðisleg og málefnaleg stjórnmál. Ég vil leggja mitt af mörkum með þessu.“

Aðspurður neitar Steingrímur því hlæjandi að hann hafi skoðun á öllu milli himins og jarðar en í rúmlega 200 blaðsíðna bókinni kemur hann víða við. „Sumt læt ég meira í léttu rúmi liggja en annað. En ef þú vilt standa traustum fótum í viðhorfum þínum í stjórnmálum þarf að nálgast málin heildstætt og horfa yfir allt sviðið. Nú eru tímar örra breytinga og hnattvæðingar og innlend stjórnmál því innbyrðis tengd þróun alþjóðamála. Snertifletirnir verða alltaf fleiri og fleiri.“

Þó að Steingrímur sé alla jafna afar gagnrýninn á störf íslensku ríkisstjórnarinnar neitar hann því að þróun stóru málanna sé almennt fjarri vilja sínum. Hann segir sumt jákvætt við hnattvæðinguna. „Það er ekki hægt að nálgast hnattvæðinguna sem svart/hvítt fyrirbæri og heimskulegt að stilla málinu upp hvort menn eru með henni eða á móti. Tækni og þekking gera lífið auðveldara en um leið eru aðrir þættir varhugaverðir. Ég reyni að greina á milli og benda á hvar þurfi að verða breytingar ef mannkynið ætlar að vinna sig út úr ógöngum. Það er sterkur grunntónn í bókinni að hnattvæðing sem er alfarið á forsendum fjármagns og stórfyrirtækja en tekur ekki tillit til félagslegra, menningarlegra eða umhverfislegra þátta er ófreskja.“

Bókina tileinkar Steingrímur foreldrum sínum, þeim Sigríði Jóhannesdóttur og Sigfúsi A. Jóhannssyni. Þau áttu enda sinn þátt í mótun skoðana hans. „Ég hef reyndar þroskað mín lífsviðhorf víða en auðvitað býr maður alltaf að fyrstu gerð og eldhúsinu heima,“ segir Steingrímur. „Þau eru líka fulltrúar þeirra kynslóða sem byggðu upp Ísland á 20. öldinni. Það fer ákaflega í taugarnar á mér sá rembingur og hroki sumra að eigna sér stærstan hluta framfarasóknar þjóðarinnar eins og hún hafi fyrst hafist 1991 eða 1995. Mín niðurstaða er að 20. öldin hafi verið eitt samfellt uppbyggingar- og framfaraskeið og foreldrar mínir eru af þeirri kynslóð sem eyddi allri sinni starfsævi við að byggja Ísland upp. Ég held að við sem njótum ávaxtanna í dag áttum okkur ekki alltaf á hvað við eigum þessum kynslóðum að þakka. Þeim sem breyttu Íslandi úr einu fátækasta og vanþróaðasta ríki Evrópu um aldamótin 1900 í eitt mesta velmegunar- og menningarríki álfunnar í lok þeirrar tuttugustu. Þetta eigum við að virða og þakka fyrir og læra af því sem gafst vel.“














# Reynsla á varamannabekknum

Af þeim tíu varaþingmönnum sem tekið hafa sæti á Alþingi það sem af er vetri hafa fimm setið sem þingmenn. Sjálfstæðismennirnir Adolf H. Bendsen, Guðjón Guðmundsson og Sigríður Ingvarsdóttir hafa öll setið sem aðalmenn, um lengri eða skemmri tíma. Adolf varð þingmaður í um mánuð þegar Vilhjálmur Egilsson afsalaði sér þingmennsku skömmu fyrir þinglok 2003 og Sigríður tók sæti Hjálmars Jónssonar sem varð dómkirkjuprestur árið 2001. Guðjón sat á þingi í heil þrjú kjörtímabil og býr því að tólf ára reynslu - jafnlangri og Ellert B. Schram. Ellert var á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1971-1979 og aftur 1983-1987 en er nú varaþingmaður Samfylkingarinnar. Fimmti varamaðurinn, Árni Steinar Jóhannsson VG, var þingmaður kjörtímabilið 1999-2003.

Varaþingmennirnir fimm hafa því samtals rúmlega 30 ára þingreynslu.



ELLERT B. SCHRAM

# Jólatilboð








## Sængin sem breytir öllu!

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina. Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þar með réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.

## 15% afsláttur af vörum úr mjúku deildinni



Tempur Original



Tempur Classic



Tempur Millenium



Tempur Junior



Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kíropraktorar um heim allan mæla með Tempur
Tempur heilsudýnur og koddar tryggja náttúrulega stöðu hryggjarsúlunnar í hvaða svefnstellingu sem er og valda minnstu álagi á vöðva og taugar.




**Betra BAK**

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477**
**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

**MARGARET ATWOOD ER 67 ÁRA Í DAG**

*Skilnaður er eins og aflimun: maður lifir það af en það er minna eftir.*

***Atwood er einn virtasti rithöfundur Kanada og hefur meðal annars sótt Íslendinga heim.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. NÓVEMBER 1978

## *Fjöldamorð í Jonestown*

Á þessum degi árið 1978 fundust lík af 914 mönnum, þar af 276 börnum, í kommúnunni Jonestown í Guyana í Suður-Ameríku. Fólkið var allt í söfnuðinum Musteri fólksins en leiðtogi þess var Jim Jones. Jones stofnaði söfnuð sinn á sjötta áratugnum í Indíanaríki í Bandaríkjunum. Hann laðaði að sér blökkumenn þar sem hann var á móti kynþáttahatri. Árið 1971 settist söfnuðurinn að í San Fransisco en fjölmiðlar fóru fljótlega að saka Jones um ofbeldi gagnvart fylgismönnum sínum auk þess sem hann var sakaður um misnotkun á börnum. Jones flutti því söfnuðinn í frumskóga Suður-Ameríku og



stofnaði kommúnuna Jonestown árið 1977. Bandaríski þingmaðurinn Leo Ryan kom til Jonestown árið 1978 en hann hafði verið hvattur af fyrrverandi félögum safnaðarins að kanna málin. Þegar margir íbúa Jonestown leituðu til Ryans og báðu hann að koma sér til hjálpar leist Jones ekki á blikuna og lét myrða þingmanninn og förunauta hans. Þá skipaði hann fylgismönnum sínum að stytta sér aldur og innbyrtu flestir blásýru. Þeir sem neituðu voru ýmist neyddir til þess eða skotnir þegar þeir reyndu að flýja. Aðeins rúmlega tugur manna lifði af en sjálfur skaut Jones sig í höfuðið.

### MERKISATBURÐIR

**1626** Basilíka Sankti-Péturs í Róm er vígð af páfa.

**1709** Biskupsstofan á Hólum í Hjaltadal brennur til kaldra kola.

**1916** Bardaganum við Somme í Frakklandi lýkur en hann stóð í nærri fimm mánuði.

**1920** Matthías Jochumsson, skáld og prestur, andast.

**1928** Teiknimyndin Steamboat Willy með Mikka mús í aðalhlutverki er frumsýnd.

**1984** Jón Baldvin Hannibalsson er kosinn formaður Alþýðuflokksins.

---

†



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Þóreyjar Kristínar Guðmundsdóttir (Dódu )**

hjúkrunarheimilinu Holtsbúð, Garðabæ.

**Sveinn Haukur Björnsson** **Elín M. Sigurðardóttir**
**Hugi Ingibjartsson**
**Björn Valdimar Sveinsson**
**Margrét Birna Sveinsdóttir**
**Linda Kristín Sveinsdóttir**
**Jón Guðni Ómarsson**
**Kristófer Snær Hugason**
**Ísak Tandri Hugason**
**og barnabarnabörn**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Vigdís Ferdinandsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Víðinesi 15. nóvember sl.

**Ragnar Ragnarsson** **Bryndís Ósk Erlingsdóttir**
**Harvey Georgsson**
**Róbert Magni Ragnarsson**
**og barnabörn.**

---



†

*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts*

**Eyjólfs Valgeirssonar**

Sérstakar þakkir til starfsfólks og vistmanna á Hrafnistu í Reykjavík.

**Hildur Eyjólfsdóttir**
**Úlfar Eyjólfsson** **Oddný S. Þórðardóttir**
**Petrína S. Eyjólfsdóttir**
**Fríða Eyjólfsdóttir** **Árni E. Bjarkason**
**Valgeir A. Eyjólfsson** **Kolbrún Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




**Legsteinar**

Kynningarafsláttur af völdum tegundum
Fjölbreytt úrval
Hagstæð verð
Stuttur afgreiðslufrestur

**Steinsmiðjan Rein**
Viðarhöfða 1 · 110 RVK.
sími 566 7878 · www.rein.is
REIN


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

---



**SVAVA JOHANSEN** Er hissa á því hvað tíminn líður hratt en fyrirtæki hennar, NTC, fyllir 30 ár um þessar mundir.

**TÍSKUVELDIÐ NTC:** FYLLIR 30 ÁR

# Táningurinn orðinn fullorðinn

„Já, það er ótrúlegt að litli 17 ára táningurinn sé orðinn svona stór. Ætli þetta þýði ekki að ég sé að eldast líka," segir Svava Johansen, forstjóri Sautján-veldisins, eða Northern Trading Company eins og það kallast í dag. Fyrirtækið stendur á tímamótum í ár en það fyllir 30 ár um þessar mundir. Svava keypti fyrirtækið af Bolla Kristinssyni árið 2004 en þau ráku fyrirtækið saman þangað til.

Fyrsta Sautján-verslunin var opnuð á Laugaveginum árið 1976 af Bolla og síðan þá hefur fyrirtækið blómstrað og dafnað hratt. Svava kom inn í fyrirtækið fimm árum seinna. Í dag eru verslanirnar orðnar 15 talsins og segir Svava að hún sé hvergi hætt. „Við erum alltaf að huga að nýjum búðum, búin að opna tvær á þessu ári og mun ein enn líta dagsins ljós á næsta ári." NTC hf. hefur verið leiðandi í tískubransanum hér á landi frá byrjun og er óhætt að segja að umsvif keðjunnar fari vaxandi með árunum.

Húsnæðið á Laugaveginum er flaggskip tískuveldisins en þar eru allar skrifstofur fyrirtækisins ásamt því að nú eru þar fjórar búðir undir sama þaki, Gs-skór, Eva, Gallerí 17 og Centrum. „Við erum nýbúin að gera endurbætur á húsinu og erum að færa það nær því útliti sem við sjáum erlendis, þar sem verslunarmiðstöð fer saman við afþreyingarstað. Verslun á að vera skemmtun og afþreying," segir Svava.



**GALLERÍ SAUTJÁN** Laugavegshúsnæðið er flaggskip tískuveldisins sem nú er með 15 búðir undir sínum hatti. Retró, Gallerí Sautján, Deres, Sparkz, Focus, Gs Skór, Inwear, Kúltúr og Kúltur menn eru allar í Kringlunni en fjórar búðir eru á Laugaveginum og ein í Smáralindinni.

Þegar Svava er spurð hvað standi upp úr í langri sögu verslunarinnar nefnir hún tvímælalaust opnun Sautján í Kringlunni árið 1989. „Það var algjör bylting að vera komin með stóran rekstur í fyrsta stóra verslunarhúsi landsins og við gerðumst svo djörf að vera með tvöfalt bil þar, en auðvitað sjáum við ekki eftir því í dag," segir Svava hlæjandi en Gallerí 17 í Kringlunni er með stærri búðum keðjunnar.

Í tilefni af afmælinu verður lifandi stemning við verslunina á Laugaveginum, sem núna gengur undir nafninu Galleri Laugavegur, í dag milli 14 og 18. Tónlist, léttar veitingar og 20 prósenta afsláttur á völdum vörum.

**alfrun@frettabladid.is**

# Afmælisfundur hjá Al-Anon

Al-Anon samtökin voru stofnuð á Íslandi 18. nóvember 1972 og fagna því 34 ára afmæli sínu í dag. Af því tilefni boða samtökin til afmælis- og kynningarfundar í Háteigskirkju klukkan 20.30 í kvöld. Þar munu tveir Al-Anon félagar, einn Al-Ateen félagi og einn AA-félagi deila reynslusögum sínum með fundargestum.

Al-Anon er félagsskapur ættingja og vina alkóhólista og er sprottinn upp úr AA-samtökunum. Félagar í Al-Anon telja að alkóhólismi sé fjölskyldusjúkdómur og að breytt viðhorf geti stuðlað að bata og samtökin hafa aðeins einn tilgang, að hjálpa aðstandendum alkóhólista.

Félagar í AA-samtökunum og Al-Anon eiga það sameiginlegt að samhæfa reynslu sína, styrk og vonir til þess að hjálpa hver öðrum og því eru reglulegir fundir þungamiðja starfs hópanna þar sem fólk getur komið saman og deilt sögum sínum.



**HÁTEIGSKIRKJA** Þar munu Al-Anon félagar koma saman í kvöld, samhæfa reynslu sína, styrk og vonir og kynna leiðir samtakanna til að takast á við fjölskyldusjúkdóminn alkóhólisma.

Nafnleyndar er gætt í Al-Anon og staðinn er vörður um nafnleynd allra félaga og ekkert félagatal er haldið.

Al-Anon er andlegur félagsskapur en ekki trúarlegur en allir eru velkomnir hvort sem þeir tilheyra einhverjum trúarhópi eða ekki. Engra félagsgjalda er krafist af félögum og kostnaði er mætt með frjálsum framlögum félaganna á fundum.

Frekari fróðleik um samtökin má nálgast á heimasíðu þeirra www.al-anon.is.

# SETTU ÞAÐ SAMAN HTH



Verð frá kr.:
**130.716,-**

## Það er leikur einn að koma upp nýju eldhúsi fyrir *jólin*!



Verð frá kr.:
**190.279,-**

**3 sýningarsalir: Smáralind, Akureyri og Selfoss**



Verð frá kr.:
**291.707,-**
Hvíttuð eik

## HTH gæðin kosta minna ef *þú setur það saman ...*

### Af hverju að borga meira?

HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi.

Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að ***Settu það saman*** línan frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

### Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.

HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu. Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línuna – ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval fylgihluta eru helstu einkenni ***Settu það saman*** línunnar frá HTH.

Öll framleiðsla HTH er með ISO 9001, ISO 14001 og OHSAS 18001 gæðavottun sem þýðir að HTH vinnur samkvæmt helstu gæðastöðlum ásamt því að taka tillit til umhverfis og vinnuumhverfissjónarmiða og er vottað sem slíkt.

### Einfalt og þægilegt.

Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að þessum glæsilegu innréttingum. ***Settu það saman*** er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu. HTH býður ókeypis teikniforrit með þessu kerfi sem gerið þér auðvelt að máta hina ýmsu stærðir og útlit inn í þitt eldhús.

### Stíllinn og áferðin skipta sköpum.

Í ***Settu það saman*** kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og nútímalegt. Lítil halogenljós sem falla í hillur eða veggskápa gefa fallega og notalega birtu. Borðplatan setur svo punktinn yfir i-ið. Við bjóðum upp á úrval borðplatna í hæsta gæðaflokki og í ýmsum munsturlitum. Borðplötur úr gegnheilu beyki og mahogni eru mjög vinsælar og setja glæsilegan svip á eldhúsið.

**Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.**

Frítt teikniforrit á **www.gds-hth.dk** og þú hannar Draumaeldhúsið þitt auðveldlega.







**AEG**

**20% afsláttur** veittur af lúxus eldhústækjum frá AEG þegar keyptar eru innréttingar frá HTH.

**ORMSSON**

KVIKA

**ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160** | **RADIONAUST, AKUREYRI · Sími 461 5003** | **SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908**

# Þessir dásamlegu kjúklingar fást aðeins á Smáratorginu!




SOÐIN SKINKA
kílóverð nú:
1259 KR.
Merkt 1798KR.
Ali
Partý skinka
30% afsláttur við kassann
Ali
Grísa STEIK
Pork Roast
Einfalt og þægilegt!
40% afsláttur við kassann
PORK ROAST
Kílóverð nú:
899 KR.
MERKT VERÐ 1499KR.
Komdu í Bónus!
HVERS DAGSÍS
GOTT VERÐ
1 lítri
159 KR.
HVERSDAGSÍS
600g
398 KR.
MYLLU JÓLATERTA
JÓLATERTA
Myllu jólatertur
3 tegundir
Fulleldaðir kjúklingavængir
Klárir á grillið
40% afsláttur við kassann
Eldaðir MÓA kjúklingavængir
KÍLÓVERÐ NÚ:
395 KR.
Merkt verð 659KR.
Nýreyktur hamborgarhryggur
framleiddur af Síld og Fisk
BÓNUS
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
798 KR.
Merkt verð 998KR.
BÚHNYKKS RÆKJA
KÍLÓVERÐ:
598 KR.
BÚHNYKKUR
Rækja
1000 g
Rækja
1 kíló
Sjáðu verðið!
EKKERT BRUÐL
2 lítrar
89 KR.
7up FREE
PEPSI MAX
2 lítrar
98 KR.
PEPSI MAX
Einiberja lambalæri
30% afsláttur við kassann
Einiberjakryddað
LÚXUS LAMBALÆRI
KF einiberja
KÍLÓVERÐ NÚ:
1299 KR.
Merkt verð 1855KR.
1 KÍLÓ
26 sneiðar
Kornbrauð
Kílóbrauð
98 KR.
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Lætur ímyndina ekki trufla sig

Ólafur Jóhann Ólafsson vakti ungur athygli með smásagnasafni sínu Níu lyklar. Hann spreytir sig nú aftur á smásagnaforminu 20 árum síðar með bókinni Aldingarðurinn. Þórarinn Þórarinsson ræddi við hann um ritstörfin, viðskiptalífið og glansmyndina af sjálfum sér.



ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON „Ég bjóst aldrei við að ég færi í viðskipti. Það stóð aldrei til enda ólst ég upp á þannig heimili að viðskipti voru aldrei rædd vegna þess að þau þóttu einfaldlega ekki það merkileg.“

Níu lyklar urðu til eins og flest smásagnasöfn. Ég skrifaði eina og eina sögu og tíndi þær svo saman í bók. Ég fór hins vegar aðra leið með Aldingarðinn og skrifaði hana meira eins og maður skrifar skáldsögu,“ segir Ólafur Jóhann.

**Smásagan heillar**

Ólafur Jóhann segir að smásagan sé sér afar kær og hann hafi haft gaman af því að glíma við formið á ný. „Ég var náttúrlega alinn upp við gífurlega virðingu fyrir smásögunni. Pabbi skrifaði mikið af smásögum og ég hef alltaf lesið mikið af smásögum.“

Í Aldingarðurinn eru tólf sögur og hver þeirra ber nafn eins mánaðar í árinu en í þeim öllum fæst Ólafur Jóhann við ástina og tímann í samskiptum kynjanna. „Mig hafði lengi langað til að skrifa um þetta efni, það er að segja það sem gerist á milli karls og konu, og var lengi búinn að pæla í hvaða form þetta ætti að taka. Ég ákvað að lokum að fara þessa leið og skrifaði bókina næstum eins og skáldsögu, vann hana sleitulaust og skrifaði sögurnar eina af annarri, að vísu ekki endilega í sömu röð og þær koma fyrir í bókinni. Ég hafði á tímabili hugmyndir um að láta sögurnar tengjast á einhvern hátt en fannst það frekar ódýrt þannig að það eina sem tengir þær saman eru efni og andrúm.“

> Þetta er erfitt við að eiga þar sem maður málar ekki myndina af sjálfum sér. Hún er dregin upp annars staðar og það eina sem ég bið um er að verk mín fái að standa óháð höfundinum og persónu hans.

**Gangvirki rithöfundarins**

Þegar Ólafur Jóhann lagði ritstörfin fyrir sig fetaði hann í fótspor föður síns Ólafs Jóhanns Sigurðssonar og þar sem það er ljóst að hann þarf ekki að skrifa sér til lífsviðurværis mætti ætla að skrifin séu sprottin af innri þörf.

„Ég ætlaði alltaf að gera þetta en ég var náttúrlega hikandi þótt ég hafi ungur byrjað að pára. Ég ólst samt ekki upp við neina glamúrímynd af lífi rithöfunda og kynntist vel fyrirhöfninni sem liggur að baki hverju ritverki. Ég var aldrei lattur og pabbi hvatti mig alltaf en ýtti þessu þó aldrei að mér á nokkurn hátt. Ég hefði auðvitað frekar átt að varast vítin heldur en hitt en einhvern veginn hefur þetta alltaf verið hlutur sem ég hef þurft að gera.“

Ólafur Jóhann er aðstoðarforstjóri Time Warner, stærstu fjölmiðlasamsteypu heims, og hefur því að vonum meira en nóg að gera í sínum daglegu störfum og þarf að skipuleggja sig vandlega svo rithöfundurinn fái notið sín í amstri viðskiptalífsins. „Ég hólfa líf mitt svolítið niður og nota morgnana til að skrifa. Þá loka ég mig alveg af og reyni að ná fjórum tímum á dag. Það er passlegt enda er ég venjulega þurrausinn eftir það. Ég gæti ekki gert þetta öðruvísi og er ferskastur á morgnana. Það væri útilokað að ætla að byrja daginn á einhverju öðru og fara svo að skrifa.“

**Horfir til Íslands**

Nokkrar persónur Ólafs í Aldingarðinum eru Íslendingar sem hafa búið lengi í Bandaríkjunum og það er ekki laust við að hjá sumum þeirra gæti nokkurs trega sem er blandaður heimþrá og Ólafur þvertekur ekki fyrir það að hann gæti hugsað sér að eyða meiri tíma á Íslandi.

„Strákarnir mínir eru að verða stálpaðir og þeir hafa farið alla sína skólagöngu fyrir vestan en við erum hér alltaf á sumrin og í kringum jólin. Við vorum hér í sex vikur í sumar og eftir það sagði ég við Önnu, konuna mína, að ég gæti alveg hugsað mér að vera meira hérna. New York er samt að vísu vanabindandi og það er mjög gott að búa þar, allt öðruvísi en annars staðar í Bandaríkjunum. Þetta er alþjóðlegt samfélag og mér finnst mjög gott að vera þar en það getur vel verið, einn góðan veðurdag, að maður verði meira með annan fótinn hérna. Það kæmi ekkert á óvart.“

**Tilbúinn að veðja á áskriftardagblöð**

Ólafur Jóhann er hluthafi í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, og þar sem hann lifir og hrærist í fjölmiðlaumhverfinu í Bandaríkjunum er ekki annað hægt en spyrja hann hvort hann hafi trú á að áskriftardagblöð muni halda velli í síbreytilegu fjölmiðlaumhverfi.

„Umhverfið í Bandaríkjunum er talsvert frábrugðið því sem þekkist hér þar sem Fréttablaðið hefur slegið algerlega í gegn. Það er ekki mikið um fríblöð í Bandaríkjunum þar sem þetta eru aðallega áskriftardagblöð og lausasölublöð. Áskriftardagblöð ein og sér kunna að eiga undir högg að sækja, sérstaklega í umhverfi þar sem öflug fríblöð eru til staðar. Ég held samt að ef rétt er að þessu staðið og nógu mikið lagt í þetta og aðrar leiðir farnar en hjá samkeppnisaðilunum þá sé enginn dómsdagur yfirvofandi. Í þessu samhengi þarf að huga sérstaklega að tengslum inn í nýja heiminn eins og hefur til dæmis verið gert mjög vel með mbl.is. Það ríður svo náttúrlega fyrst og fremst á því að gefið sé út gott blað sem fólk er tilbúið að borga fyrir. Þetta er í raun ekki flóknara en það.“

Ólafur Jóhann hefur af og til verið orðaður við ritstjórastól Morgunblaðsins en hann segir allt slíkt af og frá. „Ég held að mín skrif muni halda áfram að birtast í sama formi, í bókum. Ég hef heyrt þetta en get alveg tekið af skarið um að fólk þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því að ég sé að fara að taka við ritstjórn Morgunblaðsins.“

**Fylgist með útrásinni úr fjarlægð**

Ólafur Jóhann hefur horft á uppgang og útrás íslensks viðskiptalífs með augum gestsins en segir það ekki hafa freistað að stökkva á íslenska vagninn. „Ég hef náttúrlega aldrei stundað viðskipti hérna og fjárfesting mín í Mogganum er meira eins og áhugamál og ég hef ekkert hér að sýsla. Ég held bara áfram að gera það sem ég kann og uni mér ágætlega þar og sé enga ástæðu til að breyta því.

Uppgangurinn hér hefur verið mikill meðal annars í kjölfar þess að losað hefur verið um höft í kerfinu sem hefur skilað sér í ákveðinni grundvallarendurskipulagningu á því öllu. Stráin hafa því eðlilega sprottið hratt og teygt sig upp. Það er mikill kraftur í útrásinni og stórar hugmyndir skjóta upp kollinum. Íslendingar eru líka duglegir, kraftmiklir og fljótir. Það þarf alls ekki að þýða að þeir séu fljótfærir en mér sýnist þetta allt enn vera í mótun og það á eftir að koma í ljós hvernig þetta leggst allt saman.“

**Ekki dæmigerður rithöfundur**

Ólafur Jóhann hefur átt góðu gengi að fagna í viðskiptalífinu í Bandaríkjunum sem skapar honum óneitanlega sérstöðu í hópi íslenskra rithöfunda og ætla mætti að viðskiptamógúllinn hafi verið litinn hornauga þegar hann fór að hasla sér völl á íslenskum ritvelli.

„Ég hef átt því láni að fagna að mér var strax vel tekið og get ekki verið annað en þakklátur. Ég skil samt alveg að fólk hafi ákveðna fordóma þegar það kemur einhver maður sem er að sýsla í viðskiptum og fer að skrifa bókmenntir. Þetta stangast á við steríótýpuna og allar venjur. Ég þarf ekki annað en að líta í eigin barm til að geta að mörgu leyti skilið þessa afstöðu og er ekkert að álasa mönnum fyrir að hafa einhverja smá fordóma.“

Ákveðin glansmynd var dregin upp af Ólafi snemma á ferlinum en þegar hann gaf út sínar fyrstu skáldsögur var hann á uppleið í viðskiptalífinu ytra. Ólafur Jóhann segist þó ekki láta þá mynd sem aðrir hafi af sér trufla sig, hvorki í leik né starfi.

„Þetta er erfitt við að eiga þar sem maður málar ekki myndina af sjálfum sér. Hún er dregin upp annars staðar og það eina sem ég bið um er að verk mín fái að standa óháð höfundinum og persónu hans. Ég veit alveg hvað skiptir máli þegar ég sest niður til að skrifa bækur. Það er sama hvað ég geri þegar ég er ekki að skrifa. Það eina sem skiptir máli er bókin og það sem maður hefur fram að færa. Hún stendur og fellur með sjálfri sér. Allt mitt annað brambolt breytir því ekki.“

# HÖFUM OPNAÐ!

## VIÐ VERÐUM ÓDÝRARI!

Afhverju að fara út í kuldan þegar þú getur verslað heiman frá?

LTV32W63
UNITED 32" LCD SJÓNVARP

- UPPLAUSN: 1366X768 PUNKTAR
- HD READY
- PROGRESSIVE SCAN
- NICAM STEREO HLJÓÐKERFI
- 2 SCART, HDMI, COMPONENT, SVHS, CVBS OG HEYRNARTÓLSTENGI
- VGA TENGI
- TEXTAVARP
- FJARSTÝRING

OKKAR VERÐ! 69.999,-
ALGENGT VERÐ 99.990,-

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2
OKKAR VERÐ! 1.499,-
ALGENGT VERÐ 2.299,-

PSP LEIKUR
GTA VICE CITY STORIES
OKKAR VERÐ! 2.999,-
ALGENGT VERÐ 4.999,-

KILLERS – SAM'S TOWN
OKKAR VERÐ! 1.499,-
ALGENGT VERÐ 2.299,-

ST104N
SAMLOKUGRILL
OKKAR VERÐ! 999,-
ALGENGT VERÐ 3.999,-

PC LEIKUR
NEVERWINTER NIGHTS 2
OKKAR VERÐ! 1.999,-
ALGENGT VERÐ 3.999,-



ALMAX.is

# Skekkst hefur á stilliskrúfum

Tæpur fjórðungur sveitarfélaga árið 2005 átti ekki fyrir útlögðum kostnaði. Sveitarfélög í þeirri stöðu verða að fjármagna laun og annan rekstrarkostnað með lánum og sölu á landi og byggingarétti. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* kannaði fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna eins og hún var í ársreikningum síðasta árs.

Sveitarfélögin í landinu hafa verið rekin með halla til fjölda ára. Á síðasta ári urðu nokkur umskipti í rekstri þeirra á heildina litið þar sem nokkur sveitarfélög hafa notið þenslunnar í efnahagslífinu og tekjurnar þar með aukist.

Þetta á þó aðeins við um sveitarfélög á afmörkuðum svæðum þar sem sala byggingaréttar vegur þungt í tekjum, einkum sveitarfélögin á suðvesturhorninu, frá Borgarbyggð í vestri til Árborgar í austri, kringum Akureyri og kringum álversframkvæmdirnar fyrir austan.

Mörg önnur sveitarfélög eiga í alvarlegum fjárhagserfiðleikum eins og sést á því að á árunum 2003-2006 fengu þrjátíu og sjö sveitarfélög bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Auðvitað hafa ekki öll þessi sveitarfélög átt við djúpstæðan rekstrarvanda að stríða og flest ef ekki öll þeirra hafa snúið vörn í sókn. Sum þessara sveitarfélaga hafa þó ekki átt annan kost en að draga saman rekstur.

**Víðfeðm en mannfá**

Þegar litið er á fjárhagsstöðuna í dag eru það einna helst víðfeðm en tiltölulega mannfá sveitarfélög sem eiga við rekstrarvanda að stríða. Þessi sveitarfélög hafa lítið sem ekkert notið þenslunnar og hafa sum átt við fólksflótta að stríða. Þessi sveitarfélög hafa verið í samkeppni við stóru og sterku sveitarfélögin um íbúa og tekjur. Þau hafa orðið að auka og halda uppi þjónustu við íbúana meðan tekjurnar hafa staðið í stað eða jafnvel dregist saman auk þess sem launahækkanir hafa verið þeim erfiðar enda hafa þau ekki haft neina stjórn á þeim.

Á milli sveitarfélaganna hefur myndast gjá sem sveitarstjórnarmenn telja að þurfi að brúa. Meðan mörg sveitarfélög berjast við skuldir og erfiða fjárhagsstöðu telja margir sveitarstjórnarmenn að ástæða sé til þess að bregðast við misskiptingu í tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Ríkið hafði níu milljarða króna í tekjur af fjármagnstekjuskatti árið 2004 og í fyrra voru tekjurnar orðnar tæpir 22 milljarðar króna.




**HANDBÆRT FÉ 2005**

**Jákvætt:**
76 sveitarfélög: 10,8 milljarðar króna

**Neikvætt:**
21 sveitarfélag: 371 milljón króna

**REKSTRARNIÐURSTAÐA 2004:**

**Jákvæð**
54 sveitarfélög: 4,0 milljarðar króna

**Neikvæð**
44 sveitarfélög: 1,6 milljarðar króna

**REKSTRARAFKOMA 2005:**

**Rekstrarafgangur:** 60 sveitarfélög: 6,4 milljarðar
**Rekstrarhalli:** 37 sveitarfélög: 1,5 milljarðar
**Rekstrarafgangur allra sveitarfélaga:** 4,9 milljarðar

**VEL STÖDD**

**Sextán sveitarfélög stóðu vel**
Miðað er við að handbært fé frá rekstri hafi verið jákvætt um 90 milljónir eða meira í sveitarsjóði. Mörg önnur sveitarfélög hafa jákvætt handbært fé þó að þau séu ekki tekin með á þennan lista.

**ILLA STÖDD**

**Tuttugu og tvö sveitarfélög stóðu illa**
Miðað er við neikvætt handbært fé frá rekstri í sveitarsjóði, samkvæmt árbók sveitarfélaga 2006.

*Heimild: Árbók sveitarfélaga 2006.*

**SKIPTING ÍBÚA 2005**

| | |
|---|---|
| Reykjavík | 38,3% |
| Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur | 24,1% |
| Vaxtarsvæði* | 21,5% |
| Önnur sveitarfélög | 16,1% |

*** Vaxtarsvæðið nær frá Borgarbyggð austur í Árborg, Akureyri, Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað.**

**STAÐA ÞORPANNA Í LANDINU**

| | Reykjavík | Höfuðb.sv. utan Rvk | Vaxtarsvæði | Önnur sveitarf. | Þar af þorpin |
|---|---|---|---|---|---|
| Hlutfall breytilegs kostn. af tekjum | 91,8 | 78 | 87,9 | 96,6 | 90,9 |
| Hlutfall heildargjalda af tekjum | 100,3 | 84 | 96,9 | 101,6 | 103,1 |
| Veltufé frá rekstri hlutfall af tekjum | 9,7 | 11 | 9,4 | 7,8 | 7,2 |
| Eiginfjárhlutfall | 9,7 | 11 | 9,4 | 7,8 | 7,2 |
| Skuldir og skuldbindingar á íbúa* | 460 | 427 | 461 | 487 | 516 |
| Veltufé frá rekstri á íbúa* | 35 | 46 | 38 | 34 | 33 |

*** Í þúsundum króna**

*Heimild: Gunnlaugur A. Júlíusson*

**Staðan er býsna þröng**

Hröð þróun hefur verið í skattaumhverfinu síðustu árin og hefur einkahlutafélögum í landinu fjölgað um fjórðung, úr tuttugu þúsundum árið 2004 í tuttugu og fimm þúsund og sex hundruð það sem af er þessu ári. Árið 2005 höfðu 6.600 fjölskyldur hærri fjármagnstekjur en launatekjur og 2.200 framteljendur höfðu engar aðrar tekjur en fjármagnstekjur og greiddu ekkert útsvar.

Einyrkjar hafa því fært starfsemi sína yfir í einkahlutafélög í stórum stíl og hafa þar með ekki þurft að greiða útsvar til sveitarfélaganna. Þessar breytingar hafa rýrt tekjur sveitarfélaganna og krefjast sveitarstjórnarmenn því nú hlutdeildar í fjármagnstekjuskattinum. Sú hlutdeild færi inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og yrði notuð til að jafna stöðu sveitarfélaganna.

„Staðan er býsna þröng hjá mörgum,“ segir Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, um fjármál sveitarfélaganna 2005, og í erindi sínu á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í vikunni færði hann rök fyrir því að verst væri staðan hjá þorpunum í landinu, eins og sjá má í töflu hér á síðunni.

Gunnlaugur skipti sveitarfélögunum í fjóra flokka eftir stöðu þeirra, Reykjavíkurborg, höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur, vaxtarsvæðið sem nær yfir suðvesturhornið frá Borgarbyggð til Árborgar, Fjarðabyggð og Fljótsdalshrepp og svo öll önnur sveitarfélög. Afkoma ársins 2005 sýnir að Reykjavíkurborg stendur á núlli í sínum rekstri, vaxtarsvæðin hafa jákvæða afkomu en önnur sveitarfélög neikvæða afkomu.

Tæpur fjórðungur sveitarfélaganna á ekki fyrir útlögðum kostnaði svo að skuldir sveitarfélaganna hafa aukist á þessum þenslutímum sem þjóðin hefur verið að upplifa og um helmingur sveitarfélaganna er rekinn með neikvæðri afkomu. Það þýðir að sveitarfélögin eiga ekki fyrir afskriftum eða breytingum á lífeyrisskuldbindingum.

Á vaxtarsvæðunum hafa sveitarfélögin skuldsett sig til að standa undir auknum kröfum og í sumum tilfellum hafa sveitarfélög, sem ekki geta selt eignir, jafnvel neyðst til að taka skuldir til að standa undir gjöldum. „Staðan er býsna þröng hjá mörgum,“ segir Gunnlaugur. „Menn selja ekki eilíflega land og byggingarétt.“



> Það þarf að færa eitthvað af fjármagnstekjuskatti til Jöfnunarsjóðs sem er brúin milli ríkis og sveitarfélaga.
>
> GUNNLAUGUR A. JÚLÍUSSON, SVIÐSSTJÓRI SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

**„Dreng vantar pening“**

Vandi sveitarfélaganna speglast í byggðavanda. Atvinnuhættir hafa gjörbreyst á Íslandi, þýðing sjávarútvegs hefur minnkað og mörg sveitarfélög eiga við íbúafækkun að stríða, tekjur hafa þar af leiðandi dregist saman og sveitarfélögin hafa því oft átt í erfiðleikum með að mæta þjónustukröfum og jafnvel orðið að draga saman þjónustu.

Gunnlaugur segir að bilið milli sveitarfélaganna sé að aukast, meðan þenslan er í fullum gangi, skatttekjur aukast sums staðar og kaupmáttaraukningin er stöðug og fasteignaverð hækkar á suðvesturhorninu, Norðurlandi og Vesturlandi, standa tekjurnar í stað annars staðar og rekstrarkostnaðurinn hækkar stöðugt. En hvað er til ráða?

„Ég segi eins og spákonan í Djöflaeyjunni: Sérðu ekki að dreng vantar pening?“ segir hann.

Sveitarfélögunum er skylt að veita ákveðna þjónustu og fá til þess tekjur af útsvari, fasteignaskatti og úr Jöfnunarsjóði. Meira fjármagn vantar og mörg þeirra nýta sér tekjulindir til fulls auk þess sem skattgreiðendur komast undan útsvarsgreiðslum í gegnum einkahlutafélögin. „Vegna þessarar þróunar verðum við að horfast í augu við að það hefur skekkst á stilliskrúfum. Það þarf að færa eitthvað af fjármagnstekjuskatti til Jöfnunarsjóðs sem er brúin milli ríkis og sveitarfélaga,“ segir hann.

Ríkissjóður leggur sjö hundruð milljónir króna á ári í aðstoð við sveitarfélögin 2006, 2007 og 2008, verið er að endurskoða úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðsins og eftirlitsnefndin vinnur með sveitarstjórnum að samningum um markvissar aðgerðir.

## Þessi sveitarfélög hafa verið til athugunar

Eftirlitsnefnd fylgist með fjármálum sveitarfélaga og er Lárus Bollason starfsmaður hennar. Nefndin fylgist með fjármálum sveitarfélaganna á hverju ári og sendir sveitarfélögunum fyrirspurnir ef ástæða þykir til, óskar eftir skýringum á hallarekstri og útskýringum á því hvernig sveitarfélagið ætli að bregðast við. Nefndin sendi tuttugu og þremur sveitarfélögum bréf árið 2003, engu sveitarfélagi árið 2004 og þremur sveitarfélögum árið 2005. Sum sveitarfélög hafa fengið bréf frá félagsmálaráðuneytinu oftar en einu sinni, til dæmis Blönduós, en aðeins eitt sveitarfélag hefur fengið skipaðan tilsjónarmann. Það gerðist á Hofsósi fyrir mörgum árum og þá var það sveitarfélag í verulegum fjárhagserfiðleikum. Þó að engin sveitarfélög hafi verið á athugunarlista árið 2004 fengu tíu sveitarfélög, sem voru í mestum vanda, samt 200 milljónir frá félagsmálaráðuneytinu það ár. Það er því rétt að taka fram að alls ekki öll þessi sveitarfélög eru eða hafa verið í athugun þó að þau séu tekin með á listann.

Aðaldælahreppur
Árborg
Blönduós
Bolungarvík
Dalvíkurbyggð
Djúpavogshreppur
Fáskrúðsfjarðarhreppur
Hafnarfjarðarkaupstaður
Hornafjörður
Húsavíkurbær
Hveragerðisbær
Ísafjörður
Mosfellsbær
Mýrdalshreppur
Ólafsfjarðarbær
Rangárþing ytra
Reykjanesbær
Saurbæjarhreppur
Seyðisfjörður
Siglufjarðarkaupstaður
Skaftárhreppur
Skagafjörður
Skútustaðahreppur
Snæfellsbær
Vestmannaeyjabær
Vopnafjörður
Þórshafnarhreppur
Öxarfjarðarhreppur

# Eikarhúsgögn í miklu úrvali

**Vorum að taka inn mikið úrval eikarhúsgagna frá ChristianHarold**





## DeCoro sófasett á gjafverði



**3ja sæta sófi + 2 stólar**
**Fáanlegt í brúnu og ljósu leðri**



~~249.000.-~~ stgr. **179.000.-** stgr.

**Takmarkað upplag**




GP

gæðahúsgögn

Opið virka daga: 10-18
lau 11-16 sun 13-16

Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234



**GUÐJÓN ARNAR VIÐ ALÞINGISHÚSIÐ** Það hefur mætt mikið á Frjálslynda flokknum að undanförnu vegna umræðu um innflytjendamál. Hann segir fólk sem ekki vill útlendinga í íslensku samfélagi ekki eiga samleið með flokknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Í lífshættu á vegum Vestfjarða

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu ennþá vera kjarnann í flokksstarfinu þó ýmis önnur mál hafi verið fyrirferðarmikil að undanförnu. *Magnús Halldórsson* ræddi við Guðjón Arnar um stöðu Frjálslynda flokksins í íslenskum stjórnmálum, innflytjendamál og samgönguúrbætur á Vestfjörðum.

Frá stofnun Frjálslynda flokksins höfum við verið að víkka út málefnagrunninn. Þetta sést greinilega í okkar málefnahandbók og síðan á metnaðarfullri vinnu í þinginu undanfarin ár. Frjálslyndi flokkurinn er stofnaður vegna hugmynda manna um að nauðsynlegar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu verði að koma til, en við erum ennþá föst í fjötrum þessa kerfis. Þó mörg mikilvæg mál standi okkur nærri þá eru róttækar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu og óskaplegri arfleið þess, kjarninn í okkar stefnu,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sem verið hefur í brennidepli undanfarnar vikur vegna umræðu um innflytjendamál á Íslandi.

Þau mál snerta Guðjón Arnar, sem af vinum sínum og fjölskyldu er kallaður Addi Kidda Gauj, persónulega því kona hans, Maríanna Barbara Kristjánsson, er pólsk að uppruna.

*Hvernig horfir það viðhorf við þér og þínu fólki, sem ýmsir hafa haldið fram, að Frjálslyndi flokkurinn sé með málflutningi sínum í innflytjendmálum að höfða til fólks sem ekki vilji útlendinga í íslensku samfélagi?*

„Ég kann því afar illa þegar fólk fjallar um Frjálslynda flokkinn sem kynþáttahatursflokk sem ekki vilji útlendinga í íslensku samfélagi. Slíkar hugmyndir eru í hrópandi ósamræmi við mitt lífsmynstur og alls ekki í neinu samræmi við stefnumál Frjálslynda flokksins og málflutning hans á opinberum vettvangi. Kona mín er pólsk og ég þekki því vel til þess hvaða þættir verða að vera fyrir hendi svo að útlendingar geti aðlagast íslensku samfélagi.

Ég hef auk þess margoft aðstoðað erlenda ríkisborgara við að fóta sig í íslenskum samfélagi og skil því þeirra sjónarmið og hvaða vandamál þarf að finna lausnir á.

Útlendingum hefur fjölgað mikið hér á landi undanfarin ár og það er skylda okkar stjórnmálamannanna að ræða um þessi mál út frá efnislegum atriðum en ekki upphrópunum. Við settum fram þá skoðun að það gæti skapast vandi ef hingað kæmu mjög margir útlendingar á skömmum tíma, miðað þær aðstæður sem hér væru fyrir hendi.

Eftir 1. maí á þessu ári, þegar fólk frá átta af tíu nýjum ríkjum Evrópusambandsins fékk að koma hingað á grundvelli laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt, hefur útlendingum fjölgað mjög mikið. Stjórnsýslan, og þær reglur sem fyrir hendi eru hér á Íslandi, eru ekki til þess fallnar að geta séð til þess að fólkið nái að aðlagast íslensku samfélagi. En alvarlegast er að réttindi þessa fólks eru oftar en ekki fótum troðin vegna þess hvernig aðstæður hér hafa skapast.

Við töluðum fyrir því að það hefði verið skynsamlegast að nýta sér frest til annaðhvort 2009 eða 2011 til þess að taka upp þessi lög, eins og stóð til boða. Á þeim forsendum hefði verið hægt að aðlaga allar reglur sem hér eru í gildi að þessum miklu samfélagsbreytingum sem þegar eru orðnar á íslensku samfélagi. Þannig hefði verið hægt að búa betur að útlendingum sem hingað eru svo sannarlega velkomnir. Við höfum til dæmis nefnt að það væri skref til framfara að texta allt sjónvarpsefni á íslensku til þess að hjálpa útlendingum að komast inn í málið með hjálp sjónvarpsins.

En ég hafna því alfarið að Frjálslyndi flokkurinn, sem með ábyrgum og metnaðarfullum málflutningi sínum, sé að reyna að höfða til fólks sem ekki vilji útlendinga í íslensku samfélagi. Það fólk á enga samleið með flokknum og alls ekki með mér.“

## Pólitískt landslag – Frjálslyndi flokkurinn í lykilstöðu

*Í skoðanakönnun Fréttablaðsins, sem gerð var 7. nóvember, kom fram að Frjálslyndi flokkurinn hafði fimmfaldað fylgi sitt á frá fyrri könnun og mældist með rúmlega 12 prósenta fylgi. Þetta gefur vísbendingar um að flokkurinn gæti ráðið miklu um það hvernig ríkisstjórnin verði að loknum þingkosningunum næsta vor, ef fram heldur sem horfir. Kemur til greina að mynda stjórn með öðrum en stjórnarandstöðuflokkunum?*

„Ég vil vinna að því að mynda ríkisstjórn með stjórnarandstöðuflokkunum. Ég tel að það þurfi að breyta grundvallarþáttum sem núverandi ríkisstjórnarflokkar hafa staðið vörð um. Þar ber fyrst að nefna fiskveiðistjórnunarkerfið, sem hefur gjörbreytt íslensku samfélagi og hamlað uppbyggingu mannlífs á landsbyggðinni. Það eru staðreyndir sem við þurfum að horfast í augu við og þora að taka á,“ segir Guðjón Arnar og vitnar til 1. greinar laga um stjórn fiskveiða.

„Í þessum lögum kemur fram að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar og að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Þetta markmið hefur ekki náðst, þvert á móti hefur núverandi kerfi brotið niður byggðir í landinu og hamlað framförum.

Þegar um þessi mál er rætt þurfa menn að spyrja sig að því, hvort fiskveiðistjórnunarkerfið hafi styrkt sjávarútveginn í heild. Frelsi manna til þess að afla sér fanga úr sjó og vinna úr því hráefni, er mesta byggðamálið. Núna gengur allt orðið út á kaup, sölu og leigu á aflaheimildum. Þegar um þetta mál var rætt í ræðum á Alþingi árið 1984 þá sögðu allir, líka Halldór Ásgrímsson, þáverandi sjávarútvegsráðherra, að mikilvægast væri að byggðir landsins gætu haldið velli og fiskveiðiflotinn yrði gerður út svo hægt væri að halda úti atvinnu í dreifðum byggðum landsins.

Þetta hefur mistekist og það þarf að horfast í augu við það. Þetta mál þarf að komast framar í forgangsröðina og ég tel að það sé aðeins hægt að vinna að framgangi þessara breytinga, ef vilji er til þess hjá ríkisstjórnarflokkunum. Meðal annars þess vegna tel ég það farsælast að starfa með vinstri grænum og Samfylkingunni í ríkisstjórn að loknum kosningum næsta vor, ef við fáum til þess tækifæri.“

## Nauðsynlegar samgönguúrbætur

Guðjón Arnar, sem er búsettur og uppalinn á Ísafirði, segir samgöngumál víða um landið í miklum ólestri og nefnir sérstaklega Vestfirði. „Það er ekki hægt að bjóða fólki upp á það, sem keyrir á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur svo dæmi sé tekið, að vera í stöðugri lífshættu á Óshlíðarvegi vegna grjóthruns.

Fólkið á Vestfjörðum á rétt á því að það verði eitthvað róttækt gert í þessum málum strax áður en grjóthrunið og þær hættulegu aðstæður sem sannarlega eru fyrir hendi víða, valda manntjóni eða öðrum hörmungum,“ segir Guðjón Arnar og vitnar til hættulegra aðstæðna sem síendurtekið hafa skapast á Óshlíðarvegi.

*Hvers vegna heldur þú, í ljósi þessara hættulegu aðstæðna sem fyrir hendi eru á Óshlíðarvegi og víðar á Vestfjörðum, að ekki hafi enn verið ráðist í gagngerar samgöngubætur í þessum landshluta? Berjast þingmenn kjördæmisins af nægilegum mætti fyrir því að það verði eitthvað gert?*

„Það er fullkomlega eðlilegt að þú spyrjir að þessu. Auðvitað er það hneyksli að það þurfi að bjóða íbúum á Vestfjörðum upp á það að keyra um vegi þar sem tilviljun ein ræður því hvort ekki verði stórtjón,“ segir Guðjón Arnar og er greinilega mikið niðri fyrir.

Samkvæmt upplýsingum frá Geir Sigurðssyni, rekstrarstjóra Vegagerðarinnar á Ísafirði, hefur grjóthrun úr Óshlíðinni aukist undanfarið ár. „Í hverri viku hrynur smágrýti niður á veginn og að minnsta kosti tvisvar í mánuði hrynur stærra grjót niður á veginn. Yfir vor, sumar og haust er grjóthrun tíðara og af því getur skapast mikil hætta.“

Guðjón Arnar segir staðreyndirnar kalla eftir tafarlausum aðgerðum. „Það yrði sársaukafullt fyrir alla að þurfa að verða vitni að manntjóni vegna þessara aðstæðna. Þó að nú sé verið að vinna tillögur um úrbætur þá verður ekki framhjá því horft að auðvitað á að vera búið að grípa til aðgerða vegna þessara aðstæðna fyrir löngu. Ég hef lengi talað fyrir því að nauðsynlegt sé að grípa til róttækra aðgerða í samgöngumálum og ég held að allir Vestfirðingar reyni eftir fremsta megni að vekja athygli á þessari stöðu.

Stórfelldar úrbætur í samgöngumálum er eitt brýnasta viðfangsefni íslenskra stjórnmála á næstu árum. Ég tel að það þurfi að ráðast í samgöngubætur til þess að styrkja mann- og atvinnulíf á landsbyggðinni. Eðlilegast væri að ráðast í gerð jarðganga á mörgum stöðum á öllu landinu því reyndin er sú að öruggar samgönguúrbætur eru hagkvæmar ef rétt er af þeim staðið.

Það er augljóst mál að stytting á leiðum milli landshluta felur í sér lægri kostnað heldur en var fyrir, og á þeim forsendum eru samgönguúrbætur fljótar að borga sig upp. Bættar samgöngur hafa áhrif á alla þætti samfélagsins og eru því grundvallaratriði í íslenskum stjórnmálum og verða án efa mikilvægt stefnumál Frjálslynda flokksins í kosningunum næsta vor.“ ■

„En ég hafna því alfarið að Frjálslyndi flokkurinn sé að reyna að höfða til fólks sem ekki vilji útlendinga í íslensku samfélagi.

# MAX

## OPNUM Í DAG!



## STÆRSTU RAFTÆKJAVERSLUN LANDSINS

50stk



**9.999 kr.**

**PLAYSTATION PSP**
Flottasta leikjavélin á markaðnum í dag!

almennt verð 23.999

50stk

**26.999 kr.**



**Canon IXUS60**
- Stafræn myndavél með 2.5" skjá
- 6.0 Megapixel myndflaga
- 3x aðdráttur á linsu
- DIGIC II og ISAPS
- 16 tökustillingar og My Colors
- 30 rammar á sek. í kvikmyndatöku
- ISO 800 og breiðtjalds upptaka

almennt verð 34.999

**4.999 kr.**

**PLAYSTATION 2**
Playstation leikjavélin vinsæla, mest selda leikjavélin frá upphafi.

almennt verð 11.999

50stk



**2.999 kr.**



**HP Deskjet D2360**
- Ódýr og góður litaprentari
- 1200dpi upplausn í svörtu
- 4800x1200dpi upplausn í lit
- Pappír: 65-90gr
- Tengi: USB

almennt verð 7.999

30stk

**1.799 kr.**



Pirates of the Caribbean Dead Man's Chest DVD mynd

almennt verð 2.199

BARA BROT AF TILBOÐUNUM

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

100stk

# 9.999kr.



**Philips HD7810 Senseo**
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 bolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- Auðvelt að hreinsa

*4 Senseo glös og 10 pakkar af Merrild kaffi fylgja með!*



andvirði kaupauka 3.999

Merrild PHILIPS

**50 stk hvítar - 50 stk svartar**



100stk

# 1.699kr.

**Philips HP4881**
- 1900w öflugur hárblásari
- 3 hita og hraðastillingar
- Með köldu lofti
- Viðbótar haus fylgir

almennt verð 3.999



100stk

# 1.999kr.

**Ariete DD011600**
- 800w sneiða brauðrist
- Mikka mús mynd ristast á brauðið
- Spilar lag þegar brauðið er tilbúið
- Með safnbakka

almennt verð 4.999



100stk

# 1.999kr.

**Remington CS5001**
- Remington keramik sléttujárn
- Hitnar upp á 60 sekúndum
- Hitnar í 200 gráður

almennt verð 3.999



# 7.999kr.

**AEG CE2000**
- 2000w ryksuga
- Vönduð og kraftmikil
- Stillanlegu sogrör
- Filterar og fleira

45stk

almennt verð 12.999



# 4.999kr.

**Melissa 653067**
- 17 lítra og 700w örbylgjuofn
- 6 styrkstillingar ásamt Defrost
- Stærð í sm (bxhxd): 45,2x26,2x33
- Hvítur á lit

30stk

almennt verð 7.999



# 29.999kr.

**Whirlpool AWM5120ISL**
- 1200 snúninga og 5kg þvottavél
- Ullarvagga og silkiþvottakerfi
- Hraðkerfi 30 mínútur
- Þvotthæfni A
- Orkunýting A
- Vinduhæfni B
- Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir

30stk

almennt verð 59.999



# 44.999kr.

**Siemens SE25E252**
- Uppþvottavél
- Vönduð og hljóðlát
- 4 hitastig
- 5 þvottakerfi
- Aðeins 49db

10stk

almennt verð 59.999

# 1.499kr.



**Regína Ósk**
**Í djúpum dal**
**CD diskur**

almennt verð 2.199

# 1.699kr.




**Ísöld 2**
**DVD mynd**

almennt verð 2.199

# 2.499kr.




**Medieval II**
**Total War**
**PC leikur**

almennt verð 2.999

Ath. Öll verð eru birt með fyrirvara um innsláttarvillur, breytingar og myndabrengl!



## LITLI SVARTI KJÓLLINN SEM FULLKOMNAR FATASKÁPINN

Hvort sem er hversdags eða spari, litli svarti kjóllinn á alltaf við

TÍSKA 6



## ÓRJÚFANLEGUR HLUTI AF 007

James Bond er mættur aftur til leiks með ýmsar tækninýjungar, þar á meðal farartæki, til að knésetja óþokkana.

BÍLAR 2


# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ


## ALLT HITT

[ BÍLAR FERÐIR HEILSA TÍSKA ]

**Jólapakki** Icelandair gildir á alla áfangastaði flugfélagsins nema Orlando og Salzburg. Frekari upplýsingar um tilboðið er hægt að finna á www.icelandair.is.




**Brimborg** kynnir tvo nýja bíla til sögunnar. Volvo S40 2.0 SE sem er silfurgrár, beinskiptur með 17" álfelgum. Hinn bíllinn er Volvo XC70 2.5 Turbo AWD og kemur með flottum aukahlutapakka, Frekari upplýsingar um bílana er hægt að finna á www.brimborg.is eða á sölustað þeirra á Bíldshöfða 6 til 8.

**Lýðheilsustöð** Íslands hefur komið af stað keppni fyrir reyklaust ungt fólk á aldrinum 15 til 20 ára. Vinningurinn er ekki af verri endanum en það er Evrópuferð að andvirði 50 þúsund krónur. Þátttakendum er skipt í tvo hópa, annars vegar eru reyklausir og hins vegar þeir sem reykja en vilja hætta. Hægt er að skrá sig á vefsíðunni www.lydheilsustod.is.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 18. nóvember, 322. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.05 | 13.13 | 16.20 |
| Akureyri | 10.06 | 12.58 | 15.48 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**

Auglýsingasími Allt
**550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á vísir.is




Svavar Halldórsson keypti sér sjö manna jeppa þegar yngsti sonurinn fæddist og sér ekki eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sungið hástöfum á vegum landsins

***Svavar Halldórsson þáttastjórnandi hefur staðið í ströngu við undirbúning þáttarins Pólitíkin á Stöð 2 sem fór í loftið nú nýlega. Heima við þarf Svavar á sömu skipulagshæfileikum að halda enda börnin orðin fjögur og nú dugar ekkert minna en sjö sæta jeppi.***

Fjölskyldan hafði lengi átt fimm sæta Mitsubishi Galant, árgerð 1990. En þegar yngsti sonurinn fæddist fyrir tæpu ári varð fjölskyldan að fá sér stærri bíl til að koma fyrir öllum börnum og buru.

„Ég festi kaup á Isuzu Trooper þegar sonurinn kom í heiminn og mér þyki ægilega gaman að vera kominn á jeppa," segir Svavar brosandi. Síðastliðið sumar lagðist fjölskyldan í ferðalög um Ísland, þar sem jeppinn var reyndur utanbæjar í fyrsta sinn. „Við ferðuðumst um allt land í mánuð, sváfum í tjaldi og og nutum lífsins," segir Svavar. Dæturnar þrjár sem eru 7, 8 og 9 ára og eiginkona Svavars, Þóra Arnórsdóttir fréttakona, eru með eindæmum söngelskar og því var sungið hástöfum á vegum landsins í sumar. „Mér þykir óskaplega gaman að syngja líka, en því miður held ég ekki lagi," segir Svavar sem segir með ólíkindum hvað dæturnar og konan þó umbera þessa sérstöku tóntegund sem Svavar syngur í.

Þátturinn Pólitíkin tekur fyrir eitt málefni á viku þar sem þrír stjórnmálamenn skiptast á skoðunum. Svavar var sjálfur að ljúka meistaragráðu í opinberri stjórnsýslu auk þess að hafa langa reynslu úr fjölmiðlaheiminum. „Þetta þáttaform hefur aldrei verið reynt á Íslandi og fyrir mér er þetta algjört draumastarf," segir Svavar. Þátturinn Pólitíkin er á dagskrá Stöðvar 2 kl.12.25 á laugardögum.

*rh@frettabladid.is*

## Bestu bílamyndirnar

TÍMARITIÐ HOT ROD STENDUR NÚ FYRIR VALI Á BESTU BÍLAMYNDUM ALLRA TÍMA. HÆGT ER AÐ KJÓSA Á NETINU.

Valið stendur á milli 40 mynda sem tímaritið hefur valið sem bestu bílamyndirnar frá árunum 1950 til 2001. Myndirnar eiga það sameiginlegt að hafa allar verið sýndar fyrst í kvikmyndahúsum og nú fáanlegar á DVD.

Margar þessara mynda eru þekktar, til dæmis Blues Brothers, American Graffiti, Le Mans og The French Connection. Aðrar eru minna þekktar, og mörgum alveg ókunnar, en þær fjalla flestar um bandaríska bíla sem ekið er af mönnum í kúrekaskyrtum sem spæna upp dekkin á malbikinu.

Hægt er að fara á www.hotrod.com og velja uppáhaldsmyndina sína í fjórum flokkum eftir tímabilum og verða svo fjórar bestu myndirnar útnefndar. *- tg*



Fáar myndir státa af stærri árekstrum en The Blues Brothers frá árinu 1980.




**Lásaúðinn** er kærkominn vinur á vetrardögum þegar læsingar frjósa fastar. Munið þó að lítið þýðir að geyma úðann inni í bílnum, heldur eiga eitt stykki heima og annað í skrifborðsskúffunni.




SMS
Bílasprautun og réttingar
- Réttum og málum allar tegundir bíla
- Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
- Fljót og góð þjónusta
- Útvegum bílaleigubíla
- Yfir 20 ára reynsla

CABAS tjónamat

Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is
Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta · HONDA þjónusta · NISSAN þjónusta






Vonir eru bundnar við að Daniel Craig muni í hlutverki Bonds ná að endurheimta hörku Connerys, sem margir telja að hafi dvínað í túlkun síðari tíma leikara.

# Órjúfanlegur hluti af njósnara hennar hátignar

***James Bond er mættur aftur til leiks í kvikmyndinni Casino Royale, útbúinn ýmsum tækninýjungum, þar á meðal farartækjum, til að knésetja óþokkana.***

Aston Martin DB5 er líklega þekktasta gerð Aston Martin, ekki síst vegna heimsfrægðarinnar sem þessi tiltekna bíltegund hefur öðlast í gegnum kvikmyndir um njósnara hennar hátignar, James Bond, eða 007.

Hefur Bond sést þeysa um á ólíkum gerðum Aston Martin með reglulegu millibili frá því að þriðja kvikmyndin um hann, Goldfinger, leit dagsins ljós árið 1964, en fram að því ók hann um á Bentley Mark IV. Er sú hugmynd runnin undan rifjum skapara Bonds, Ian Flemming, sem tilgreinir jafnframt hve mikla ánægju almennt viðhald á bifreiðinni veiti njósnaranum þegar hann eltist ekki við skúrka eða kvenfólk.

Bentleyinn sem Flemming lýsir er jafnfram langt frá því að vera jafn tæknivæddur og Aston Martin kvikmyndanna. Í fyrstu tveimur Bond-myndunum, Dr. No (1962) og From Russia With Love (1963) er tækjabúnaður Bonds reyndar almennt af heldur skornum skammti, en framleiðendur myndanna sáu sér ekki annan kost vænan en að bæta úr því í Goldfinger þar sem andstæðingarnir verða viðsjárverðari með hverri mynd.



Hér sést leikarinn og sjarmörinn Sean Connery, hinn upprunalegi Bond, stilla sér upp við hlið Aston Martin DB5, upprunalega Bond-bílsins.



Aston Martin DBR9 þykir glæsilegur á að líta, en bíllinn í myndinni er af takmörkuðu útgáfunni DBS sem hefur svipaða eiginleika. Þess má geta að allra hörðustu Bond-aðdáendur geta skoðað nýja og glæsilega Aston Martin hjá Bílasölunni Höfðahöllinni, Kletthálsi 2.



Aston Martin þykir vera hluti af ímynd Bonds, alveg eins og hristur martini og beretta með 0,22 hlaupvídd.



Viðbúið er að innan um hitastillingu, gírstöng og útvarpstæki bílsins leynist takkar til að gangsetja eldvörpur, tundurskeyti og sjálfvirkar vélbyssur.

Bond þarf einfaldlega á tækjunum að halda til að ná settum markmiðum, enda býr hann ekki yfir ofurmannlegum kröftum líkt og Hulk, Wolverine eða Köngulóarmaðurinn. Aston Martin hefur oftar en ekki komið að góðum notum í baráttunni við glæpi og hafa ófáir misindismenn mætt skapadómi sínum fyrir tilstilli þessarar ofurbifreiðar, hvort sem þeir hafa fengið á sig tundurskeyti úr henni, orðið fyrir skothríð eða verið skotið upp í háloftin úr farþegasætinu.

Þótt farartæki Bonds skipti tugum, allt frá kafbátum sem líkjast ísjökum upp í litlar þotur sem leggjast saman og taka á sig hestsmynd, er Aston Martin líklegast sá þekktasti, tengdur ímynd Bonds jafn órjúfanlegum böndum og beretta með 0,22 hlaupvídd eða hristur martini (athugið, ekki hrærður!).

Það skal því engan undra þótt Aston Martin verði á sínum stað í nýjustu myndinni um Bond, Casino Royale (2006), en notkun bílsins er ef til vill liður í tilraun til að endurvekja gullaldarskeið Bonds þegar Sean Connery túlkaði persónuna af hörku. Spennandi verður að sjá hvort leikarinn Daniel Craig taki sig jafn vel út í ökusætinu á hinum nýja Aston Martin DBR9 og Connery gerði í sínum DB5.

*roald@frettabladid.is*




Porsche 911 Carrera S var ofurlögreglubíll síðasta árs.

# Ekki reyna að stinga þessa af!

***Þjóðverjar eru fremstir meðal jafningja þegar kemur að því að breyta bílum og gera þá kraftmeiri. Yfirvöld njóta góðs af þessu.***



Brabus Mercedes-Benz CLS V12 S Rocket lögreglubíllinn nær líklegast öllu sem hann eltir.

Á síðasta ári fór af stað herferð í Þýskalandi til að koma í veg fyrir ólöglegar og illa framkvæmdar breytingar á bílum. Þetta var gert bæði til að koma í veg fyrir slys af völdum slælegra vinnubragða og til að styrkja grundvöll rótgróinna og löglegra breytingafyrirtækja.

Til að kynna herferðina og benda á hvað er hægt að gera með löglegum hætti létu yfirvöld búa til ofur-lögreglubíl. Í fyrra var það Porsche 911 Carrera S sem frumsýndur var á bílasýningunni í Essen. Í ár er það Mercedes-Benz CLS V12 S Rocket frá Brabus, en Brabus á einmitt heiðurinn að hraðskreiðasta sedan í heimi (sem líka er CLS).

CLS V12 S Rocket er 730 hestöfl með tvöfaldri túrbínu og á hann að komast á yfir 362 km hraða. Ef þú sérð einn slíkan í baksýnisspeglinum og hann blikkar þig þá skaltu gleyma því. Þú ert ekki að fara að stinga hann af. *- tg*

# Lexus selst illa í Japan

***Lexus er lúxusbílamerki Toyota og því jafn japanskt og hara-kiri. Samt selst bíllinn illa í Japan.***



Lexus IS var valinn bíll ársins 2007 á Íslandi. Hann virðist ekki fara vel í Japanana.

Sölutölur sýna að Japanar vilja enn sem komið er heldur evrópska lúxusbíla eins og BMW og Benz. Reyndar kom Lexus ekki á heimamarkað fyrr en á síðasta ári en sölutölur hafa verið langt undir væntingum.

Söluspár Lexus gerðu ráð fyrir 50.000 til 60.000 seldum bílum á síðasta ári, sem verður að teljast mikil bjartsýni þar sem BMW seldi einungis 38.400 bíla síðustu 10 mánuði. Raunin varð 25.000 bílar á 14 mánuðum og þurfa Lexusmenn því að hugsa sinn gang. *- tg*



BMW 1-línan verður með rafgeyma frá Banner.

## Banner í BMW

BMW HEFUR GERT SAMNING VIÐ BANNER ÞESS EFNIS AÐ RAFGEYMAR ÞEIRRA VERÐI STAÐALBÚNAÐUR Í 1- OG 3-LÍNUM BMW.

Áætlað er að Banner afhendi 30.000 rafgeyma til BMW á árinu 2006. Rafgeymarnir eru af gerðinni „al-calcium“ ræsirafgeymum með aflið/rýmdina 70 Ah.

„Við erum mjög stolt af þeirri staðreynd að BMW skuli hafa valið Banner rafgeyma sem staðalbúnað. Ekki síst vegna þess að BMW hefur á sér orð meðal bílaframleiðenda í Evrópu fyrir gæðaímynd,“ sagði aðstoðarforstjóri Banner, Thomas Bawart, við undirritun samninga. Umboðsaðili Banner á Íslandi er Bílanaust. *- tg*




Sýnum LMC og FENDT hjólhýsin árgerð 2007.

Opið virka daga frá 9-18

VÍKUR VERK

Víkurverk Tangarhöfða 1
Sími 557 7720 www.víkurverk.is



HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM



Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum

Jafnvægisstillingar

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

PRENTSMIÐ






B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

**Sólarvörn** er ekki síður mikilvæg að vetri til en á sumrin. Sólin getur nefnilega líka skinið á skíðagarpa og jöklafara og þarf þá sterka sólarvörn í andlitið til að forðast sólbruna.





Annað af tveimur gistihúsum sem tilheyra Hala í Suðursveit.




Sigurður Bogi kann að lýsa leiðinni milli Selfoss og Reykjavíkur á bæði harmrænan og rómantískan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hátíðarkvöldverður og huggulegheit

***Á slóðum Þórbergsseturs eru tvö einbýlishús í boði fyrir þá sem vilja gista á Hala í Suðursveit.***

Gistihúsin tvö sem tilheyra Hala rúma samtals 26-28 manns og eru bæði með góðri eldunaraðstöðu og setustofu. Þar er hægt að dvelja yfir helgi eða í lengri tíma og á það við um hópa, fjölskyldur, fræðimenn eða skólahópa. Á vegum Þórbergsseturs er hægt að panta sérstaka dagskrá sem hentar hverjum og einum hóp, stórum eða smáum. Sem dæmi má nefna gönguferð að kvöldlagi og stjörnuskoðun, upplestur úr verkum Þórbergs eða efni úr Suðursveit. Einnig vettvangsferðir úti í náttúrunni og ratleiki auk þess sem áhugafólk um fiskeldi og ála getur kynnst slíku á Hala. Hátíðarkvöldverð er hægt að fá í Þórbergssetri með fyrirvara og þar sem jarðhiti hefur fundist á svæðinu er fremur frumstæður heitur pottur í grennd við gistihúsin þar sem gott er að dorma.

Frekari upplýsingar gefur Þorbjörg Arnórsdóttir í síma 867 2900 og einnig er fróðleikur um Þórbergssetur á vefnum thorbergur.is.



Góð eldunaraðstaða er til staðar.

# Hlýtt á þjóðsönginn á Drottningarbarmi

***Þó að Sigurður Bogi Sævarsson blaðamaður hafi farið oftar milli Reykjavíkur og Selfoss en tölu verður á komið finnur hann þar endalaust eitthvað nýtt að sjá og nema.***

Sigurður Bogi nefnir fyrst að veðrátta, birta, árstíð og farartæki skapi stöðugt ný sjónarhorn á gamalkunnri leið og bætir svo við: „Með ofurlítilli þekkingu á sögu, mönnum og málefnum fær ferðalagið líka nýjar víddir. Þannig erum við strax við Rauðavatn komin inn í ævintýraheim bókmennta. Þarna eru heimkynni Valda koppasala og hans nóta sem Einar Kárason hefur gert ódauðlega í bókum sínum. Nokkru ofar er Gunnarshólmi, herragarður sem ber sama nafn og magnaðasta ljóð íslenskrar tungu. Ofan við Lögbergsbrekku blasir við Vífilfell, fjallið sem kókfabrikkan er nefnd eftir og efst á Sandskeiði er Litla kaffistofan, þar sem Stefán vert selur stærstu kleinur á Íslandi og veitir gestum góðan beina.“

Sigurður Bogi bendir á að kaffistofan standi undir Draugahlíð. „Þar týndi skáfrændi minn eigin flutningabíl í svartabyl endur fyrir löngu,“ segir hann draugalega og er svo í huganum kominn upp í Svínahraun eftir „undarlegasta vegi á Íslandi þar sem skiptast á tvær akreinar í aðra áttina og hjólreiðabraut í hina!“ eins og hann orðar það og getur þess að veginum um hraunið sleppi við minnismerki um organista sem um aldur fram hvarf fyrir ætternisstapann. Sigurður Bogi rifjar líka upp sleðaferðir sem hann fór með foreldrum sínum barn að aldri að Kolviðarhóli þar sem nú er verið að reisa orkuver. „Hellisheiðin sem áður mátti kalla öræfi í alfaraleið er nú leikvöllur verkfræðinga sem hafa hana rúnum rist með gufupípum, rafmagnslínum og öðrum apparötum sem ég kann engin skil á,“ segir hann í ljúfsárum saknaðartón.

Á Kambabrún er kappinn kominn á Drottningarbarm, bílaplan sem búið var til svo Margrét Þórhildur gæti virt fyrir sér Suðurlandssléttuna þegar hún kom hingað til lands í opinbera heimsókn fyrir um 30 árum. „Sjálfur dokaði ég við á drottningarslóðum á bjartri Jónsmessunótt endur fyrir löngu og hlustaði á þjóðsönginn leikinn í útvarpinu um leið og ég horfði yfir breiðar byggðir í ævintýrabirtu blíðsumars,“ rifjar hann upp rómantískur og endar söguna á svipuðum nótum. „Þá kveiktu útvarpssöngurinn og útsýnið með mér slíkan anda þjóðarstolts og gleði yfir lífinu að ekki er örgrannt um að grípa hafi þurft til vasaklúts, líkt og veikgeðja fólk gerir, sé endir í bíómynd harmrænni en hjarta þess býður.“

*gun@frettabladid.is*

Ertu að fara á skíði?



GARMIN
LEIÐSÖGUTÆKI TIL LEIGU
Leigðu GPS leiðsögutæki í bílinn, fáðu kennslu á það hér heima og taktu það með þér til útlanda. Handhægt og mjög einfalt í notkun.

PIPAR • SÍA • 60771

Bókaðu bílaleigubílinn strax á avis.is

**Bílaleigubíll í Þýskalandi**
Vika fyrir flokk I Opel Vectra station eða sambærilegan bíl á 333 evrur. Innifalið í verði: Ótakmarkaður akstur, kaskó- og þjófatrygging, flugvallargjald og skattar.

AVIS®
We try harder.®

Knarrarvogi 2 / Sími 591 4000 / avis.is

Við leggjum okkur fram.

# Nýtt viðskiptafarrými

***British Airways hefur tekið í notkun nýtt og endurhannað viðskiptafarrými sem notað er á löngum flugleiðum.***

Á nýja viðskiptafarrýminu hjá British Airways eru meiri þægindi en áður. Sætin eru um fjórðung breiðari og þau er hægt að fella alveg niður svo úr verði rúm. Jafnframt verður tekið í notkun nýtt og fullkomið afþreyingarkerfi á viðskiptafarrýminu. Farþegar fá líka sér rafmagnsinnstungu, tíu tommu sjónvarpsskjá, aðgang að sér eldhúsi þar sem má fá sér snarl á milli flugvélamála.



Mikið væri ferðalífið yndislegt ef öll almenn farrými væru eins og nýja viðskiptafarrýmið hjá British Airways.

Farþegar fá einnig afhenta snyrtitösku frá Anya Hindmarch og náttföt auk þess sem allir farþegar í flugvélunum fá inniskó.

## Gengið um fjallahéruð Alicante

EXPRESSFERÐIR BJÓÐA UPP Á SKEMMTILEGA GÖNGUFERÐ Í FJALLAHÉRUÐUM ALICANTE Á SPÁNI.

Dagana 28. febrúar til 7. mars ætla Expressferðir að halda til Alicante á Spáni með fríðan hóp af göngugörpum. Markmið ferðarinnar er að bjóða fólki upp á aðra möguleika en að liggja á strönd eða stunda skíði á þessum árstíma. Meðalhiti á Alicante í byrjun mars er um 20 gráður og á því svæði sem gengið er um er einstök náttúrufegurð og merkar minjar frá tímum Mára og Rómverja. Ferðin er vissulega fróðleg og öðruvísi og umfram allt heilsusamleg. Gist verður á einkar hlýlegum hótelum í tveimur litlum og mjög notalegum þorpum, Castel de Castelles og Benimaurell. Nesti er útbúið dag hvern fyrir göngugarpana og gengið er í um fimm til sex tíma daglega. Á kvöldin er svo borinn fram ekta spænskur kvöldverður.

Nánari upplýsingar má fá hjá Expressferðum.

*- jóa*



**Fótleggir** þínir virðast mun lengri ef sokkabuxurnar eru í stíl við skóna og pilsið. Sért þú í munstruðu pilsi ættir þú að finna þér sokkabuxur sem passa við grunnlitinn.





Svart leður er sígilt.

Minkaslá er bæði flott og hlý.

Eigulegur loðfeldur úr minkaskinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# *Loðkragar og feldir fyrir kalda daga*

***Verslunin Drangey í Smáralind er komin með nýja leðurfata- og loðfeldadeild.***

Drangey er ein rótgrónasta verslun landsins með vandaðar leðurvörur á borð við veski og hanska. Heimilisgjafavörur fengu þar inni um tíma en hafa vikið fyrir yfirhöfnum úr leðri og loðskinni og verið settar í fóstur í Egginu.

María Maríusdóttir verslunarstjóri bendir á fulla þörf á loðfeldunum í þeim kulda sem hér ríkir þessa dagana. Eingöngu er um ekta skinn að ræða. Í leðrinu er mest um lambskinn sem er það mýksta og þægilegasta í fatnað. Geitaskinn finnst líka í nokkrum flíkum, það er sterkara en lambskinnið og svo fást herraleðurjakkar úr buffalóskinni sem er enn sterkara.

María kveðst fá fatnaðinn frá Danmörku og Frakklandi og undantekningalaust frá framleiðendunum sjálfum, milliliðalaust. „Og þetta eru virtir framleiðendur,“ tekur hún fram að lokum.

*- gun*



Svartur og glansandi.

Loðkragar eru heitir í dag.



Fáguð hönnun og frábært skjól sameinast í þessari flík.


Vönduð herrajakkaföt



Paul Smith - Matinique - Tiger of Sweden - Bruunz Bazaar

Kultur menn

Kringlunni s.512 1799



*Rýmingarsala*

*20 til 40% afsláttur*



*Demantar - hringir lokkar - men*

GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
úrsmíðameistari
Álfabakka 16
sími 587 4100
MJÓDDINNI



allt tilboð

Alla föstudaga





STÚLKUR & STÆLGÆJAR
BARNAFATAVERSLUN
Jólafötin komin!
Falleg föt á flotta krakka
1 mán til 9 ára
STÚLKUR & STÆLGÆJAR - HVERAFOLD 1-3
112 REYKJAVÍK - S: 566-5010

Hlýjar peysur
í Marimekko

marimekko®
Laugaveg 56 • Sími 551 7600

KOLAPORTIÐ
Góð leið til fjáröflunar

OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17






Svartir kjólar hafa lengi þótt mikil prýði. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Sætur og svolítið 60's svartur kjóll með hvítum saumum og slaufu. Fæst í Whistles, Kringlunni.

Mini-kjóll frá Sand í Kringlunni. Er úr mjúku og teygjanlegu efni og myndi ganga vel við bæði gallabuxur og gollu eða háa hæla og fallegar sokkabuxur.

# *Litli svarti kjóllinn sem fullkomnar fataskápinn*

***Hvort sem er hversdags eða spari, litli svarti kjóllinn á alltaf við.***

Það var árið 1920 sem Coco Chanel setti litla svarta kjólinn á markað. Kjóllinn var ermalaus, úr slitsterku efni og lét lítið á sjá. Hann var þannig hannaður að hver kona gat notið sín í honum, hvernig sem hún var vaxin og afleiðingin var sú að þessir kjólar seldust upp. Síðan þá hefur litli svarti kjóllinn verið jafnsígildur og t.d. gallabuxur eða leðurhanskar. Hann hentar jafn vel við hversdagsleg tilefni og spari, þá við háa hæla og viðeigandi skart. Flest allar tískuvöruverslanir eiga lítinn svartan kjól á herðatré, hvort sem hann er með eða án erma, síður eða stuttur, úr silki, ull eða bómull. Enda er hann alveg ómissandi, allan ársins hring. *mh@frettabladid.is*



Silkikjóll með fallegu munstri. Minnir aðeins á árabilið 1940-1955 og fæst í Noa Noa, Kringlunni.

Einn flottur úr Kiss í Kringlunni sem nýta má við nánast hvaða tilefni sem er.

Fallegur stuttur kjóll sem minnir á Charleston tímann. Er með slafu sem bæði má hnýta að aftan eða á hlið. Fæst í Oasis.



Leikkonan Audrey Hepburn árið 1961 í nettum, stuttum svörtum kjól frá Hubert de Givenchy. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES




Nýtt krem frá Clinique sem vinnur á móti öldrun, nærir húðina og styrkir og stinnir andlit og háls.

# Nýtt næturkrem frá Clinique

*Inniheldur endurbættar formúlur.*

Nú er komið á markaðinn nýtt næturkrem frá Clinique. Kremið heitir Repairwear lift firming night cream og er því ætlað að vinna á móti öldrun, næra húðina og styrkja og stinna andlit og háls. Í kreminu er ný formúla, Retinol Peptide sem gefur náttúrulegri kollagen-framleiðslu húðarinnar skilaboð um að viðhalda þéttleika og stinnleika. Að auki er efni í kreminu sem heitir Polymers, en það gerir það að verkum að yfirborð húðarinnar virðist stinnara. Kremið fæst í öllum betri snyrtivöruverslunum og snyrtivörudeildum.


Sock Shop breytir um nafn og verður Cobra

Hlýjar sokkabuxur fyrir veturinn

cobra

Sokkabúðin Kringlunni erum á 1. hæð við blómatorgið

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ

NTC 30 ára

Afmæli í galleri laugavegi

NÝTT KORTATÍMABIL

200 Frí Bílastæði í nýja Bílahúsinu

20%

- Afsláttur af vinsælustu vörumerkjunum

OPIÐ TIL KL.18:00


















galleri sautján 20% afsláttur af öllum **Diesel** vörum

eva 20% afsláttur af öllum **Bruunz Bazaar** dömuvörum

CENTRUM 20% afsláttur af öllum **Imperial/Please og Bruunz Bazaar**

gs skór 20% afsláttur af öllum **Billi Bi** stígvélum og skóm

Dagskrá á Laugavegi 91 í dag milli kl.14 og 18:

Málverkasýning - Lifandi jazztónlist - Léttar veitingar

CENTRUM gs skór eva galleri sautján galleri laugavegi

Laugavegi 91

Einstakt tækifæri til þess að eignast kínverska listmuni beint frá framleiðendum

MIKIÐ ÚRVAL AF EINSTÖKUM GJAFAVÖRUM

Myndir, lampar, vasar, skálar, úti- eða inniblómapottar...





LÚXUSGJAFIR OG SÖFNUNARVÖRUR - GÓÐ FJÁRFESTING

Full búð af nýjum vörum.

JÓLA TILBOÐ

Gallery Kína

Ármúla 42

sími 895 8966

Opið alla daga frá kl. 10-18

**Blóðbankinn** þarf nú á blóðgjöfum að halda og eru landsmenn hvattir til að líta við og gefa blóð.




Reglur gilda um þau heilbrigðisvottorð sem dvalarleyfisumsækjendur þurfa að leggja fram hér á landi.

# Heilbrigðisvottorð útlendinga

***Í nýju tölublaði Farsóttarfrétta sem komið er út á vef Landlæknisembættisins er fjallað um heilbrigðisvottorð útlendinga vegna smitsjúkdóma.***

Heilbrigðisvottorð sem umsækjendur um dvalarleyfi þurfa að leggja fram hér á landi eru annars vegar vegna kröfu opinberra aðila og hins vegar vegna kröfu vinnuveitenda þegar sótt er um atvinnuleyfi vegna sérstakra aðstæðna á vinnustað.

Opinberar kröfur um slík heilbrigðisvottorð eru gerðar í samræmi við reglugerð um útlendinga og í lögum um atvinnuréttindi útlendinga, fyrst og fremst í því augnamiði að tryggja að sá sem hyggur á búsetu hér á landi, hvort sem það er tímabundið eða til langframa, sé ekki haldinn smitsjúkdómi sem ógnað getur almannaheill.

Í Farsóttarfréttum eru tilgreindir þrír hópar sem útlendingar sem koma til landsins flokkast undir.

1. Ferðamenn sem hafa heimild til að vera hér á landi í allt að þrjá mánuði. Undir venjulegum kringumstæðum eru engar kröfur gerðar um að þeir framvísi heilbrigðisvottorði enda tíminn sem þeir dvelja hér á landi það stuttur að líkurnar eru litlar á því að þeir ógn heilsu manna.
2. Fólk sem kemur hingað til náms eða tímabundinna starfa (lengur en í þrjá mánuði en skemur en tvö ár) þarf að framvísa heilbrigðisvottorði.
3. Í þriðja hópnum eru þeir sem sækja um dvalarleyfi með framtíðarbúsetu hér á landi í huga. Þá er mikilvægt að horfa til alvarlegra smitsjúkdóma sem ekki eru mikið smitandi, ekki síður en þeirra sem eru bráðsmitandi. Ástæðan fyrir þessu er að eftir því sem á tímann líður sem dvalist er í landinu aukast líkurnar á smitun til annarra í landinu.

Þeir smitsjúkdómar sem sérstök ástæða er til að fylgjast með um þessar mundir hjá fólki sem flyst til landsins er HIV-smit, lifrarbólga B og berklar.

Sjá nánar á www.landlaeknir.is.

# Flottur six-pakk dugar ekki

***Þriðjudaginn 21. nóvember flytur Haraldur Magnússon fyrirlestur í Íþróttakademíunni, Menntavegi 1 í Reykjanesbæ, undir yfirskriftinni „Kviðæfingar, hvað er eiginlega málið?“***

„Á þriðjudag ætla ég að fjalla um kviðvöðvana, með áherslu á djúpa kviðkerfið, eitt mikilvægasta kerfi líkamans sem alltof fáir æfa,“ segir Haraldur, sem er osteópati að mennt eða hrygg- og liðskekkjufræðingur eins og það útleggst á íslensku og líkja mætti við sambröndu af hnykkjara og sjúkranuddara.

Að sögn Haraldar er í kviðnum fjöldi vöðva. Djúpa kviðkerfið er innst þeirra og kallast á íslensku þverlægur kviðvöðvi. „Rannsóknir sýna sífellt betur fram á mikilvægi þessa vöðva, þar sem hann tengist sjálfstætt við hvern hryggjalið og heldur þar af leiðandi stöðugleika á mjóbakinu,“ útskýrir Haraldur. „Almenn endurhæfing á mjóbaki gengur nú almennt út á að virkja og styrkja þennan vöðva vegna þess mikilvæga hlutverks sem hann gegnir.“

Haraldur segir algengt að vöðvinn rýrni vegna þess hversu illa nýttur hann er í nútímasamfélagi, meðal annars vegna mikillar kyrrsetu. Með réttum æfingum megi bæta úr því.

Í fyrirlestrinum fer Haraldur einnig út í algengar villur og misskilning hvað kviðæfingar varðar. „Ég læt nokkur heilræði fylgja með, til dæmis mikilvægi þess að æfa mismunandi kviðvöðva eftir dögum, alveg eins og aðra vöðva. Alltof margir falla nefnilega ofan í þá gryfju að níðast á sömu kviðvöðvunum dag eftir dag.“

Haraldur bætir við að sumar kviðæfingar geti beinlínis valdið bakmeiðslum, til að mynda æfingar sem byggjast upp á mjaðmabeygjum, sem dæmi uppsetur og fótalyftur, og enn er verið að kenna á líkamsræktarstöðvum.

„Við Íslendingar erum að mörgu leyti svolítið eftir á í þessu máli, miðað við aðrar þjóðir,“ útskýrir Haraldur. „Sjúkraþjálfarar hafa lengi vel lagt áherslu á þjálfun djúpa kviðkerfisins, á meðan einkaþjálfarar þjálfa frekar „six-pakkinn“ eða yfirborðskerfið. Einkaþjálfarar erlendis hafa hins vegar tekið sjúkraþjálfara sér til fyrirmyndar í þessum efnum. Úti er þróunin því sú að æfa hvorutveggja svo allt virki sem skyldi.“

Haraldur flytur fyrirlesturinn í Íþróttaakademíunni þriðjudaginn 21. nóvember eins og áður sagði og stendur hann frá kl. 20:00-21:00. Nánari upplýsingar á www.akademian.is. *roald@frettabladid.is*



Haraldur segir að bakmeiðsli, sem hljótast í ræktinni, megi í mörgum tilfellum rekja til vitlausrar líkamsbeitingar, þar á meðal mjaðmabeygja til að styrkja kviðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VIHELM

# Súkkulaði hollt

***Sælgætisgrísir hafa ærna ástæðu til að gleðjast þar sem súkkulaðiát er talið draga úr hættu á hjartaáfalli.***

Nýleg rannsókn við John Hopkins háskóla á tengslum aspiríns og hjartasjúkdóma leiddi óvænt í ljós að súkkulaði virðist draga úr hættu á hjartaáfalli.

Til stóð að rannsaka hvaða áhrif aspirín hefði á þátttakendur, sem voru beðnir um að hreyfa sig reglulega og halda sig við hollt mataræði fyrir skoðun og þar með sleppa reykingum, neyslu áfengis, koffíns og súkkulaðis.

Þátttakendurnir, sem komu úr röðum fjölskyldna með arfgenga hjartasjúkdóma, voru 1.200 talsins og þar af 139 súkkulaðifíklar. Áttu súkkulaðifíklarnir í mestu erfiðleikum með að fara eftir mataræðinu, jafn vel þótt þeir hafi ekki þurft að hemja sig í nema einn til tvo sólarhringa fyrir skoðun.

Þátttakendur sem stóðust ekki freistinguna og tróðu súkkulaði í sig voru útlokaðir úr eiginlegri rannsókn, en blóð þeirra engu að síður rannsakað. Kom þá í ljós að blóð þeirra hljóp nokkuð hægar í kekki heldur en þeirra sem höfðu farið að settum reglum, en vitað er að blóðkekkir geta valdið hjartaáfalli.



Allt er þó best í hófi.

Ekki er þar með sagt að mönnum sé holt að neyta súkkulaðis í tíma og ótíma, því enn er verið að skoða meint tengsl á milli súkkulaðineyslu og hjartasjúkdóma. Aukinheldur skiptir máli hvers konar súkkulaðis er neytt, en talið er að dökkt súkkulaði sé hollara en ljóst, sem inniheldur meira af fitu og sykri. *- rve*

## viðurkenning }

### Lýðheilsustöð fær viðurkenningu WHO

ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF

Verkefni Lýðheilsustöðvar, Allt hefur áhrif – einkum við sjálf hefur fengið viðurkenningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar - WHO Counteracting Obesity Award – fyrir lýðheilsustarf sem styður við aðgerðir sveitarfélaga til að efla lýðheilsu með bættri næringu og aukinni hreyfingu sem eru liðir í að sporna gegn vaxandi offitu þjóðarinnar. Verkefnið var valið úr 202 umsóknum frá 35 löndum, en 14 önnur verkefni fengu viðurkenningu á fundinum.

Verðlaunaafhendingin fór fram í Istanbúl í Tyrklandi 16. nóvember á ráðherrafundi Evrópudeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, um viðbrögð við offituvandanum. Verkefnið Allt hefur áhrif – einkum við sjálf er þverfaglegt verkefni innan Lýðheilsustöðvar og koma því margir starfsmenn stöðvarinnar að því.



Verkefnið sem hlaut viðurkenningu er þverfaglegt innan Lýðheilsustöðvar.


LJÓSHEIMAR
Brautarholti 8, 2.h.t.v. - Verslun
Opið í dag 11-16
KYNNING verður á HITA SKÓM sem eru GÓÐIR við fótkulda, þreytu, lið- og gigtverkjum
Verið velkomin
Ljósheimar s. 551 0148

# Eggjalaus súkkulaðikaka

SUM BÖRN ERU MEÐ EGGJAOFNÆMI OG GETA ÞVÍ EKKI BORÐAÐ HVAÐA KÖKUR SEM ER, TIL DÆMIS Í AFMÆLISVEISLUM. HÉR ER UPPSKRIFT AÐ EINNI EGGJALAUSRI KÖKU SEM ER UPPLAGT AÐ BAKA Í SLÍKUM TILFELLUM.

2 bollar hveiti
1 1/3 bolli sykur
1 tsk. natron
2 msk. kakó
1/4 bolli smjör
1 1/3 mjólk
Allt hrært smástund
Bakað í 25 mínútur við 175 gráður.

**KREM**
25 g smjör brætt
200 g flórsykur
2 tsk. kakó
2 msk. heitt vatn

Hrært vel og smurt á kökuna þegar hún hefur kólnað. Skreytt með flórsykri og jarðarberjum.



Kökuna getur svo hver og einn skreytt að vild.

# Leirhlutir varasamir

***Umhverfisstofnun hefur gefið út bækling með nýjum reglum sem snerta matvæli og er það 14. upplýsinga- og staðreyndarit Umhverfisstofnunar.***

Glerungur á leirhlutum getur innihaldið blý og kadmíum og er því eitt meginmarkmið reglugerðarinnar að kveða á um flæðimörk og leyfilegt hámarksmagn þessara þungmálma í vörunum. Í bæklingnum er meðal annars sagt frá því að vísbendingar eru um að leirhlutir sem eru ríkulega litskreyttir geti gefið frá sér mikið magn af blýi, kadmíum og öðrum þungmálmum. Er því ráðlagt að aldrei skuli nota leirvörur undir matvæli og drykki nema fullvíst sé að þær séu ætlaðar undir matvæli. Sjá frekar á www.ust.is.



Í nýútkomnum bæklingi frá Umhverfisstofnun segir að aldrei eigi að nota leirvörur undir matvæli sem ekki séu sérstaklega ætlaðar til slíkra nota.



Það hefur löngum verið vitað að góð hreyfing stuðlar að bættri heilsu en nú er álitið að hún geti komið í veg fyrir eða dregið úr frjókornaofnæmi.

# Minna ofnæmi með hreyfingu

***Samkvæmt nýlegri rannsókn virðist regluleg hreyfing barna draga úr líkum á því að þau fái frjókornaofnæmi.***

Þetta er niðurstaða þýskra vísindamanna sem fylgdust með 1.700 börnum í tólf ár. Börn sem hreyfðu sig lítið í upphafi rannsóknar voru 50 sinnum líklegri til að fá frjókornaofnæmi en jafnaldrar þeirra sem voru duglegri við að hreyfa sig.

Vísindamenn segja engar líkur á að frjókornaofnæmið sjálft hafi komið í veg fyrir að börnin hreyfðu sig í upphafi, enda hafi verið fylgst með þeim á löngu tímabili og öll tilfelli frjókornaofnæmis vandlega skráð niður. Einnig var útlokað að tilteknir umhverfisþættir, eins og reykingar foreldra, gætu haft áhrif á niðurstöðuna.

Eldri rannsóknir hafa sýnt að hófleg hreyfing hefur jákvæð áhrif á ónæmiskerfið. Tengsl virðast því vera á milli hreyfingar og heilbrigðis, þótt ekki hafi sýnt hver þau nákvæmlega eru.

Ef niðurstaðan reynist rétt ætti hún að verða foreldrum og öðrum uppalendum hvatning til að láta börn og unglinga hreyfa sig reglulega.

*- rve*

allt
heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



StelpurKonur
Staðurinn - Ræktin

25% jólaafsláttur af 4 mánaða kortum í opna kerfinu

Innritun hafin!
Eftirtalin 5 vikna námskeið hefjast 27. nóvember:

- TT 3 og 4 Taktu þér tak!
  Lokuð 5 vikna átaksnámskeið 3 x í viku fyrir stelpur16-20 og 21-30 ára
- Rope Yoga
  Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi
  Lokuð 5 vikna námskeið 2 x í viku
- 60 +
  Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
  Lokuð 5 vikna námskeið 2 x í viku

Glæsilegur nýr tækjasalur!

Vertu velkomin í okkar hóp!

Við bjóðum fjölbreytta tíma í sal, margvísleg námskeið, tækjasal og leiðsögn

Opna kerfið - Þinn tími er kominn!
1. Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki
2. Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikaþjálfun
3. Pallatími, samsett spor, mikil brennsla
4. Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur
5. Liðleikaþjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur
6. Yoga
7. Bræðingur, líkamsrækt með dansívafi, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð.
8. Sprengitími, 30 mínútna hádegispúl
9. Stöðvaþjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar

Barnagæsla - Leikland JSB

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

# TOPPBÍLAR


Toyota Avensis S/D SOL. Árgerð 2005, ekinn 15 þ.km. Bensín . Sjálfskiptur. Verð 2300.000. Rnr.230143.


Toyota Corolla 1,4 VVTI. Árgerð 2003, ekinn 25 þ.km. Bensín. 5 gírar. Verð 1350.000. Rnr.123929.


Toyota Land Cruiser 100 VX Leður OG TEMS. Árgerð 2000, ekinn 178 þ.km. Dísel. Sjálfskiptur. Verð 3700.000. Rnr.240337.


Toyota Tundra SR5 (35") árgerð 2000, ekinn 112 þ.km. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 2.090.000. Rnr.201274.


Volvo XC90 T6 AWD árgerð 2004, ekinn 140 þ.km. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 4790.000. Rnr.182345.


Toyota LandCruiser 120 GX árgerð 2005, ekinn 19 þ.km. Dísel. Sjálfskiptur. Verð 5.190.000. Rnr.123619.


Toyota Avensis S/D Executive. Árgerð 2005, ekinn 25 þ.km. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 3500.000. Rnr.210172.


Toyota Corolla 1,4 VVTI. Árgerð 2005, ekinn 41 þ.km. Bensín. 5 gírar. Verð 1590.000. Rnr.115917.


Toyota RAv4 langur 2WD. Árgerð 2002, ekinn 60 þ.km. Bensín. 5 gírar. Verð 1490.000. Rnr.240091.


Toyota Hilux double cab SR árgerð 2005, ekinn 28 þ.km. Dísel. 5 gírar. Verð 2.450.000. Rnr.240276.


VW Passat Comfort line/skutbíll árgerð 1999, ekinn 128 þ.km. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 790.000. Rnr.210170.


Toyota Yaris Terra árgerð 2006, ekinn 8 þ.km. Dísel. Sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Tilboð 1.800.000. Rnr.240367.


Toyota Avensis S/D executive. Árgerð 2006, ekinn 5 þ.km. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 3190.000. Rnr.220294.


Toyota Corolla 1,4 VVTI H/B. Árgerð 2004, ekinn 34 þ.km. Bensín. 5 gírar. Verð 1490.000. Rnr.210325.


Toyota Rav4 langur 4WD. Árgerð 2000, ekinn 110 þ.km. Bensín. 5 gírar. Verð 1290.000. Rnr.115318.


MMC Pajero DID árgerð 2002, ekinn 115 þ.km. Dísel. Sjálfskiptur. Verð 3.090.000. Rnr.230124.


VW Passat Comfort line/skutbíll árgerð 2000, ekinn 129 þ.km. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 870.000. Rnr.995591.


M.Benz M ML350. Árgerð 2004, ekinn 44 þ.km. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 4190.000. Rnr.115343.


Toyota Avensis S/D SOL. Árgerð 2004, ekinn 53 þ.km. Bensín . Sjálfskiptur. Verð 2100.000. Rnr.210211.


Toyota Corolla 1,6 VVTI SPORT. Árgerð 2005, ekinn 14 þ.km. Bensín. 5 gírar. Verð 1790.000. Rnr.182744.


Toyota Rav langur 4WD árgerð 2000, ekinn 109 þ.km. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.115518.


Toyota Yaris Sol árgerð 2000, ekinn 109 þ.km. Bensín. 5 gírar. Verð 690.000. Rnr.240300.


VW Toureg árgerð 2006, ekinn 13 þ.km. Dísel. Sjálfskiptur. Verð 6.890.000. Rnr.230100.


Toyota Hilux D/C DX. Árgerð 1995, ekinn 200 þ.km. Dísel. 5 gírar. Upphækkaður fyrir 38" en er á 35" dekkjum. Verð 990.000. Rnr.995668.


Toyota Avensis S/D SOL. Árgerð 2004, ekinn 47 þ.km. Bensín . 5 gírar. Verð 1990.000. Rnr.240293.


Toyota Corolla W/G SOL. Árgerð 2005, ekinn 32 þ.km. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 1890.000. Rnr.210091.


Toyota Rav4 langur 4WD árgerð 2002, ekinn 90 þ.km. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 1.650.000. Rnr.123914.


Toyota Yaris Terra árgerð 2003, ekinn 80 þ.km. Bensín. 5 gírar. Verð 890.000. Rnr.995605.


BMW 3 árgerð 2002, ekinn 171 þ.km. Dísel. Sjálfskiptur. Verð 2.190.000. Tilboð 1.790.000. Rnr.240146.


Toyota Previa 7 manna. Árgerð 2002, ekinn 59 þ.km. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 1990.000. Rnr.123931.


Toyota Avensis Wagon SOL. Árgerð 2004, ekinn 38 þ.km. Bensín. 5 gírar. Verð 2090.000. Rnr.240229.


Toyota Hiace. Árgerð 2003, ekinn 61 þ.km. Dísel. Sjálfskiptur. Verð 1990.000. Rnr.210146.


Toyota Rav4 langur 4WD árgerð 2005, ekinn 20 þ.km. Bensín. 5 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.250000.


Toyota Yaris Terra árgerð 2005, ekinn 61 þ.km. Bensín. 5 gírar. Verð 1.080.000. Rnr.115921.


Lexus GS300 EXE, 18", sóllúga, árgerð 2006, ekinn 8 þ.km. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 5.800.000. Rnr.115817.


Volvo V70 AWD XC 4X4 20V nýtt LAGOO. Árgerð 2002, ekinn 75 þ.km. Bensín. Sjálfskiptur. Verð 3190.000. Rnr.115890.

TM BÍLALÁN

TOPPBÍLAR bílasala

Klettháls 2 – 110 Reykjavík Sími 587 2000
Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 12-16 •Sunnudaga lokað





## NÝR FJÖLMIÐILL

*Davíð Sigurðarson framkvæmdastjóri nýs fréttablaðs fyrir Austfirðinga* SJÁ BLS. 4

## DEKURHÚS FYRIR VEIÐIMENN

*Breiðsdalsá vinsælli með hverju árinu* SJÁ BLS. 2



[ SÉRBLAÐ UM AUSTURLAND – LAUGARDAGUR 18. NÓVEMBER 2006 ]

# Austurland



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## EFNISYFIRLIT




UNGUR FYRIRLIÐI
*16 ára blakdrottning* BLS. 2

SKÓLI FYRIR HÖRKUTÓL
*Lilja Kristín Jónsdóttir formaður NME* BLS. 4





HÚSSTJÓRNARSKÓLINN
*Námið líka fyrir stráka* BLS. 6

LISTIN AÐ LIFA
*Afmælissýning Leikfélags Fljótdalshéraðs* BLS. 6

NÝTT SAFNAHÚS
*Kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík fær nýtt hlutverk* BLS. 8

GLEÐI Á MYRKUM DÖGUM
*Upplyfting í skammdeginu* BLS. 10





Við viljum að þú náir árangri

"Við vitum að með réttum tækjum og tólum eiga viðskiptavinir okkar meiri möguleika að ná árangri í sinni starfsemi. Okkar markmið er að aðstoða þá til góðra verka enda vitum við að velgengni okkar byggist á velgengni viðskiptavinanna."

Guðríður Ólafsdóttir
Yfirmaður fyrirtækjasviðs

LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

Hinrik Pétursson | www.mmedia.is/hip

# 16 ára blakfyrirliði

Kristín Salín Þórhallsdóttir er fyrirliði kvennaliðs Þróttar í Neskaupstað í blaki. Kristín Salín er fædd árið 1990 og er þar með í hópi yngstu fyrirliða landsins í meistaraflokki.

„Þetta var nú eiginlega sameiginleg ákvörðun liðsins á æfingu í haust. Fyrirliðinn frá því í fyrra hætti fyrir þetta tímabil og einhver þurfti að leysa hana af. Mitt nafn var nefnt og ég ákvað að slá til," segir Kristín Salín Þórhallsdóttir, 16 ára fyrirliði kvennaliðs Þróttar í Neskaupstað í blaki, þegar hún er spurð hvernig það kom til að hún var gerð að fyrirliða fyrir tímabilið í ár.

Það er ekki á hverjum degi sem yngsti leikmaður liðs í hópíþrótt fær þess nafnbót, hvað þá þegar viðkomandi er aðeins 16 ára gamall, en sú er þó raunin í tilviki Kristínar. „Sú sem er best í liðinu er líka þjálfarinn svo það gekk eiginlega ekki að hafa hana sem fyrirliða. Þær sem eru eldri og reyndari leikmenn en ég eru einfaldlega svo nýjar í liðinu að það gekk eiginlega ekki að þær yrðu fyrirliðar. Ég var því ein af örfáum sem komu til greina," segir Kristín hógværðin uppmáluð, en hún hefur áður verið fyrirliði unglingalandsliðs Íslands í blaki. Hún segist ekki finna mikinn mun á því að vera fyrirliði og óbreyttur leikmaður. „Nei, það er helst að þegar einhver rífur kjaft þá kallar dómarinn á mig og segir mér að róa stelpurnar niður. Sem er svolítið nýtt fyrir mér," segir Kristín og hlær. „En þetta er mjög gaman. Ég fæ líka mikla hjálp frá eldri leikmönnum liðsins sem er ómetanlegt."

Kristín er Norðfirðingur í húð og hár, fæddist í Neskaupstað og hefur búið þar stærstan hluta ævi sinnar. Hún hefur æft blak frá því henni gafst fyrst tækifæri til þess en hún fékk bakteríuna af frænku sinni sem var þjálfari á sínum tíma. „Ég mætti með henni á alla leiki og flestar æfingar og kolféll fyrir íþróttinni. Blakið á einstaklega vel við mig og ég held hreinlega að ég geti stundað það allan daginn," segir Kristín sem verður þó að láta sér nægja að æfa fjórum til fimm sinnum í viku með Þrótti Neskaupstað. *- vig*



Kristín Salín er í hópi yngstu fyrirliða í meistaraflokki hópíþrótta á Íslandi í dag. Hér sést hún taka á móti boltanum í leik með liði sínu Þrótti í Neskaupstað.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON



Stelpurnar í Egilsbúð vissu ekki hvert þær ætluðu þegar Jónsi reif sig úr skyrtunni í anda Freddie Mercury. Eins og sjá má lifði Jónsi sig af öllum mætti í hlutverkið.

FRÉTTABLAÐIÐ / ÞÓRFRÍÐUR SOFFÍA ÞÓRARINSDÓTTIR

# Rokkveisla ársins

Fullt var út úr dyrum í Egilsbúð þegar Rokkveislan fór þar fram fyrir skemmstu. Í ár var sýningin tileinkuð hljómsveitinni Queen.

Síðustu 18 ár hefur BRJÁN, félagasamtök tónlistarunnenda á Austurlandi, staðið fyrir rokktónleikum á svæðinu, eða svokallaðri Rokkveislu eins og heimamenn vilja kalla fyrirbærið. Á þessum átján árum hafa margvísleg og fjölbreytt þemu verið tekin fyrir en í ár var slegið upp tónleikum þar sem tónlist hljómsveitarinnar Queen var í hávegum höfð. Hljómsveitin var skipuð sveitungum að austan og voru Jónsi úr Í svörtum fötum og Hreimur úr Landi og sonum fengnir austur sem gestasöngvarar. Skemmst er frá því að segja að sýningin sló í gegn og var fullt út úr dyrum á öllum fjórum sýningunum sem haldnar voru í Egilsbúð.

„Hér var allt troðfullt og gríðarleg stemning," segir Sverrir Ágústsson, framkvæmdastjóri Egilsbúðar og einn af þeim sem stóðu fyrir uppsetningu Queen-veislunnar. Tæplega þúsund manns sóttu sýninguna þegar hún var sýnd og vakti Jónsi mikla lukku meðal kvenna í salnum, sérstaklega þegar hann reif sig úr að ofan í anda Freddie Mercury heitins. „Það fylgir þessu," segir Sverrir og hlær.

Jafnvel stendur til að halda eina sýningu á höfuðborgarsvæðinu, en hefð hefur myndast fyrir því síðustu ár. „Þær sýningar hafa alltaf verið vel sóttar í höfuðborginni, sérstaklega af brottfluttum Austfirðingum og Norðfirðingum," segir Sverrir en ítrekar að ekkert hafi verið ákveðið í þeim efnum enn sem komið er. *- vig*



Eins og sjá má eru innviði veiðihússins ekki af verri gerðinni. Öll þægindi eru til staðar í húsinu, bæði í alrýminu sem hér sést og einnig herbergjunum átta. Á kvöldin er afar vinsælt að setjast niður fyrir framan arininn sem sést vinstra megin á myndinni.

# Fyrsta flokks veiðihús við betrumbætta stangveiðiá

Breiðdalsá hefur stimplað sig rækilega inn hjá veiðimönnum undanfarin sumur í kjölfar stórbættrar aðstöðu og vaxandi veiði í ánni.

„Ég fullyrði að þetta sé glæsilegasta veiðhús á Austurlandi og þótt víðar væri leitað," segir Þröstur Elliðason, fiskeldisfræðingur og forstöðumaður veiðisvæðisins við Breiðdalsá, en svæðið nýtur sívaxandi vinsælda meðal stangveiðimanna landsins. Gríðarleg uppbygging hefur verið á svæðinu síðustu ár og má segja að gjörbylting hafi orðið með tilkomu veiðihússins sem Þröstur talar um, en það var tekið í notkun sumarið 2003.

„Aðstaðan er náttúrlega frábær en einnig hefur mikil uppbygging átt sér stað í ánni sjálfri með seiðasleppingum. Laxinn hefur verið í stöðugri sókn en svo leggjum við einnig mikla áherslu á silunga, bleikjur og urriða," útskýrir Þröstur. Í sumar veiddust 937 laxar í Breiðdalsá, en það kemur ánni í 14. sæti yfir bestu laxveiðiár landsins. Sumarið í ár var metsumar en veiðin í ánni hefur margfaldast eftir að mikið ræktunarátak fyrir nokkrum árum. Til marks um aukninguna síðustu ár má nefna að sumarið 2003 voru „aðeins" 204 laxar veiddir en að sögn Þrastar er markmiðið fyrir næsta sumar að ná yfir þúsund löxum. „Það ætti að vera hægt ef skilyrði til sjávar eru eðlileg en auðvitað stjórnum við ekki náttúrunni."

**UM VEIÐIHÚSIÐ:**
Veiðihúsið stendur á bökkum Breiðdalsár í landi Eyja og er óhætt að segja að þar sé að finna eina glæsilegustu gistiaðstöðu landsins. Í húsinu eru átta tveggja manna herbergi, hvert með sér baðherbergi, gervihnattasjónvarpi og internettengingu. Einnig er í húsinu stórglæsileg svíta fyrir þá sem virkilega kunna að vera góðir við sjálfa sig. Í húsinu er gufubað og þaðan er útgengt í heitan pott. Borðstofa og setustofa með konunglegum aðbúnaði þar sem glæsilegur arinn er áberandi ásamt uppstoppuðum fuglum og fiskum á veggjum. Þá er stór verönd í kringum húsið með grilli og góðri aðstöðu til útiborðhalds. Ekki má gleyma stórkostlega útsýninu úr húsinu sem nær yfir ómótstæðilegan fjallahring Breiðdalsins. *- vig*

**LAXVEIÐI Í BREIÐDALSÁ SÍÐUSTU 10 ÁR:**

| Ár | Fjöldi laxa |
|---|---|
| 1997 | 63 |
| 1998 | 85 |
| 1999 | 128 |
| 2000 | 171 |
| 2001 | 233 |
| 2002 | 325 |
| 2003 | 204 |
| 2004 | 707 |
| 2005 | 830 |
| 2006 | 937 |



Veiðihúsið við Breiðdalsá á Austurlandi er staðsett á besta stað í Breiðdalnum og þykir útsýnið engu líkt.


STÓRSÝNING ATVINNUTÆKJA
Í tilefni þess að eitt ár er liðið frá því að Vélaver flutti í nýtt húsnæði að Krókhálsi 16 verður stórsýning á því nýjasta í atvinnutækjum á Íslandi.
Sýningin er opin kl.10-15 n.k. laugardag, 18. nóvember
Í salnum verða allt að 40 tæki til sýnis, breið lína af JCB vinnuvélum, Iveco Trakker verktakatrukkurinn, Nýi Daily 7 manna vinnuflokkabíllinn, Still lyftara og ýmsir aukahlutir ásamt rekstrarvörum frá okkar helstu birgjum. Einnig verður til sýnis nýtt þjónustuverkstæði okkar.
JCB
IVECO
WEIDEMANN
STILL
VMP24
VÉLAVER HF
Krókhálsi 16 • Reykjavík
sími 588 2600 • www.velaver.is





Lilja segir vægðarlausa busavígslu Menntaskólans á Egilsstöðum einfaldlega hluta af menningu og hefð. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON



Ávallt er líf og fjör hjá krökkunum í Menntaskólanum á Egilsstöðum og þá sérstaklega þegar tekið er á móti nýjum nemendum. MYND ESTHER GUNNARSDÓTTIR

# Stoltur skóli hörkutóla

Nemendafélag Menntaskólans á Egilsstöðum reynir að hafa skipulega viðburði í hverri viku og gengur það oftast eftir, að sögn formanns nemendafélagsins.

„Ég held að ég geti fullyrt að það er alltaf eitthvað að gerast hjá okkur. Hér er ávallt líf og fjör,“ segir Lilja Kristín Jónsdóttir, formaður nemendafélags Menntaskólans á Egilsstöðum. Í skólanum eru nú tæplega 300 nemendur og nýtir um þriðjungur þess fjölda sér heimavistina í skólanum. Lilja Kristín segir að heimavist fylgi ávallt mikil stemning.

„Það er rosalega gaman í ME, þó ég segi sjálf frá,“ segir Lilja en nokkur vakning hefur átt sér stað í félagslífi skólans á síðustu misserum. „Við erum farin að leggja meiri áherslu á að taka þátt í þessum föstu viðburðum meðal framhaldsskóla í landinu og til að mynda erum við nýbyrjuð að keppa í Morfís. Þar erum við að fara að mæta FB og er undirbúningur í fullum gangi. Við ætlum að vinna þann slag,“ segir Lilja hvergi bangin. Að auki er undirbúningur fyrir árshátíð skólans á lokastigum en hún verður haldin 24. nóvember á Brúarási í Jökuldal. „Það er mikið af böllum þessa dagana og síðasta föstudag var til að mynda hið árlega óvissuball,“ segir Lilja en þá er nemendum hent upp í rútu og þeir keyrðir út í óvissuna. „Þetta ball er skipulagt af litlum kjarna innan nemendafélagsins svo það eru mjög fáir sem vita hvert farið er og hver hljómsveitin er. Þetta ball skapar alltaf mikla stemningu þar sem fólk þreytist ekki á að giska á hvert farið verður,“ útskýrir Lilja.

Menntaskólinn á Egilsstöðum vekur ávallt athygli á hverju hausti þegar busarnir eru vígðir inn í framhaldsskóla landsins. Þar þykir óvenju mikilli hörku beitt þar sem mysa, fiskikör og ýmislegt fleira í þeim dúr kemur við sögu. Lilja segir þetta einfaldlega vera part af menningu og hefð skólans. „Já, við erum hörð en við erum stolt af því.“

*- vig*



Menntaskólinn á Egilsstöðum er þekktur fyrir vægðarlausa busun. „Partur af menningu og hefð skólans,“ segir formaður nemendafélagsins! MYND ESTHER GUNNARSDÓTTIR

# Austfirðingar vilja fréttir úr heimahögunum

Sagt er að fréttir gerist allstaðar í heiminum og eru Austfirðir þar ekki undanskildir. Nýlega kom út nýtt fréttablað fyrir Austanmenn sem ber heitið Austurlandið. Blaðið er borið til Austfirðinga í öllum landshlutum og er aðgengilegt öllum á netinu, líka þá sem búa erlendis.

Davíð Sigurðarson er 23 ára gamall og er framkvæmdastjóri Austurlandsins, nýs fréttablaðs á Austfjörðum. “Ég fluttist frá Egilsstöðum til Reykjavíkur fyrir þremur árum,” segir Davíð og bætir við að þó svo hann búi ekki lengur fyrir austan vilji hann samt sem áður fylgjast með fréttum frá heimahögunum. “Þannig byrjaði þetta. Ég var sjálfur að reyna að fylgjast með því sem var að gerast fyrir austan en upplýsingarnar voru af skornum skammti. Í raun hafa Austfirðingar um heim allan átt erfitt með að fylgjast með fréttum að heiman. Þannig mér datt í hug að búa til fréttavef sem ég svo opnaði þremur vikum seinna. Vefsíðan fékk rosalega góð viðbrögð þegar hún fór í loftið í enda apríl. Við fengum um tvö þúsund heimsóknir á dag og í kjölfarið á því fór boltinn að rúlla. Í byrjun október gáfum við svo út fyrsta tölublað Austurlandsins sem var dreift um alla Austfirðina.”



Davíð Sigurðarson fékk leið á því að fá ekki fréttir úr heimahögum Austfjarðanna og hóf því að skrifa þær sjálfur, fyrir sjálfan sig og Austfirðinga um heim allan. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




Austurlandið er heiti á nýju fréttablaði sem dreift er til Austfirðinga um allt land.

Davíð segir Austurlandið vera góða viðbót við fjölmiðlamarkaðinn á Austurlandi og telur blaðið hafa komið af stað góðri samkeppni þeirra á milli. “Samkeppnin er að taka á sig góða mynd og kúnnarnir eru mjög ánægðir með þetta.” Fimmta tölublað Austurlandsins kom út núna fyrir helgi. Davíð segir dreifinguna hafa gengið vel fyrir sig þó veðrið eigi til að setja strik í reikninginn. Til dæmis veðurtepptist dreifingin fyrir síðustu viku á Kirkjubæjaklaustri þó blöðin hafi komist í hús um leið og veðrinu slotaði. Blaðið er að jafnaði um tólf síður, kemur út hvern fimmtudag og er að auki sett á vefinn í pdf formi. “Síðan hafa margir Austfirðingar búsettir annarsstaðar á landinu beðið um að fá sent eintak heim til sín og við reynum alltaf að verða við því.”

Starfsmenn Austurlandsins teygja anga sína víða, tveir eru staðsettir á Egilsstöðum, einn á Vopnafirði auk þess sem blaðið er með tengiliði út um allt Austurland. “Sigmar Vilhjálmsson úr Idolinu hefur til dæmis verið pistlahöfundur hjá okkur og stefnir í að Helgi Seljan verði einnig með pistla en báðir eru þeir að austan,” segir Davíð. “Og við hvetjum fólk til að hafa samband við okkur, hvort sem það eru hugmyndir að umfjöllunum, fréttaskot eða annað. Við viljum bara að fólk nýti sér þessa auknu samkeppni sem er orðin meðal fjölmiðla á Austurlandi. Við erum opnir fyrir öllum hugmyndum.”

Þeir sem vilja kynna sér nýja miðilinn enn frekar geta skoðað heimasíðu blaðsins, www.austurlandid.is. Þar má finna upplýsingar um starfsfólk blaðsins og tengiliðanúmer lumi einhver á æsispennandi austfirsku skúbbi.

*- jóa*

# Álver fyrir iðnaðarmenn



## Iðnaðarmannadagur Alcoa Fjarðaáls laugardaginn 25. nóvember

**Atvinnutækifæri, námstækifæri, þjónustusamningar**
Laugardaginn 25. nóvember opnum við dyrnar fyrir iðnaðarmönnum og iðnnemum. Við förum í skoðunarferð um álverið og kynnum starfsemina í framtíðinni. Á kynningarfundi verður fjallað sérstaklega um atvinnu- og námstækifæri iðnaðarmanna hjá Alcoa Fjarðaáli og þjónustusamninga sem fyrirtækið mun gera við verktaka.

**Skoðunarferð um álverið kl. 12:30**
Kl. 12:30 verður lagt af stað í skoðunarferðina frá bílastæðinu við álverslóðina. Þar sem gera þarf ráð fyrir öryggisbúnaði eru þátttakendur vinsamlegast beðnir um að skrá sig í skoðunarferðina á alcoa@alcoa.is eða í síma 470 7900.

**Kynningarfundur kl. 14:00**
Kl. 14:00 byrjum við kynningarfund í Veislumiðstöðinni (Barbeque Center) í starfsmannaþorpinu á Haga við Reyðarfjörð. Við fáum góða gesti í heimsókn til okkar, ræðum málin saman og njótum léttra veitinga. Formlegri dagskrá lýkur um kl. 16:00.

**Rútuferðir**
Við bjóðum upp á rútuferðir frá **Akureyri, Húsavík, Höfn, Norðfirði, Eskifirði, Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Egilsstöðum og Reyðarfirði.** Hægt er að skrá sig í rútuferð og fá nánari upplýsingar í síma 470 7900 og á alcoa.is.

Í álveri Alcoa Fjarðaáls verður meðal annars afkastamesta rafveita á landinu, 336 tölvustýrð rafgreiningarker, háþróaður lofthreinsibúnaður, fullkomin álvírasteypa, atvinnuslökkvilið og 250 farartæki af öllum stærðum og gerðum.



Kerskálakrani

## Rafvirkjar (8 störf) og vélvirkjar (9 störf)

Við leitum að faglærðum rafvirkjum og vélvirkjum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátæknivæddu álveri Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina. Unnið er í teymum samkvæmt stöðluðum verkferlum og ýtrustu öryggiskröfum. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf 1. janúar 2007 eða síðar.**

capacent RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störfin á **capacent.is** (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á **www.alcoa.is** og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is)** og **Helgu S. Guðmundsdóttur (helga.snaedal-@capacent.is)** hjá Capacent í síma 540 1000.



www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

# Námið á einnig vel við strákana

Handverks- og Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað er nýtt nafn gamla Hússtjórnarskólans. Að sögn skólameistara er alltaf jafn mikil ásókn í skólann.



Þráinn Lárusson skólameistari segir að Handverks- og Hússtjórnarskólinn nái alltaf að taka á móti þeim 24 nemendum sem pláss er fyrir á hverri önn. Þó séu stelpur alltaf í nokkrum meirihluta í þeim hópi. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON

Alls eru 24 nemendur teknir inn í Handverks- og Hússtjórnarskólann á hverri önn, en námið samanstendur af 31 einingu í hinum ýmsu fögum sem oft eru metin sem valfög í öðrum framhaldsskólum landsins. Að sögn Þráins Lárussonar, skólameistara á Hallormsstað, er að finna fólk á öllum aldri við nám í skólanum.

„Elsti nemandinn sem hefur verið hér var 38 ára en algengasti aldurinn er frá 16 til 17 ára og allt upp í 25 ára," segir Þráinn. Í sumar var tekin sú ákvörðun að breyta nafni skólans og var þá orðinu handverk bætt ofan á það sem áður var, það er Hússtjórnarskólinn. Nú heitir skólinn Handverks- og Hússtjórnarskólinn og eru bundnar vonir við að skólinn höfði meira til karla í kjölfarið.

„Það hallar náttúrulega alltaf á strákana," segir Þráinn og glottir þegar hann er spurður um kynjahlutfallið í skólanum. „En því fer fjarri að hér séu aðeins kennd fög sem hafa verið heimfærð á kvenþjóðina. Við kennum fög á borð við myndlist og handmennt sem á mjög vel við karla," útskýrir Þráinn.

Handverks- og Hússtjórnarskólinn er á framhaldsskólastigi og segir Þráinn að nemendur komi hvaðanæva af landinu. „Segja má að tvær forsendur séu fyrir komu nemenda til okkar. Annars vegar er þetta ungt fólk sem vill fá mikla og góða fagkennslu á þeim sviðum sem við erum að kenna, svo sem matreiðslu, textílfræðum, fatahönnun og annarri handavinnu. Hins vegar er stór hluti nemenda fólk sem hefur, einhverja hluta vegna, lent undir í hinu almenna skólakerfi. Þetta eru oft á tíðum krakkar sem reynast algjörir snillingar þegar þeir gefa sig í námið," segir Þráinn en ítrekar jafnframt að skólinn sé ekki einhver geymslustaður fyrir vandræðaunglinga. „Hér er aðeins fólk á eigin forsendum. Það er enginn sendur hingað og hér þarf að hafa mikið fyrir náminu."

Þráinn bætir við að það sé ekki síst hinn félagslegi þáttur sem felst í því að vera á Hallormsstað sem nemendur læra svo mikið af. „Hér eru þeir í heimavist og þurfa að læra að umgangast samnemendur sem hafa annan bakgrunn og eru með aðrar skoðanir á hlutunum. Þetta er lítið samfélag sem við erum með hérna sem mjög þroskandi er að taka þátt í."

Sjá nánari upplýsingar um Handverks- og Hússtjórnarskólann á heimsíðu skólans, www.hushall.is. *- vig*








Leikhúslífið blómstrar á Austfjörðum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Frumsýnt í tilefni 40 ára afmælis

Listin að lifa sýnd á Iðavöllum.

Leikverkið Listin að lifa var frumsýnt á Iðavöllum um síðustu helgi en um er að ræða verk sem var sérstaklega samið í tilefni af 40 ára afmæli Leikfélags Fljótsdalshéraðs. Fyrirhugað er að verkið verði sýnt alls sex sinnum á tveggja vikna tímabili og fer lokasýningin fram á sunnudaginn eftir viku.

Leikstjóri verksins er Oddur Bjarni Þorkelsson, en hann er orðinn Héraðsbúum að góðu kunnur fyrir uppsetningar á undanförnum árum og er skemmst að geta uppsetningu hans á Sex í sveit, sem sló gegn hjá leikfélaginu á síðasta leikári. Höfundur Listarinnar að lifa er Sigríður Lára Sigurjónsdóttir en helstu hlutverk eru í höndum Eyglóar Daníelsdóttur, Oddnýjar Ólafíu Sævarsdóttur og Þráins Sigvaldasonar.

Leikfélag Fljótsdalshéraðs hefur starfað nær óslitið frá árinu 1966 og heldur upp á 40 ára afmæli sitt um þessar mundir. Félagið hefur verið snar þáttur í menningarlífi Austurlands í allan þann tíma og stefnir félagið að fjölbreyttri og öflugri starfsemi á þessu afmælisári.

\- vig

**Sýningar á Listinni að lifa verða sem hér segir:**

Sunnudag 19. nóvember
Föstudag 24. nóvember
Sunnudag 25. nóvember, lokasýning

Allar sýningar hefjast kl. 20.30
Miðapantanir í síma 846 2121 eða á Bókasafni Héraðsbúa







HÜNNEBECK

– þegar mest á reynir

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600

aseta@aseta.is www.aseta.is

# Gleðileg jól um allt Austurland

## Fjölbreytt jóladagskrá verður á Austfjörðum.

Undirbúningur fyrir verkefnið Jól á Austurlandi er nú í fullum gangi en um er að ræða samstarfsverkefni sem nær yfir svæðið frá Bakkafirði til og með Djúpavogi. Jól á Austurlandi var einnig á dagskrá í fyrra og gafst einstaklega vel, að sögn Kötlu Steinsson hjá markaðsstofu Austurlands.

Markmiðið með verkefninu er að auka verslun í byggðum Austurlands og þátttöku í þeim fjölmörgu viðburðum sem skipulagðir verða í kringum verkefnið. Einnig verður stórskemmtilegur jólaleikur haldinn í tengslum við verkefnið sem er í raun stórt og afar fjölbreytt happadrætti sem nokkur fyrirtæki á svæðinu leggja vinninga til.



Austfirðingar taka höndum saman þegar halda skal gleðileg jól. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Páll Baldursson, sveitarstjóri í Breiðdalshreppi, stendur hér við gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík sem hýsa mun margvíslega starfsemi þegar það opnar á ný eftir breytingar, vonandi á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON

# Gamla kaupfélagshúsið verður að safnahúsi

## Eftir áralangar framkvæmdir standa vonir til að gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík verði tekið í notkun á ný á næsta ári, þá sem eins konar safnahús.

Gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík, elsta hús bæjarins, er óðum að taka á sig mynd eftir að hafa gengið í gegnum gagngerar endurbætur á síðustu árum. Að sögn Páls Baldurssonar, sagnfræðings og sveitarstjóra í Breiðdalshreppi, eru vonir bundnar við að hægt verði að opna húsið á ný næsta vor og þá sem eins konar menningartákn bæjarins.

„Segja má að þetta verði nokkurs konar safna- og menningarhús. Fyrirhugað er að fyrsta hæðin verði opið rými þar sem möguleiki er að halda sýningar en á annarri hæðinni er hugmyndin að hafa raunverulegt kaupfélag sem yrði í anda þess sem var áður í húsinu. Í enda hússins, þar sem íbúð kaupfélagsstjóra var áður, er síðan áætlað að sett verði upp minningarstofa um Dr. Stefán Einarsson, sem var fæddur og uppalinn á Breiðdal,“ útskýrir Páll.

Rúmur áratugur er liðinn síðan hópur fólks frá Breiðdal tók sig saman og stofnaði félagið „Gamla kaupfélagið“. Félagið barðist gegn áformum um að rífa kaupfélagshúsið og hafði á endanum sigur í þeirri baráttu. Framkvæmdir á húsinu hafa staðið yfir í fjölda ára en að sögn Páls sér nú loksins fyrir endann á verkefninu. „Búið er að endurbyggja húsið algjörlega og má segja að það sé nánast allt nýtt, gluggar, hurðir, veggir, þak og fleira. Ef allt fer að óskum verður hægt að opna húsið næsta vor.“

- vig

LANDSNET




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / LJÓSMYND BIRT MEÐ LEYFI NASA

LANDSNET ÞAKKAR ÍBÚUM Á AUSTURLANDI

**Landsnet leggur nú síðustu hönd á framkvæmdir við Fljótsdalslínur 3 og 4, breytingar á Kröflulínu 2 og framkvæmdir í aðveitustöðinni í Hryggstekk. Af þessu tilefni vill Landsnet þakka bæði fólki, fyrirtækjum og forsvarsmönnum sveitarfélaga á Austurlandi fyrir ágæta samvinnu og væntir góðs af samstarfinu á komandi árum.**

Landsnet er nýtt fyrirtæki á raforkumarkaði og gegnir lykilhlutverki í markaðsvæðingu raforku. Starfsemi þess snertir hvert byggt ból og Íslendinga alla. Landsnet rekur flutningskerfi raforku, annast kerfisstjórnun og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsnet býður landsmönnum þjónustu þrautreynds og þjálfaðs starfsfólks og ræður yfir fullkomnum tæknibúnaði.

Með breytingum á raforkulögum geta nú allir raforkunotendur, stórir sem smáir, þar með talin heimilin í landinu, ráðið því af hvaða framleiðanda raforkan er keypt.











Höfuðstöðvar Landsnets eru að Krókhálsi 5C, 110 Reykjavík. Síminn er 563 9300. Heimasíða: www.landsnet.is.



1984
Arnarfell ehf Sjafnarnesi 2 603 Akureyri s. 460-7500 www.arnarfell.is arnarfell@arnarfell.is
1985
1986
ARNARFELL ehf
Verktakar
Steypusala
Efnisvinnsla
Jarðgangnagerð
1987
1988
1989
Verktakar
í 20 ár
1990
Vegagerð í Kambanesskriðum
1991
Flutningur brúarboga í Vatnsfelli
Vegagerð
Gerð Hörgárdalsvegar
1992
1993
1994
Svæði Arnarfells ehf á Akureyri
Mölun í Bárðardal
Fnjóskárbrú
1995
1996
1997
Steypt í Reykjadal
Snjóflóðagarðar í Neskaupsstað
1998
1999
2000
2001
2002
2003
Steypt á Akureyri
2004
2005
2006
Jarðgangnagerð
Jarðgangnagerð í Hraunveitum
2007
2008
2009



Steinasafnið hennar Petru endurspeglar stórbrotna íslenska náttúru. FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR



Finna má ógrynni steinategunda á safninu enda hefur Petra safnað steinum frá unga aldri. MYND ÍSAK ÖRN SIGURÐSSON

# Steinasafnið á Stöðvarfirði það stærsta í einkaeign

Eitt stærsta steinasafn í einkaeigu í heiminum er löngu orðið Íslendingum kunnt. Safnið er að finna í húsi og bakgarði Petru Sveinsdóttur á Stöðvarfirði.

Þegar fjallað er um Austurland verður varla hjá því komist að minnast á steinasafn Petru Sveinsdóttur á Stöðvarfirði. Safnið trekkir að fjölda ferðamanna, og reyndar Íslendinga einnig, á hverju ári. Um er að ræða eitt allra stærsta og glæsilegasta steinasafn í einkaeigu í heiminum og er með ólíkindum hversu mikið magn Petra hefur borið til byggða af fágætum steinum. Áhugi hennar á steinum kviknaði á unga aldri og má finna ógrynni tegunda í safninu, auk þess sem hægt er að fá einstaka minjagripi, að sjálfsögðu unna úr steinum.

Í dag er safnið að mestu leyti rekið af börnum Petru, enda hún sjálf orðin 85 ára gömul og dvelur stærstan hluta ársins á hjúkrunarheimili. Að sögn Sveins Jónssonar, sonar Petru, var mikil aðsókn á safnið í sumar og virðist ekkert lát vera á vinsældum þess. „Aðsóknin fylgir ferðamannastraumnum og er mest í júlí og ágúst. Þegar best lét í sumar voru yfir 300 manns að heimsækja safnið á dag," segir Sveinn en um 20 þúsund ferðamenn sækja safnið heim á hverju ári.



Petra Sveinsdóttir hefur safnað steinum frá unga aldri og ber safn hennar merki þess.

Steinasafnið er staðsett í húsi Petru sem hún bjó í allt frá árinu 1946 þar til hún fluttist á hjúkrunarheimili fyrir skemmstu. Sveinn segir þó að hún hafi alltaf sterkar skoðanir á hlutunum. „Sú gamla kíkti daglega við í sumar og stoppaði í dágóða stund. Hún hefur þannig puttana ennþá í þessu og vill að hlutirnir séu framkvæmdir á ákveðinn hátt. Og við krakkarnir hlýðum því auðvitað," segir Sveinn og hlær við.

Þjónustan í safninu minnkar töluvert á veturna en því er þó aldrei lokað. „Það er alveg hægt að fletta okkur upp í símaskránni og við náum oftast að koma til móts við fólk ef það hefur áhuga á að kíkja á safnið." *- vig*




Steinasafn Petru á Stöðvarfirði er eitt það stærsta í heiminum sem er í einkaeigu. Safnið er opið allan ársins hring. MYND/ÍSAK ÖRN SIGURÐSSON

# Gaman að lyfta sér upp í skammdeginu

Nýlega lauk hinni árlegu vetrarhátíð, Myrkir dagar, sem haldin hefur verið hátíðleg á Austurlandi síðustu sjö ár. Dagskráin hefur aldrei verið fjölbreyttari og viðameiri en nú. Fjölmargir taka þátt í að gera hátíðina sem skemmtilegasta og lét yngri kynslóðin ekki sitt eftir liggja.

Dagana 2. til 12. nóvember stóðu yfir hinir svokölluðu Myrku dagar á Austurlandi, sem haldnir hafa verið hátíðlegir síðustu sjö ár en þó aldrei með meiri glæsibrag en í ár. Að sögn Kötlu Steinsson, framkvæmdastjóra Markaðsstofu Austurlands, er markmið hátíðarinnar að auðga blómlegt mannlíf á Austurlandi enn frekar og fá ferðamenn til þess að heimsækja svæðið.

„Dagar myrkurs ganga út á það að lyfta sér upp í skammdeginu og fá fólk til að skemmta sér," segir Katla en í ár var hátíðinni flýtt og hún lengd þannig að hún næði yfir tvær helgar. Skipulögð dagskrá á hátíðinni náði frá Bakkafirði að Djúpavogi og tókst hún einstaklega vel upp. Að sögn Kötlu er það fyrst og fremst fólkið á Austurlandi sem sér um að móta dagskrá hátíðarinnar og er óhætt að fullyrða að hún hafi verið með fjölbreyttasta móti. „Enda er það hugmyndaflug fólksins sem ræður ferðinni," segir Katla.

Sem dæmi um uppákomurnar sem voru á hátíðinni í ár voru kyndlagöngur, bílabíó, myrkraböll, sundlaugaskemmtanir, stuttmyndasýningar auk þess sem ótal fleiri menningartengdir viðburðir voru haldnir. Hvað einstök sveitarfélög varðar má nefna að þreytt var hið svokallaða Faðirvorahlaup á Djúpavogi, haldnir voru hjartanlegir dagar og ástareldur kveiktur á Eskifirði, myrkvaganga í Sænautaseli og á Reyðarfirði var haldin hryllingsmyndasamkeppni.



Þeir Jón Valberg, Ari Björn og Óli Jóhannes, sem eru allir eru tveggja ára og í Leikskólanum Sólvelli á Seyðisfirði, héldu einskonar skuggasýningu í leikskólanum þegar Myrku dagarnir voru haldir hátíðlegir í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON

„Það er ofsalega gaman að sjá hvernig dagskráin hefur þróast með árunum. Sumir atburðir hafa náð að festa sig í sessi en svo koma alltaf nýir viðburðir inn á hverju ári. Og þátttakan hefur verið frábær, enda stækkar hátíðin með hverju árinu sem líður," segir Katla.



Skuggamyndasýning barnanna á leikskólanum Sólvöllum heppnaðist skuggalega vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON

Segja má að daglegt líf á Austurlandi sé undirlagt Myrku dögunum á meðan þeir standa yfir því skólar á svæðinu taka þátt í hátíðinni með því að láta námið tengjast ljósi, skugga, draugum, stjörnum, norðurljósum og öðru tengdu myrkrinu. Sama á við um flesta leikskóla og þá voru ýmsar verslanir og þjónustuaðilar með vörur í anda hátíðarinnar á tilboði. *- vig*




# BARA FALLEGT
# FYRIR JÓLIN

TEKK
COMPANY

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

# Glæsilega hönnuð hús

## *á Egilsstöðum og Reyðarfirði*

ÍAV

Í Votahvammi á Egilsstöðum og Breiðamel á Reyðarfirði eru ÍAV með í byggingu glæsilega hönnuð hús. Lögð er sérstök áhersla á heildarsvip húsa og hverfis með samræmingu í efnisvali og útfærslum. Arkitektar eru Arkís, Hönnun sjá um verkfræðihönnun og RTS um rafmagnshönnun.

Tekið er mið af nútíma þörfum fjölskyldufólks við hönnun. Rými eru stór og björt og lofthæð almennt 2,5 til 3,3 metrar.

Húsin eru klædd álklæðningu og að hluta með harðvið. Gluggar eru álklæddir timburgluggar. Húsin þarfnast því lágmarksviðhalds.

Öll hús verða afhent fullbúin að utan með grófjafnaðri lóð. Að innan er þeim skilað á milli þess að vera fokheld og tilbúin til innréttinga eða fullbúin án gólfefna.






### Einbýlishús

4ra-5 herbergja einbýlishús með bílskúr í stærðunum 172 – 194 m²

**Verð frá 23,5 millj.**

Dæmi um innréttingar og frágang á fullbúnu húsi.

## Votihvammur

Í Votahvammi á Egilsstöðum byggja Íslenskir aðalverktakar nýtt um 110 íbúða hverfi sem er blanda af rað-, par- og einbýlishúsum. Lögð hefur verið áhersla á gott rými milli einstakra húsa þannig að þau njóti eins og hægt er sólar og útsýnis. Á milli einstakra húsaþyrpinga verður sameiginlegt miðsvæði sem nýtist sem leik- og útivistarsvæði fyrir íbúana í kring.

## Breiðimelur

Á Breiðamel á Reyðarfirði byggja ÍAV hverfi með um 100 íbúðum í einbýlis- og raðhúsum.
Við skipulag hverfisins var lögð áhersla á gott rými um húsin og góða stöðu gagnvart sól og útsýni en Breiðimelur er á fallegum stað með einstöku útsýni yfir Reyðarfjörð.



3ja-4ra herbergja raðhús með bílskúrsrétti í stærðunum 96-140 m²

**Verð frá 14,0 millj.**

Gatnahönnun er unnin af verkfræðistofunni VSB auk verkfræðistofu Austurlands á Egilsstöðum og landmótun af landslagsarkitektastofunni Landslag í samvinnu við arkitektastofuna Arkís. ÍAV sér um gatnagerð á svæðinu og skilar hverfinu fullbúnu með leiksvæði, malarbornum göngustígum og opnum svæðum frágengnum.

**Allar upplýsingar í síma 530 4200**

www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf., Miðvangi 1-3, 700 Egilsstaðir, sími 530 4200

**Starfskraftur óskast í veitingasal**
Dagvinna, góð laun fyrir rétta aðila.
Upplýsingar á staðnum, ekki í síma Café Milanó, Faxafeni 11.

PÍTAN

**Pítan Skipholti**
Hresst fólk á Pítunni er að leita að liðsauka í kvöld- og helgarvinnu. Unnið er á reglulegum vöktum í góðu fyrirtæki.
Umsóknir á www.pitan.is

**Kvöldvinna**
Rótgróið og traust markaðsfyrirtæki óskar eftir fólki á aldrinum 20-60+ ára til að safna áskriftum fyrir nýtt og glæsilegt tímarit.
Einnig vantar til starfa einstaklinga til að framkvæma landsafnanir fyrir mörg af stærstu félagssamtökum í landinu.
Vinnutími kl. 18-22 virka daga.
Hæfniskröfur:
Góð íslenskukunnátta (talað mál)
Góð samskiptahæfni
Ath! að ekki er farið fram á reynslu í sölumennsku.
Ahugasamir hringi í síma 699 0005 & 533-4443 milli kl. 10-21 daglega.

**American Style á Bíldshöfða og í Hafnarfirði**
Eru með frábæra starfsmenn og geta bætt nokkrum duglegum, hressum einstaklingum við í kvöld- og helgarvinnu.
Ekki vera feimin við að sækja um á americanstyle.is

ÍTR

**Frístundaheimili**
Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.
Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

**Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?**
Tímaritaútgáfan Birtíngur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í kvöldsölu. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir vaktstjóra í sal. Unnið er á vöktum. Upplýsingar í síma 696 8397 Brynja.

Óskum að ráða leiðbeinendur í vinnu í leikskólann Gullborg við Rekagranda. Upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 562 2455 eða 693 9820.

**SI raflagnir ehf.**
Auglýsa eftir rafvirkjum til starfa sem fyrst. Vinnusvæðið er stór Reykjavíkursvæðið og Suðurnes, mikil vinna framundan. Upplýsingar veita Sigurður í s. 892 9812, Elías í s. 899 8061 & Ólafur í s. 898 8061.

**Málarar.**
Vantar málara eða mann vana málningarvinnu. Uppl. í s. 868 2310

Starfsmaður í merkingar á fatnaði og á lager óskast sem fyrst. Nánari upplýsingar, asgeir@hebron.is eða 840 4521 Hebron Vinnufatnaður

Byggingarfyrirtæki leitar eftir smiðum og mönnum vönum flekauppslætti. Uppl. í s. 856 5555.

Yfirvélstjóra og stýrimann vantar á 140 tonna netabát frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 845 1546.

## Atvinna óskast

Samvisku- og reglus. ungur maður leitar að hlutastarfi. Byrja strax. S. 846 4863.

Handlaginn maður óskar eftir vinnu við smíðar, akstur, sölumensku og. fl. uppl. síma. 6628752 eða vidur@visir.is

Elder German woman is job hunting in Iceland. She is friendly, very reliable and has varied interests, but she can't yet speak icelandic. Give you offer to phone number 844 7420, please.

## Viðskiptatækifæri

Vantar þig Heimasíðu? Hannaðu þína eigin heimasíðu á einni kvöldstund. Einfalt og skemmtilegt kerfi. Lén+hýsing+Vefsíða. Sjáðu video kynninguna. http://www.mypowerworld.com

**Einstakt tækifæri**
Lítil blóma og gjafavöruverslun til sölu í þéttum byggðarkjarna vegna veikinda. Verð á lager aðeins það sem nemur innkaupsverði. Uppl. í s. 588 4020, Sól.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál









**Símaspjall 908 2020**
Ertu einmanna á nóttinni? Hringdu í mig ég vil vera vinkona í þín í heitu símaspjalli. Opið alla sólahringinn. Systa, Birta og Lilja.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Kona óskar eftir að kynnast reglusömum manni 65-70 ára. Áhugamál eru ferðalög, dans, leikhús ofl. Svör sendist FBL. fyrir 27 nóv. merkt „Félagi & vinur".

Yndislegu símadömurnar hjá Rauða Torginu hafa aldrei verið fleiri! Þær eru stundum með opið á daginn, allan daginn! Nína og Fjóla eru virkilega eldheitar! Hringdu í þær, símar eru 908-6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og Visa, Mastercard (ódýrara, kr. 199,90 mín).

Karlmenn- Heitar konur hljóðrita XXX upptökur í einrúmi! Þú heyrir þær í Sögum Rauða Torgsins! Stórkostleg kynf. afþreying! Símar 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9930 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 19,90 mín)

**HÚSEIGN**
*Fasteignamiðlun*

## SOGAVEGUR 22 - EINBÝLI!
## OPIÐ HÚS Í DAG KL. 16-17




Frum

**Stærð í fermetrum: 106**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Tegund eignar: Einbýli**
**Verð 33,9 millj.**

Fallegt og vel skipulagt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt fallegum skjólgarði í suðvestur og sérbílastæði. Um er að ræða einbýlishús þar sem hægt er að fá byggingaleyfi fyrir stækkun á vesturhlið hússins um 37 fm. og eru til teikningar af viðbyggingunni, fordæmi er fyrir slíkri stækkun í götunni. Húsið er allt klætt að utan með standandi álklæðningu. Garðurinn er með nýjum grasþökum og nýjum skjólvegg í suður einnig er nýlega hellulagt.
Neðri hæð: Forstofa, þvottahús, gestasalerni, eldhús og stofa.
Á efri hæðinni eru tvö barnaherbergi og hjónaherbergi. Úr hjónaherbergi eru skv. teikningum svalir sem hefur verið lokað, en auðvelt er að opna upp aftur. Við hlið hjónaherbergis er geymsla. Baðherbergið á efri hæðinni er allt endurnýjað með fallegum steinflísum á gólfi og ljósum mósaíkflísum á veggjum. Falleg sturta öll flísalögð með steinflísum og upphengt klósett. Eignin er mikið endurnýjuð, með nýjum gólfefnum, endurnýjað baðherbergi, nýtt rafmagn dregið inn í hús.
Við hlið hússins er listigarður með leiktækjum, bakarí á horninu og skólar á öllum menntastigum í göngufæri. Stutt er í alla þjónustu. Góð eign í frábæru hverfi.



*Nánari upplýsingar veitir*
*Áslaug Baldursdóttir í 822-9519*

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109 • huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17
*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

**EIGNAMIÐLUN**
Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. 9-18 Föstud. 9-17
Félag Fasteignasala
**Sími 588 90 90**
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

## SÖLUSÝNING AÐ BERJAVÖLLUM 1, HAFNARFIRÐI
**Í dag sýnum við þessar stórglæsilegu íbúðir milli 13oo og 15.oo**



Frum

Óhætt er að segja að hér sé um að ræða frágang í sérflokki. Allar íbúðir eru með sérsmíðuðum innréttingum sem tryggir glæsilegan heildarsvip á íbúðunum, allir skápar ná upp í loft og granít er á vinnuborðum. Hiti er á baðherbergisgólfi og tæki eru af vandaðri gerð. Stórar svalir (14 fm) eru út af stofu Sérhönnuð lýsing er í íbúðunum hönnuð af Helga í Lúmex. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum og er innangengt í það. **Mjög hagstætt** verð 20,2 – 25,8 millj.



**allt**
auglýsingasími
**550 5880**



**HÚSIÐ**
FASTEIGNASALA
*Heilshugar um þinn hag*

Vilhjálmur Bjarnason – lögg. fast.sali
Helgi H. Jónsson – lögg. fast.sali

Frum

**Suðurlandsbraut 50**
**Bláu húsin v/Faxafen**
**husid@husid.is**
**Sími 513 4300**
**www.husid.is**

**Rað- og parhús — Þorláksgeisli - Grafarholti**



Sérlega glæsilegt og vandað 208,9 fm endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum 28,2 fm bílskúr, innarlega í litlu botnlangagötu í Grafarholtinu, rétt hjá golfvellinum.

Innangengt er í bílskúrinn.

Verð. 49m.

**3ja herbergja — Strandasel - Reykjavík**



Mjög rúmgóð og björt, mikið endurnýjuð 93,3 fm endaíbúð á annari hæð í litlu 3ja hæða fjölbýli í þessu barngóða hverfi.

Útgangur á stórar suð -vestur svalir.

Verð 17,9 m.

**Stærri íbúðir og sérhæðir — Digranesvegur - Kóp.**



Mjög rúmgóð og vel skipulögð 6 herb. 130,7 fm aðal sérhæðin í steinsteyptu og steniklæddu þríbýlishúsi ásamt 23,2 fm bílskúr sem er innréttaður sem studióíbúð og er í útleigu. Leigutekjur geta verið um 40.000 kr. Sérgeymsla með glugga, mögulegt að nota sem litið herbergi. Suðurlóð, algjör hitapottur í góðu veðri og mjög skjólgóð. Stutt í Smáralindina og bæði barnaskóla og menntaskóla. Verð 32,4 m.

Höfum mikið úrval nýbygginga á skrá.
**www.husid.is**

## ÍBÚÐ TIL LEIGU

Grafarholt

Stórglæsileg 113 fm. 4ra herb. íbúð á efstu hæð með sérinngangi af svölum og stæði í bílageymslu til leigu. Íbúðinni fylgir ísskápur, uppþvottavél, þvottavél og þurrkari. Einnig er vandaður ljósabúnaður frá Lumex í íbúðinni og arinn í stofu. Þvottah. innan íbúðar. Leiguverð er 150.000.- per mán. auk 3 mánaða tryggingafé. Íbúðin er laus strax.



Nánari upplýsingar:
ibud-leiga@hotmail.com
eða í síma 664-2424.

TILKYNNINGAR

das
HRAFNISTA

## Jólabasar Iðjuþjálfunar verður haldinn **laugardaginn 18. nóv. kl. 13-17 og mánudaginn 20. nóv. kl. 9-15:30.**

Mikið af fallegum handgerðum munum og hægt er að gera góð kaup fyrir jólin.
Endilega mætið og sjáið/ kaupið handavinnu heimilismanna Hrafnistu Reykjavík.

Stjórn Ættingjabandsins sem er félag aðstandenda heimilisfólksins mun selja nýbakaðar vöfflur og kaffi á laugardaginn kl.13:30 til 17 í samkomusalnum Helgafelli C-4.

Jólakveðjur
Starfsfólk Iðjuþjálfunar
Hrafnistu Reykjavík

Frá Menntaskólanum við Hamrahlíð

## Umsóknir um skólavist á vorönn 2007

Tekið verður við umsóknum um skólavist á vorönn 2007 til 1. desember 2006. Umsóknum má skila á skrifstofu skólans eða senda í pósti.

Umsóknareyðublöð og almennar upplýsingar um skólann og viðmiðunarreglur vegna innritunar nýrra nemenda má finna á heimasíðu skólans http://www.mh.is.

Umsóknum skal fylgja afrit af grunnskólaprófsskírteini og upplýsingar um nám á framhaldsskólastigi. Gott er að bréf með nánari upplýsingum fylgi.

Skrifstofan er opin alla virka daga milli kl. 8.30 og 15.30. Sími 595 5200, netfang mh@mh.is.

Rektor.






**Kópavogsbær**

## Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

**Asparhvarf 12. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Asparhvarfs 12. Í tillögunni felst að rífa núverandi hús, og hesthús og byggja í þess stað raðhús á tveimur hæðum með alls 6 íbúðum. Bílageymsla fyrir 6 bíla verður staðsett við norðurmörk lóðar. Gert er ráð fyrir að heildarflatarmál hverrar íbúðar verði 236 m2 og heildarflatarmál bílageymslu verði 178 m2. Hæð byggingareits húsa er áætlaður 7 metrar. 7 gesta bílastæði eru á lóðinni sem er 4000 m2 að stærð. Nýtingarhlutfall verður 0,4 Teikningar eru í mkv. 1:500 og dags. 11.08.2006. Nánar vísast til kynningargagna.

**Grundarhvarf 10. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Grundarhvarfs 10. Í breytingunni felst að í stað eldra einbýlishúss verði byggð tvö einbýlishús á einni hæð með innbyggðri bílageymslu og lóðinni deilt upp í tvær lóðir Grundarhvarf 10a og 10b. Þakform húsa er steypt plata með lágmarksþakhalla. Grunnflötur hvors húss er að hámarki 290 m2 en heimilt er að byggja minni hús. Hámarkshæð húsa eru 4 metar. Á hvorri lóð er gert ráð fyrir 3 bílastæðum. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 15. október 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

**Vesturvör - Hafnarbraut og Nesvör. Deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi á lóðunum nr. 25 og 27 við Vesturvör og nr. 12 og 14 við Hafnarbraut. Í breytingunni felst að rifnar verða allar byggingar sem nú eru á lóðunum og byggðar um 160 íbúðir á bilinu 70 til 140 m2 að stærð fyrir eldri borgara. Heildar flatarmál þessara íbúða er áætlað um 21.000 m2. Byggingin verður 3-4 hæðir við Nesvör og fimm hæðir við Vesturvör. Í kjallara hússins sem keyrt er inní frá Vesturvör er gert ráð fyrir geymslum og 150 bílastæðum. Stærð kjallara er áætlað um 6.675 m2. Fjöldi bifreiðastæða er 0.7 stæði pr. íbúð og 1 stæði pr. 35 m2 í þjónustu. Gert er ráð fyrir þjónustuálmu að stærð 1.000m2 sem innihaldi m.a. fjölnota matsal með eldhúsi, heilsugæslu, heimahjúkrun, tómstundaaðstöðu, sjúkraþjálfun, þvottahús og kapellu. Þessi þjónusta mun einnig verða í boði fyrir aðra íbúa Kópavogs. Aðkoma að þjónustuálmu er frá Vesturvör. Aðkoma að íbúðum í húsinu er frá Hafnarbraut og er þar hægt að aka að öllum inngöngum hússins. Nýtingarhlutfall án kjallara er 2,86. Teikningar eru í mkv. 1:1000. Nánar vísast til kynningargagna.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 21. nóvember 2006 til 19. desember 2006. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 2. janúar 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

**Kópavogsbær**

## Auglýsing um skipulag í Kópavogi. Vatnsendahvarf - Athafnasvæði. Svæði III. Breytt skipulag.

**A.**
**Breytt aðalskipulag.**
Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan nær til 6 ha. svæðis og afmarkast af fyrirhuguðum Arnarnesvegi í vestur, fyrirhuguðum Vatnsendavegi í norður, núverandi byggð Vatnsenda norðursvæði til suðurs og opnu svæði Vatnsendahvarfs til suðvesturs. Í breytingunni felst að opið svæði er breytt í svæði fyrir verslun- og þjónustu og athafnasvæði.
Tvær megin aðkomur eru að svæðinu. Aðkoma úr suðri er um Vatnsendahvarf (tengibraut) sem tengist Vatnsendavegi og úr norðri frá væntanlegu framhaldi Vatnsendavegar sem tengist fyrirhuguðum Arnarnesvegi. Áætlað er að á svæðinu verði byggðir um 24.000 m2 í húsnæði sem verður á tveimur hæðum auk kjallara. Áætluð nýting svæðisins er um 0.4 en nýting einstakra lóðar innan þess verður á bilinu 0.5 til 0.6 Áætlað er að á svæðinu verði um 460 bílastæði eða 1 stæði á hverja 50 m2 í húsnæði. Reiðleið um svæðið fellur út. Gönguleiðir breytast.
Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í október 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

**B.**
**Breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024.**
Í ofangreindri tillögu að breyttu aðalskipulagi í Vatnsendahvarfi felst jafnframt að gera þarf óverulega breytingu á staðfestu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 fyrir "Kópavog austur". Í tillögunni felst að tölum um stærð atvinnuhúsnæðis, eins og þær eru birtar í töflu 3.2 á bls. 48 í greinargerð Svæðisskipulagsins breytast, þannig að heildarstærð atvinnuhúsnæðis í Kópavogi ( svæði 16) stækkar um 24.000 m2 árið 2024. Tillagan er sett fram á uppdráttum, töflum og greinargerð dags. 17. október 2006. Í samræmi við 14. gr. skipulags- og byggingarlaga hefur umrædd breyting verið kynnt þeim sveitarstjórnum sem stóðu að gerð svæðisskipulagsins. Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Nánar vísast til kynningargagna.

**C.**
**Tillaga að deiliskipulagi.**
Vatnsendahvarf - Athafnasvæði . Svæði III. Deiliskipulag.
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf. - Athafnasvæði.
Deiliskipulagssvæðið í Vatnsendahvarfi svæði III ofan Vatnsendavegar, nær til 6 ha. lands og afmarkast af fyrirhuguðum Arnarnesvegi í vestur, fyrirhuguðum Vatnsendavegi í norður, núverandi byggð Vatnsenda norðursvæði til suðurs og opnu svæði Vatnsendahvarfs til suðvesturs.
Tvær megin aðkomur eru að svæðinu. Aðkoma úr suðri er um Vatnsendahvarf (tengibraut) sem tengist Vatnsendavegi og síðan Breiðholtsbraut og úr norðri frá væntanlegu framhaldi Vatnsendavegar sem tengist fyrirhuguðum Arnarnesvegi. Í breytingunni felst að byggðir verða um 24.000 m2 í húsnæði sem verður á tveimur hæðum auk kjallara. Áætluð nýting svæðisins er um 0.4 en nýting einstakra lóðar innan þess verður á bilinu 0.5 til 0.6. Áætlað er að á svæðinu verði um 460 bílastæði eða 1 stæði á hverja 50m2 í húsnæði. Reiðleið um svæðið fellur út. Gönguleiðir breytast.
Í norðvesturhluta svæðisins er gert ráð fyrir 90 metra háum fjarskiptaturni.
Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum dags. 17. október 2006 og greinargerð.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 21. nóvember 2006 til 19. desember 2006. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 2. janúar 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

# POLARIS WORLD

WWW.POLARISWORLD.IS










**9 Nicklaus Design Golfvellir**

Polaris World býður upp á bestu golfreynsluna í Evrópu. Allar brautirnar eru steinsnar frá íbúðinni þinni og bera gæða stimpil virts fyrirtækis á heimsvísu.

## POLARIS WORLD og ESPIS kynna eðalinn í Spænskum lúxus fasteignum.

## Opnaðu augun og uppgötvaðu nýjan heim…

Polaris World verður kynnt á Grand Hótel Reykjavík dagana 18. og 19. nóvember klukkan 14 og 16.

Polaris World er glæný hugmynd um þróun íbúðahverfa sem miðast við gæði í hverju smáatriði; allt frá hönnun garðalandslags, frá arkitektúrnum að þjónustu sem í boði er. Þannig hefur Polaris World ekki aðeins skapað draumaheimili þitt heldur alveg nýja veröld, og ekki aðeins á einum stað heldur á sjö stórkostlegum svæðum í Murcíu héraði á suður Spáni.



Frum

# HÚSEIGN

Fasteignamiðlun

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • föstud. 10-17



Guðmundur St.
Lögg.fast og hdl



Baldvin Ómar
Sölustjóri
S. 898-1177



Gyða
Sölumaður
S.695-1095

## ATVINNUHÚSNÆÐI

Óska eftir atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði fyrir ákveðna kaupendur. Helst á svæðinu kringum Dalshraun, Trönuhraun og þar í kring.

***Allar nánari upplýsingar veitir Gyða Gerðarsdóttir, sölumaður í s. 695-1095 eða 585-0104***

Óska eftir atvinnuhúsnæði í Höfða hverfi fyrir ákveðna kaupendur. Einnig vantar okkur eignir í Kópavogi, allar stærðir.

***Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar Magnússon í síma 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í 585-0100***



GRENSÁSVEGUR -RVK
Stærð í fermetrum: 143,5
Tegund eignar: Verslunarhúsnæði

TIL SÖLU VERSLUNARHÚSNÆÐI Á GÓÐUM STAÐ Í REYKJAVÍK

***Húsnæðið er mikið endurnýjað með góðum verslunargluggum. Leigusamningur með bankatryggingu. Áhvílandi hagstætt lán að upphæð 24 millj. til 40 ára. EIGN FYRIR FJÁRFESTA -***

***NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR BALDVIN ÓMAR Í S. 898-1177 EÐA 585-0100.***



TRÖNUHRAUN - HFJ
Stærð í fermetrum: 411
Tegund eignar: Atvinnuhúsnæði

GOTT 411 FM HÚSNÆÐI Á ANNARI HÆÐ

Húsnæðið skiptist í stóran sal og eldhús. Húsnæðið er í dag nýtt sem billardstofa og er í útleigu. Möguleiki á að yfirtaka hagstætt lán.

***ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 695-1095 EÐA 585-0104***



FORNUBÚÐIR-HFJ
Stærð í fermetrum: 240
Tegund eignar: Atvinnuhúsnæði

ATVINNUHÚSNÆÐI Á GÓÐUM STAÐ

Húsnæðið skiptist í tvö bil og búið að setja milliloft í hvort þeirra sem er 60 fm hvert. Góð bílastæði og stór lóð fylgja eigninni.

***ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 695-1095 EÐA 585-0104***

## VISSIR ÞÚ...

... að Arnold Schwarzenegger keypti fyrsta Hummer-jeppann sem framleiddur var fyrir almennan markað árið 1992?

... að á nafnspjaldi Al Capone stóð að hann seldi notuð húsgögn?

... að áður en Abraham Lincoln vann kosningarnar 1860 hafði hann tapað átta kosningum um ýmis embætti?

... að áður en Al Kooper sló í gegn spilaði hann á hljómborð með Bob Dylan?

... að áður en Tom Cruise skipti um nafn hét hann Thomas Mapother?

... að barnastjarnan Shirley Temple hafði þénað milljón dollara áður en hún náði tíu ára aldri?

... að Berengía, drottning af Englandi (1190 e.Kr.), kom aldrei til Englands?

... að Bill Clinton er eini örvhenti forsetinn sem setið hefur tvö kjörtímabil?

... að Bill Clinton hefur mikið dálæti á kjúklingi?

... að Bill Cosby var fyrsti blökkumaðurinn til að hljóta Emmy-verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki?

... að bresku prinsarnir Harry og William eru ekki umskornir?

... að Bruce Lee var svo snöggur að það þurfti að hægja á kvikmyndinni til að hægt væri að sjá hreyfingar hans?

... að Charlie Chaplin byrjaði fimm ára í skemmtanabransanum?

... að Cleo og Caesar voru sviðsnöfn sem Cher og Sonny Bono notuðu snemma á ferlinum?

... að David Niven og George Lazenby eru einu leikararnir sem léku James Bond einungis einu sinni?

... að David Rice Atchinson var forseti Bandaríkjanna í einn sólarhring?

... að Eamon de Valera, fæddur í Bandaríkjunum, var eitt sinn forseti Írlands?

... að lengsti titill á lagi er hugsanlega eftir Hoagy Charmichael? Lagið heitir: „I'm a Cranky Old Yank in a Clanky Old Tank on the Streets og Yokaohma with my Honolulu Mama Doin' Those Beat-o, Geat-o Flat on-My-Seat-o, Hirohito Blues."

... Að Logi Geimgengill átti upprunalega að heita Logi Stjörnubani (Luke Starkiller) en því var breytt á síðustu stundu?

... að lokatónninn í Bítlalaginu „A Day in the Life" hljómar í 40 sekúndur?

... að Marianne Faithful var fyrst til þess að segja orðið „fuck" í kvikmynd? Þetta var árið 1968 í myndinni I'll Never Forget Whatshisname?

... að orðið „fuck" er notað 206 sinnum í mynd Brian de Palma, Scarface?

að lengsti Monopoly-leikur sem spilaður hefur verið í baði stóð yfir í 99 klukkutíma?

... að lengsti Hollywood-kossinn var í kvikmyndinni You're in the Army Now frá árinu 1941? Kossinn varði í þrjár mínútur og þrjár sekúndur.

... að mest lesna myndasagan er Smáfólkið?

... að mest selda jólalag allra tíma er lagið „White Christmas" í flutningi Bing Crosby?

... að Mikki Mús á afmæli 18. nóvember?

... að Mr. Spock er næstráðandi á Enterprise?

... að munnharpan er vinsælasta hljóðfærið?

*Heimild: Fánýtur fróðleikur*

# DRAUMAHELGI:
## *Til tunglsins og til baka*

Guðrún María Bjarnadóttir leikkona hæfi sína draumahelgi á ferð til tunglsins, en hún segir val á áfangastað helst ráðast af því hversu framandi hann sé. „Ég hefði Surt með mér, sem er pitbull-hundur sem ég átti í New York," bætir hún við. „Við færum í góðan göngutúr og ég tæki nóg af myndum, enda margt athyglisvert að sjá."

Næsta dag slappaði Guðrún af með Surti um borð í geimskipinu á leið til jarðar, en förinni væri heitið til Kína. „Þar sem tíminn væri afstæður lenti ég innan skamms í landinu og hefði ofan af fyrir okkur Surti með því að fara á sýningu með bardagalist, sem ég tel vera fallegt tjáningarform," segir hún. „Ætli áhuginn sé ekki til kominn vegna bardagamynda sem ég hef séð, því enda þótt margar þeirra séu framreiddar á Hollywood-vísu eru hreyfingarnar oft svo samhæfðar að þær minna helst á dansatriði."

Sunnudeginum verði Guðrún síðan með kærasta sínum í Rússlandi og kysi að hverfa aftur í tíma til viktoríutímabilsins. Hún segist hrífast af því sem hún hefur lesið sér til um tímabilið í sögubókum og vilja sannreyna hvort raunveruleikinn hafi verið í einhverju samræmi við það sem okkur er talin trú um. „Ég myndi vilja sjá með eigin augum hvernig fólk lifði, bragða á matnum og ganga um götur Rússlands með kærastann mér við hlið. Og Surt í eftirdragi." *- rve*



Guðrún vill hverfa aftur til viktoríutímabilsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR







**14.999kr.**

**Apple IPOD NANO 2GBS**
- 2GB iPod Nano MP3 spilari - Silfur
- 1.5" LCD litaskjár (176x132 pixlar)
- Geymir allt að 500 lög eða 25.000 myndir
- Endist í 14 tíma á einni hleðslu
- Þyngd aðeins 43gr

almennt verð 20.999

100stk



**5.999kr.**

**Sony Ericson J100I**
- Dula-Band 900/1800 GSM sími
- 70 grömm
- 65 þús. lita STN skjár
- Spilar 32 radda Pólýtóna
- Titrari, vekjari, reiknivél, dagbók
- Skeiðklukka
- Li-Ion rafhlaða
- Íslensk valmynd

almennt verð 7.999

50stk

**1.499kr.**




Toggi - Puppy
CD diskur

almennt verð 2.199

**1.799kr.**



Rauðhetta
DVD mynd

almennt verð 2.299

**2.499kr.**




Eye Toy
Play Sports
PS2 leikur

almennt verð 3.999

**2.999kr.**




Lego Star Wars II
Playstation Portable leikur

almennt verð 3.999

40stk



10stk



**29.999kr.**

**Philips DVDR3300H**
- Fjölkerfa DVD spilari með 80GB hörðum disk
- Allt að 130 tíma upptaka á harðan disk og 6 tíma á DVD
- i-Link (DV, Firewire, IEEE1394)
- 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út
- Optical og Coaxial tengi
- Dolby Digital

DVD VIDEO
Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og VCD/SVCD
Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG

almennt verð 44.999

**59.999kr.**

**Lenco DVT1901**
- 19" LCD breiðtjaldssjónvarp
- Innbyggður DVD spilari
- Progressive Scan
- 6w stereó hljóðkerfi
- 12V og 220V

DVD VIDEO

almennt verð 89.999

**69.999kr.**

20stk

**Asus A3HF-5A017P**
- 15" TFT XGA skjár (1024x768)
- Innbyggð vefmyndavél
- Intel Celeron M 420 1.6GHz örgjörvi
- Intel 940GML Express skjákort
- 512MB DDRII 533MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 80GB 4200rpm harður diskur
- Intel High Definition samhæft hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- 8x DVD Dual Layer brennari

almennt verð 109.999



50stk




**99.999kr.**

**Akai LCA322WCHDE1**
- 32" HD Ready LCD breiðtjaldssjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- 20w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, Component, SVHS
- Heyrnartólstengi
- DVI tengi

almennt verð 129.999

MAX
RAFTÆKI

BARA BROT AF TILBOÐUNUM

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200



**19.999 kr.**

**Philips 170S6FS**
- 17" LCD tölvuskjár
- 1280x1024 punkta upplausn
- Skerpa: 500:1 og svartími: 12ms
- Stærð í sm með standi (bxhxd): 37,5x39x20
- VGA tengi

almennt verð 29.999

40stk




**3.999 kr.**

**Nokia 1112**
- DualBand 900/1800 kerfi
- Svart/hvítur skjár
- 200 númera símaskrá
- SMS og EMS skilaboð
- Lithium (Li-Ion) rafhlaða
- Allt að 380tíma ending (5 tímar í tal)

almennt verð 7.499

100stk

50stk



**2.999 kr.**

- Fjölkerfa DVD DivX spilari
- DolbyDigital og DTS
- Scart, Component og SVHS tengi
- Coaxial tengi

DVD VIDEO

- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG

almennt verð 6.999




100stk

**9.999 kr.**

**Olympus FE170**
- Digital myndavél 6 megapixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- 2,5" LCD skjár
- Hreyfimyndataka
- USB tenging við tölvu
- 10MB innra minni - tekur xD kort

almennt verð 15.999



10stk

**34.999 kr.**

**Ignis CBA281**
- 187sm kæliskápur með frysti
- 260 Lítrar
- Kælir 210 Lítrar
- Frystir 86 Lítrar
- 2 hurðir
- Orkunýting A

almennt verð 59.999

Ath. Öll verð eru birt með fyrirvara um innsláttarvillur, breytingar og myndabrengl!



**49.999 kr.**

**Fujitsu Siemens Scaleo P**
- Borðtölva
- Intel Pentium D 2.66 Ghz
- 512mb DDR2 innraminni
- 160gb harður diskur
- Windows XP Home
- DVD skrifari

almennt verð 79.999

50stk




**999 kr.**



almennt verð 2.199

Jóhann Helgason
Söknuður
CD diskur

**1.799 kr.**




DaVinci Code
DVD mynd

almennt verð 2.299

**3.899 kr.**

Desperate
Housewives
DVD mynd




almennt verð 4.999

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## HVERS VEGNA HALDA BANDARÍKJAMENN ÞAKKARGJÖRÐARHÁTÍÐ?

Bandaríski þakkargjörðardagurinn er haldinn hátíðlegur fjórða fimmtudag í nóvember ár hvert og verður því 23. nóvember nú í ár. Hann er einn af fáum hátíðisdögum þar í landi sem alfarið er upprunninn í Bandaríkjunum sjálfum. Flestar hátíðir Bandaríkjamanna bárust vestur með evrópskum innflytjendum, en tóku þar ýmsum breytingum og þá jafnvel mismunandi eftir fylkjum.

**Fyrsti þakkargjörðardagurinn**
Fyrsta þakkargjörðardaginn héldu enskir púrítanar, svonefndir pílagrímar, haustið 1621. Þeir höfðu í september árið áður hrökklast með skipinu Mayflower frá borginni Plymouth á Englandi að strönd Massachusettsflóa. Þar stofnuðu þeir nýlenduna Plymouth. Eftir harðan vetur en góða sumaruppskeru ákváðu pílagrímarnir að þakka guði fyrir alla hans velgjörninga með þriggja daga hátíð. Þeir buðu innfæddum einnig að taka þátt í veislunni, en til matar voru einkum kalkúnar og villibráð.

**Allir þegnar ríkisins skulu þakka almættinu**
Næstu hálfa aðra öld voru uppskeruhátíðir til guðsþakka haldnar á víð og dreif í nýlendunum vestra en þó ekki á sameiginlegum degi. Hinn 26. nóvember árið 1789 lýsti George Washington (1732-1799), fyrsti forseti Bandaríkjanna, því yfir að allir þegnar ríkisins skyldu þakka almættinu velgjörðir á liðnu ári, hverrar trúar sem þeir væru, en tiltók engan sérstakan dag.

**Samræmd dagsetning um öll Bandaríkin**
Árið 1863 mælti Abraham Lincoln (1809-1865) forseti svo fyrir að allir Bandaríkjamenn skyldu halda hátíðlegan þakkargjörðardag fyrir gæði síðasta árs. Hann skyldi haldinn síðasta fimmtudag í nóvember, en sá dagur var í nánd við daginn sem George Washington gaf út yfirlýsingu sína. Ritstjóri kvennablaðsins Lady's Magazine, Sarah J. Hale (1788-1879), hafði þá lengi barist fyrir þessu máli. Árið 1939 breytti Franklin D. Roosevelt (1882-1945) forseti dagsetningunni í fjórða fimmtudag nóvembermánaðar og bandaríska þingið staðfesti tillögu hans árið 1941.

**Kalkúnn og graskersbaka**
Á hverjum þakkargjörðardegi er haldinn hátíðlegur miðdegisverður í Hvíta húsinu í Washington og segja má að svo sé gert á hverju þokkalegu heimili í Bandaríkjunum. Hefðbundnir réttir eru kalkúnn og graskersbaka. Gnægtahorn hefur einnig orðið eitt af einkennum dagsins. Nú á dögum stendur þakkargjörðarhátíðin í rauninni frá fimmtudegi til loka næstu helgar eða í fulla þrjá daga líkt og hjá pílagrímunum í öndverðu. Sérstakar gjafir eru mjög almennar á þessum degi. Sums staðar virðist þakkargjörðarhátíðin jafnvel skipta meira máli en jólin.



**FYRSTA ÞAKKARGJÖRÐIN**, málverk eftir Jean Louis Gerome Ferris.

**Þakkargjörðardagurinn er bundinn við Norður-Ameríku**
Í Kanada var ákveðið árið 1879 að hafa þakkargjörðardag annan mánudag í október, en hann hefur aldrei orðið nein viðlíka hátíð og í Bandaríkjunum. Ekki er vitað um að aðrar þjóðir hafi tekið upp þennan sið þótt einstaklingar sem vanist hafa honum í Norður-Ameríku kunni að gera það hver á sínu heimili. Dagurinn er bundinn sérstakri sögu og aðstæðum í Bandaríkjunum.

Engin ástæða sýnist fyrir Íslendinga að halda upp á þennan dag, enda er nóg af hefðbundnum dögum á næstu grösum, til dæmis fyrsti desember.

*Árni Björnsson,*
*dr. phil. í menningarsögu*

## HVAR SNJÓAR MEST HÉR Á LANDI?

Snjókoma er mjög háð hæð yfir sjó og hitafari, og er snjór mun meiri og þrálátari á hálendi en láglendi. Á Íslandi snjóar mest í suðurhlíðum Mýrdalsjökuls, á Öræfajökli og sunnan til á Vatnajökli.

**Snjóþyngstu byggðir landsins**
Snjókoma er að öðru jöfnu meiri þar sem úrkoma er mikil. Þannig getur snjóað meira í Mýrdal en í Reykjavík þrátt fyrir að á fyrrnefnda staðnum sé meðalhiti hærri og sjaldnar alhvít jörð. Í byggðum landsins er snjór mestur norðan til á Vestfjörðum, til dæmis við Súgandafjörð, norðan til á Ströndum, svo sem víða í Árneshreppi, utan til á Tröllaskaga, frá Fljótum og austur til Ólafsfjarðar, og utan til við Eyjafjörð austanverðan.

Einnig er oft býsna mikill snjór í útsveitum á Norðausturlandi, til dæmis á Raufarhöfn og nyrst á Austfjörðum, frá Borgarfirði eystra suður til Norðfjarðar. Af öðrum lágsveitum (sem nú eru í eyði) má nefna Hornstrandir og skagann milli Eyjafjarðar og Skjálfanda. Siglufjörður og Ólafsfjörður eru sennilega snjóþyngstu byggðakjarnar landsins.

**Staðbundið aðfenni**
Á stöku stað um sunnan- og vestanvert landið er mikið staðbundið aðfenni sem kallað er. Þar hreinsast snjór að mestu af jörðu þar sem vindhraði er mikill, en safnast saman þar sem vindur er hægari. Snjór getur þá verið mun minni á bersvæði en í skjóli af húsum og görðum. Hverfi á höfuðborgarsvæðinu við jaðar byggðarinnar verða alloft fyrir snjóþyngslum af þessu tagi.

**Mesta mælda snjódýpt**
Að lokum má nefna að mesta snjódýpt (jafnfallinn snjór) sem mælst hefur á íslenskri veðurstöð var við Skeiðsfossvirkjun í Fljótum 19. mars 1995, 279 cm.

*Trausti Jónsson,*
*veðurfræðingur*

Fylgiklausa: Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvað er það sem helst tefur fyrir því að vetni og aðrir "hreinir" orkugjafar leysi olíuna af hólmi, hvað má segja um seli sem eru menn í álögum, hvað er þéttefni og þéttefnisfræði, hvort notar maður frekar hægra eða vinstra heilahvelið við nótnalestur, hvað eru hafstraumar, anda flugur, og af hverju var rithöfundurinn Salman Rushdie dæmdur til dauða? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.





e-kortið er gott fyrir veskið

Með því að nota e-kortið færðu alltaf endurgreiðslu í beinhörðum peningum af öllum þínum viðskiptum innanlands



Þú sækir um á www.ekort.is

Þú sparar í hvert skipti sem þú notar e-kortið

- Þú færð endurgreiðslu hvar sem þú verslar innanlands.
- Þú færð endurgreiðslu af öllum boðgreiðslum eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð 0,65–25% viðbótarendurgreiðslu og ýmis sértilboð hjá yfir 200 fyrirtækjum.
- Með því að nota e-kortið getur þú áunnið þér tugi þúsunda króna sem þú notar í það sem þér hentar.

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@ekort.is / www.ekort.is

e kort

# Fordómafullir gagnrýnendur geta farið til fjandans

Það vakti takmarkaða lukku þegar breski leikarinn Daniel Craig var fenginn til að taka við hlutverki James Bond af Pierce Brosnan. Gagnrýnendur hafa hins vegar tekið honum tveim höndum í Casino Royale og hann stendur uppi sem sigurvegari. ***Þórarinn Þórarinsson*** hitti leikarann að máli og ræddi við hann um andstreymið, forverana og byrðina sem fylgir því að vera James Bond.



**JAMES BOND** Craig gefur sig allan í hluverkið og lék flest áhættuatriði sín sjálfur. „Ég er ekki að auðvelda mér lífið með þessu en svona vil ég gera þetta enda held ég að áhorfendur finni þegar verið er að blekkja þá. Ég vil að fólk sjái að þetta er ég, jafnvel í hættulegustu atriðunum enda held ég að það skili sér í skemmtilegri mynd.“



Fyrsta James Bond-bókin eftir Ian Flemming, Casino Royale, kom út árið 1953 þannig að það er óhætt að segja að Bond sé í grunninn kaldastríðshetja. Hann tókst strax í upphafi á við skúrka frá Sovétríkjunum, útsendara KGB og aðra austantjaldstudda sem ógnuðu hinum frjálsa heimi eftirstríðsáranna. Flemming skrifaði alls tólf bækur um njósnarann sem nú hafa, með Casino Royale, allar ratað á hvíta tjaldið.

Fyrsta Bond-myndin kom út árið 1962 og síðan þá og allt til ársins 1987 stóð 007 vaktina í bíó og var eina von hins vestræna heims í baráttunni við Rússagrýluna. Þessi dyggasti njósnari hennar hátignar hennar hefur reynt að halda sjó síðan og verið svolítið eins og steingervingur í breyttum heimi og nú kemur það í hlut Daniels Craig að skila gömlu kaldastríðshetjunni inn í 21. öldina.

**Þjáningin er féþúfa**

„Ég lít fyrst og fremst á Bond-myndirnar sem skemmtun og þetta er ekki pólitísk mynd,“ segir Craig og er talsvert niðri fyrir. „Þetta er fyrst og fremst skemmtun og ég er ekkert að stíga upp á kassann og koma með einhverjar pólitískar yfirlýsingar í myndinni. Auðvitað höfum við samt ýmislegt að segja og persónurnar gera það. Skúrkurinn Le Chiffre, til dæmis, er skrifaður 1953 en er alveg í takt við samtímann. Honum er sama fyrir hvern hann vinnur svo lengi sem hann græðir peninga á því. Við sjáum það allt í kringum okkur í dag að það er verið að græða á þjáningu fólks þannig að það eru mórölsk skilaboð í myndinni. Bond er að reyna að kljúfa þessa dellu, reyna að ná vondu mönnunum og bjarga þannig heiminum. Hvernig hann gerir það er svo það sem gerir myndina skemmtilega.”

**Bond er ekki góður maður**

Sagan segir að Ian Flemming hafi ekki síst skapað Bond til þess að hressa upp á sjálfstraust breskrar þjóðarsálar sem stóð í skugga tveggja stórvelda eftir að seinni heimsstyrjöldin hafði verið gerð upp. Það má segja að það hafi tekist þar sem Bond hefur orðið ofan á í viðskiptum stórveldanna í sýndarveruleika kvikmyndanna í 44 ár og hin ramma enska taug njósnarans heillar Craig.

„Hvað er James Bond fyrir mér? Hann er margt. Hann er Roger Morre, Sean Connery, George Lazenby, Pierce Brosnan. Sem leikari lít ég fyrst og fremst á hann sem persónu. Þessi manngerð á sér langa sögu í bókmenntum og kvikmyndum. Hann er einmana stríðsmaðurinn sem berst fyrir réttlætinu og við höfum séð hann í ótal bíómyndum. Hjá Kurosawa og Sergio Leone er í það minnsta einn svona maður í hverri mynd. Clint Eastwood er gott dæmi um þetta í myndum Leones. Við vitum ekki mikið um hann en það þarf að berjast fyrir réttlætinu og hann gerir það. Bond er svo sér á parti þar sem það er eitthvað einkennilega breskt við hann. Nú er ég alls ekki brjálaður Breti eða veifa fána okkar í þjóðrembu við öll tækifæri en mér finnst kjarninn í Bond vera dyggðugur og að mínu mati er það að vera breskur að vera heiðarlegur. Ég er ekki að segja að hann geri ekki slæma hluti. Hann er vondur maður sem drepur fólk og hann er ekkert sérstaklega góður við konur en innst inni er hann dyggðugur og heiðarlegur. Hann klárar málin, leysir sín verkefni og nær vonda karlinum.“

**Kafað dýpra ofan í Bond**

Þó Casino Royale sé fyrsta skáldsaga Flemmings um Bond hefur hún ekki verið notuð sem grunnurinn að Bond-mynd fyrr en nú sem er að mati Craigs mjög heppilegt enda má segja að með nýju myndinni sé farið með Bond aftur á byrjunarreit.

„Það er kannski full langt gengið að tala um byrjunarreit en við förum þess á leit við áhorfendur að þeir trúi því að við séum að fara aftur til upphafsins. Ástæðan fyrir því að ég var til í að gera þetta var að með þessu móti gátum við gert eitthvað öðruvísi og að mínu mati hefði verið tilgangslaust að fara út í þetta nema við hefðum getað farið með Bond út á nýjar brautir. Þetta þýðir samt alls ekki að Casino Royale sé ekki Bond-mynd vegna þess að það er hún svo sannarlega. Við köfum hins vegar dýpra ofan í persónuna og skoðum hvers vegna hann er eins og hann er. Ef við höldum svo áfram og gerum fleiri myndir þá erum við komin með þennan grunn. Ég vona að við vinnum nýja áhorfendur með þessu um leið og eldri aðdáendur Bonds fá skýrari sýn á það sem drífur hann áfram. Af hverju hann hegðar sér eins og hann gerir, hvers vegna hann er karlremba og kemur fram við fólk eins og hann gerir, hvernig hann klárar málin og upp úr hverju ofbeldið sprettur.“

**Connery lagði línurnar**

Craig er sjötti leikarinn sem tekur að sér hlutverk Bonds á 44 ára kvikmyndasögu persónunnar og hann viðurkennir að hann hafi ekki getað horft fram hjá forverum sínum og þeim tökum sem þeir tóku njósnarann. „Ég horfði á allar myndirnar aftur og aftur. Ég horfði á þær á meðan ég lék í München og svo aftur í fyrra. Ég gerði þetta aðallega til að ganga úr skugga um að við myndum ná hreinræktuðum Bond-augnablikum inn í Casino Royale. Ég get hins vegar ekki verið að velta mér upp úr samanburði fólks á mér og öðrum Bondum og ber mig ekki saman við þá sjálfur. Ég studdist samt sennilega mest við Sean Connery og sjálfsagt hafa allir sem hafa leikið Bond einhvern tíma sagt það sama. Hann skilgreindi hlutverkið og hann var harður. Til dæmis í From Russia With Love sem er ekki aðeins uppáhalds Bond-myndin mín heldur ein af mínum uppáhaldsbíómyndum. Hún er svo stílfærð og ofbeldisfull og stenst tímans tönn mjög vel. Ein ástæðan fyrir því er Robert Shaw sem er frábær í hlutverki illmennisins. Hann er alvöru andstæðingur og maður trúir því að Bond sé í hættu þar sem Shaw gæti hæglega drepið hann. Ég held að við náum þessu sama í Casino Royale með Le Chiffre enda tekst honum næstum að fella Bond.“

**Sá sig ekki sem Bond**

Harðir Bond-aðdáendur fóru margir hverjir á límingunum þegar tilkynnt var um ráðningu Craigs í hlutverkið og óhætt er að segja að farið hafi verið út í áróð-

> ”Þau persónulegu markmið sem ég vil ná í lífinu eru þau sömu og allir þrá enda er ég ekkert öðruvísi. Ég þrái hamingju og öryggi fyrir mig og mína og ég vil frið þó ég muni ekki fá mikið af honum á næstunni.
>
> DANIEL CRAIG

ursherferð gegn honum á netinu. Sjálfur hafði Craig ákveðnar efasemdir enda hafði hann aldrei séð sig fyrir sér sem James Bond.

„Ég sá sjálfan mig ekki fyrir mér í þessu hlutverki enda er ekki hægt að segja að Bond komi í rökréttu framhaldi af því sem ég hef verið að gera. Það er ekkert í fyrri myndum mínum sem gerir mig að augljósum kosti til að leika Bond.“

Craig neitar því þó ekki að hugmyndin hafi kitlað hann enda er hann mikil aðdáandi Bonds, hefur lesið flestar bækur Flemmings og margséð allar myndirnar. „Þegar ég var krakki ímyndaði ég mér að ég væri Bond en átti samt ekki von á þessu og þegar Barbara Broccoli, framleiðandi myndanna, hafði samband við mig kom það eins og þruma úr heiðskíru lofti. Ég var hikandi í fyrstu, ekki síst vegna þess að ferill minn hefur verið á góðri siglingu. Mér hefur gengið vel og hef fengið tækifæri til að vinna með mörgum frábærum leikstjórum. Sjálfum finnst mér ég hafa skilað góðu verki í um árin og var sáttur við þá stöðu sem ég var í þannig að þegar Barbara hringdi fyrst fannst mér þetta ekki koma til greina. Hún sagðist hins vegar vera löngu búin að ákveða sig og sótti þetta mjög stíft. Hún er mjög ákveðin kona. Hún er líka Ítali og gerði mér einfaldlega tilboð sem ég gat ekki hafnað.“

**Þorði ekki að sleppa Bond**

Það felur óhjákvæmilega í sér bindingu að festa sig í hlutverki James Bond og skuldbindingin getur ekki annað en takmarkað verkefnaval þess leikara sem fer í föt Bonds. Craig treysti sér þó ekki til að sleppa tækifærinu. „Þegar á hólminn var komið áttaði ég mig á því að ég vildi ekki þurfa að horfa til baka eftir nokkur ár og sjá eftir því að hafa sleppt Bond. Ég veit ekki hvernig ég hefði átt að sætta mig við það, til dæmis eftir tvö ár, að þurfa að horfa upp á annan mann gera þetta. Þegar ég sá handritið sannfærðist ég svo endanlega. Sagan er frábær. Ég veit að ég er að selja myndina. Ég verð auðvitað að gera það en það breytir því ekki að hún er góð. Ástarsagan í henni er góð, Eva Green er frábær. Við erum með ofboðslega sterkan hóp leikara með Judi Dench fremsta í flokki, Mads Mikkelsen og Jeffrey Wright. Þetta small allt saman og myndin er einfaldlega góð og ég gat engan veginn sleppt þessu.“

**Rífst ekki við reiða aðdáendur**

Craig neitar því ekki að neikvæð viðbrögð við ráðningu hans hafi haft mikil áhrif á sig. „Þetta kom við mig í byrjun en svo ákvað ég bara að ég yrði að einbeita mér að því að klára verkefnið. Þetta kom aðallega frá fólki sem hefur sterkar skoðanir á James Bond og ég er einn af þeim og get svo sem skilið þetta. Umræðan fór mest fram á netinu og ég gat að mestu leitt hana hjá mér. Ég gat engan veginn farið að blanda mér í þessa umræðu með því að reyna að verja mig. Það er smekklaust og ég myndi aldrei gera það, sérstaklega ekki í svona tilfelli þar sem fólk tekur deiluefnið svona hátíðlega. Þar fyrir utan get ég svo sem engu svarað fyrr en fólk sér myndina. Ég segi því bara horfið á myndina og gagnrýnið hana svo. Líki ykkur ekki það sem ég er að gera þar þá er það í góðu lagi en ef þið ætlið að gagnrýna mig fyrirfram þá getið þið farið til fjandans.“

**Njósnað um njósnarann**

Þó Craig hafi komið víða við í kvikmyndum á liðnum árum þá er sú athygli sem fylgir því að leika Bond öllu meiri en hann hefur átt að venjast. „Þetta mun hafa breytingar á einkalíf mitt en ég verð að standa vörð um mína nánustu og mun verja einkalíf mitt með kjafti og klóm enda hefur þetta ekkert með ástvini mina að gera. Ég veit að ég verð að gefa eitthvað af sjálfum mér. Það er gjaldið sem ég verð að greiða fyrir þetta þó ég sé ekkert endilega sáttur. Sérstaklega þar sem 99 prósent af því sem skrifað er um mann er tómt bull en maður getur ekkert við því gert. Mér er ekki vel við að vera eltur á röndum og þversögnin í þessu er að ég leik njósnara en það er stöðugt verið að njósna um mig.“

## Helstu myndir Daniels Craig

Daniel Craig fæddist í Liverpool árið 1968. Hann byrjaði ungur að leika á sviði og var 14 ára þegar hann lék í Oliver Twist og Rómeó og Júlíu og hefur verið í hópi þekktari sviðsleikara í Bretlandi um árabil. Hann fékk sitt fyrsta kvikmyndahlutverk 1992 og hefur verið á hraðri uppleið síðan.



**Tomb Raider (2001)**

Hér fékk Craig tækifæri til að spreyta sig í stórmynd en stóð vitaskuld í skugga Angelinu Jolie í hlutverki Löru Croft. Craig lék Alex West, gamlan kærasta hetjunnar, og fékk að láta ljós sitt skína í bardagaatriðum myndarinnar en var ekki sterkari á svellinu en svo að Angelina þurfti að bjarga lífi hans.



**Road to Perdition (2002)**

Hlutverk Connors Rooney í þessari fínu glæpamynd var bitastætt og Craig nýtti sér það. Hann lék á móti ekki ómerkari mönnum en Tom Hanks og Paul Newman. Craig lék mafíósa sem setti allt í uppnám þegar hann myrti fjölskyldu leigumorðingja sem Hanks lék en verknaðurinn kostaði vitaskuld blóðugt uppgjör.



**Sylvia (2003)**

Það fór ekki mikið fyrir þessari mynd um ástarsamband ljóðskáldanna Sylviu Plath og Ted Hughes en það er samt ekki ónýtt að hafa hana á ferilskránni. Gwyneth Paltrow lék Sylviu en Craig litaði á sér hárið og brá sér í gervi Hughes.



**Layer Cake (2004)**

Hér fékk Craig gullið tækifæri til þess að leika töffara og gerði það með tilþrifum í hlutverki nafnlauss glæpamanns sem vann ýmis viðvik fyrir stóra breska glæpaklíku. Gæfan sneri þó baki við honum og hann mátti hafa sig allan við til þess að halda lífi með því að snúa á tudda sem sóttu að honum úr öllum áttum.

**Munich (2005)**

Steven Spielberg gaf Craig tækifæri til þess að ýta enn undir töffaraímyndina í mynd sinni um hóp Ísraelsmanna sem voru gerðir út af örkinni til að hefna fyrir morð á ísraelskum keppendum á Ólympíuleikunum í Þýskalandi árið 1972. Craig gaf Eric Bana ekkert eftir sem gyðingurinn Steve sem var tilbúinn til þess að kála hverjum þeim sem reyndi að hindra hópinn í að ná takmarki sínu.


DREKAFRÆÐI






Í þessari mögnuðu bók, er fjallað um allt sem viðkemur drekum. Glæsilegt alfræðirit um þessar voldugu skepnur sem eru bæði dularfullar og stórbrotnar.

ÓTAL UPPFINNINGAR SNILLINGANNA




Fólkið á bak við merkustu hugmyndirnar, fræg mistök og hvað framtíðin ber í skauti sér.



BJARTUR



**AKUREYRI FALLEGASTI BÆRINN** Í vel marktækri könnun Fréttablaðsins hlýtur Akureyri yfirburðakosningu en 22,4 prósent svarenda telja Akureyri fallegasta bæ landsins.

# Akureyri er

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins þykir Akureyri fallegasti bær landsins. Afgerandi. Öruggur í öðru sæti er Hafnarfjörður. *Jakob Bjarnar Grétarsson* fékk nokkra nafntogaða ljósmyndara til að rýna í niðurstöðuna auk þess sem hann heyrði ofan í roggna bæjarstjóra.

Bíddu, bíddu, ekki segja mér niðurstöðuna. Ég þori að veðja við þig að Akureyri vann. Legg allt undir," segir Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri.

Og Kristján á kollgátuna. Samkvæmt viðamikilli könnun Fréttablaðsins þykir Akureyri fallegasti bær landsins. Og sigrar með afgerandi hætti með 22,5 prósent hlutfalli svarenda. Hafnarfjörður er öruggur í öðru sætinu með 10,5 prósent. Könnunin var gerð 7. nóvember, hringt í 800 kjósendur. Skiptust svarendur jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: „Hver er fallegasti bærinn á Íslandi?" og var svarhlutfall 85,6 prósent. Þannig að könnunin telst vel marktæk.

„Þetta er ánægjuleg staðfesting á því sem við hér á Akureyri vissum. Enginn hefði trúað því ef við hefðum látið framkvæma þessa könnun sjálf. Þannig að ég þakka," segir Kristján Þór og leynir hvergi hinu landsþekkta norðlenska grobbi.

**Stoltur og montinn bæjarstjóri**

„En ef við hefjum okkur upp yfir bæjarríg þá njótum við þess að bæjarstæðið er fallegt frá náttúrunnar hendi. Um það geta allir verið sammála. Af því erum við stolt og montin. Skárra væri það nú. Við fáum viðbrögð frá útlendingum sem hingað koma um að Akureyri minni á þorp í Suður-Evrópu. Þetta er allt annarrar gerðar en gerist hér á landi. Minnir marga á útlönd," segir bæjarstjórinn.

Kristján tekur undir það sem fram kemur hjá ljósmyndaranum Páli Stefánssyni að svo virðist sem svarendur horfi miklu fremur til staðsetningar en arkítektúrs í svörum sínum. Og þegar hann horfir til vinarbæjarins Hafnarfjarðar er Kristján ekki með neina uppgerðar hógværð eða lítillæti.

„Það á hins vegar frekar við um hinn hýra Hafnarfjörð en Akureyri. Ég held að Akureyri sé öflugri hvað arkítektúr varðar, öflugri reyndar en víðast hvar annars staðar. Ég leyfi mér að fullyrða að byggingar og yfirbragð byggðar er í góðu samræmi við bæjarstæðið sjálft. Það er bara þannig," segir Kristján.

**Lúðvík aldrei sáttur við annað sætið**

Kristján segir að hinn hýri Hafnarfjörður hafi á sér skemmtilegan

## Páll Stefánsson

# Saknar Grímseyjar

Ég held að sá bær sem á ekki heima þarna, hvorki byggingalega né sé litið til náttúrunnar, sé Reykjanesbær. En ætli þetta sé ekki vegna þess að fólk er svo glatt þegar það kemur heim. Fá vindinn í fangið," segir Páll Stefánsson ljósmyndari.

Páll vekur athygli á athyglisverðu atriði í tengslum við þessa könnun en svo virðist sem svarendur líti fyrst og fremst til bæjarstæðisins sem slíks fremur en arkítektúrs. „Ég held að það sé fyrirliggjandi. Hraunið í Hafnarfirði, fjörður og fjöll sem umlykja Akureyri. Sama má segja um Ísafjörð. Já, þetta sýnir enn og aftur hvað við Íslendingar erum náttúruelsk. Hvað náttúran er nálægt okkur."



Og ekki síst í því ljósi þykir Páli furðu sæta að Grímsey, („þar sem maður er í mestu sambandi við náttúruna,") sé ekki ofar á blaði en raun ber vitni. Reyndar kemst Grímsey ekki á blað. En í ljósi náttúrudýrkunar Íslendinga hlýtur góð niðurstaða Kópavogs að koma á óvart?

„Já, Það er til fólk sem elskar Smáralind. Og er bara þar. Þetta fólk sem ekki er í tengslum við náttúruna hlýtur að kjósa Kópavog. En, eins og ég segi, það gerir mig svolítið sorgmæddan að þarna sé ekki Grímsey. En það verður ekki við öllu séð."

## Ragnar Axelsson -- Rax

# Reykjanesbær eins og flatkaka

Þetta stuðar mig ekki illa. Ég er alveg sammála þessu með Akureyri. Og Hafnarfjörð líka," segir Ragnar Axelsson sem betur er þekktur sem Rax.

„Ég hefði viljað sjá Djúpavog á topp tíu listanum. En þetta er allt fallegt. Ég er svo jákvæður. Reyndar skrítið með Reykjanesbæ. Mér hefur aldrei fundist hann sérstaklega fallegur bær. Er eins og flatkaka. En þaðan er fallegt útsýni. Sést hingað yfir til okkar. Yfir flóann."

Raxi er sammála Páli og telur svarendur ekki hafa horft mikið til arkítektúrs í svörum sínum. Og bendir á að til dæmis mætti fljúga með menn með bundið fyrir augun til Færeyja og þeir myndu vita hvar þeir væru lentir bara út frá húsnum sem þar eru.

„Þannig er Djúpivogur. Bæði flott bæjarstæði sem og falleg hús. Falla vel að staðháttum. Og einhver fallegasti arkítektúr sem um getur. Íslenskur arkítektúr," segir Rax sem hefði viljað sjá Djúpavog ofar á lista en sá ágæti staður hafnaði í 16. sæti.







## Spessi

# Ísafjörður ætti að vera ofar

Ísafjörður ætti að vera ofar. Fallegasti bærinn að mínu mati," segir ljósmyndarinn Spessi afdráttarlaus.

Spessi telur listann ríma bærilega við sinn smekk.

„Nema Kópavogur og Reykjanesbær. Þeir bæir eiga ekki að vera þarna inni. Ættu ekki að fá stig. Aðrir staðir eru miklu fallegri. Að til dæmis Seyðisfjörður sé ekki flottari en Kópavogur? Þetta eru einhverjir „það er gott að búa í Kópavogi" menn. Áróður. Og kannski að lagið með Leoncie „Ástin á pöbbnum" hali inn stig fyrir Kópavogsmenn. Er það ekki málið. En Ísafjörður ætti að vinna. Eldgamall bær með fullt af gömlum og fallegum húsum.

## Heiða Helgadóttir

# Skrýtinn listi

Ég er kannski ekki alveg sammála þessum niðurstöðum," segir Heiða Helgadóttir ljósmyndari. Henni þykir skjóta skökku við að Akureyri tróni efst á lista, segir aðra bæi fallegri á Íslandi.

„Já, til dæmis Vestmannaeyjar sem mér finnst fallegasti bær landsins. Ég þekki Akureyri reyndar ekki mjög vel. En Egilsstaðir og Stykkishólmur sóma sér vel á þessum lista."

Heiða velkist ekki í vafa um að einhverjir annarlegir hagsmunir hafi ráðið því hvaða staði fólk nefnir til sögunnar. Og vill meina að þéttbýlið njóti stærðar sinnar – að fólk hafi nefnt sinn bæ eða sína borg burtséð frá fegurð. Eins og þeir væru í einhverri bæjarfélagakeppni.

„Mér finnst til dæmis Reykjavík ekkert sérstaklega falleg. Og Kópavogur er ekkert æðislegur heldur. Og á bara ekki heima á þessum lista. Þannig að eitthvað er þetta nú skrýtið."



# fallegasti bær Íslands



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON Bæjarstjórinn á Akureyri segir þetta staðfestingu á því sem þeir nyrðra vissu fyrir.

svip. Þó annan brag en Akureyri. Hafnarfjörður er að vaxa saman við nágrannabæina. „Það dregur hann niður. Það er bara þannig. Og tapar sérstöðu," segir Kristján Þór hinn ánægðasti.

Ekki kom Lúðvík Geirssyni, bæjarstjóra í Hafnarfirði, á óvart tónninn í kollega sínum á Akureyri. „Rígmontinn ef ég þekki hann rétt. Við erum nú aldrei sáttir við annað sætið, Hafnfirðingar," segir Lúðvík og telur sig þá vita að hverju beri að keppa. Lúðvík segist reyndar ánægður með könnunina og að Hafnfirðingar hafi alltaf gert sér grein fyrir því að þeir væru í toppbaráttunni hvað fegurðina varðar.

„Enda Hafnarfjörður einstakur bær á alla lund sem þeir vita sem hér hafa verið og búið. Ætli þetta sé ekki einhver nostalgía með góða veðrið sem hefur haft sitt að segja hvað Akureyri varðar. En það er líka skjól og sólríkt í hrauninu hjá okkur. Svo er þetta líka spurningin um innri fegurð.



HAFNARFJÖRÐUR Öruggur í öðru sæti er hinn hýri Hafnarfjörður.



LÚÐVÍK GEIRSSON Hafnfirðingar eru bærilega sáttir með annað sætið og ekki í vafa um hvernig hefði farið ef spurt hefði verið um innri fegurð.

Ég er ekki í nokkrum vafa um hvaða bær yrði efstur á blaði ef þannig væri spurt. En við erum langflottastir hér á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu."

Eins og sjá má hér á neðanverðri opnunni heyrði Fréttablaðið ofan í nokkra nafntogaða ljósmyndara sem flakkað hafa um landið og skannað það í gegnum linsuopið. Og bar niðurstöðuna undir þá. Þeir eru flestir á því að könnunin rími ekki svo illa við sinn fegurðarstuðul. En þeir eiga það sammerkt að sakna ýmissa staða af topp tíu listanum auk þess sem þeim þykir flestum skjóta skökku við að Reykjanesbær og Kópavogur skuli vera á topp tíu lista yfir fallegustu staði landsins. Og vilja meina að þar hafi eitthvað annað ráðið en ómengað fegurðarmatið.■

## TOPP TÍU – flottustu plássin

Þó svo að Akureyri vinni þessa fegurðarsamkeppni bæjarfélaga með afgerandi hætti er dreifing atkvæða ótrúlega mikil. Þannig voru 68 bæir eða staðir á landinu nefndir til sögunnar. Enginn skortur er á fögrum stöðum á Íslandi en eins og fram kemur í samtali við ljósmyndarana virðist þéttbýlið njóta stærðar sinnar. Eða eins og Lúðvík Geirsson bendir á að menn haldi með sínu liði eins og þar stendur. 154 alls urðu til að nefna Akureyri sem fallegasta bæinn en 17 atkvæði standa á bak við 2,5 prósentin sem Kópavogur hreppir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Akureyri | 22,5% | 6. Vestmannaeyjar | 4,4% |
| 2. Hafnarfjörður | 10,5% | 7. Borgarnes | 2,8% |
| 3. Reykjavík | 7,9% | 8. - 9. Egilsstaðir | 2,6% |
| 4. Stykkishólmur | 7,4% | 8. - 9. Reykjanesbær | 2,6% |
| 5. Ísafjörður | 4,7% | 10. Kópavogur | 2,5% |



## Gunnar V. Andrésson:

# Kópavogur án miðju

Ég held að þeir hljóti að hafa verið margir Akureyringar sem urðu fyrir svörum. Engir eru eins stoltir af sínu bæjarfélagi en þeir," segir Gunnar V. Andrésson ljósmyndari.

Gunnar, eða GVA, nefnir marga litla staði úti á landi sem honum finnst alltaf jafn fallegir. Stærri bæir hafa hins vegar misst sjarmann.

„Menn hafa misst sig í kassabyggingum sem troðið er milli fallegri eldri húsa sem eiga meiri rétt á sér. Akureyri er þar engin undantekning. En Akureyri hefur vissulega alltaf sinn sjarma. Og ótrúlegt er að Kópavogur sé þarna, bær sem hefur enga bæjarmynd, fyrr en núna þessar miklu byggingar sem komnar eru innst í bæinn. Fyrst og síðast svefnbær. Ég hef lengi verið að leita eftir einhverri miðju sem þessi ormur er sem Kópavogur er."

En það eru litlu staðirnir úti á landi sem heilla GVA. „Staðir sem hafa heillegustu bæjarmyndina: Vopnafjörður, Stöðvarfjörður, Djúpivogur... allt bæir sem standa við höfnina og hafa ekki mengast mjög. Halda sér vel."













# Aukið öryggi í umferðinni

## - vegatálmar úr plasti -

Sterkir og meðfærilegir - Sjást vel í myrkri - Valda minna tjóni við óhapp
Þyngjanlegir með vatni, saltvatni eða sandi - Auðvelt að tæma gegnum afrennslisstút
Festingar fyrir gaumljós og umferðarmerki - Staflast vel og taka lítið pláss í geymslu

FAGMENNSKA OG ÁREIÐANLEIKI Í 35 ÁR!

BORGARPLAST

www.borgarplast.is

Vottað gæðakerfi síðan 1993 — ÍST ISO 9001

Vottað umhverfisstjórnunarkerfi síðan 1999 — ISO 14001

Sefgörðum 1-3a, 170 Seltjarnarnesi, sími 561 2211, fax 561 4185, borgarplast@borgarplast.is



**EIN HELSTA STJARNA DEMÓKRATAFLOKKSINS** Obama fagnaði sætum sigri í þingkosningunum í síðustu viku þar sem hann tryggði sér áfram sæti í öldungadeild Bandaríkjaþings. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Frægð og frami Baracks Obama

Barack Obama er ein af helstu vonarstjörnum Demókrataflokksins í Bandaríkjunum, hugsanlegur forsetaframbjóðandi og eini blökkumaðurinn sem situr í öldungadeild Bandaríkjaþings.

Síðastliðinn mánudag var haldin svolítil athöfn í Washington þar sem teknar voru fyrstu skóflustungurnar að minnismerki um Martin Luther King, leiðtoga bandarískra blökkumanna og baráttumann fyrir réttindum þeirra. Minnismerkið verður býsna stórt í sniðum, rétt eins og önnur minnismerki í Washingtonborg, og mun standa nokkurn veginn mitt á milli íburðarmikilla minnismerkja um Abraham Lincoln og Thomas Jefferson.

Við athöfnina voru staddar bæði dóttir og systir Martins Luthers King ásamt flestum helstu baráttumönnum fyrir réttindum þeldökkra. Þetta var tilfinningaþrungin stund og sumum vöknaði um augu.

**Vonarstjarna**

Meðal ræðumanna var Barack Obama, 45 ára gamall þingmaður í öldungadeild Bandaríkjaþings. Obama er eini blökkumaðurinn sem nú situr í öldungadeildinni, en í sögu Bandaríkjanna til þessa hafa einungis fimm blökkumenn komist þar inn fyrir dyr sem þingmenn deildarinnar.

Obama er mikil stjarna í bandarískum stjórnmálum um þessar mundir. Margir blökkumenn hafa óbilandi trú á honum og meðal demókrata eru háværar raddir um að Obama verði á endanum forseti Bandaríkjanna.

Obama er enginn nýgræðingur í stjórnmálum. Hann sat í öldungadeild ríkisþingsins í Illinois í átta ár, frá 1996 til 2004. Hann bauð sig fram til fulltrúadeildar Bandaríkjaþings árið 2000, en náði ekki kjöri.

Árið 2004 gerði hann aðra tilraun til þess að komast á þing í Washingtonborg, að þessu sinni í öldungadeildina, og flaug þá inn sem þingmaður fyrir Illinois.

**Ræðan fræga**

Sumarið 2004, nokkrum mánuðum áður en þingkosningarnar fóru fram, var Obama fenginn til þess að flytja aðalræðuna á flokksþingi Demókrataflokksins. Það er þessi ræða sem fyrst varð til þess að vekja verulega athygli Bandaríkjamanna á Obama. Þá strax hófust vangaveltur um að hann yrði þegar fram liðu stundir forsetaefni Demókrataflokksins og hugsanlega þar með fyrsti blökkumaðurinn sem næði því takmarki að verða forseti Bandaríkjanna.

Sjálfur hefur hann ekkert viljað gefa upp um það, hvort hann vilji bjóða sig fram í næstu forsetakosningum árið 2008, þótt væntanlega verði hann að fara að gefa einhver svör nú þegar þingkosningarnar eru afstaðnar.

**Rætur í Kenía**

Obama er fæddur í Havaí og ólst þar upp, en faðir hans var hagfræðingur að mennt, fæddur í Kenía.

Í ræðunni á flokksþinginu, eins og reyndar einnig í þeim tveimur bókum sem hann hefur gefið út, verður honum tíðrætt um föður sinn, sem var útlendur námsmaður í Bandaríkjunum, „fæddur og uppalinn í litlu þorpi í Kenía. Hann ólst upp við að líta eftir geitunum, gekk í skóla í litlu hreysi með blikkþaki. Pabbi hans – afi minn – var kokkur, heimilisþjónn hjá Bretum,“ sagði Obama í ræðu sinni á flokksþinginu árið 2004.

Móðir Baracks er aftur á móti hvít á hörund, fædd í Kansas þar sem faðir hennar – hinn afi Baracks – vann við olíuboranir og í landbúnaðarstörfum þangað til hann skráði sig í herinn – daginn eftir að Japanar réðust á Pearl Harbour.

Í fyrri bók sinni, sem heitir Dreams from My Father, segist hann varla hafa tekið eftir því á uppvaxtarárunum „að faðir minn var ekkert líkur fólkinu í kringum mig – að hann var svartur sem bik en móðir mín hvít eins og mjólk.“

**Tímamót á þingi**

Obama er eini þeldökki maðurinn sem nú situr í öldungadeild Bandaríkjanna, en í fulltrúadeildinni sitja hins vegar rúmlega 40 svartir Bandaríkjamenn, rétt tæplega tíu prósent þingmanna deildarinnar.

Ýmis tíðindi hafa orðið í þessari viku þegar hugað er að stöðu blökkumanna á þinginu. James Clayburn varð á fimmtudaginn fyrir valinu sem aðstoðarleiðtogi meirihluta fulltrúadeildarinnar, svonefndur „flokksvörður“ eða „Party Whip“, þegar Demókrataflokkurinn kaus í helstu leiðtogaembætti sín á flokksfundi sínum á fimmtudaginn. Þetta er í annað sinn í sögu Bandaríkjanna sem blökkumaður er kosinn í þetta embætti, og Clayburn verður þar með valdamesti blökkumaðurinn á nýja þinginu sem kemur fyrst saman í janúar.

Clyburn, sem er 66 ára og hefur setið á þingi frá 1992, virtist hreinlega klökkur þegar hann ræddi við blaðamenn og minntist þá móður sinnar, sem rétt eins og foreldrar Obamas hafði átt sér stóra drauma fyrir hönd sonarins, en „hún lifði ekki að sjá drauma sína rætast,“ sagði Clyburn.

Þar að auki benti allt til þess að blökkumenn yrðu fyrir valinu sem nefndarformenn í fimm af helstu nefndum þingsins og það út af fyrir sig telst marka mikilsverð tímamót í sögu blökkumanna í Bandaríkjunum, einmitt nú þegar minnismerkið um Martin Luther King er að verða að veruleika. ■



**Fræga ræðan** Obama vakti fyrst verulega athygli þegar hann flutti aðalræðuna á flokksþingi Demókrataflokksins í júlí árið 2004.





**Tilfinningaþrungin stund** Barack Obama var fenginn til að flytja ræðu á mánudaginn þegar fyrsta skóflustungan var tekin að minnismerki um Martin Luther King, sem reist verður í Washington skammt frá minnismerkjum um aðrar helstu hetjur úr sögu Bandaríkjanna. Á myndinni til vinstri má sjá Yolöndu King, sem er dóttir Martins Luthers King, þingmanninn John Lewis, Alexis Herman, Christine King Farris, sem er systir Martins, og Darryl R. Matthews.




**Auglýsir nýju bókina** Nú í haust sendi Obama frá sér aðra bók sína, sem nefnist Fífldirfska vonarinnar.

# ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420



Veggskápur
Br:160cmxD:32cmxH:35cm
Verð: 59.000,-

Borðstofuskenkir
Tvær stærðir
Br:180cmxD:50cmxH:85cm
Br:240cmxD:50cmxH:85cm
Verð frá: 124.000,-

Glerskápur
Br:120cmxD:50cmxH:200cm
Verð: 178.000,-





## Háglans svart og hvítt ný húsgagnalína









Hvíttuð eikarlína

Glerskápur
Br: 85cm D: 45cm H: 190cm
Verð: 68.000,-

Skenkur
Br: 150cm D: 45cm H: 90cm
Verð: 79.000,-

Borðstofuskenkur
Br: 180cm D: 45cm H: 125cm
Verð: 108.000,-

PARIS leðurstóll
Verð: 17.500,-

Stór stækkanleg borð, fáanleg í 2 stærðum:
L:160(+88)248xbr:100
L:200(+88)288xbr:110

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - www.egodekor.is

# Konur eru bestar á barnum

Skemmtistaðir borgarinnar eru eins mismunandi og þeir eru margir. Stemningin á hverjum stað skapast af fólkinu sem sækir hann en flestir sem sækja næturlífið að einhverju marki eiga sér sinn uppáhaldsstað. Barþjónarnir sjá hinar ýmsu hliðar á viðskiptavinum sínum sem eru af öllum sviðum þjóðfélagsins. *Sigríður Hjálmarsdóttir* spurði nokkra barþjóna hvaða viðskiptavinir skemmtistaðanna væru bestir og verstir.

**SPURNINGAR: 1** Hvaða þjóðfélagshópur er skemmtilegastur? **2** Hvaða þjóðfélagshópur er leiðinlegastur? **3** Hver er undarlegasta beiðnin sem þú hefur fengið á barnum?



NUNO DAPALMA BRETO, BARÞJÓNN Á KAFFIBARNUM

### Nuno Dapalma Breto, Kaffibarinn:

## Tarantino vann ælukeppni

**Fólkið sem sækir Kaffibarinn er blanda af lista- og menningarfólki. Fólk sem tengist sjónvarpi og kvikmyndum er stór hluti gesta Kaffibarsins.**

1. Listamenn hvers konar eru skemmtilegastir. Þeir eru mjög litríkir og opnir og vilja bara skemmta sér. Fólk í góðu skapi með jákvætt hugarfar og bros á vör er bestu viðskiptavinirnir.
2. Þar sem við erum mjög ströng á aldurstakmarkinu á Kaffibarnum þá held ég að þeir sem fari mest í taugarnar á mér séu 17-18 ára gamlir krakkar sem eru að þykjast vera eldri. Alkohólistar geta líka verið erfiðir og eins fólk sem heldur að það sé rosalega frægt af því það gerði eitthvað fyrir löngu síðan og heldur þess vegna að það geti komið fram við fólk eins og því sýnist.
3. Eftir klukkan fjögur á morgnana gerir fólk ýmislegt fyrir áfengi. Oft eru það kynferðislegar beiðnir og til dæmis hefur mér verið boðið kynlíf fyrir drykk.

Leikstjórinn Quentin Tarantino var með undarlega beiðni þegar hann bað um skot fyrir sig og vini sinn því þeir ætluðu að athuga hvor þeirra yrði fyrri til að æla. Tarantino vann keppnina eftir að ég hafði gefið þeim alls konar skot.

### Örn Bárður Arnarson, Sirkus:

## Gaman að öllu óeðlilegu

**Þeir sem sækja helst Sirkus er fólk frá 22 ára aldri og upp úr. Mikið af listafólki.**

1. Viðskiptavinirnir eru hálfgerð fjölskylda og myndi ég segja að það væru allir jafnir þar inni.
2. Erfiðastir eru útlendingarnir sem koma á Sirkus og kunna ekki að dansa.
3. Ég hef verið beðinn um mjólkurglas. Við höfum svo gaman af öllu sem er óeðlilegt hérna þannig að það er fátt sem kemur manni á óvart.



ÖRN BÁRÐUR ARNARSON, BARÞJÓNN Á SIRKUS

### Loftur Loftsson, Oliver:

## Bailey's með pepsí

**Fólk sem sækir Oliver um helgar er aðallega á milli 25 og 35 ára. Þar er gerð krafa um snyrtilegan klæðnað til að halda ákveðnum gæðastaðli. Á staðnum er dálítið af listamönnum, einn og einn pólitíkus, skemmtikraftar og fleira þannig að þetta er mjög blandað.**



LOFTUR LOFTSSON, BARÞJÓNN Á OLIVER

1. Mér finnst skemmtilegast að eiga við útlendingana. Varðandi Íslendingana þá finnst mér yfirleitt skemmtilegra að afgreiða stelpurnar. Þær eru að vísu oft kröfuharðari en eru frekar tilbúnar til að prófa eitthvað nýtt og leyfa manni að koma þeim á óvart.
2. Ég held það sé ekki beinlínis neinn sérstakur þjóðfélagshópur sem er leiðinlegri en annar. Stundum lendir maður samt á erfiðum viðskiptavinum sem gefa þér ekki tækifæri til að sinna þinni vinnu. Þeir eru oftast leiðinlegastir.
3. Undarlegast fannst mér þegar einhver pantaði hjá mér Bailey's með pepsí útí. Ég varð náttúrulega að prófa þetta sjálfur eftir að vaktinni lauk til að athuga hvernig það bragðaðist. Þetta er ekkert sérstakt og ég mæli ekki með þessu.



ANNA BRÁ BJARNADÓTTIR, BARÞJÓNN Á PRIKINU

### Anna Brá Bjarnadóttir, Prikið:

## Kleinu í staðinn

**Fólkið á Prikinu er í yngri kantinum. Oftast á milli 20-26 ára. Þar má finna rosalega marga af Seltjarnarnesi og úr Vesturbænum þannig að flestir fastagestanna þekkjast.**

1. Ég verð að segja að besti hópurinn er fólkið sem er ekki of ölvað og hægt er að ná sambandi við af einhverju viti.
2. Erfiðasta fólkið sem kemur á Prikið er eldra fólk sem heldur að þetta sé einhver kokteilbar. Verður svo hundfúlt yfir því að við eigum ekki ólífur út í martíníið. Þetta er aðallega fólk sem er komið yfir fertugt og þá sérstaklega karlmenn.
3. Það kom einhver og bað um þrjá stóra bjóra. Ég bað hann að hinkra aðeins því ég var að skipta um kút í dælunni og átti ekki kranabjór akkúrat þá stundina. Hann var voða rólegur yfir því og sagðist þá bara vilja fá kleinu í staðinn. Ég lét hann hafa kleinu en hann kom síðan ekkert til að fá bjór. Mér fannst það mjög undarleg skipti.

### Skjöldur Sigurjónsson, Ölstofa Kormáks og Skjaldar:

## Vill frekar spjalla en dilla sér

**Ölstofan er miklu rólegri staður en gerist og gengur. Hún er nokkurs konar hverfisbar fyrir þá sem sækja hann, hvort sem þeir koma úr Breiðholtinu eða miðbænum, en flestir eru úr 101. Þangað sækja meðal annars listamenn, blaðamenn, fréttamenn og fleira fólk sem vill frekar spjalla en dilla sér við háværa tónlist.**

1. Það er ekki mikið vesen á þessum hópi sem kemur á Ölstofuna. Barþjónarnir vita jafnvel hvað kúnnarnir sem koma vilja fá sér.
2. Nýríkir og stuttríkir eru oft með einhverja stæla og hóta að reka allt staffið og kaupa búlluna. Þeir koma reyndar ekki oft á Ölstofuna.
3. Creme de Menthe hristur í kók.





HALLDÓR HEIÐAR HALLSSON, BARÞJÓNN

### Halldór Heiðar Hallsson, Thorvaldsen:

## Tengdasonabón

**Fólkið sem sækir Thorvaldsen bar við Austurvöll er eldra og efnaðra. Fólk á bilinu 25-55 ára og er í milli og efri stéttum þjóðfélagsins.**

1. Konurnar eru oftast samvinnuþýðari og yfirleitt verða samskiptin við þær miklu auðveldari en karlana.
2. Íslenskir, ríkir karlar í eldri kantinum eru erfiðastir. Þeir eru margir með yfirgang og tilætlunarsemi.
3. Mér finnst undarlegast þegar konur sem eru kannski þrjátíu árum eldri en ég biðja mig um að verða tengdasonur þeirra.

# HELGARTILBOÐ




**Bubbi**
**06.06.06**

**Bubbi áritar og tekur lagið í Kringlunni kl. 15:00**

~~2.499~~ **2.199**

NÝTT




~~2.199~~ **1.999**

**Ragnheiður Gröndal**
**Þjóðlög**



~~2.199~~ **1.999**

**Í svörtum fötum**
**Orð**

NÝTT




~~2.199~~ **1.999**

**Þórunn Lár og Friðrik Karls.**
**Álfar og fjöll**

NÝTT




~~2.199~~ **1.999**

**Páll Óskar- Margrét Eir og Eiríkur Hauksson**
**Horfðu til Himins**



~~2.199~~ **1.999**

**Magga Stína**
**Magga Stína syngur Megas**



~~2.199~~ **1.999**

**Regína Ósk**
**Í djúpum dal**

5CD




~~3.299~~ **2.999**

**100 íslensk jólalög**

NÝTT
7 CD/DVD



**9.999**

**Björk**
**Dual box set**

## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR



NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK Handhafi verðlauna Jónasar Hallgrímssonar árið 2006 fyrir framan bókaskápinn sinn. Njörður segir að honum þyki vænt um bækur og noti því frekar innbundnar orðabækur en tölvuorðabækur.

Njörður P. Njarðvík, rithöfundur og kennari, hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu – fæðingardegi Fjölnismannsins 16. nóvember – síðastliðinn fimmtudag. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra veitti Nirði verðlaunin við athöfn í sal Hjallaskóla í Kópavogi. Ingi F. Vilhjálmsson ræddi við Njörð um hvaða þýðingu verðlaunin hafa fyrir hann og um skoðanir hans á stöðu íslenskrar tungu.

# Klapp á kollinn fyrir ævistarfið

Sennilega fara flestir vel yfir orð sín í huganum áður en þeir láta þau út úr sér við Njörð P. Njarðvík. Hann kenndi íslensku í Háskóla Íslands frá 1971 til ársins 2004 og hefur varið ævistarfinu í rannsóknir á íslenskri tungu og bókmenntum. Hann er höfundur fjölda bóka um ýmis málefni og skrifar vikulega pistla í Fréttablaðið sem hann kallar „Hljóðfæri hugans“ þar sem hann bendir lesendum á hvernig þeir ættu, og ættu ekki, að nota tungumálið.



Njörður segist hafa verið orðlaus þegar menntamálaráðherra hringdi í hann og sagði honum að hann hlyti verðlaunin í ár. „Ég hefði átt að segja eins og Njáll gamli gerði forðum þegar honum voru sögð mikil tíðindi: „Þetta þarftu að segja mér þrim sinnum.“ Mér finnst þetta mikill heiður því verið er að klappa mér á kollinn fyrir starf mitt í þágu íslenskrar tungu, eflingar hennar og miðlunar til nýrrar kynslóðar.“

**Tvíbent staða tungunnar**

Þrátt fyrir að margir haldi að menn eins og Njörður – mennta- og íslenskumenn á miðjum aldri eða meira – séu eingöngu svartsýnir á framtíð íslenskunnar þá er það ekki skoðun Njarðar því hann telur stöðu tungunnar tvíbenta: að mörgu leyti standi hún vel og öðru leyti illa. „Tungumál annarra Evrópuþjóða hafa tekið meiri breytingum en íslenskan hefur gert, þannig að Íslendingar eiga sér lengri samfellda sögu ritmáls en aðrar þjóðir. Tökum sem dæmi vísu Egils Skallagrímssonar: „Það mælti mín móðir“, sem er að minnsta kosti 700 ára gömul og jafnvel eldri. Þessa vísu skilur hvert mannsbarn á Íslandi í dag. Þetta er einstakt því tungumál eru í sífelldri gerjun en samt getum við skilið svo gamlar vísur. Ég segi stundum að við séum eina Evrópuþjóðin sem talar klassískt mál í þessum skilningi og við þurfum að viðhalda því,“ segir Njörður og bætir því við að íslenskri tungu standi einkum ógn af þrennu: auknum áhrifum frá ensku, minnkandi bóklestri og minni tengsla á milli kynslóða.

> „Írskan, gelískan, hvarf á þremur kynslóðum. Ég vona svo sannarlega að það fari ekki eins fyrir íslenskunni.“

**Minni orðaforði**

Njörður segist ekki hafa mestar áhyggjur af að slettur spilli málinu, heldur af minnkandi orðaforða Íslendinga sem hann segir að sé afleiðing af því að fólk lesi minna en áður. Hann spyr að því hvaðan íslensk börn fái orðaforða sinn; og svarar því til að þau fái hann einkum úr skólum og frá félögum sínum því þau umgangist foreldra sína minna en börn gerðu áður vegna þess að þeir vinna svo mikið. Auk þess segir hann að á þeim 33 árum sem hann kenndi við Háskóla Íslands hafi hann tekið eftir því að orðaforði nemenda hans hafi farið minnkandi.

„Ein afleiðing af þessari þróun er að tjáning manna verður fátæklegri, og þegar það gerist er hætt við því að hugsunin verði það líka. Sumir segja til dæmis að einhver „labbi“ upp á Esjuna. Við þekkjum ekki lengur þann blæbrigðamun sem er á orðunum. Við „löbbum“ ekki upp Esjuna heldur „göngum“ við, eða jafnvel eitthvað annað.“

**Lestrarörðugleikar ungs fólks**

Að mati Njarðar hefur það gerst á síðustu árum að börn eru í auknum mæli farin að eiga við lestrarörðugleika að stríða. Hann tengir þessa örðugleika við aukið vægi ýmiss konar afþreyingariðnaðar í samfélaginu, minnkandi bóklestur og bóksölu og að fólk sé í auknum mæli farið að lesa af tölvuskjám, sem þyki jafnvel fínna en að lesa bækur.

**Enginn vill vera skítugur**

„Þegar ég var ungur maður þá kom oft fyrir að í minningargreinum stæði að maður hefði talað og ritað fagurt mál. Þetta sér maður aldrei í dag, þó enn séu menn á lífi sem hafa það mikið vald á máli sínu að þeir geta talað eins og þeir séu að skrifa. Þetta er vegna þess að fólk hugsar ekki eins mikið um málfar sitt og áður. Ef þú ferð út á götu þá viltu ekki vera skítugur í framan eða illa til fara því þú ert að birta öðrum þinn innri mann. Það sama gerist þegar þú skrifar, og hvernig viltu að aðrir sjái þinn innri mann: Þú vilt vanda þig,“ segir Njörður og bætir því við að tungumálið sé töfratæki og að við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því hversu magnað það er.

Njörður segir að það sé undir Íslendingum komið hvort þeir nái að viðhalda íslenskunni og í því sambandi sé „vilji allt sem þarf“ svo hann noti klisju sem hann segir að eigi við í þessu tilfelli: „Írskan, gelískan, hvarf á þremur kynslóðum. Ég vona svo sannarlega að það fari ekki eins fyrir íslenskunni.“

*ingifreyr@frettabladid.is*

UPPHEIMAR
Mögnuð saga um glæp




Hönnun: ASvS
Sá yðar sem syndlaus er
Skáldsaga um glæp
>>> eftir Ævar Örn Jósepsson
„ . . . hans besta hingað til. Og telst reyndar til bestu glæpasagna sem íslenskur höfundur hefur sent frá sér.“
Jakob Bjarnar Grétarsson, Fréttablaðið
Ævar Örn Jósepsson er tilnefndur til Glerlykilsins 2007, norrænu glæpasagnaverðlaunanna, fyrir síðustu bók sína, Blóðberg.
uppheimar.is

# EDDA 2006

ÍSLENSKU KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSVERÐLAUNIN

Edduverðlaunin verða veitt annað kvöld á Nordica Hotel
Bein útsending Sjónvarpsins hefst kl. 19:35

Ert þú búin(n) að kjósa vinsælasta sjónvarpsmann ársins?

| | |
|---|---|
| 900-9901: | Auðunn Blöndal |
| 900-9902: | Ágústa Eva Erlendsdóttir |
| 900-9903: | Eva María Jónsdóttir |
| 900-9904: | Ómar Ragnarsson |
| 900-9905: | Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir |

Símtalið kostar 99 krónur

ÚRSLIT KYNNT Í BEINNI ÚTSENDINGU Á SUNNUDAGSKVÖLDIÐ!

SJÓNVARPIÐ

Forval á vinsælustu sjónvarpsmönnum ársins með hjálp:
capacent
vísir

Dagskrá:

| | |
|---|---|
| 18:45 | Fordrykkur í boði Tapas barsins |
| 19:35 | Bein útsending hefst í Sjónvarpinu |
| 21:35 | Samkvæmi að útsendingu lokinni á Nordica Hotel |

Framkvæmdastjórn Eddunnar 2006 er í höndum Sagaevents

sagaevents

Bakhjarlar Eddu 2006 eru:

GLITNIR
FRÉTTABLAÐIÐ
Nordica hotel
ICELANDAIR HOTELS
CITROËN
sagafilm

EDDA 2006

EDDA 2006

Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían

# Íslenskir tónli

## Afnemum virðisaukaskatt af öllu skemmtiefni, þ.e. tónlist, DVD og tölvuleikjum.




Páll Óskar, Margrét Eir, Eríkur
- Horfðu til himins







Ronja áritar og skemmtir í dag:
Smáralind kl. 15:00







100 íslensk jólalög
- Ýmsir flytjendur




Guðrún Árný áritar í dag:
Skeifunni kl. 14:00

Bubbi 06.06.06 - NÝTT UPPLAG VÆNTANLEGT Í VERSLANIR Á MÁNUDAG!

## ALLIR TÖLVULEIKIR án VSK

**AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT**




Need for speed carbon




Football manager 2007




Sims 2 pets




Jungle Party




Singstar Legends

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður fullan virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

# ...stardagar

TAX FREE
SKEMMTIEFNI

Tónlistarmenn flytja lög og árita geisladiska sína.




**Regína Ósk áritar og spilar í dag:**
Kringlunni kl. 14:00




**Jóhann Helgason áritar í dag:**
Skeifunni kl. 16:00
**Á morgun:** Kringlunni kl. 14:00




**Bríet Sunna áritar og spilar í dag:**
Smáralind kl. 16:00
**Á morgun:** Smáralind kl. 16:00




**Friðrik Ómar áritar og spilar í dag:**
Kringlunni kl. 16:00




**Stebbi og Eyfi árita og spila í dag:** Smáralind kl. 13:30
**Á morgun:** Smáralind kl. 14:00, árita einnig í Kringlunni kl. 16:00

## ALLAR DVD MYNDIR án VSK

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT




Söngvaborg 4 DVD




Dýrin í Hálsaskógi DVD




Jólastjarnan DVD




Svínasúpan DVD




Stelpurnar DVD

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




## STUÐ MILLI STRÍÐA James Önd

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** ER HRIST OG HRÆRÐ



Á fimmtudaginn skellti ég mér í bíó og bar nýjan James Bond augum. Ég kom mér fyrir í bíósætinu í Smárabíó og deildi slúðri um menn og málefni við bíófélagana mína. Þegar ljósin í salnum slökknuðu sló þögn á bíóhópinn og skrjáfhljóð í popppokum og smjatt í bíógestum ómaði milli veggja. Töfrar Hollywood og nýr James Bond voru um það bil að birtast á skjánum og ég var bara orðin nokkuð spennt. Enda hef ég ákaflega gaman af því að horfa á myndarlega menn.

James Bond staulaðist loks á tjaldið og gamanið hófst. Bond hljóp, skaut, sprengdi, kyssti, daðraði og gerði aðra hluti sem Bondar gera. Mér fór hins vegar fljótt að leiðast þófið og leiddi hugann að því sem skipti mestu máli. Ég spáði í nýja Bondinn sem var bara nokkuð myndarlegur. Svolítið „hott“, svolítið flagaralegur, banvæn blanda. Bondinn nýi tekur sig einnig vel út í sundskýlu þó að hálsinn á honum sé heldur stuttur miðað við breiddina á þessum agalegu öxlum sem hann ber. En axlirnar fara mjög vel við upphandleggina sem eru banvænir út af fyrir sig.

Nýi Bondinn er einnig með himinblá gullfalleg augu sem bæði geta sindrað sakleysislega ásamt því að senda brjálað „bad boy“ augnaráð ef óvinir Bretlands koma til tals. Andlitsdrættirnir eru sterkir og brosið fallegt. Hins vegar fannst mér nýi Bondinn svolítið „pósaður“ í framan. Alltaf var hann með einhvern Zoolander stút á munninum og pírð augu, tilbúinn að pósa í myndatöku fyrir MI6 Monthly, og ef andlitið var slakt, þá minnti nýi Bondinn mig á ótrúlega hissa önd. Sem gaf honum nokkur mínus stig. Þannig Önd, James Önd, fær um sjö og hálfan á kynþokkaskalanum. Myndina ætla ég ekki að leggja dóm á enda var ég svosum ekkert að fylgjast með henni.

Helgi, góða helgi. Hafið hana hrista og hrærða.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**OPIÐ ALLA DAGA**
laugard. 10:00 – 17:00
sunnud. 11:00 – 17:00

# LJÓSADAGAR

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4995- LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA | 3995- LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA | 3995- LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA | 6590- LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GYLLT | 13.696- LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, GYLLT |
| 1995- VEGGLJÓS | 1495- VEGGLJÓS | 1495- VEGGLJÓS | 4990- HANGANDI LJÓS | 3990- LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GYLLT |
| 1995- BORÐLAMPI | 1995- VEGGLAMPI, 2JA ARMA, GYLLTUR | 1995- VEGGLAMPI, 2JA ARMA | 1995- VEGGLJÓS, TVÖFALT | 2995- LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GRÁ |
| 1995- BORÐLAMPI | 4995- KRISTALSKRÓNA, 3JA ARMA | 9995- KRISTALSKRÓNA, 8 ARMA | 1595- VEGGLJÓS | 9995- LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST |
| 1995- VEGGLJÓS | 2995- KRISTALSVEGGLJÓS | 4995- KRISTALSVEGGLJÓS, TVÖFALT | 3995- LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, SVÖRT | 7995- LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST |
| 1995- VEGGLJÓS | VERÐ FRÁ 1495- GLERLJÓS, 3 STÆRÐIR | 2995- HANGANDI LJÓS | 2995- HANGANDI LJÓS | 3995- LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, RUST |

Athugið, vörur geta verið uppseldar

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

Lágvöruverslun með rafmagnsvörur

**!** **22.00**
*Daniel A. Pinero eða DP One er einn af efnilegustu hip-hop plötusnúðum Bandaríkjanna um þessar mundir. Hann er í hóp sem heitir Turntable Anihilists og meðlimur í Rock City Rockers, TCK og Zulu Kingz. Ásamt því hefur hann deilt sviði með RUN-DMC, Slick Rick, Talib Kweli, Mos Def, Common og M.O.P. Hann verður á NASA í kvöld.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Kvennakór í Grafarvogi

Grafarvogsbúar geta glaðst í dag: Kvennakórinn heldur vetrartónleika sína í Grafarvogskirkju kl. 17 og kalla þær stöllur tónleikana Hausttóna. Þar er á dagskrá kirkjuleg tónlist og klassík verk eftir Mozart, Brahms, Vivaldi og svo nýrri ópusar eftir Casals, Clark og Busto. Verk fyrir tvo þriggja radda kóra eftir Kostainen auk laga eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Huga Guðmundsson og Jakob Hallgrímsson. Stjórnandi er Sigrún Þorgeirsdóttir en undirleikari er Anna Guðný Guðmundsdóttir.



**> Ekki missa af …**

Sögu dátans í Salnum í dag kl. 13. Átta hljóðfæraleikarar flytja ævintýri við tónlist Stravinskí. **Halldór Gylfason** er sögumaður.

Leiklestri á nýju sakamálaverki eftir **Snæbjörn Brynjarsson, Flugunum,** á morgun kl.20 í **Borgarleikhúsinu.**

**Roof Tops** á **Sögu** í kvöld – einstakt tækifæri.

## Af ástum og örlögum

Félag um átjándu aldar fræði gengst fyrir málþingi í fyrirlestrasal Þjóðarbókhlöðu í dag og hefst það kl. 13 og lýkur um kaffileytið. Þar verða flutt sex erindi fræðimanna um ýmislegt er lýtur að sögulegum minnum frá einkalífi þess tíma sem félagið einbeitir sér einkum að. Kvonbænir og kaupöl heitir erindi Árna Björnssonar, dr. phil. Ísland í ljósi vestur-evrópsks hjúskaparmynsturs er efni Ólafar Garðarsdóttur, sagnfræðings. Djákninn á Reynisstað og kona klausturhaldarans – Af ástum Jóns Steingrímssonar og Þórunnar Hannesdóttur Scheving er efni Torfa K. Stefánssonar Hjaltalín, guðfræðings. Raunir biskupsdóttur – Þættir úr lífssögu Helgu Steinsdóttur er efni Sigurðar Péturssonar.

Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur – sjálfsævisaga baráttukonu eða kímnisaga af flóni? spyr Guðný Hallgrímsdóttir sagnfræðingur. Skóp ástin örlög Þuríðar bóndadóttur? er viðfangsefni Þórunnar Guðmundsdóttur sagnfræðings. Flutningur hvers erindis tekur um 20 mínútur. Um 10 mínútur gefast til fyrirspurna og umræðna að loknu hverju erindi. Ágrip erinda liggja frammi á málþinginu. Þau verða síðar aðgengileg á heimasíðu félagsins: www.akademia.is/18. oldin.



ÁRNI BJÖRNSSON, ÞJÓÐHÁTTAFRÆÐINGUR




# Hörinn í striganum

**Hildur Bjarnadóttir opnar í dag sýningu í Safninu í gamla Faco-húsinu við Laugaveg. Verkin sem hún sýnir eru öll unnin sérstaklega fyrir þessa sýningu Safnsins. Hildur hefur á undanförnum árum fengist við gerð verka sem sækja í eldri hannyrðir.**

Hún notar tækni handíða í víðu samhengi þráðar og vefs og vísar gjarna í aldalanga hannyrða- og handverkshefð kvenna. Í nýlegum verkum sínum hefur hún og gert málarastrigann að vettvangi fyrir formpælingar sínar og dregur um leið upp hugmyndafræði karllægs sjónarhorns sem ríkir í listasögunni. Þar sem saga málverksins er í fyrirrúmi og jafnan það sem karlar hafa gert á því sviði. Ólíkt þeim listamönnum, sem hafa öldum saman notað strigann sem undirstöðu málverks, vinnur Hildur með strigann sjálfan og sögulega merkingu hans, gerir hann að upphafsreit í leit að svörum: hvað skilur handverkið frá hinum „fögru listum“, hún vekur spurn um opinbera listhefð, hámenningu og lágmenningu, karllega list og kvenlega. Verk Hildar í Safni líta, við fyrstu sýn, út fyrir að vera „mónókróm“ – einlit og einsleit – málverk, hörstrigar, sem málað hafi verið yfir með ljósum lit.

Reyndin er þó að, að baki hvers verks fer fram vinna, sem byggir á aldagamalli tækni. Hildur vefur verkin frá grunni, úr fínasta hör sem fáanlegur er og litar þráðinn með akrílmálningu áður en hún tekur til við að vefa úr honum. Þau eru málverk án myndar, það er handverkið sjálft sem er verkið og vísanir þess í handverkssögu, listasögu, karla- og kvennamenningu.

Hildur Bjarnadóttir er fædd 1969, nam myndlist við Myndlista- og handíðaskólann og við Pratt Institute í New York, Bandaríkjunum. Verk hennar hafa verið sýnd víða; í helstu söfnum og sýningarrýmum á Íslandi, svo og í Bandaríkjunum, Kanada, Þýskalandi, Póllandi, Noregi og Svíþjóð, Hildur hlaut á árinu Sjónlistaorðuna fyrir myndlist og hefur auk þess hlotið í verðlaun The Betty Bowen Memorial (2001), Menningarverðlaun The American Scandinavian Society of New York (1999) og Myndlistarverðlaun Pennans (2000). Hildur sýnir nú verk sín í fyrsta sinn í Safni og stendur sýning hennar út árið 2006.

- pbb



**HILDUR BJARNADÓTTIR MYNDLISTARKONA** Byggir verk sín á kvenlegum aðferðum handmenntanna. FRÉTTABLAÐIÐ VIGFÚS BIRGISSON

# Hulda í Grasrótinni

Grasrótarsýningar Nýlistasafnsins eru undanfarin sex ár búnar að vera spennandi samantekt á því hvað er að gerast í yngsta hópi starfandi myndlistarmanna. Það var hlutverk Grasrótarinnar frá upphafi að kynna það ferskasta í íslenskri nútímalist. Að þessu sinni ákváðu sýningarstjórarnir Andrea Maack, Huginn Þór Arason og Jóhannes Atli Hinriksson að velja einn upprennandi ungan myndlistarmann til sýningar í öllu safninu. Með því vildu þau skapa heilsteypta sýningu þar sem listamaðurinn fær notið sín til fullnustu. Nær þrjú hundruð fermetrar Nýló eru því lagðir undir myndheim Huldu Vilhjálmsdóttur.

Þetta er stærsta sýning sem Hulda hefur staðið fyrir þótt hún hafi komið víða við á ferli sínum frá því hún sýndi fyrst 1997. Níunda árið hennar er brátt og baki og það tíunda fram undan. Hulda Vilhjálmsdóttir útskrifaðist frá málaradeild MHÍ 2000 og hefur unnið sleitulaust síðan að listsköpun sinni. Sérstakur stíll listakonunnar hefur þróast í gegnum árin og hefur Hulda verið ötul við sýningarhald að ýmsu tagi. Verkin í Nýló eru 72 að tölu og af öllu tagi, þótt málverk í bland við teikningar, skúlptúra, ljósmyndir o.fl. séu þar fyrirferðarmest. Þau eru flest til sölu. Hulda heldur úti vefsíðu þar sem skoða má feril hennar og kynnast sögu hennar og viðhorfum, www.huldavil.com. Sýningin í Nýló opnar á laugardag kl. 16. Nýlistasafnið er opið frá miðvikudegi til sunnudags frá kl. 13-17 og á fimmtudögum til kl. 22. Stendur sýningin til 17. desember.

- pbb



**HULDA VILHJÁLMSDÓTTIR LISTMÁLARI**


heima er best!
“ Skrýtið hvernig lífið breytist - þegar maður er kominn með barn þá langar mann hvergi annars staðar að vera en heima hjá sér. ”
Bjarni, Hrefna & Ronja
FIORI
sófi: Fiori 3ja sæta. kr. 99.800 kr.
Höfum opnað stærri verslun með enn fjölbreyttara úrval af húsgögnum og smávöru fyrir heimilið að Síðumúla 30
Komdu við, úrvalið kemur á óvart.
heima
síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242

# Tónað inn í aðventu á Melum

Kirkjur landsins eru í vaxandi mæli teknar að vera skjól listafólki vikurnar fyrir aðventu og á aðventunni sjálfri, rétt eins og listasamfélagið vilji eyða svartasta myrkrinu fyrir skemmstan dag. Þannig verður átak í Neskirkju vestur á Melum og hefst í dag. Tónlistarhátíð Neskirkju „Tónað inn í aðventu“ er nú haldin í þriðja sinn. Markmið hátíðarinnar er að listamenn sem tengjast kirkjunni eða vesturbæ á einhvern hátt hafi vettvang til að koma fram undir einum hatti en einnig er markmiðið að setja á fót listahátíð vesturbæjar með aðsetur í Neskirkju þar sem ungir og aldnir sýni afrakstur vinnu sinnar. Enn er tónlistin allsráðandi og þetta árið verður boðið upp á níu tónleika í kirkjunni og er það fjölgun frá því í fyrra.

Fyrstu tónleikarnir verða í dag kl. 13 og eru sameiginlegir milli nokkurra hópa í Vesturbæ en það er Tónskóli DoReMi, skólahljómsveit Vesturbæjar og barnakórar Neskirkju og Dómkirkju.

Á morgun kl. 17 er komið að barrokktónlist Biber- tríósins sem vakið hefur athygli fyrir vandaðan flutning á tónlist sem aldrei heyrist hér á landi annars. Martin Frewer fiðluleikari, Dean Ferrel bassaleikari og Steingrímur Þórhallsson orgelleikari, halda sína árlegu tónleika á tónlistarhátíð Neskirkju. Gestur á tónleikunum verður Sigurður Halldórsson sellóleikari. Flutt verða verk eftir Locatelli, Valentini, Biber, Schmelzer og meistara Bach en öll eru þetta tónskáld barrokktímans. Biber-tríóið hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir tónlistarflutning sinn og lét tónlistargagnrýnandi Ríkisútvarpsins þau orð fjalla um tónleika tríósins fyrir ári að hann hefði aldrei heyrt Biber eins vel leikinn. Meðlimir tríósins eru einnig duglegir að grafa upp tónlist sem sjaldan er flutt og eru að öllum líkindum flest stykkin frumflutt á Íslandi á þessum tónleikum. Einnig er leikið sér með hljóðfærin og prófað nýstárlegar hljóðfæraskipanir.



**TÓNLIST** Sinfóníuhljómsveit æskunnar flytur nýtt tónverk eftir Tryggva Baldvinsson á miðvikudag í Neskirkju.

Á miðvikudag kl. 20.00 er svo komið að Sinfóníuhljómsveit unga fólksins undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar. Þau munu flytja sinfóníu nr. 40 í g-moll eftir W. A. Mozart ásamt konsert fyrir selló og hljómsveit eftir J. Haydn. Auk þess verður flumflutt verk eftir Tryggva Baldvinsson sem kallast Sprint. Einleikari á tónleikunum verður Margrét Árnadóttir.

Pamela De Sensi flautuleikari og Rúnar Þórisson gítarleikari leika fjölbreytta tónlist í nýja safnaðarheimilinu í Neskirkju á fimmtudagskvöldinu kl. 20.30. Þar koma einnig fram leikarar sem er mikið gleðiefni því eitt af markmiðum „Tónað inn í aðventu“ er að leiklist komi meira inn. - pbb

# Þýðingahlaðborð

Þýðendur bralla margt þegar þeir losna frá skrifborðinu. Í dag kl. 16 verða þeir með upplestra úr nýjum þýðingum sinna manna á Kaffi Oliver á Laugaveginum í Reykjavík. Á þýðingahlaðborði verða textar eftir Emely Brontë, Franz Kafka, Christin Jungersen, Michele Robeerts og Auster. Þýðendur lesa úr verkunum, þau Silja Aðalsteinsdóttir, feðgarnir Ástráður Eysteinsson og Eysteinn Þorvaldsson, Ólöf Eldjárn, Fríða Björk Ingvarsdóttir og Jón Karl Helgason. Þetta er í þriðja sinn sem þýðendur kalla lesendur til hlaðborðs og munu þeir svara spurningum forvitinna lesenda milli krása.



**JÓN KARL LES ÚR AUSTER**


Geirmundur Valtýsson í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALEIKUR

Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur

Frumsýning 18. nóvember kl. 20
2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20
MIÐAVERÐ KR. 2.500
ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR

STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

„ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR.“
RONJA RÆNINGJADÓTTIR

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 19/11 kl. 14 UPPS. Sun 26/11 kl. 14
Sun 3/12 kl. 14 Sun 10/12 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 26/11 kl. 20 Fös 1/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20

FOOTLOOSE
Fös 24/11 kl. 20 Lau 2/12 kl. 20
Lau 9/12 kl. 20

BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 23/11 kl. 20 Sun 3/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20 Fös 29/12 kl. 20

MANNTAFL
Sun 19/11 kl. 20 Síðasta sýning.

FJÖLSKYLDUSÝNING Íd
Í dag kl. 14 UPPS. Lau 25/11 kl. 14
Frítt fyrir 12 ára og yngri

ÚTFÁFUTÓNLEIKAR HELGA RAFNS
Mið 22/11 kl. 20 Miðaverð 2.300

WATCH MY BACK
Kómískur spuni. Flutt á ensku.
Sun 19/11, sun 26/11 kl. 20.10
Miðaverð 1.000 kr.

MEIN KAMPF
Í kvöld kl. 20 Fös 24/11 kl.20
Lau 25/11 kl. 20 Lau 2/12 kl. 20
Lau 9/12 kl. 20 Síðustu sýningar

SAKAMÁL Á SVIÐ
Leiklestrar á 3ju hæðinni.
Sun 19/11 kl. 20 Ókeypis aðgangur

AMADEUS
Í kvöld kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR SNIGLABANDSINS
Fim 23/11 kl. 21 Miðaverð 3.500

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR STEBBA OG EYFA
Mið 29/11 kl. 20 og 22. Miðaverð 4.000

JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN
Mið 22/11 kl. 18 og 20 Frums. UPPS.
Fim 23/11, Fös 24/11, Mán 27/11
Sýnt kl. 9:30 og 13:00
Sýningartími 1 klst. Miðaverð 500 kr.

BROT AF ÞVÍ BESTA
Fim 30/11 kl. 20 Fim 7/12 kl. 20
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter
8. sýn. í kvöld lau. 18/11 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 **nokkur sæti laus**, lau. 25/11 **nokkur sæti laus**, sun. 26/11 **nokkur sæti laus**, fös. 1/12 nokkur sæti laus, lau. 2/12.
Síðustu sýningar fyrir jól.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Í dag lau. 18/11 **kl. 14:00** uppselt, sun. 19/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, fös. 29/12 **kl. 20:00 örfá sæti laus**, lau. 30/12 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 17:00 örfá sæti laus**, lau. 6/1 **kl. 14:00,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 23/11 **örfá sæti laus**, fös. 24/11 **örfá sæti laus**. Aukasýningar fös. 8/12 og lau. 9/12 nokkur sæti laus. Allra síðustu sýningar!

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Sun. 19/11, **örfá sæti laus**, aukasýning fös. 24/11 nokkur sæti laus, sun. 26/11 uppselt.
Síðustu sýningar fyrir jól! Lau. 6/1, lau. 13/1.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

KÚLAN Lindargötu 7, kl. 17:00 og 20:00

UMBREYTING – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Sun. 19/11 **örfá sæti laus**, fös. 24/11 **kl. 20:00** uppselt. Allra síðustu sýningar!

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00** uppselt.

LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Í dag lau. 18/11 kl. **11:00** uppselt **og 12:15** uppselt.

LEITIN AÐ JÓLUNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 **kl. 13:00** uppselt og **kl. 15:00** uppselt, sun. 26/11 **kl. 13:00** uppselt og **kl. 15:00** uppselt, lau. 2/12 **kl. 13:00** uppselt, **kl. 14:30 nokkur sæti laus og kl. 16:00**, sun. 3/12 **kl. 13:00** uppselt, **kl. 14:30** uppselt og **kl. 16:00**, lau. 9/12 **kl. 13:00, kl. 14:30** og **kl. 16:00**, sun. 10/12 **kl. 13:00 örfá sæti laus** og **kl. 14:30 örfá sæti laus**, lau. 16/12 **kl. 13:00** og **kl. 14:30**, sun. 17/12 **kl. 13:00** og **kl. 14:30**.

HVERS VEGNA LÁTA KONURNAR SVONA?
Námskeið fyrir almenning um Bakkynjur hefst 21/11.
Skráning á midasala@leikhusid.is eða í síma 551 1200.
Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu **www.leikhusid.is**
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.












MIÐAPANTANIR:
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is

**Sun. 19. nóv. kl.20** Laus sæti
**Fim. 23. nóv. kl.20** næstsíðasta sýn!
**Fös. 24. nóv. kl.20** Allra síðasta sýning!

Ein sú besta, ef ekki besta sýning sem ég hef séð” Eirún Sigurðardóttir myndlistarmaður.

*ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins*
*Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.*

*Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi*

Líka fyrir þig;
lífið, fréttirnar
og fjörið á ensku

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

HARMONIKUGLEÐI Í RÁÐHÚSINU Á MORGUN.
- DAGUR HARMONIKUNNAR -

Hausttónleikar Harmonikufélags Reykjavíkur eru í Ráðhúsi Reykjavíkur sunnudaginn 19. nóvember 2006 kl. 15:00.
Á dagskrá er létt tónlist úr ýmsum áttum.

Meðal flytjenda eru:
Hljómsveitir félagsins, Stormurinn og Léttsveitin undir stjórn Vadim Fjodorov, Arnheiður Gróa Björnsdóttir, nemandi hljómsveitarstjóra, hljómsveit Þóris Lárussonar, Hildur Petra Friðriksdóttir og Vadim Fjodorov.

**Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.**

AUSTURBÆR

HAFIÐ BLÁA

Fékk **áhorfendaverðlaun grímunar 2006.**
Þrjár tilnefningar til grímuverðlaunanna:

- **Barnasýning ársins.**
- **Búningaverðlaun ársins.**
- **Áhorfendaverðlaun ársins.**

**Sýningar**
Sun 19. nóv kl. 13:30
síðasta sýning fyrir jól

Stúdentaleikhúsið kynnir
**„Þú ert enginn Johnny Depp!"**
sun 19/11, mán 20/11, fim 23/11.
fös 24/11, lau 25/11 mið 29/11.
Miðaverð kr. 1.500
Skólafólk og hópar kr. 1.000

IsMedia SPARISJÓÐURINN TM

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700


LENNON & SINFÓNÍAN
hljómleikar til heiðurs John Lennon
háskólabíói 1. desember : : UPPSELT
: : söngvarar
björn jörundur
hildur vala
kk
eivör pálsdóttir
jón ólafsson
páll rósinkranz
sigurjón brink
magnús þór sigmundsson
haukur heiðar hauksson (dikta)
jens ólafsson (brain police)
: : rokkhljómsveit
jón ólafsson
guðmundur pétursson
stefán már magnússon
pétur örn guðmundsson
friðrik sturluson
jóhann hjörleifsson
tónlistarstjóri : : jón ólafsson
útsetningar : : haraldur vignir sveinbjörnsson
konsertmeistari : : sigrún eðvaldsdóttir
hljómsveitarstjóri : : árni harðarson
kynnir : : sigurður skúlason
: : flutt verða lög eftir John Lennon sem
hafa verið útsett fyrir sinfóníuhljómsveitina
og rokkhljómsveit af þessu tilefni
give
peace
a
chance
AUKA HLJÓMLEIKAR
laugardag 2. desember og sunnudag 3. desember kl 20
miðasala er hafin á midi.is
Coca-Cola
HÁSKÓLABÍÓ
OFUR HETJUR



> **Mælum með**

... lakkskóm. Fást í flestum skóverslunum landsins og eru ágætis viðbót við svörtu skótískuna.

**útlit**

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON RITSTJÓRI REYKJAVIK MAG

# *„French chic meets rock chick“*



**Spáir þú mikið í tískuna?** Ég hef mjög gaman af að fylgjast með tískunni og ég kaupi alltaf tískublöð. Myndi samt ekki láta það fara út í öfgar.
**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** „French chic meets rock chick“ finnst mér setning sem lýsir honum vel. Er annars föst í svona 1968-fílingnum.
**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Chanel, Lagerfeld, Chloé, Prada. En þar sem ég hef ekki efni á því fæ ég þetta einstaka sinnum lánað við tækifæri.
**Flottustu litirnir?** Ég er örugglega alltof mikið í svörtu. Alltaf eins. Finnst það einfalt og stílhreint.
**Hverju ertu veikust fyrir?** Kjólum, undirfötum og stígvélum.
**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Keypti mér æðislega ekta hlýja tvíhneppta sixtís kápu með loðkraga frá Gyllta kettinum og háhælaða lakkskó sem eru algjör eftirlíking af Louboutin.
**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Elska þessar hlýju síðu peysur, tuxedo dragtirnar og ökklastígvélin. Langar líka í hlýja furry-slá.
**Paris Hilton eða Kate Moss?** Hilton er appelsínugulur hnakki. Mossarinn klikkar aldrei.
**Uppáhaldsverslun?** Liborius, Rokk og Rósir, Kisan, Gyllti kötturinn og Top Shop.
**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Mjög misjafnt, oftast eins lítið og ég get en fæ alltaf smá kaupæði á haustin.
**Uppáhaldsflík?** Rauð háhæluð glansandi stígvél frá Patrick Cox sem ég hef átt lengi og fer bara í við sérstök tækifæri.
**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** París, New York eða Tókýó.
**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Á ævinni? Örugglega allir þessir viðbjóðslega risavöxnu eyrnalokkar sem maður var með „in the good old eighties“.
**Hverjar eru þínar tískufyrirmyndir?** Sixtís-píur eins og Bardot, Birkin og Sedgwick. Agnieszka vinkona mín heldur mér líka alltaf við efnið enda fullkomin þörf á.



## MÓÐUR VIKUNNAR

**Álfrún fer yfir málin**

# *Að forðast grímuna*

Það er innbyggt í hið kvenlega eðli að finnast gaman að klæða sig upp fyrir ævintýri helgarinnar. Persónulega finnst mér það frábært að velja sér föt, mála sig fínt og fara út á lífið. Sýna sig og sjá aðra er lögmál sem á vel við í skemmtanalífi Íslendinga enda hvergi annars staðar í heiminum jafn miklar líkur á að maður hitti einhvern sem maður þekkir. Jafn skemmtilegt og mér finnst að klæða mig upp fyrir ævintýri helgarinnar finnst mér leiðinlegt að fara á grímuball eða þemapartí.

Ég reyni að forðast það í lengstu lög að taka þátt í svoleiðis samkomum vegna þess að ég hreinlega nenni ekki að spá í búning. Það er hinn versti hausverkur að finna búning sem í senn er flottur, klæðilegur og við hæfi. Það er mörgum sem finnst þetta æðislegt og elska að klæðast búning og geta skemmt sér hið besta bak við grímuna eða hinn tilbúna karakter. Mér finnst það hreinlega taka alla ánægju af því að klæða sig upp fyrir djammið, sem oftast er meirihlutinn af skemmtuninni fyrir stelpur. Maður þarf að stússast svo mikið fyrir grímuböll, finna búning sem er flottur og hentar í senn viðburðinum. Svo þarf að telja í sig kjark að klæðast búningnum á almannafæri af því að það er ekki sjálfgefið.

Ég er ekki þessi flippaði karakter sem getur verið í hverju sem er og það að ég skemmti mér vel tengist oft hverju ég klæðist. Ef maður er ánægður með dressið þá verður kvöldið skemmtilegt og öfugt.

Þegar ég var í menntaskóla var eitt þemaball sem tengdist ákveðnum áratug síðustu aldar og þurfti ég að melta þennan búningaleik í tvö ár áður en ég gat tekið þátt í honum af fullri alvöru.

Ég dáist að þeim sem taka alltaf þátt í svona grímuböllum og eru hugmyndaríkir búningasmiðir. Vildi ég væri gjörsamlega með puttana á púlsinum og væri með heilann fullan af skemmtilegum og flippuðum búningum.

Þangað til að það kraftaverk gerist ætla ég að halda áfram mínu striki, forðast grímuböll og þemapartí, en ef það ekki er hægt mun ég treysta á aðra að finna búning sem ég get skemmt mér hið besta í. Sjálf er ég ekki traustsins verð í þessum málum.






**BALENCIAGA** Leggings voru í forgrunni hjá þeim og þessar eru með bronslitaðri áferð



**RYKKINGAR** Silfurlitaðar frá Gallerí 17.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**TIGER** Rauðar tiger buxur frá Gallerí 17.

**SILFURLITAÐAR** Þessar vekja eftirtekt frá Liborius.

**HRESSANDI** Leggings frá Liborius sem hressa upp á hversdagsleikann.

# Hið fagra föðurland...

Þessa dagana er óeðlilega kalt úti og því um að gera að klæða sig upp í hvað sem er til að halda á sér hita. Sokkabuxur og leggings eru tilvalinn fatnaður fyrir það enda hægt að smeygja þeim undir buxur og gera það að verkum að kjólar og pils liggja ekki ónothæf yfir veturinn.

Nú er til þvílíkt úrval af alls kyns tegundum af leggings og hafa tískupallar erlendis einkennst af þessum flíkum fyrir veturinn. Það er því algjör óþarfi að fara í gamla föðurlandið sem var notað mikið af forfeðrum okkar og þykir kannski ekki passa við tískuna í dag.

Nú eru leggings til í alls kyns litum, stærðum og gerðum og því ástæðulaust að væla yfir kulda og bregða sér frekar í flottar leggings við stuttbuxurnar, pilsið og kjólinn. Sjáum hvað tískuverslanir bæjarins hafa upp á að bjóða.

alfrun@frettabladid.is



**JEREMY SCOTT** Flottar leggings frá þessum skemmtilega hönnuði sem standa alveg fyrir sínu.



**MEÐ HÁU MITTI** Leggings sem virka sem buxur frá 3AsFour hönnunarteyminu.



**SILFUR** Hlýjar og flottar í senn frá Júniform. Einnig er hægt að sjá þær á juniform.net.

**KLÓRAÐAR** Pönkaðar leggings sem flikka upp hvaða dress sem er frá Júniform og fást einnig á juniform.net.

**GLANSANDI** Þessar buxur eru ómótstæðilegar með leðuráferð frá Liborius.

**Í LÖGUM** Gráar leggings með áföstum legghlífum frá Júniform og fást einnig á juniform.net.

**GLIMMER** Þessar leggings eru búnar að slá í gegn hjá Júniform.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**GLÆSILEG** Jessica Stam lítur ekki út fyrir að vera aðeins tvítug í þessum glæsilega bleika og svarta síðkjól.

# Heitasta andlitið í dag

Nafn fyrirsætunnar Jessicu Stam er á hvers manns vörum þessa dagana. Hún er vinsælasta andlitið í tískuheiminum í dag þrátt fyrir að vera aðeins tvítug á þessu ári. Stam hefur verið á forsíðum helstu tímarita heims og er meðal annars bæði andlit Marc Jacobs og MiuMiu auglýsingaherferðanna.

Stam var uppgötvuð á kaffihúsi í Kanada aðeins 16 ára gömul. Hún ólst upp á sveitabæ þar á landi með sex systkinum og því var fyrirsætuheimurinn henni all ókunnur og langaði hana að verða tannlæknir þegar hún var lítil. Fyrirsætubransinn var því enginn langþráður draumur eins og hjá flestum stelpum.

Stam er núna að komast inn í skemmtanalíf tískubransans hægt og bítandi en hún er kærasta söngvara Red Hot Chili Peppers, hins 43 ára Anthony Kiedis. - áp



**HVERDAGSLEG** Í gallabuxum, úlpu og strigaskóm og samt alveg gullfalleg að venju. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES




Húsgagna
LAGERSALA
ÁRMÚLA 23
50-90% AFSLÁTTUR!

Furniture – WAREHOUSE SALE – 50-90% reductions
Sofas – chairs – tables – suites – gifts – mirrors – lamps – cupboards – shelving and much more
Limited quantities

Meble – WYPRZEDAŻ – obniżki 50-90%
Kanapy – krzesła – stoły – komplety – upominki – lustra – lampy – szafki – półki i wiele, wiele więcej
Ilość ograniczona

เฟอร์นิเจอร์ - ราคาโรงงาน - ราคาลด 50 ถึง 90%
มีทั้ง โซฟา - เก้าอี้ - โต๊ะ - ชุดเครื่องเรือน - ของขวัญ - กระจกเงา - โคมไฟ - ตู้ - หิ้ง และผลิตภัณฑ์อื่นๆ
ในปริมาณจำกัด

Sófar - stólar - borð - sófasett - gjafavara
speglar - lampar - skápar - hillur o.m.fl.
TAKMARKAÐ MAGN!

Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN

Lagersala Öndvegis er í Ármúla 23, 108 Reykjavík. - Opið: Laugardag kl. 11-16 og sunnudag kl. 12-16.




# Aðdáendur vilja endurgreiðslu

Reiðir aðdáendur popparans Michael Jackson vilja fá miðana sem þeir borguðu inn á heims-tónlistarverðlaunin í London á dögunum endurgreidda.

Miðinn á verðlaunahátíðina kostaði um þrettán þúsund krónur. Bjuggust aðdáendurnir við því að sjá og heyra Jackson flytja slagara sinn Thriller en ekkert varð úr því. Þess í stað var lagið flutt af bandaríska söngvaranum Chris Brown. „Ég er bálreið. Mér líður eins og ég hafi verið féflett,“ sagði einn aðdáandinn sem eyddi yfir tuttugu þúsund krónum í aðgangseyri.

Jackson söng aðeins tvö erindi í laginu We Are The World áður en hann yfirgaf sviðið. „Þetta var mikið spennufall. Ég gekk í burtu,“ sagði annar sársvekktur aðdáandi.

Jackson kom fram í London í fyrsta skipti síðan hann var sýknaður af ákæru um kynferðislega misnotkun. Hefur hann dvalið í Bahrain og Írlandi undanfarna mánuði og hyggur á útgáfu nýrrar plötu á næsta ári.


**MICHAEL JACKSON** Popparinn tók á móti verðlaunum fyrir að hafa selt plötur í yfir 100 milljónum eintaka.


**JACKSON** Olli aðdáendum sínum vonbrigðum á verðlaunahátíðinni í London.

# *Slær met í Bretlandi*

Nýjasta Bond-myndin, Casino Royale, náði inn meiri peningum á sínum fyrsta sýningardegi í Bretlandi en nokkur önnur Bond-mynd.

Alls seldust 1,7 milljónir miða á myndina. Er það tvöfalt meira en keypt var á fyrsta sýningardegi Bond-myndarinnar Die Another Day, sem átti fyrra metið.

Gefið hefur verið leyfi til að sýna Casino Royale í Kína. Verður hún fyrsta Bond-myndin sem er sýnd í kvikmyndahúsum þar. Hingað til hefur kvikmyndaeftirlitið í Kína bannað myndirnar vegna mikils ofbeldis og kynlífsatriða. „Við erum mjög ánægðir með að myndin hefur fengið grænt ljós og ég býst við því að hún verði ein sú tekjuhæsta í landinu á næsta ári,“ sagði yfirmaður Sony í Kína.

Casino Royale, sem er 21. Bond-myndin í röðinni, hefur fengið mjög góða dóma gagnrýnenda og hefur aðalleikarinn Daniel Craig jafnframt hlotið mikið lof fyrir frammistöðu sína.


**JAMES BOND** Casino Royale hefur slegið rækilega í gegn í Bretlandi.





BON'A PARTE®

**BON´A PARTE í 20 ár á Íslandi** og Fólk ehf. opnar því nýja deild með glæsilegum vörum. Í tilefni af opnuninni býður Fólk **20% afslátt** af öllum vörum frá **18. - 24. nóvember**.

**Opið** mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga kl. 10-18, fimmtudaga og föstudaga kl. 10-19, laugardaga kl. 10-18 og sunnudaga 13-17.

**FÓLK EHF** ::: Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7 ::: 103 Reykjavík ::: Sími 5 88 44 22 ::: www.folk-ehf.is


# Íslensk náttúra í tísku

Glöggir lesendur nýjasta tölublaðs tískuritsins Vogue hafa eflaust rekið augun í stóran tískuþátt þar sem íslensk náttúra er í aðalhlutverki. Myndirnar eru teknar af hinum fræga þýska ljósmyndara Horst Diekgerdes og er notuð ein fyrirsæta sem skartar nýjustu vetrartískunni í takt við gráa náttúrufegurð Íslands.

Stuðlabergið, mosinn og hrá náttúra landsins er notuð mikið og eru myndirnar mjög fallegar. Ljósmyndaranum hefur tekist vel til og fer með hið stórbrotna íslenska landslag. **- áp**


**ROK** Samfestingurinn er flottur og passar vel við þetta hráa og gráa umhverfi.


**ÁR OG DALUR** Ekki er vitað hvar þessi mynd er tekin en eflaust geta einhverjir gert sér hugmyndir um það.


**ÞÆGILEGT** íslenski mosinn hefur ekki verið þekktur fyrir annað en að vera með eindæmum mjúkur.


**DANSAÐ** Flott grá mynd þar sem fyrirsætan er í filing.


**KLIFRAÐ UPP** Fyrirsætunni hefur eflaust ekki liðið vel í þessari stellingu en myndin er flott.

# Lokuð inni í skóla

Leikkonan heimsfræga var föst inni í skóla eftir að læti brutust út á tökustað nýjustu myndar hennar á Indlandi. Lætin brutust út meðal foreldra þegar verið var að taka upp atriði í myndinni „A Mighty Heart“ í strætó við hliðina á skóla. Fannst foreldrum lífverðir Jolie vera að hóta börnunum og brutust því út ólæti á skólalóðinni meðal fjölda manna.

Jolie var því komið fyrir inni í skólanum ásamt börnunum og fékk að dúsa þar í smá tíma. Jolie er stödd á Indlandi ásamt börnum sínum þremur og kærasta, Brad Pitt, en hann er einmitt framleiðandi myndarinnar.


**ANGELINA JOLIE** Lokaðist inni í skóla á Indlandi þegar ólæti brutust út milli foreldra og lífvarða hennar.



**FEÐGIN Á FRUMSÝNINGU** Unnur Birna Vilhjálmsdóttir og faðir hennar, Vilhjálmur Skúlason, kíktu í Smárabíó. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Í sínu fínasta á Bond-frumsýningu

Kvikmyndin Casino Royale, sem skartar hinum ljóshærða Daniel Craig í fyrsta sinn í hlutverki njósnarans James Bond, var forsýnd hér á landi á fimmtudagskvöldið. Sýningin var haldin í tveimur sölum í Smárabíói og mætti fjöldi manns í sínu fínasta taui til að berja þessa lífseigustu hasarhetju hvíta tjaldsins augum. Góður rómur var gerður að myndinni og klappaði fólk að sýningunni lokinni.



**FÍNIR Í TAUINU** Bíóáhugamennirnir Karl Schiöth og Björn Sigurðsson voru glerfínir eins og sönnum Bond-mönnum sæmir.



**ÆGIR, FANNEY OG HERMANN** Þau Ægir Geirdal, Fanney og Hermann Hermannsson létu sig ekki vanta á Bond-forsýninguna.


ÚTVARP BOÐUN FM.105.5 KYNNIR

Segðu mér söguna' af JESÚ



Nýr kristilegur geisladiskur

Hér er á ferð framúrskarandi flutningur frábærra söngvara á lofgjörðarsöngvum. Diskur geislandi af gleði fagnaðarerindisins sem á sannarlega erindi við alla.

Fæst í Skífunni, Hagkaup, Pennanum og völdum verslunum um landið, einnig í Boðunarkirkjunni.

Nánari upplýsingar í S.555 7676

Allur ágóði af sölunni rennur til kristilegs boðunarstarfs.

Með kærleikskveðju,

Boðunarkirkjan – Útvarp Boðun, FM 105.55
Hlíðarsmára 9, Kópavogi – www.bodunarkirkjan.is



Páll Rósinkrans | Gudrún Gunnars | Friðrik Ómar | Halla Vilhjálms

Boðunarkirkjan

Útgefandi: Ólafur Laufdal

Dreifing: ZONET





FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS



INNRITUN FYRIR VORÖNN

Nám í Fjöltækniskóla Íslands er fyrir þá sem vilja verða: vélstjórar, vélfræðingar hjá orkufyrirtækjum, flugmenn, skipstjórar eða vilja undirbúa sig fyrir háskólanám á tæknisviði.

- Náttúrufræðibraut. Stúdentspróf og veitir einnig vélstjórnar- eða skipstjórnarpróf.
- Vélstjórnarbraut 1.-4. stig. Stúdentspróf og alþjóðleg vélstjórnarréttindi.
- Skipstjórnarbraut 1.-3. stig. Alþjóðleg skipstjórnarréttindi.
- Flugnám við Flugskóla Íslands.
- Varðskipadeild 4. stig skipstjórnar.
- Nám í rekstri og stjórnun. Diplómanám.

Nám til atvinnuréttinda og diplómanám er lánshæft hjá LÍN.
Innritun fyrir vorönn lýkur 1. desember n.k.

Umsókn má fylla út á www.fti.is
Nánari upplýsingar á heimasíðunni eða í síma 522 3300

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

HÁTEIGSVEGI 105 REYKJAVÍK SÍMI 522 3300 FAX 522 3301 FTI@FTI.IS WWW.FTI.IS





FLUGNÁM



LÁTTU DRAUMINN RÆTAST

Framtíð flugsins er björt og mikil eftirspurn eftir atvinnuflugmönnum víða um heim. Nú er því rétti tíminn til að láta drauminn rætast og læra flug!

BÓKLEGT EINKAFLUGMANNSNÁMSKEIÐ HEFST Í JANÚAR 2007. Námskeiðið er kennt á kvöldin og er skráning þegar hafin. Verklegan hluta námsins er hægt að hefja hvenær sem er og geta því áhugasamir hafið verklegt flugnám strax.

BÓKLEGT ATVINNUFLUGMANNSNÁMSKEIÐ HEFST Í FEBRÚAR 2007. Námskeiðið er kennt á daginn og er skráning þegar hafin. Bóklegi hluti námsins tekur 8 mánuði.

NÁMSKEIÐ Í ÁHAFNASAMSTARFI (MCC) HEFST Í JANÚAR 2007. Bóklegi hluti námsins er kenndur á 5 virkum kvöldum og er hægt að hefja verklegt nám strax að því loknu.

Nánari upplýsingar að finna á www.flugskoli.is.
Námskeiðin eru auglýst með fyrirvara um næga þátttöku.

FLUGSKÓLI ÍSLANDS

zetor

SÍMI 530 5100 FAX 530 5109 INFO@FLUGSKOLI.IS WWW.FLUGSKOLI.IS











# Myndband frá Rice

Myndband við lagið 9 Crimes, sem er fyrsta smáskífulag nýjustu plötu Damien Rice, 9, verður frumsýnt í Bretlandi hinn 25. nóvember.



**DAMIEN RICE** Nýtt myndband frá Rice er væntanlegt í spilun innan skamms.

Leikstjóri þess er Jamie Thraves sem hefur meðal annars gert myndbönd við The Scientist með Coldplay og Just með Radiohead.

Damien Rice er nýbyrjaður á tónleikaferð um Bandaríkin til að fylgja eftir plötunni. Hinn sautjánda nóvember verður hann einnig gestur í skemmtiþætti Conan O´Brien.

# Ampop siglir til tunglsins

**Hljómsveitin Ampop gefur út sína fjórðu plötu, Sail to the Moon, á þriðjudag. Platan fylgir eftir vinsældum My Delusions sem kom út seint á síðasta ári.**

Titillagið My Delusions sló rækilega í gegn hér á landi og fékk það jafnframt mikla athygli í Bretlandi. Vakti lagið mikla athygli á Ampop, sem fram að því hafði verið þekktari fyrir fikt sitt við raftónlist en hreinræktað popp í anda Bítlanna.

**Fóru upp í sveit**

Kjartan F. Ólafsson, hljómborðsleikari Ampop, viðurkennir að platan sé nokkurs konar rökrétt framhald af síðustu plötu. „Við vorum ekkert að leggja upp með neitt konsept. Við vorum bara komnir með það mikið efni að við vildum skella saman í plötu. Við tókum „session“ úti í sveit og fórum saman í Skálholt og til Seyðisfjarðar þar sem við einangruðum okkur aðeins,“ segir Kjartan. Hann bætir því við að nýja platan hafi verið unnin töluvert öðruvísi en My Delusions. „Þá unnum við þetta ákveðnar og vorum öruggari með það sem við ætluðum að gera. Núna fengum við tækifæri til að vinna með þeim sem við vildum og Arnar Helgi kom inn sem upptökustjóri eins og á síðustu plötu,“ segir hann.



**AMPOP** Hljómsveitin Ampop er að gefa út sína fjórðu plötu, Sail to the Moon.

**Fengu góða aðstoð**

Strákarnir fengu einnig Palla, fyrrum gítarleikara Maus og núverandi meðlim Fræs, til að útsetja strengi á þremur lögum á plötunni og gekk samstarfið við hann afar vel. Einnig fengu þeir þá Badda, Ella og Ásgeir úr Jeff Who? til að syngja bakraddir í laginu Gets Me Down, sem er þegar farið að hljóma í útvarpi. „Þetta er elsta lagið á plötunni en það passaði ekki inn á My Delusions. Við kláruðum upptökurnar með því að fá þá í partí og síðan hlustuðum við á plötuna saman,“ segir Kjartan.

**Til New York og L.A.**

Útgáfutónleikar Ampop verða haldnir á Nasa föstudaginn 24. nóvember. Þetta verða síðustu tónleikarnir hjá þríeykinu hér á landi í langan tíma enda er hljómsveitin að leggjast í víking strax eftir áramót. Í janúar mun Ampop spila í New York og Los Angeles. Mun sveitin meðal annars spila á hinum goðsagnakennda tónleikastað Mercury Lounge í New York. Í febrúar heldur sveitin síðan tónleika í London.

Miðaverð á útgáfutónleikana er 1.000 krónur auk miðagjalds. Forsala fer fram í verslunum Skífunnar og á midi.is.

freyr@frettabladid.is












| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SCANNER DARKLY | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | B.i.16 | THE DEPARTED | kl. 9 | B.i. 16 |
| MÝRIN | kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 3 - 7 | B.i. 12 |
| FLY BOYS | kl. 3 - 6 - 9 | B.i.12 | BÖRN | kl. 4-6 - 8 | B.i.12 |

HAGATORGI • S. 530 1919

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 3 - 6 - 9 - 12 | B.i.14 | THE DEPARTED | kl. 9 - 10:10 - 12 | B.i.16 |
| CASINO ROYALE VIP | kl. 3 - 6 - 9 - 12 | | THE LAST KISS | kl. 5:50 - 8 | B.i.12 |
| JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 1:45 - 4 - 6 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 1:45 - 3:40 | Leyfð |
| FLY BOYS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 | B.i.12 |
| ADRIFT | kl. 5:45 - 8 - 10:10 | B.i.12 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 1:45 - 3:50 | Leyfð |
| | | | BÍLAR M/- Ísl tal. | kl. 1:45 | Leyfð |

SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu á laugardögum og sunnudögum

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DEPARTED | kl. 8 - 10:10 | B.i.16 | DIGITAL |
| JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 2 - 4:15 - 6 | Leyfð | |
| ADRIFT | kl. 8 - 10:10 | B.i.12 | |
| THE LAST KISS | kl. 8 | B.i.12 | |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð | |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð | |
| THIEF LORD | kl. 4 | Leyfð | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 5 - 8 - 11 | B.i. 12 |
| OPEN SEASON M/- Ísl tal. | kl. 2 - 6 | Leyfð |
| JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| BORAT | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 10 | B.i. 16 |

SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu á laugardögum og sunnudögum

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| THIEF LORD | kl. 6 | Leyfð |
| FLY BOYS | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 |
| BARNYARD M/- Ísl tal. | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð |
| BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| THE DEPARTED | kl 10 | B.i.12 |

www.sambioin.is 575 8900

# Gefa út DVD

Rokksveitin Guns ´N´ Roses gefur hinn 5. febrúar á næsta ári út DVD-mynddiskinn Live in Chicago. Á disknum verða meðal annars lögin Mr. Brownstone, Live and Let Die, Patience, Civil War, Welcome to the Jungle og November Rain sem hljómsveitin flutti á tónleikum í Chicago.


AXL ROSE

Langþráð plata Guns ´N´ Roses, Chinese Democracy, virðist ekkert vera á leiðinni þrátt fyrir yfirlýsingar þess efnis. Telja menn afar ólíklegt að platan komi út á þessu ári.


**ÁSLAUG OG GARÐAR** Heimildarmynd þeirra um aktívisma hjá ungu fólki verður frumsýnd í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Sófakynslóð frumsýnd

Heimildarmyndin Sófakynslóðin – heimildarmynd um aktívisma á Íslandi, verður frumsýnd í Háskólabíói í dag. Háskólanemarnir Áslaug Einarsdóttir og Garðar Stefánsson gerðu myndina og er ætlun þeirra að vekja áhuga ungmenna á því að hafa áhrif á samfélag sitt með ýmiss konar aðferðum. Myndin hefst klukkan 13.00 í sal 3 og er ókeypis inn. Myndin verður síðan sýnd í framhaldsskólum víða um land.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Lögreglan á Indlandi hefur handtekið þrjá breska lífverði leikkonunnar Angelinu Jolie. Hún er stödd á Indlandi við tökur á myndinni A Mighty Heart, ásamt manni sínum Brad Pitt og börnum þeirra þremur.



Lífverðirnir eru sakaðir um að hafa hótað foreldrum og nemendum við skóla þar sem tökurnar fara fram og gert grín að trúarbrögðum þeirra.

Bandaríska leikkonan Scarlett Johanson er ósátt við stefnu George W. Bush varðandi fóstureyðingar. „Við eigum að vera frjáls í Bandaríkjunum en ef forsetinn mætti ráða myndum við aldrei fá neina



kynlífsfræðslu,“ sagði hún. „Allar konur myndu eignast sex börn og við mættum ekki fara í fóstureyðingu.“










## > Atli Viðar framlengir



Dalvíkingurinn Atli Viðar Björnsson skrifaði í gær undir nýjan tveggja ára samning við Íslandsmeistara FH. Hann varð fyrir því óláni að slíta krossbönd í hné í sumar en er á góðum batavegi. „Mér leist vel á það sem forráðamenn og þjálfarar FH höfðu fram að færa og þær hugmyndir sem þeir höfðu um að ná mér aftur góðum. Ég ætla mér í bullandi samkeppni um stöðu í byrjunarliðinu næsta sumar og líst vel á mig í Hafnarfirðinum,“ sagði hann við Fréttablaðið í gær.

# sport

sport@frettabladid.is

PÁLL ÓLAFSSON: SEGIST ALDREI HAFA FUNDIÐ FYRIR ÞVÍ AÐ HITNAÐ HAFI UNDIR HONUM Í ÞJÁLFARASTARFINU

## *Velti því fyrir sér að segja starfi sínu lausu*

Haukar mæta Val í DHL-deild karla í handknattleik í dag en liðin áttust við í SS-bikarnum í vikunni þar sem Haukar unnu þriggja marka sigur, 27-24. Haukar hafa farið illa af stað á þessari vertíð, liðið hefur aðeins unnið einn leik í deildinni í vetur og datt út úr Evrópukeppninni á dögunum eftir slakan leik gegn Paris Handball.

„Það er nú ekki algengt að bikarleikur og deildarleikur liða lenda saman. Þetta verður bara barátta frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu. Við unnum á miðvikudaginn og vonandi vinnum við þennan leik líka en það er ekkert gefið í þessu,“ sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, og hann sagðist ekki hafa fundið fyrir pressu á sér þótt illa hafi gengið á leiktíðinni.

„Ég er ekkert stressaður yfir því. Ég er mjög rólegur í þeim málum. Auðvitað er fúlt hvað gengur illa og það er það sem ég hef mestar áhyggjur af en ég hef ekki áhyggjur á að starfið sé að fara,“ sagði Páll en hann íhugaði þó að segja af sér fyrr í vetur. „Auðvitað koma alltaf hugsanir þar sem maður veltir því fyrir sér en ég tel það bara ekki vera lausnina á vandamálinu. Ég er ekki tilbúinn að hlaupa í burtu þótt illa gangi og ég ætla ekki að gefast upp strax. Ekki á meðan ég tel mig geta stjórnað liðinu áfram og að það sé ekki vandamálið sem hefur verið að hrjá liðið. Ég tel vandamálið vera annars eðlis og við höfum verið að vinna í því og ég vona að við séum búnir að vinna í því.“



Miklar væntingar voru gerðar til Haukaliðsins fyrir veturinn og byrjunin því óneitanlega mikil vonbrigði. „Klárlega er þessi byrjun vonbrigði. Við ætluðum okkur miklu meira heldur en þetta. Deildin er miklu jafnari núna en undanfarin ár og leikirnir eru jafnari. Það eru öll liðin búin að tapa leik og ef við vinnum leikinn gegn Val þá erum við bara fjórum stigum á eftir þeim þrátt fyrir að við höfum byrjað illa.

Þrátt fyrir allt erum við ekki dottnir út úr myndinni en við þurfum klárlega að fara að hirða einhver stig til að komast í gang,“ sagði Páll að lokum.



**ÍSLANDSMEISTARAMÓT** Tvö Íslandsmet voru sett á Íslandsmeistaramótinu sem hófst í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Íslandsmeistaramótið í 25 metra laug hófst í gær:

## Tvö Íslandsmet slegin

**SUND** Íslandsmeistaramótið í sundi, 25 metra laug, hófst í gær. Mótið fer fram í Laugardalslauginni og stendur fram á sunnudag. Fyrirkomulagið er á þá leið að keppt er í undanrásum fyrir hádegi og úrslitum seinnipartinn alla dagana. Keppendur voru ekkert að slóra við að setja metin því á fyrsta degi voru sett tvö Íslandsmet og eitt telpnamet.

Kvennasveit Ægis setti nýtt Íslandsmet í fjórum sinnum fimmtíu metra skriðsundi en sveitina skipa þær Kobrún Ýr Kristjánsdóttir, Auður Sif Jónsdóttir, Ásbjörg Gústafsdóttir og Anja Ríkey Jakobsdóttir. Tíminn sem stelpurnar náðu var 1:49,56.

Sigrún Brá Sverrisdóttir setti nýtt Íslandsmet í 200 metra flugsundi en Sigrún Brá átti metið fyrir. Sigrún Brá kemur úr Sunddeild Fjölnis og synti á tímanum 2:19,56.

Telpnasveit KR setti telpnamet í fjórum sinnum fimmtíu metra skriðsundi á tímanum 1:55,83. Helga Valgerður Gunnarsdóttir, Sif Pétursdóttir, Arna Ægisdóttir og Elín Melgar syntu í sveitinni.

Serbneski sundmaðurinn Mladen Tepavcevic úr Sundfélagi Hafnarfjarðar náði í gær lágmarki fyrir serbneska landsliðið sem veitir honum keppnisrétt á Evrópumeistaramótinu í 25 metra laug sem fram fer í næsta mánuði. - dsd






# Hálf öld frá því að Vilhjálmur Einarsson vann silfrið

**Á þessu ári eru fimmtíu ár frá því að Vilhjálmur Einarsson setti heimsmet í þrístökki og vann til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu.**

**FRJÁLSIR** Ólympíuleikarnir í Melbourne fyrir fimmtíu árum síðan, árið 1956, eru skráðir stórum stöfum í íslenska íþróttasögu en á þessum leikum vann Vilhjálmur Einarsson silfurverðlaun í þrístökki. Af því tilefni að fimmtíu ár eru liðin frá leikunum eru nokkur hundruð keppendur af leikunum saman komnir í Melbourne þessa dagana og að sjálfsögðu lét Vilhjálmur sig ekki vanta.

„Maður þekkir sig nú ansi lítið hérna. Borgin er orðin þrefalt eða fjórfalt stærri en hún var og það er búið að endurbyggja íþróttavöllinn sem við kepptum á. Það er eitt mjög merkilegt við Melbourne, að það var óháður rannsóknaraðili látinn skoða í hvaða borg væri mest af íþróttaviðburðum, flestir og fjölbreyttastir í öllum heiminum, og þar var Melbourne í fyrsta sæti í veröldinni,“ sagði Vilhjálmur Einarsson þegar Fréttablaðið náði tali af honum þar sem hann er ásamt Einari syni sínum.



**SILFURMAÐURINN** Vilhjálmur Einarsson er oft nefndur silfurmaðurinn vegna afreksins fyrir fimmtíu árum og hér heldur hann á samnefndri bók.



**STÖKKIÐ FRÆGA** Hér sést Vilhjálmur stökkva á Ólympíuleikunum í Melbourne árið 1956.

Vilhjálmur kvaðst eiga góðar minningar frá þessum tíma. „Þetta var í fyrsta skiptið sem farþegum var flogið yfir pólinn og allir fengu diplómu um að hafa verið á pólnum. Það var m.a. millilent á Havaí og þar gerðist nú hlutur sem ég hef ekki haft mjög hátt um. Ég fékk þennan óskaplega sinadrátt og krampa eftir setuna í flugvélinni og hélt að ég væri úr leik á Ólympíuleikunum. Svo var málið rannsakað og í ljós kom að þetta var tiltölulega meinlaus sinadráttur. Ég haltraði í einn eða tvo daga með verk í kálfanum en það var ekki andlega góð líðan á meðan ég hélt að ég væri úr leik.“

Vilhjálmur sagði að veðurfarið hafi verið óvenjulegt fyrstu dagana eftir að hann kom til Melbourne. „Við lentum þar í kuldatíð og hitinn var svona tíu til tólf gráður yfir daginn fyrstu dagana og þeir sem komu frá heitu löndunum voru allir að krókna úr kulda en þetta var alveg dýrlegt fyrir okkur Íslendingana. Svo snarhitnaði og það var kominn steikjandi hiti á setningardaginn og mér er það minnisstætt að þegar merki okkar lands, „Iceland“, birtist á vellinum fór sælustuna um alla stúkuna,“ sagði Vilhjálmur léttur í bragði.

Vilhjálmur setti heimsmet á leikunum en það met stóð því miður ekki lengi því Brasilíumaðurinn Da Silva stökk lengra en Vilhjálmur stutti síðar og hirti þar með gullverðlaunin. „Da Silva er því miður dáinn og því hitti ég hann ekki, ekki fyrr en seinna þá,“ sagði Vilhjálmur á léttum nótum.

dagur@frettabladid.is

Knattspyrnuakademí Íslands:

## Skóflustunga tekin í gær

**ÍÞRÓTTIR Í gær var tekin skóflustunga í Kórahverfi í Kópavogi í gær þar sem íþróttahús, líkamsrækt og sundlaug munu verða á vegum Knattspyrnuakademíu Íslands. Kópavogsbær mun svo reisa knatthús sem akademían mun sjá um að reka.**

**„Við reiknum með að þessu verði öllu lokið eftir rúmt ár,“ sagði Logi Ólafsson, einn fimmenninganna sem standa að akademíunni. „Hvatinn að öllu þessu var að finna akademíunni bækistöðvar og er vonin sú að þarna rísi einnig framhaldsskóli þar sem verða nemendur sem eiga von um að verða afreksfólk í íþróttum, ekki bara knattspyrnu.“**

- esá



**LYKILMENNIRNIR** Guðni Bergsson, Gunnar Birgisson bæjarstjóri Kópavogs, Arnór Guðjohnsen og Ásgeir Sigurvinsson við skóflustunguna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


„Græjaðu þig eins og Bond"
BRAVIA
SONY
SONY
Lúxuxmiði
Casino Royale
KDL32S2010
SONY 32" BRAVIA LCD SJÓNVARP
32 Bravia LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Bravia Engine myndstýring
Stafrænn og analog móttakari
HDMI tengi
199.950,-
16.663,- á mánuði í
12 mánuði vaxtalaust
**Takmarkað magn
Kaupauki:
Bond skjalataska með öllum Bondmyndunum.
40 diskar í endurbættri útgáfu og lúxusbíómiði
fyrir 2.
39.950.,-
Fylgir með sony 32"
Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is sími: 588 7669



**FREDDY ADU** Mun æfa með Manchester United næstu tvær vikurnar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Manchester United:

# Adu vonast til að fá samning

**FÓTBOLTI** Freddy Adu vonast til að fá samning hjá Manchester United en bandaríski táningurinn mun æfa með enska liðinu næstu tvær vikurnar. Adu kemur til Manchester á morgun.

„Það eru forréttindi að fá tækifæri til að æfa með einu stærsta félagsliði í heimi. Cristiano Ronaldo og Wayne Rooney eru tveir af mínum uppáhalds leikmönnum og það er ótrúlegt tækifæri að fá að æfa með þeim. Vonandi mun þessi dvöl mín leiða til þess að Manchester United bjóði í mig. Það væri frábært. Ég vona bara að ég nái að sanna mig,“ sagði Adu við breska blaðið Daily Express. - dsd

KR til La Manga í vetur:

# Mæta aftur norskum liðum

**FÓTBOLTI** KR mun í febrúar næstkomandi halda í æfingaferð til La Manga á Spáni þar sem þeir taka þátt í sterku æfingamóti eins og þeir gerðu síðastliðinn vetur.

Hin liðin sem taka þátt eru Rosenborg, Brann, Vålerenga og Lilleström frá Noregi, Zenit St. Pétursborg og Rubin Kazan frá Rússlandi og Metallist frá Úkraínu.

Fimm Íslendingar leika með síðastnefndu þremur norsku liðunum. - esá



**MAGNÚS GUNNARSSON** Nýbakaði faðirinn átti fínan leik í kvöld.

Evrópukeppnin í körfubolta:

# Grátlegt tap hjá Keflavík

**KÖRFUBOLTI** Keflavík tapaði með einu stigi fyrir úkraínska liðinu BC Dnipro í „Sláturhúsinu“ í gærkvöld, 96-97. Þetta var annar leikur Keflavíkur í Áskorendakeppni Evrópu en liðið tapaði einnig fyrsta leiknum en það var gegn tékknesku liði.

Hinn nýbakaði faðir, Magnús Gunnarsson, átti stórleik fyrir Keflavík og skoraði 23 stig. Stigahæstur Keflvíkinga var þó Thomas Soltau sem skoraði 25 stig og tók þar að auki 8 fráköst. Williams var síðan með 16 stig.

Tim Ellis átti ágætan leik og skoraði 14 sig og tók 5 fráköst. Jón Nordal Hafsteinsson gaf ekkert eftir og skoraði 10 stig og tók 4 fráköst. Arnar Freyr Jónsson kom næstur með 6 stig, 4 fráköst og 4 stoðsendingar. - hbg

Eggert Magnússon fundaði á dögunum með Alan Pardew, stjóra West Ham:

# Líst vel á hugmyndir Eggerts

**FÓTBOLTI** Alan Pardew, framkvæmdastjóri West Ham, segir að félagið muni njóta góðs af því að fá nýja eigendur en Pardew fundaði á dögunum með Eggerti Magnússyni og sagði eftir fundinn að Eggert gæti lyft félaginu upp á við.

„Fundurinn gekk mjög vel og stuðningsmenn West Ham væru alveg til í að heyra það sem Eggert hafði að segja. Mér finnst hann hafa góðar hugmyndir um hvað hann vill gera fyrir félagið. Ég verð að segja að ég var mjög ánægður þegar ég kom út af fundinum, líkt og ég var eftir fundinn með Kia Joorabchian. Ég hef hlustað á báða þá aðila sem huga að yfirtöku á félaginu og ég er mjög áhugasamur af því ég vil taka framförum með þetta félag og komast í meistaradeildina.

Það er löng leið þangað úr þeirri stöðu sem við erum í núna en lið eins og Aston Villa hafa sýnt að yfirtökur geta haft jákvæð áhrif fljótt. Það er samt viss óvissa sem heldur aftur af mönnum núna en ég vona að þetta gangi hratt fyrir sig,“ sagði Alan Pardew eftir fund sinn með Eggerti Magnússyni. - dsd



**EGGERT MAGNÚSSON** Kynnti nýverið hugmyndir sínar fyrir Alan Pardew, framkvæmdastjóra West Ham. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Mexíkóska landsliðið:

# Hugo Sanchez næsti þjálfari

**FÓTBOLTI** Hugo Sanchez hefur verið ráðinn næsti landsliðsþjálfari Mexíkó í knattspyrnu.

Sanchez, sem er 48 ára gamall, er af flestum talinn vera besti knattspyrnumaður Mexíkó frá upphafi en hann vann fimm meistaratitla með Real Madrid á sínum tíma.



**HUGO SANCHEZ**

Sanchez þjálfaði mexíkóska liðið Pumas frá 2000 til 2005 og vann deildina tvisvar í röð með félaginu, áður en hann tók við Necaxa. Sanchez tekur við landsliðinu af Ricardo La Volpe sem þjálfar nú Boca Juniors í Argentínu. - dsd

# Mike Tyson á leið í vændi

**Mike Tyson hefur munað sinn fífil fegurri en þessi fyrrverandi heimsmeistari í hnefaleikum mun á næstu dögum hefja störf í vændi á folabýli í Las Vegas.**

**BOX** Mike Tyson var á sínum tíma yngsti heimsmeistari í þungavigt í hnefaleikum en ferill hans hefur farið niður á við nánast frá þeim degi sem hann sló í gegn. Nú virðist Tyson vera búinn að ná botninum því hann mun senn hefja störf á folabýli sem fyrirhugað er að reisa í grennd við Las Vegas í Nevada.

Sú sem stendur fyrir þessu folabýli er engin önnur en Heidi Fleiss, Hollywood maddaman, en hugmynd hennar er að ráða nokkra fola í vinnu sem tilbúnir eru að þjónusta konur gegn greiðslu og hugmynd Fleiss er að gera Tyson að aðalfolanum, þrátt fyrir að Tyson sé dæmdur nauðgari.

„Ég sagði Tyson að hann yrði aðalfolinn hjá mér. Öllum mönnum mun hrylla við þá tilhugsun að konan þeirra fari til Mike Tyson,“ sagði Fleiss.

„Mér sama hvað aðrir segja, það er draumur hvers karlmanns að gleðja konu og fá borgað fyrir það,“ bætti Tyson við.

Tyson hefur mátt muna sinn fífil fegurri því hann var á sínum tíma talinn óstöðvandi í hnefaleikum. Eitthvað skrikaði honum þó fótur og hann hefur oft komist í kast við lögin, bæði fyrir ofbeldi og naugun. Árið 1992 var Tyson dæmdur í sex ára fangelsi fyrir nauðgun en hann var látinn laus árið 1995.

Tyson er þekktur skaphundur og það kom bersýnilega í ljós í einum frægasta hnefaleikabardaga síðustu ára þegar Tyson mætti Evander Holyfield árið 1997.

Bardaginn er ekki frægur fyrir gæðin eða dramatíkina heldur fyrir það að í þessum bardaga beit Tyson stykki úr eyra Holyfields og hrækti því út úr sér. Ræstitæknir fann stykkið að loknum bardaganum og það var að lokum saumað aftur á eyra Holyfields.

Eftir að Tyson hætti atvinnuhnefaleikum hefur hann aðallega stundað sýningabardaga og í október fór hann af stað með sýningu sem ber nafnið The Mike Tyson World Tour eða Heimsferðalag Mike Tysons. dagur@frettabladid.is



**„IRON“ MIKE TYSON** Mun líklega vinna á folabýli í framtíðinni sem rekið er af Heidi Fleiss. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS



**LAMPARD OG RONALDINHO** Börðust um titilinn knattspyrnumaður ársins á síðasta ári. NORDIC PHOTOS/GETTY

Barcelona:

# Ronaldinho vill fá Lampard

**FÓTBOLTI** Ronaldinho hefur látið hafa eftir sér að hann vilji ólmur fá Frank Lampard, leikmann Chelsea, til Barcelona. Lampard hefur gjarnan átt góða leiki þegar Barcelona og Chelsea hafa mæst í meistaradeild Evrópu undanfarin ár og skoraði m.a. frábært mark í viðureign liðanna á Camp Nou í síðasta mánuði.

„Frank Lampard er frábær leikmaður og ég er ánægður með að hafa fengið tækifæri til að hitta hann nokkrum sinnum og kynnst honum, bæði innan vallar og utan vallar. Hann er vinur minn, mér finnst mjög gaman að sjá hann spila og ég yrði mjög ánægður ef hann kæmi til Barcelona til að spila,“ sagði Ronaldinho.

Unnusta Lampards er frá Barcelona og hann hefur verið duglegur að læra spænsku undanfarin ár, en hann er samningsbundinn Chelsea til ársins 2009. - dsd

Ein skærasta stjarna knattspyrnunnar og hugmyndasmiðurinn á bak við eitt besta landslið sögunnar er látinn:

# Ungverjinn Ferenc Puskas lést á sjúkrahúsi í gær

**FÓTBOLTI** Ungverska knattspyrnugoðsögnin Ferenc Puskas lést á sjúkrahúsi í gærmorgun eftir langa baráttu við sjúkdóm, 79 ára að aldri. Hann var lagður inn á sjúkrahús árið 2000 með hjartasjúkdóm og greindist síðar með Alzheimer.

Puskas vann meistaratitla bæði með ungverska liðinu Honved og með spænsku risunum Real Madrid, auk þess sem hann vann þrjá Evróputitla með Madridarliðinu.

Puskas var einn besti knattspynumaður allra tíma og var hugmyndasmiðurinn á bak við frábært landslið Ungverja sem m.a. sigraði Englendinga 6-3 árið 1953, en það var fyrsta tap Englendinga á Wembley. Þetta gullaldarlið Ungverja tapaði aðeins einum leik á sex árum en það var einmitt úrslitaleikurinn gegn Þjóðverjum á HM í Sviss árið 1954.

Puskas var fæddur í apríl árið 1927 og hóf að leika í meistaraflokki fimmtán ára gamall. Hann lék sinn fyrsta landsleik sautján ára og skoraði mark í leiknum sem var gegn nágrönnunum frá Austurríki.

Eftir kommúnistauppreisnina í Ungverjalandi árið 1956 fór Puskas í útlegð til Spánar og lék fjóra leiki með spænska landsliðinu á sínum tíma. Puskas fékk uppreisn æru með Real Madrid og myndaði ógnvekjandi sóknardúett með Argentínumanninum Alberto Di Stefano, en Puskan vann sex spænska meistaratitla með Real Madrid auk þess sem félagið hafði yfirburði í Evrópu.

Einn frægasti leikur knattspyrnusögunnar var viðureign Real Madrid og Eintracht Frankfurt í úrslitaleik Evrópukeppni meistaraliða árið 1960 þar sem Puskas skoraði fjögur mörk og Di Stefano þrjú í 7-3 sigri spænska liðsins.

Puskas lagði skóna á hilluna árið 1967 en alþjóðlegt samband um knattspyrnusögu og tölfræði valdi Puskas fjórða besta knattspyrnumann 21. aldarinnar í lok síðustu aldar. Hann skoraði hvorki fleiri né færri en 84 mörk í 85 landsleikjum fyrir Ungverja, 357 mörk í 354 leikjum fyrir Honved og 512 mörk í 528 leikjum fyrir Real Madrid. - dsd



**FERENC PUSKAS** Er fallinn frá en hann var einn allra besti knattspyrnumaður sögunnar. NORDIC PHOTOS/AFP

# BT

0% VEXTIR

# Tökuvélahelgi

## festu jólin á stafræna filmu

8.400 verðlækkun

SONY



DCRHC23
800.000 pixla CCD myndflaga
CarlZeiss Vario-Tessar optics
20x Optical Zoom
123K CViewFinder
2.5" LCD Snertiskjár (123 K)
Einfaldur "Click to DVD" hugbúnaður

3.333 Vaxtalaust 12 mán. | 39.996 Staðgreitt

DCRHC35
800.000 pixla CCD myndflaga
CarlZeiss Vario-Tessar optics
20x Optical Zoom
123K CViewFinder
2.5" LCD Snertiskjár (123 K)
Einfaldur "Click to DVD" hugbúnaður
i.LINK (DV IN/OUT)
Fjarstýring og USB kapall fylgir
Tengistöð fylgir

-Tengistöð fylgir einfalt og þægilegt

15.000 verðlækkun



SONY

3.999 Vaxtalaust 12 mán. | 47.988 Staðgreitt

Fylgir



Með öllum MiniDV vélum fylgja 3 DV spólur og taska

FYLGIR

-Alvöru breiðtjaldsupptaka sem passar á breiðtjaldssjónvarpið

25.000 verðlækkun



SONY

DCRHC46
1Megapixla CCD myndflaga
Carl Zeiss Vario-Tessar optics
12x Optical Zoom
2.7" LCD WideScreen Snertiskjár High Quality WideScreen upptaka
Memory Stick Duo Slot
Einfaldur "Click to DVD" hugbúnaður
Fjarstýring og USB kappall fylgja
Tengistöð fylgir
DV in

4.999 Vaxtalaust 12 mán. | 59.988 Staðgreitt

Panasonic

30x aðdráttur



NVGS27
800.000 pixla CCD myndflaga
30x optical Zoom (1000x total)
2.5" Litaskjár
36mm Wide Angle
Ljósnæmi 2 Lux (Colour Nigthview)
Pure Colour Engine
DV tengi út
Virkar sem vefmyndavél

2.999 Vaxtalaust 12 mán. | 35.988 Staðgreitt

## Tökuvél með hörðum diski

-30GB harður diskur

20.000 verðlækkun



DCRSR90
3 megapixla CCD myndflaga
30GB harður diskur innbyggður
Carl Zeiss Vario Sonnar T* Linsa (30mm)
10x aðdráttur um linsu 120x Digital
2.7" Breiðtjalds LCD skjár
Snertiskjár
5.1 rása hljóðupptaka
Innbyggt flass
USB 2.0 tengi
Super NightShot (0lux)
Super SteadyShot

SONY

8.299 Vaxtalaust 12 mán. | 99.588 Staðgreitt

## Tökuvél með minniskorti

-2GB minniskort fylgir

20.000 verðlækkun



Panasonic

SDRS100B
3 flögu SD tökuvél
3x 800.000 pixlar
Leica Dicomar Linsa
10x aðdráttur um linsu
3 megapixla kyrrmyndataka
Allt niður í 1 lux ljósnæmi
Hristivörn í linsu O.I.S.
Innbyggt flass
SD kortalesari
2GB SD kort fylgir
USB 2.0

8.299 Vaxtalaust 12 mán. | 99.588 Staðgreitt

## Tökuvél með DVD

-Taktu upp á DVD og stingdu disknum beint í spilarann

SONY



DCRDVD304
1,07 megapixla HAD CCD
2.7" Breiðtjalds LCD skjár
Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
5.1 rása hljóðupptaka
MemoryStick Duo kortalesari
VGA kyrrmyndataka

6.499 Vaxtalaust 12 mán. | 77.988 Staðgreitt

## > Cate Blanchett



Hú fæddist í Melbourne í Ástralíu hinn 14. maí 1969. Cate vann Óskarsverðlaunin í fyrra sem besta leikkona í aukahlutverki sem Katherine Hepburn í myndinni „The Aviator“. Cate er ein af virtustu leikkonum í heiminum í dag og í kvöld sýnir Sjónvarpið myndina Veronica Guerin þar sem Cate leikur titilhlutverkið.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR SEGIR PÓLITÍK Í ÖLLU

# *Samúel Örn Erlingsson er víst fréttamaður*



Í Ríkissjónvarpinu ríkja strangar reglur sem lúta að hlutleysi fréttamanna. Svo fast halda menn í þær að Helga Vala Helgadóttir þótti ótæk sem starfsmaður á fréttastofu útvarps á sínum tíma vegna þess að hún hafði skipulagt strandblak sem Vinstri grænir stóðu fyrir.

Burtséð frá strandblaki er það einkum úrelt fréttamat sem gerir framkvæmd reglnanna hlálega. Menn muna mótsagnakenndan málstað forsvarsmanna RÚV og Gísla Marteins Baldurssonar sjálfs þegar menn voru að verja það að svo rammpólitísk kanóna sem Gísli er væri á skjánum á besta tíma. Af því að hann var ekki að segja fréttir. Þó svo að hann væri að ræða við pólitíkusa. Auðvitað var eitt og annað fréttnæmt sem kom fram í Laugardagskvöldi – frábærum þætti Gísla Marteins. Og niðurlægjandi fyrir hann að segja þáttinn svo léttvægan að hann þyrfti ekki að lúta þessum reglum.

Nú hefur enn einn starfsmaður rutt sér til rúms á sviði pólitíkurinnar. Sjálfur Samúel Örn. Yfirmaður íþróttadeildarinnar skipar nú 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í suðvesturkjördæmi. Og má það! Af því að íþróttafréttir eru ekki sagðar fréttir! Sem er bull. Pólitík er í öllu og íþróttafréttir þar sannarlega ekki undanþegnar. Líkingamál úr íþróttum er algengt í tungutaki pólitíkusa. Samúel Örn hefur unnið frábært starf til dæmis í að hefja umfjöllun um kvennaíþróttir til vegs og virðingar. Sem er pólitík.

Ef þeir hjá RÚV tækju upp á því að endurskoða staðnað fréttamat sitt myndi það þýða að Samúel Örn þyrfti að hverfa af skjánum vegna pólitískra afskipta sinna. Líklegt er að landsmenn myndu mótmæla hástöfum þeirri ráðstöfun.

Niðurstaðan er óvænt. En hlýtur að vera sú að Páll Magnússon breyti snarlega þessum reglum sem varða hlutleysi fréttamanna sinna. Og leyfi þeim um frjálst höfuð að strjúka.

## EKKI MISSA AF



▶ **14.30** Á Vellinum með Snorra SKJÁR SPORT



▶ **20.00** Ray STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** Casino SKJÁR EINN



▶ **22.00** Viva La Disco VH1



▶ **23.40** Rules Of Attraction STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**8.00 Morgunstundin okkar**
**8.01 Fyndin og furðuleg dýr**
**8.06 Bú! (14:26)**
**8.17 Lubbi læknir (37:52)**
**8.29 Snillingarnir (10:28)**
**8.55 Sigga ligga lá (36:52)**
**9.05 Teiknisögur (6:6)**
**9.15 Trillurnar (6:26)**
**9.39 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar (20:26)**
**10.02 Spæjarar (44:52)**
**10.25 Stundin okkar** Endursýndur þáttur frá sunnudegi.
**10.55 Kastljós**
**11.35 Geimstúlkan Zenon 3**
**13.00 Himalajafjöll (2:6)**
**14.10 Íslandsmótið í handbolta**
**15.50 Íþróttakvöld** Endursýndur þáttur frá miðvikudegi.
**16.05 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik Hauka og Vals í DHL-deild karla.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Hope og Faith (70:73)** (Hope & Faith III) Bandarísk gamanþáttaröð. Aðalhlutverk leika Faith Ford og Kelly Ripa.
**18.25 Fjölskylda mín (10:13)**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Jón Ólafs**
**20.20 Spaugstofan**
**20.50 Kaupakonurnar**
**22.45 Veronica Guerin**
**0.20 Rauða plánetan** (Red Planet) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.
**2.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Ray Bönnuð börnum.**
**8.30 Tom Thumb & Thumbelina**
**10.00 The Five Senses**
**12.00 Liar Liar**
**14.00 Tom Thumb & Thumbelina**
**16.00 The Five Senses**
**18.00 Liar Liar**
▶**20.00 Ray**
**Bönnuð börnum.**
**22.30 I Heart Huckabees** Bönnuð börnum.
**0.15 Hard Cash** Stranglega bönnuð börnum.
**2.00 Undisputed** Bönnuð börnum.
**4.00 I Heart Huckabees** Bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**7.00 Addi Panda**
**7.05 Addi Panda**
**7.10 Kærleiksbirnirnir (e)**
**7.20 Barney**
**7.45 Pocoyo**
**7.50 Ruff´s Patch**
**8.00 Gordon the Garden Gnome**
**8.10 Animaniacs** (Villingarnir)
**8.30 Justice League Unlimited**
**8.55 Kalli kanína og félagar**
**9.15 Litlu Tommi og Jenni**
**9.40 Tracey McBean**
**9.50 S Club 7**
**10.15 Búbbarnir (13:21)**
**10.40 Pokemon 4** Leyfð öllum aldurshópum.
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Pólitíkin**
**12.55 Bold and the Beautiful**
**13.15 Bold and the Beautiful**
**13.35 Bold and the Beautiful**
**13.55 Bold and the Beautiful**
**14.15 Bold and the Beautiful**
**14.40 X-Factor**
**15.45 Eldsnöggt með Jóa Fel (4:10)**
**16.25 Sjálfstætt fólk**
**17.00 60 mínútur**
**17.45 Martha**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Lottó**
**19.05 Íþróttir og veður**
**19.10 The New Adventures of Old Christine - NÝTT (3:13)**
**19.35 Fóstbræður (3:8) (e)** Fóstbræður eru óborganlegir grínistar sem hæðast bæði að sjálfum sér og öðrum. Aðalhlutverk: Helga Braga Jónsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson, Benedikt Erlingsson, Sigurjón Kjartansson, Jón Gnarr. 1999.
**20.00 Fóstbræður (4:8) (e)**
**20.30 Connie and Carla**
**22.10 The Woodsman**
▶**23.40 Rules of Attraction**
**1.25 State of Grace** Stranglega bönnuð börnum.
**3.35 Possession** Leyfð öllum aldurshópum.
**5.15 The New Adventures of Old Christine - NÝTT (4:13)** Nýr gamanþáttur sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Með aðalhlutverkið fer Julia Louise-Dreyfus, sem sló svo rækilega í gegn í hlutverki Elaine Benes í Seinfeld.
**5.40 Fréttir Stöðvar 2 (e)**
**6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**17.15 Wildfire (e)**
**18.00 Seinfeld (e)**
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Seinfeld (e)**
**19.30 Sirkus Rvk (e)** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co. eru að fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur. Áhersla er lögð á nýja staði, spennandi uppákomur, opnanir og frumsýningar; það nýjasta í tískunni, tónlist, kvikmyndum og almennt í afþreyingarlífinu. Það er Ásgeir sem er umsjónarmaður þáttarins en núna hefur hann fengið til liðs við sig þrjár konur: Eva Dögg markaðskona - sér m.a. um tískutengt efni í þættinum. Helena lögfræðinemi fjallar m.a. um skemmtilegar uppákomur. Ragnhildur Magnúsdóttir útvarpskona fjallar m.a. um afþreyingu.
**20.30 Tekinn (e)**
**21.00 So You Think You Can Dance 2 (e)**
**22.30 So You Think You Can Dance 2 (e)** Niðurskurðurinn heldur áfram og nú kemur í ljós hvaða tveir keppendur verða sendir heim í kvöld.
**23.35 Chappelle´s Show (e)** Grínþættir sem hafa gert allt vitlaust í Bandaríkjunum. Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft. Hvort sem það eru bíómyndir, leikarar, trúarhópar eða kynþáttur þá hikar Chappelle ekki við að gera grín að því sem honum dettur í hug. Þátturinn samanstendur af mörgum grínatriðum sem sjálfur Chappelle hefur skapað.
0.00 Vanished (5:13) (e)
**0.45 X-Files (e)**
**1.30 24 (21:24) (e) Bönnuð börnum.**
**2.15 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
**2.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**11.10 2006 World Pool Masters (e)**
**12.00 Rachael Ray (e)** Glænýir spjallþættir sem hafa vakið mikla athygli í Bandaríkjunum.
**13.40 Frægir í form - NÝTT! (e)**
**14.30 The Biggest Loser (e)** Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna.
**15.25 Sons & Daughters (e)** Glæný gamanþáttaröð.
**15.50 Surface (e)**
**16.40 Casino (e)** Bandarísk raunveruleikasería.
**18.25 Rachael Ray (e)** Glænýir spjallþættir sem hafa vakið mikla athygli í Bandaríkjunum.
**19.15 Game tíví (e)**
**19.45 The Office (e)**
**20.10 What I Like About You - NÝTT**
**20.35 Sons & Daughters**
▶**21.00 Casino**
**21.45 Battlestar Galactica**
**22.30 The Man Who Cried** Dramatísk mynd frá árinu 2000 með Christina Ricci, Johnny Depp og Cate Blanchett í aðalhlutverkum. Ung rússnesk stúlka flýr heimaland sitt og leitar föður síns sem fluttist áður til Ameríku. Hún kemst þó aldrei alla leið og endar í Englandi. Seinna gengur hún til liðs við faranddanshóp og fellur fyrir sætum sígauna. Þessi klassamynd er í boði Sambíóanna.
**0.15 Brotherhood (e)**
**1.10 Masters of Horror (e)** STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.
**2.10 Law & Order: Criminal Intent (e)** Bandarísk sakamálasería.
**3.00 Conviction (e)** Bandarísk sakamálasería.
**3.45 Tvöfaldur Jay Leno (e)**
**5.15 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**12.20 Að leikslokum (e)**
**13.20 Wigan - Aston Villa (beint)** Bein útsending frá leik Wigan og Aston Villa.
▶**14.30 Á vellinum með Snorra Má**
**15.50 Blackburn - Tottenham (beint)** Bein útsending frá leik Blackburn og Tottenham.
**18.00 Þrumuskot (e).**
**19.20 Torino - Sampdoria (beint)** Bein útsending frá leik Torino og Sampdoria.
**21.30 Reading - Charlton (frá 18. nóv)**
**23.30 Everton - Bolton (frá 18. nóv)**
**1.30 Dagskrárlok**




ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.10
### THE WOODSMAN (EINFARINN)



Áleitin og áhrifamikil verðlaunakvikmynd þar sem varpað er einstaklega raunsönnu ljósi á hugarheim barnaníðingsins. Kevin Bacon sýnir stórleik í hlutverki barnaníðings sem sleppt er úr fangelsi eftir að hafa afplánað tíu ára dóm. Þrátt fyrir að vera laus þá er framtíðin síður en svo björt fyrir fyrrverandi fanga með þetta orðspor. Það er hægara sagt en gert fyrir hann að koma undir sig fótunum á ný og ekki bætir það sálarástand hans þegar hinar myrku og ógeðfelldu kenndir fara aftur að gera vart við sig. Í myndinni vakna stórar og krefjandi spurningar. Eiga dæmdir barnaníðingar skilið annað tækifæri? Eiga þeir rétt á fyrirgefningu og geta þeir virkilega bætt ráð sitt og sigrast á hinum mannskemmandi hvötum sínum? Aðalhlutverk: Kevin Bacon, Kyra Sedgwick, David Alan Grier, Eve. Leikstjóri: Nicole Kassell.

### ▶VIÐ MÆLUM MEÐ THE MAN WHO CRIED Á SKJÁ EINUM Í KVÖLD KL. 22.30

Johhny Depp, Christina Ricci, Cate Blanchett og John Turturro eru á meðal þeirra úrvalsleikara sem leika í þessari mynd sem er í leikstjórn bresku leikstýrunnar Sally Potter. Myndin segir frá ungri rússneskri stúlku sem strýkur til Bandaríkjanna og verður ástfangin af sígauna. Myndin er frá árinu 2000 og hefur fengið afbragðsdóma gagnrýnenda um heim allan.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn
**7.00** Fréttir
**7.05** Laugardagur til lukku
**8.00** Fréttir
**8.05** Músík að morgni dags
**9.00** Fréttir
**9.03** Út um græna grundu
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stórt í smáu
**15.25** Borgin í hugskoti mannsins
**16.00** Fréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Leikhúsrottan
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.15** Sögur af sjó og landi
**21.05** Pipar og salt
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**0.00** Fréttir

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**9.30 Ensku mörkin** Farið er yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í þessari deild eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.
**10.00 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.
**10.45 NBA 2005/2006 -** Regular Season Útsending frá leik í NBA körfuboltanum.
**12.45 Holland - England** (Holland - England) (e)
**14.25 Íslandsmótið í Ice fitness**
**16.55 Ameríski fótboltinn** (NFL Gameday 06/07)
**17.25 X-Games 2006 - þáttur 2 (X-Games 2006 - þáttur 2)**
**18.20 Spænski boltinn - upphitun** (La Liga Report)
**18.50 Spænski boltinn (Spænski boltinn** 06/07)Útsending frá leik í spænska boltanum.
**20.50 Spænski boltinn (Spænski boltinn** 06/07)Útsending frá leik í spænska boltanum.
**22.50 Hnefaleikar** (Erik Morales - Manny Pacquiao) Einn allra flottasti hnefaleikabardagi sem fram hefur farið í manna minnum. Bardaginn fór fram í mars 2005.
**0.05 Hnefaleikar (Erik Morales vs. Manny Pacq)** Útsending frá bardaga Erik Morales og Pacquiao. Þetta var seinni viðureign þeirra félaga en fyrri bardaginn var rosalegur. Erik Morales hafði betur í fyrri bardaganum en nú mættust þeir aftur og börðust um heimsmeistaratitilinn í fjaðurvigt. Bardaginn fór fram 21. janúar 2006.
**2.00 Box - Erik Morales vs. Manny Pacquiao (Box - Erik Morales vs. Manny Pacquiao 2)** Bein útsending frá bardaga Erik Morales og Manny Pacquiao í fjaðurvigt. Erik Morales stendur á þrítugu og er orðin goðsögn í heimalandinu Mexíkó eftir glæsilegan feril en hann hefur aðeins tapað fjórum sinnum í fimmtíu og tveimur bardögum. Fékk hann viðurnefnið „Hinn hræðilegi" snemma á ferlinum en Pacquiao hefur hins vegar verið kallaður „Tortímandinn" þannig að þarna ættu að mætast stálin stinn.

### DR 1

**11.40** Som man behager **14.00** Smæk for Skillingen **14.30** Hjerteflimmer **15.00** Boogie Listen **16.00** OBS **16.10** Hammerslag **16.40** Før søndagen **16.50** Held og Lotto **17.00** Bullerfnis **17.30** TV Avisen med vejret **18.00** SportNyt med Pro Tour-bordtennis **18.30** De store katte **19.00** Matador **20.10** Kriminalkommissær Barnaby **21.45** Min pige vil i nærkontakt **23.30** Farvel Wyoming

### NRK 1

**11.00** V-cup langrenn **12.30** V-cup skøyter **14.00** Sport i dag **14.15** V-cup skøyter **14.50** Rally-VM 2006: VM-runde fra New Zealand **15.50** V-cup langrenn **16.30** Sport i dag **17.00** Jubalong **17.30** Amigo **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Melonas **19.20** Kjempesjansen **20.50** Med hjartet på rette staden **21.35** Løvebakken **22.00** Kveldsnytt **22.15** Eg er Peter Sellers

### SVT 1

**13.00** Landgång **13.30** Söderlund & Bie **14.00** Uppdrag Granskning **15.00** Packat & klart **15.30** Mäklarna **16.00** Doobidoo **17.00** Emil i Lönneberga **17.25** Disneydags **18.00** Världarnas bok **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** På spåret **20.00** Brottskod: Försvunnen **20.45** Håll tyst, världen! **21.15** Bingo Royale **22.00** Rapport **22.05** Casino




**HRÓSIÐ ...**




*...fær Gunnar Garðarsson, matreiðslumaður á Café Bifröst, sem býr til nýjar hefðir og kynnir Íslendinga fyrir nýjum jólamat, antilópu og krókódíl með kanil.*

# Gussi úti í kuldanum hjá Hemma

„Mér var orðið dálítið kalt á þumalputta hægri handar en annars hafði ég það bara fínt,“ segir Gunnar Jónsson, yfirdyravörður á Kaffi Oliver, var hífður upp í 30 metra hæð fyrir framan NASA á Austurvelli á fimmtudagskvöld. Þar var hann látinn hanga í fimbulkulda og roki í eina klukkustund í sex stiga frosti og talsverðum vindi.

Það var sjálfur Hemmi Gunn sem fékk Gussa í uppátækið, sem kallaðist Karlinn í krapinu. Á meðan Gussi dinglaði í kalsanum hafði Hemmi ofan af fyrir sjónvarpsáhorfendum sem fengu að fylgjast með hvernig dyraverðinum reiddi af. „Hemmi þurfti ekkert að plata mig út í þetta, ég er alltaf til í svona fíflalæti. Ég gætti að því að klæða mig vel, það var sex stiga frost og talsverð vindkæling en ég hafði vit á að fara í föðurland og hlýja sokka, þannig að það væsti ekki um mig,“ segir Gussi, sem er að vísu vanur að standa úti í frosthörkum og gæta að biðröðinni fyrir framan Café Oliver. Hann viðurkennir þó að örlítil lofthræðsla hafi gert vart við sig. „Hún stakk sér aðeins niður þarna fyrst en maður verður bara að bægja svoleiðis frá sér.“

Að þættinum loknum var Gussi látinn síga niður og tók stefnuna rakleitt á Kaffi París þar sem hann gæddi sér á heitu kakói til að fá í sig yl. „Og hef það bara þokkalegt í dag.“



**GUSSI** Var góðu heilli betur klæddur en þetta þegar hann hékk í frostinu.



**LÁRÉTT**
**2** hvetja **6** tveir eins **8** arr **9** bein **11** guð **12** flaga **14** ávarpar **16** íþróttafélag **17** líða vel **18** kúgun **20** tveir eins **21** bylgja.

**LÓÐRÉTT**
**1** erindi **3** í röð **4** heiður **5** temja **7** sjálfstæður atvinnurekandi **10** fjör **13** svelg **15** pottréttur **16** bergtegund **19** stöðug hreyfing.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** örva, **6** ee, **8** sig, **9** rif, **11** ra, **12** sneið, **14** yrðir, **16** kr, **17** una, **18** oki, **20** gg, **21** liða. **LÓÐRÉTT: 1** vers, **3** rs, **4** virðing, **5** aga, **7** einyrki, **10** fer, **13** iðu, **15** ragú, **16** kol, **19** ið.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Binna í Gröf.
2. Birgir Leifur Hafþórsson.
3. Ellert B. Schram.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

**GÍSLI JÓHANNSSON:** LOKSINS FLUTTUR TIL NASHVILLE

# Á lag í bandarískum kántrí-raunveruleikaþætti

Gísli Jóhannsson, betur þekktur sem Gis, hefur loksins látið gamlan draum rætast og komið sér fyrir í mekka kántrí-tónlistarinnar, Nashville. „Hérna er nú bara rok og rigning,“ segir Gísli þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. Tónlistarmaðurinn hafði verið búsettur í Los Angeles í rúman áratug en ákvað loks að láta slag standa, rífa sig upp og halda til Nashville. „Ég ákvað að prófa að miðstýra ferlinum frá Los Angeles en það gekk ekki því umboðsskrifstofan mín er hérna í Nashville og plötufyrirtækið líka,“ útskýrir Gísli.

Og hinn íslenski kúreki var varla fyrr búinn að koma sér fyrir en að hjólin fóru að snúast fyrir alvöru. „Ég samdi lag sem heitir No Regrets og fékk til mín nokkra lagahöfunda til að aðstoða mig,“ segir Gísli. „Áður en ég vissi af var sjónvarpsstöðin CMT, sem er kántrítónlistarstöð, búin að hafa samband við mig og vildu fá að nota lagið í raunveruleikaþáttaröð um einhverja landkrabba sem vilja gerast alvöru ródeó-knapar,“ segir Gísli. „Þeir vildu fá að nota lag sem var ekki einu sinni fullklárað,“ útskýrir Gísli en þátturinn fer í loftið í janúar. Tónlistarmaðurinn viðurkennir líka að í Nashville svífi einhver sérstakur andi og ef til vill séu Nashville og Los Angeles alls ekki svo ólík þegar allt kemur til alls. „Í LA eru allir leikarar en hérna eru allir lagasmiðir,“ segir Gísli og hlær.

Tónlistarmaðurinn festi kaup á bústað niðri við Old Hickory-vatnið í Hendorsville sem er rétt fyrir utan miðborg Nashville. Aðdáendur Johnny Cash ættu að kannast við þetta svæði því þarna bjó hann ásamt June Carter í villu við vatnið sem diskó-kóngurinn Barry Gibb festi kaup á í janúar á þessu ári. „Ég á nú eftir að banka upp á hjá honum og athuga hvernig hann hefur það,“ segir Gísli og hlær. „Mér skilst hins vegar að hluti af myndinni Walk the Line hafi verið tekinn upp þarna við vatnið,“ útskýrir Gísli, augljóslega kominn á hárréttan stað.

freyrgigja@frettabladid.is



**GIS JÓHANNSSON** Gafst upp á því að búa í LA og flutti til Nashville. Ferill hans sem kántrýsöngvara tók mikinn kipp við flutningana.



**BARRY GIBB** Keypti hús Johnny Cash og er því nágranni Gísla.

**JOHNNY CASH** Gísli býr í næsta nágrenni við þar sem Cash bjó við Old Hickory-vatn.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Forsýningargestir á James Bond í Smárabíói á fimmtudag tóku eftir því að þeir sérlega vel til hafðir félagarnir **Arnar Gauti** og **Ásgeir Kolbeins** féllust í faðma í prúðbúnu margmenninu sem stóð fyrir utan bíósalina og styttu sér stundir við kampavínsþamb og át á súkkulaðihjúpuðum jarðarberjum. Þeir Arnar og Ásgeir lentu í honum kröppum eftir umdeilt innslag í Innliti/útliti en ljóst mátti öllum viðstöddum vera að Ásgeir erfir ekki við Arnar Gauta þar sem hann skellir skuldinni alfarið á hann í Hér og nú. Þvert á móti og má tala um sögulegar sættir.



Góðar fréttir berast af **Garðari Thor Cortes** sem er á tónleikaferðalagi með **Catherine Jenkins** á Bretlandseyjum. Skötuhjúin héldu tónleika í Glasgow á dögunum og þótti Garðar algerlega skyggja á Jenkins. „Á einum tímapunkti risu áhorfendur úr sætum, agndofa af aðdáun,“ skrifar gagnrýnandi The Herald sem sagði að lofið hefði allt verið ætlað Garðari. Íslenski tenórinn hefði hreinlega stolið senunni.

- jbg/hdm





**MAGNI ÁSGEIRSSON** sér um jólastemninguna á KissFM í desember.

# Magni með útvarpsþátt fram að jólum

Magni Ásgeirsson, sem gerði garðinn frægan í Rockstar: Supernova, heldur aftur á öldur ljósvakans á næstunni, en hann mun ásamt vini sínum Ómari Berg Torfasyni stýra útvarpsþætti á KissFM í desember. „Þetta er svona bara upp á fjörið. Ómar er að byrja með útvarpsþátt og ég ætla að vera með honum fyrsta mánuðinn,“ sagði Magni, sem hefur ekki verið í útvarpi áður nema útvarp Menntaskólans á Egilsstöðum sé talið með. „Við ætlum að vera hressir og skemmtilegir á morgnana, svona til að komast í jólastemninguna. Þegar jólin koma hætti ég þessu og fer aftur í að vera tónlistarmaður í fullu starfi,“ sagði Magni, en þátturinn verður í útsendingu á morgnana. Magni hefur ekki áhyggjur af að þurfa að stíga snemma úr rekkju. „Marínó, sonur minn, vekur mig alltaf klukkan sjö hvort sem er, svo ég get alveg eins drifið mig í vinnuna,“ sagði Magni.

- sun

# Saltbreiður í sundlaugunum

Kuldakastið sem riðið hefur yfir landið undanfarna daga hefur væntanlega aftrað einhverjum frá sundferðum. Þeir sem lagt hafa leið sína í Laugardalslaugina hafa hins vegar þurft að eiga við miklar, grófar saltbreiður á bökkunum, sem eiga að koma í veg fyrir hálkumyndun en eru varla til þess að gera sundferðina þægilegri.

„Maður þarf helst að vera góður fakír í þessu,“ sagði Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður Laugardalslaugar. „Grófa saltið, sem er eins og grjót að ganga á, er það eina sem hefur dugað hingað til. Hálkumyndunin er ótrúleg, vatnið frýs alveg um leið,“ sagði hann. Starfsfólk laugarinnar stendur nú í tilraunastarfsemi með saltpækil. „Við þorum ekki að nota hann á gönguleiðirnar fyrr en við erum viss um að þann virki almennilega. Hálkan er svo lúmsk og það verða svo slæm slys af henni,“ sagði Logi, sem vonast þó til að pækillinn geti tekið við í framtíðinni. „Hann dugar á Reykjanesbrautina,“ sagði hann.

Meðan á kuldakastinu stendur mælir Logi með því að fólk hafi sundskó meðferðis í laugarnar til að geta rölt á milli potta. „Menn rölta að vísu ekki mikið í þessu veðri, það er bara sprettað á milli,“ bætti hann við.



**TIPLAÐ UM LAUGARBAKKANN** Gróft salt er það eina sem hefur virkað á hálkumyndun á bökkum Laugardalslaugarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA





* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru álfelgur.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




**BAKÞANKAR**


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## *Ný ísöld*

Þegar ég á fimmtudagsmorgun stökk eins og hetja út í norðanrokið til þess að binda niður ruslatunnu fyrir utan húsið mitt – en hún hafði fokið þar með látum um nóttina, blessunarlega tóm – gat ég ekki varist þeirri hugsun í ljósi hins nístandi kulda að nú væri Golfstraumurinn farinn.

**ÞEIR** eru margir vísindamennirnir sem hafa haldið því fram með sannfærandi rökum að ef lofthjúpur jarðar muni halda áfram að hlýna af manna völdum muni Golfstraumurinn skipta um stefnu og hætta þar með að hlýja okkur Íslendingum eins og hann hefur gert frá upphafi byggðar. Þarna sem ég bograði grettinn yfir tunnunni og reyndi að hnýta bandið, sem var of stutt, var ég sem sagt alveg með það á hreinu að nú væri komið að þessu.

**NÝ** ísöld væri skollin á. Nú væri bara tímaspursmál hvenær íshellan myndi leggjast yfir og maður yrði endanlega dæmdur til þess að klöngrast á klakanum í bókstaflegri merkingu, rennandi á rassinn í lélegum skóm. Ég leiddi alvarlega hugann að því með hvernig lurkum ég hygðist verja fjölskyldu mína í ísaldarsamfélagi hinna sterku og jafnframt hvernig ég ætlaði að viðhalda loga í eldstæðinu. Verst hvað ég hef alltaf verið mikill klaufi við að kveikja eld með steinum.

**SVONA** veður nær auðvitað ekki nokkurri átt. Ég hef oft haldið því fram að eitt stærsta hagsmunamál þjóðarinnar, sá þáttur sem aftri framförum hvað mest á þessu landi, sé veðrið. Þetta er einkar augljóst í skipulagsmálum. Sama hvað menn reyna að byggja aðlaðandi torg og opin svæði, alltaf skulu allar tilraunir til þess að skapa líf í bæjunum stranda á þeirri grundvallarstaðreynd að hér er lungann úr árinu svokallað skítaveður, eða svo það sé umorðað í anda skáldlegra bókatitla: Veður skítsins.

**OG** nú er útlit fyrir í ofanálag að nýtt kuldamet fyrir nóvembermánuð verði slegið. Einn mest sannfærandi kaflinn í myndinni hans Al Gores um gróðurhúsaáhrifin fjallaði um það hvernig sífellt ný veðurfarsmet hafa verið slegin á allra síðustu árum. Fellibylir verða stærri og öflugri. Vötn þurrkast upp. Það var í þessu samhengi sem djöfullinn hvíslaði í eyrað á mér við ruslatunnuna að nýja kuldametið á Íslandi væri liður í sömu þróun. Kannski er veðrið í veröldinni að breytast beint fyrir framan nefið á okkur?

**NÚ** má ekki misskilja mig. Það er margt gott við kulda. Fátt jafnast á við nýfallinn snjó í köldu logni. Ekkert eykur meira samvistir kærustupara og hjóna og styrkir fjölskylduna betur en frosthörkur. En þetta breytir ekki því að loftslagsbreytingar eru mest aðkallandi vandamál stjórnmála samtímans. Skítakuldinn í vikunni sem fór yfir öll velsæmismörk ætti að vekja Íslendinga til umhugsunar um mikilvægi þess að láta til sín taka í þeim málum svo um munar. Ég persónulega ætla ekki að eyða efri árunum í hettuúlpu, þá væntanlega kominn ofan í blessaða ruslatunnuna, tálgandi lurka.


